EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1272/2008 **2012/EES/52/01**

frá 16. desember 2008

um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja öfluga heilsu- og umhverfisvernd svo og frjálsa dreifingu hreinna efna, blandna og ákveðinna, nánar tiltekinna hluta og stuðla jafnframt að samkeppni og nýsköpun.

2) Starfsemi innri markaðarins fyrir efni, blöndur og þessa hluti verður því aðeins skilvirk að þær kröfur, sem gilda um þau, séu ekki verulega ólíkar milli aðildarríkjanna.

3) Tryggja ber trausta heilsu- og umhverfisvernd með því að samræma löggjöf um viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu efna og blandna þar sem markmiðið er að ná sjálfbærni.

4) Viðskipti með efni og blöndur varða ekki aðeins innri markaðinn heldur líka heimsmarkaðinn. Fyrirtæki ættu því að njóta góðs af hnattrænni samræmingu á reglum um flokkun og merkingu og af samræmi milli reglna um flokkun og merkingu fyrir dreifingu og notkun annars vegar og reglna um flutninga hins vegar.

5) Innan Sameinuðu þjóðanna hefur á tólf ára tímabili verið unnið að því að þróa samræmdar viðmiðanir fyrir flokkun og merkingu í því skyni að einfalda viðskipti um allan heim en á sama tíma að tryggja heilsu- og umhverfisvernd og hefur sú vinna leitt til hnattsamræmda kerfisins (HSK) til flokkunar og merkingar á íðefnum (hér á eftir nefnt „hnattsamræmda kerfið“).

6) Þessi reglugerð kemur í kjölfar fjölda yfirlýsinga frá Bandalaginu til staðfestingar á þeim áformum þess að stuðla að hnattrænni samræmingu á viðmiðunum fyrir flokkun og merkingu, ekki aðeins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna heldur einnig með því að taka upp alþjóðlega viðurkenndar viðmiðanir hnattsamræmda kerfisins í lög Bandalagsins.

7) Ávinningur fyrirtækjanna af þessu mun aukast eftir því sem fleiri lönd í heiminum taka viðmiðanir hnattsamræmda kerfisins inn í löggjöf sína. Það er við hæfi að Bandalagið sé í fararbroddi í þessu ferli til að hvetja önnur lönd til að fylgja á eftir og til að skapa iðnaði í Bandalaginu samkeppnisforskot.

8) Því er nauðsynlegt að samræma ákvæði og viðmiðanir um flokkun og merkingu efna, blandna og ákveðinna nánar tiltekinna hluta innan Bandalagsins með hliðsjón af flokkunarviðmiðunum og reglum um merkingar í hnattsamræmda kerfinu en einnig með því að byggja á þeirri 40 ára reynslu sem fengist hefur með framkvæmd gildandi löggjafar Bandalagsins um íðefni og með því að viðhalda þeirri vernd sem fengist hefur með kerfinu um samræmingu flokkunar og merkingar með hættuflokkum Bandalagsins, sem eru ekki enn orðnir hluti af hnattsamræmda kerfinu, sem og með núverandi reglum um merkingar og pökkun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 204, 9.8.2008, bls. 47.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 3. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

9) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á fullnaðarbeitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

10) Markmiðið með þessari reglugerð skal vera að ákvarða hvaða eiginleikar efna og blandna skuli leiða til flokkunar þeirra sem hættulegra efna svo að þær hættur, sem stafa af efnunum og blöndunum, verði tilgreindar og upplýsingum um þær miðlað á tilhlýðilegan hátt. Undir slíka eiginleika falla eðlisrænar hættur sem og hættur fyrir heilbrigði manna og umhverfið, þ.m.t. hættur fyrir ósonlagið.

11) Þessi reglugerð skal að meginreglu til gilda um öll efni og blöndur sem afhent eru í Bandalaginu nema þegar mælt er fyrir um sértækari reglur um flokkun og merkingu í annarri löggjöf Bandalagsins, s.s. tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([1]), tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ([2]), tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([3]), tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ([4]), tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([5]), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([6]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([7]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999 um samþykkt skráar yfir bragðefni, sem eru notuð í eða á matvælum, til beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96 frá 28. október 1996 ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([9]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([10]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([11]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([12]) eða þegar efni og blöndur eru flutt í lofti, á sjó, á vegum, með járnbrautum eða eftir skipgengum vatnaleiðum.

12) Hugtök og skilgreiningar í þessari reglugerð skulu vera í samræmi við hugtök og skilgreiningar sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([13]), í samræmi við hugtök og skilgreiningar sem sett eru fram í reglum um flutninga og í samræmi við þær skilgreiningar sem kveðið er á um á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í hnattsamræmda kerfinu, til að tryggja hámarkssamræmi í beitingu löggjafar um íðefni innan Bandalagsins í tengslum við alþjóðaviðskipti. Af sömu ástæðu skulu hættuflokkarnir, sem tilgreindir eru í hnattsamræmda kerfinu, settir fram í þessari reglugerð.

13) Það er sérstaklega við hæfi að bæta við þeim hættuflokkum í hnattsamræmda kerfinu sem taka sérstaklega mið af því að þær eðlisrænu hættur, sem efnin eða blöndurnar geta valdið, velta að einhverju leyti á því hvernig staðið er að losun þeirra.

14) Hugtakið „blanda“ (e. mixture), eins og það er skilgreint í þessari reglugerð, skal hafa sömu merkingu og hugtakið „efnablanda“ (e. preparation) sem hefur áður verið notað í löggjöf Bandalagsins.

15) Þessi reglugerð skal koma í stað tilskipunar ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([14]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([15]). Reglugerðin skal viðhalda núverandi vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem kveðið er á um í þessum tilskipunum. Því skal tilteknum hættuflokkum, sem falla undir þessar tilskipanir en hafa ekki verið færðir inn í hnattsamræmda kerfið, haldið inni í þessari reglugerð.

16) Ábyrgðin á því að greina hættu af völdum efna og blandna og ábyrgðin á því að flokka efnin og blöndurnar, óháð því hvort þau falla undir kröfur reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skal aðallega hvíla á framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum viðkomandi efna og blandna. Þegar eftirnotendur uppfylla skyldur sínar varðandi flokkun skal þeim heimilt að nota þá flokkun efnis eða blöndu sem aðili í aðfangakeðjunni hefur leitt út í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að þeir breyti ekki samsetningu efnisins eða blöndunnar. Ábyrgðin á flokkun efna, sem eru ekki sett á markað en sem skylt er að skrá eða tilkynna samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, skal aðallega hvíla á framleiðendum, framleiðendum hluta og innflytjendum. Þó skal vera hægt að kveða á um samræmda flokkun efna að því er varðar hættuflokka með varasömustu efnunum og annarra efna í hverju tilviki fyrir sig sem framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur slíkra efna sem og blandna, sem innihalda slík efni, skulu nota.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.
([2]) Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.
([3]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.
([4]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27.
([5]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.
([6]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([8]) Stjtíð. EB L 84, 27.3.1999, bls. 1.
([9]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([11]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.
([13]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3.
([14]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.
([15]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

17) Ef ákveðið hefur verið að samræma flokkun efnis að því er varðar tiltekinn hættuflokk eða áhrifategund innan hættuflokks með því að bæta við eða endurskoða færslu í 3. hluta VI. viðauka við þessa reglugerð skulu framleiðandinn, innflytjandinn og eftirnotandinn nota þessa samræmdu flokkun og aðeins flokka sjálfir ósamræmdu hættuflokkana eða áhrifategundirnar sem eftir eru innan hættuflokksins.

18) Til að tryggja að neytendur fái upplýsingar um hættur skulu birgjar efna og blandna sjá til þess að efnin og blöndurnar séu merkt og þeim pakkað í samræmi við þessa reglugerð, áður en þau eru sett á markað, samkvæmt flokkuninni sem hefur verið leidd út. Þegar eftirnotendur uppfylla skyldur sínar skal þeim heimilt að nota þá flokkun efnis eða blöndu sem aðili í aðfangakeðjunni hefur leitt út samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að þeir breyti ekki samsetningu efnisins eða blöndunnar, og dreifingaraðilum skal heimilt að nota þá flokkun efnis eða blöndu sem aðili í aðfangakeðjunni hefur leitt út samkvæmt þessari reglugerð.

19) Til að tryggja að upplýsingar liggi fyrir um hættuleg efni þegar þau eru í blöndum sem innihalda a.m.k eitt efni sem er flokkað sem hættulegt skal eftir atvikum bæta við upplýsingum á merkimiða.

20) Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi efnis eða blöndu er ekki skyldugur til að taka saman ný eiturefnafræðileg eða visteiturefnafræðileg gögn til flokkunar en hann skal tilgreina allar viðeigandi upplýsingar, sem eru honum tiltækar um hættur af völdum efnisins eða blöndunnar, og meta gæði þeirra. Framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn skal einnig hafa til hliðsjónar rannsóknarsöguleg gögn er varða menn, t.d. úr faraldsfræðilegum rannsóknum á hópum manna sem verða fyrir váhrifum, gögn um váhrif vegna óhapps eða váhrif í starfi og afleiðingar váhrifanna og gögn úr klínískum rannsóknum. Þessar upplýsingar skulu bornar saman við þær viðmiðanir, sem hafa verið fastsettar fyrir hina ýmsu hættuflokka og áhrifategundir, til að framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn geti komist að niðurstöðu um hvort flokka skuli efnið eða blönduna sem hættulega eða ekki.

21) Þó svo að hægt sé að flokka öll efni og allar blöndur á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga skal þessara fyrirliggjandi upplýsinga sem eru notaðar að því er varðar þessa reglugerð, helst hafa verið aflað í samræmi við prófunaraðferðirnar, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, ákvæði um flutninga eða alþjóðlegar meginreglur eða verklagsreglur fyrir fullgildingu upplýsinga til að tryggja gæði og sambærileika niðurstaðna og samræmi við aðrar kröfur á alþjóðavettvangi eða vettvangi Bandalagsins. Þegar framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi kýs að afla nýrra upplýsinga skal hann fylgja sömu prófunaraðferðunum, ákvæðunum, meginreglunum og verklagsreglunum.

22) Til að auðvelda hættugreiningu á blöndum skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur byggja greininguna á gögnum um sjálfa blönduna, ef þau eru fyrir hendi, nema um sé að ræða blöndur með krabbameinsvaldandi efnum, efnum sem hafa stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða efnum sem hafa eiturhrif á æxlun eða verið sé að meta eiginleika er varða lífniðurbrot eða uppsöfnun í lífverum og eru í hættuflokknum „hættulegt fyrir vatnsumhverfi“. Í þeim tilvikum skulu gögnin fyrir einstök efni í blöndunni að jafnaði notuð sem grundvöllur fyrir hættugreiningu blöndunnar þar eð ekki er hægt að meta hættur af völdum blöndunnar á fullnægjandi hátt ef matið byggist á sjálfri blöndunni.

23) Ef til eru nægar upplýsingar um svipaðar blöndur sem hafa verið prófaðar, þ.m.t. viðeigandi innihaldsefni blöndunnar, er hægt að ákvarða hættulega eiginleika óprófaðrar blöndu með því að beita tilteknum reglum sem kallast „brúunarreglur“ (e. bridging principles). Þessar reglur gera kleift að lýsa hættum af völdum blöndunnar án þess að gerðar séu prófanir á henni heldur er byggt á fyrirliggjandi upplýsingum um samsvarandi, prófaðar blöndur. Þegar engin prófunargögn liggja fyrir um sjálfa blönduna, eða þau eru ófullnægjandi, skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur því nota brúunarreglurnar til að tryggja að niðurstöðurnar um flokkun slíkra blandna séu nægilega samanburðarhæfar.

24) Hægt er að koma á tengslanetum í tilteknum atvinnugreinum til að auðvelda skipti á gögnum og til að sameina sérþekkingu við mat á upplýsingum, prófunargögnum, ákvörðunum á grundvelli vægis rökstuddra vísbendinga og brúunarreglum. Slík tengslanet geta hjálpað framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum innan þessara atvinnugreina og einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð. Þessi tengslanet má einnig nota til að skiptast á upplýsingum og bestu starfsvenjum til þess að einfalda efndir tilkynningarskyldu. Þeir birgjar, sem nýta sér slíkan stuðning, bera enn að fullu ábyrgð á því að efna skyldur sínar viðvíkjandi flokkun, merkingu og pökkun samkvæmt þessari reglugerð.

25) Vernd dýra, sem fellur undir gildissvið tilskipunar ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni ([1]), er mikilvægt forgangsmál. Ef framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi kýs að afla upplýsinga að því er varðar þessa reglugerð skal hann því fyrst líta á aðferðir aðrar en prófanir á dýrum innan gildissviðs tilskipunar 86/609/EBE. Prófanir á prímötum, öðrum en mönnum, skulu bannaðar til að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

26) Prófunaraðferðirnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 um prófunaraðferðir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([2]) eru reglulega endurskoðaðar og bættar í því skyni að draga úr prófunum á hryggdýrum og fækka þeim dýrum sem nota þarf til þeirra. Evrópumiðstöðin um fullgildingu staðgönguaðferða (ECVAM) hjá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hefur mikilvægu hlutverki að gegna í vísindalegu mati og fullgildingu staðgönguaðferða við prófanir.

27) Viðmiðanirnar fyrir flokkun og merkingu, sem settar eru fram í þessari reglugerð, skulu eftir því sem framast er kostur miðast við það að stuðla að notkun staðgönguaðferða til að meta hættur af völdum efna og blandna og einnig taka mið af þeirri skyldu að afla upplýsinga um eðliseiginleika með öðrum aðferðum en prófunum á dýrum í skilningi tilskipunar 86/609/EBE eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Síðari viðmiðanir skulu ekki vera hindrun fyrir þetta markmið og tilheyrandi skyldur samkvæmt þeirri reglugerð og skulu ekki undir neinum kringumstæðum leiða til þess að dýraprófanir verði notaðar þar sem annars konar prófanir eru fullnægjandi fyrir flokkun og merkingu.

28) Ekki skal afla gagna fyrir flokkun með prófunum á mönnum. Taka skal tillit til tiltækra, áreiðanlegra faraldsfræðilegra gagna og reynslu að því er varðar áhrif efna og blandna á menn (t.d. starfstengdra gagna og gagna úr gagnasöfnum um slys) og gefa má þessum gögnum meira vægi en gögnum, sem fengin eru úr dýrarannsóknum, þegar þau sýna hættur sem greindust ekki í þessum rannsóknum. Vega skal niðurstöður dýrarannsókna á móti niðurstöðum úr gögnum um áhrif á menn og nota skal sérfræðiálit við mat á gögnum um áhrif á dýr og menn til að tryggja heilsu manna sem best.

29) Nýjar upplýsingar varðandi eðlisrænar hættur eru alltaf nauðsynlegar nema gögnin séu þegar tiltæk eða kveðið sé á um undanþágu í þessari reglugerð.

30) Prófanir, sem eru aðeins framkvæmdar til að uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar, skulu gerðar á efninu eða blöndunni í því formi eða eðlisástandi sem efnið eða blandan er í við setningu á markað og sem eðlilegt er að vænta að efnið eða blandan sé í við notkun. Til að ná markmiðum þessarar reglugerðar skal þó vera hægt að nota niðurstöður prófana, sem framkvæmdar eru til að fullnægja öðrum kröfum samkvæmt reglum, þ.m.t. þær kröfur sem þriðju lönd mæla fyrir um, jafnvel þótt prófanirnar hafi ekki verið gerðar á efninu eða blöndunni í því formi eða eðlisástandi sem efnið eða blandan er í við setningu á markað og sem eðlilegt er að vænta að efnið eða blandan sé í við notkun.

31) Ef prófanir eru gerðar skulu þær, eftir því sem við á, vera í samræmi við viðeigandi kröfur um vernd tilraunadýra sem settar eru fram í tilskipun 86/609/EBE og, ef um er að ræða visteiturefnafræðilegar og eiturefnafræðilegar prófanir, í samræmi við góðar starfsvenjur við rannsóknir, sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum ([3]).

32) Fastsetja skal viðmiðanir fyrir flokkun í mismunandi hættuflokka og áhrifategundir í viðauka sem skal einnig innihalda viðbótarákvæði um hvernig uppfylla megi viðmiðanirnar.

33) Þar sem beiting viðmiðana fyrir mismunandi hættuflokka á upplýsingar getur verið erfið í framkvæmd skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur taka ákvörðun á grundvelli vægis rökstuddra vísbendinga með stoð í sérfræðiáliti til að komast að fullnægjandi niðurstöðu.

34) Framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn skal setja fram sértæk styrkleikamörk fyrir efni í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í þessari reglugerð, að því tilskildu að framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn geti fært rök fyrir mörkunum og tilkynni Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“) um mörkin. Þó skulu ekki sett sértæk styrkleikamörk fyrir samræmda hættuflokka eða áhrifategundir þegar um er að ræða efni sem eru tilgreind í samræmdu flokkunar- og merkingartöflunum sem fylgja í viðauka við þessa reglugerð. Efnastofnunin skal veita leiðsögn þegar verið er að setja sértæk styrkleikamörk. Til að tryggja einsleitni skulu sértæk styrkleikamörk, eftir því sem við á, einnig tilgreind fyrir samræmdar flokkanir. Sértæk styrkleikamörk skulu hafa forgang yfir önnur styrkleikamörk þegar kemur að flokkun.

35) Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal leggja fram margföldunarstuðla (M-stuðla) fyrir efni sem eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi, í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í þessari reglugerð. Efnastofnunin skal veita leiðsögn þegar verið er að setja M-stuðlana.

([1]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 50, 20.2.2004, bls. 44.

36) Af ástæðum er varða meðalhóf og framkvæmanleika er rétt að skilgreina almenn þröskuldsgildi, bæði fyrir tilgreind óhreinindi, aukefni og einstaka efnisþætti í efnum og fyrir efni í blöndum, og á sama tíma tilgreina hvenær taka skal tillit til þessara upplýsinga við ákvörðun á hættuflokkun efna og blandna.

37) Til að tryggja fullnægjandi flokkun blandna skal taka tillit til tiltækra upplýsinga um samverkandi og andverkandi áhrif.

38) Til að tryggja að flokkunin byggist á uppfærðum upplýsingum skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur endurskoða flokkun efna eða blandna sem þeir setja á markað ef þeir verða varir við nýjar, fullnægjandi og áreiðanlegar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar, sem gætu haft áhrif á flokkunina, eða ef þeir breyta samsetningu blandnanna nema nægar vísbendingar séu um að flokkunin muni ekki breytast. Birgjar skulu uppfæra merkimiðana í samræmi við það.

39) Efni og blöndur, sem eru flokkuð sem hættuleg, skulu merkt og þeim pakkað í samræmi við flokkun þeirra til að tryggja viðeigandi vernd og til að veita viðtakendum þeirra nauðsynlegar upplýsingar með því að vekja athygli þeirra á hættum af völdum efnisins eða blöndunnar.

40) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tvo gerninga sem nota á til að veita upplýsingar um þær hættur sem stafa af efnunum og blöndunum en gerningarnir eru merkimiðar og öryggisblöðin sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Af þessum tveimur gerningum eru merkimiðar eina leiðin til að miðla upplýsingum til neytenda en þeir gætu einnig þjónað þeim tilgangi að vekja athygli starfsmanna á ítarlegri upplýsingum um viðkomandi efni eða blöndur sem finna má á öryggisblöðunum. Þar eð ákvæði um öryggisblöð er að finna í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 þar sem öryggisblöð eru notuð sem aðaltækið til upplýsingamiðlunar innan aðfangakeðju efna er ekki ástæða til að endurtaka sömu ákvæðin í þessari reglugerð.

41) Til að tryggja að neytendur fái viðeigandi og ítarlegar upplýsingar um hættur af íðefnum og blöndum og um örugga notkun þeirra er rétt að ýta undir notkun og útbreiðslu vefsetra og gjaldfrjálsra símanúmera, einkum í tengslum við veitingu upplýsinga um tilteknar tegundir af umbúðum.

42) Starfsmenn og neytendur um allan heim myndu njóta góðs af hnattsamræmdu tæki fyrir hættuboð í formi merkimiða. Þau atriði, sem eiga að koma fram á merkimiðum, skulu því skilgreind í samræmi við hættumerkin, viðvörunarorðin, hættusetningarnar og varnaðarsetningarnar sem mynda meginupplýsingarnar í hnattsamræmda kerfinu. Aðrar upplýsingar á merkimiðum skulu vera í lágmarki og skulu ekki vera í mótsögn við meginatriðin.

43) Nauðsynlegt er að auðkenna efnin og blöndurnar, sem eru sett á markað, með skýrum hætti. Efnastofnunin skal þó leyfa fyrirtækjum, ef þau óska þess og þegar nauðsyn krefur, að lýsa efnafræðilegum auðkennum tiltekinna efna á þann hátt að ekki sé ljóstrað upp um viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál. Ef Efnastofnunin hafnar slíkri beiðni skal vera unnt að kæra þá ákvörðun í samræmi við þessa reglugerð. Kæran skal hafa áhrif til frestunar þannig að trúnaðarupplýsingarnar, sem beiðnin á við um, birtist ekki á merkimiðanum fyrr en niðurstaða hefur fengist í málinu.

44) Alþjóðasamtökin um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC) hafa lengi verið alþjóðlegt yfirvald að því er varðar nafnakerfi og hugtök fyrir efni. Auðkenning efna með IUPAC-heiti þeirra er útbreidd aðferð um allan heim og er viðurkenndur grunnur að auðkenningu efna í alþjóðlegu og fjöltyngdu samhengi. Því er við hæfi að þessi heiti verði notuð í þessari reglugerð.

45) Upplýsingaþjónustan um íðefni (CAS) er með kerfi þar sem efnum er bætt í CAS-skrána og er þeim úthlutað sérstöku CAS-númeri. CAS-númerin eru notuð í uppsláttarritum, gagnagrunnum og opinberum skjölum um samræmi við reglur um allan heim til að auðkenna efni án margræðninnar í nafnakerfum fyrir efni. Því er við hæfi að CAS-númerin verði notuð í þessari reglugerð.

46) Til að takmarka upplýsingarnar á merkimiðanum við þær allra nauðsynlegustu skal það ráðast af meginreglum um forgangsröðun hvaða merkingaratriði eru helst við hæfi í tilvikum þegar efni eða blöndur búa yfir mörgum hættulegum eiginleikum.

47) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([2]) gilda að fullu fyrir allar vörur sem falla undir gildissvið þeirra.

48) Setningar eins og „ekki eitrað“, „óskaðlegt“, „ekki mengandi“, „vistvænt“ eða aðrar setningar sem gefa til kynna að efnið eða blandan sé ekki hættuleg eða aðrar setningar, sem eru ekki í samræmi við flokkun efnisins eða blöndunnar skulu ekki birtar á merkimiða eða umbúðum neins efnis eða blöndu.

49) Efni og blöndur, einkum efni og blöndur sem eru seld almenningi, skulu almennt vera í umbúðum með nauðsynlegum merkingarupplýsingum. Með reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er viðeigandi upplýsingagjöf tryggð milli sérfræðinga, þ.m.t. upplýsingar um óinnpökkuð efni og blöndur. Í sérstökum tilvikum má þó einnig selja almenningi efni og blöndur sem eru óinnpökkuð. Veita skal almenningi viðeigandi merkingarupplýsingar með öðrum hætti, eftir því sem við á, t.d. með reikningi eða fylgireikningi.

([1]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

50) Nauðsynlegt er að setja reglur um notkun merkimiða og staðsetningu upplýsinga á merkimiðum til að tryggja að upplýsingarnar á merkimiðunum séu auðskiljanlegar.

51) Í þessari reglugerð skulu settar fram almennar kröfur varðandi umbúðir til að tryggja að hættuleg efni og hættulegar blöndur séu afhentar með öruggum hætti.

52) Kröftum yfirvalda skal fyrst og fremst beint að efnunum sem eru varasömust fyrir heilbrigði og umhverfið. Þar af leiðandi skulu sett ákvæði sem gera lögbærum yfirvöldum og framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum kleift að leggja tillögur fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu efna sem eru flokkuð með tilliti til krabbameinsvaldandi áhrifa, stökkbreytandi áhrifa á kímfrumur eða eiturhrifa á æxlun í undirflokk 1A, undirflokk 1B eða 2. undirflokk eða með tilliti til næmingar öndunarfæra, eða í hverju tilviki fyrir sig þegar um er að ræða önnur áhrif. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu einnig geta lagt til samræmda flokkun og merkingu fyrir virk efni sem eru notuð í plöntuvarnarefni og sæfiefni. Efnastofnunin skal gefa álit sitt á tillögunum og hagsmunaaðilar skulu jafnframt fá tækifæri til að gera athugasemdir. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram drög að ákvörðun um endanlega flokkun og merkingu.

53) Breyta skal allri fyrirliggjandi samræmdri flokkun í nýja samræmda flokkun með því að nota nýjar viðmiðanir svo hægt sé að taka fullt tillit til þess starfs, sem unnið hefur verið, og þeirrar reynslu, sem fengist hefur, innan ramma tilskipunar 67/548/EBE, þ.m.t. flokkun og merking tiltekinna efna sem tilgreind eru í I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Öll fyrirliggjandi samræmd flokkun skal einnig skráð óbreytt í viðauka við þessa reglugerð þar eð gildistöku þessarar reglugerðar er frestað og sú samræmda flokkun, sem fram hefur farið í samræmi við viðmiðanir tilskipunar 67/548/EBE, er nauðsynleg fyrir flokkun efna og blandna á aðlögunartímabilinu sem fylgir í kjölfarið. Með því að láta alla samræmingu á flokkun í framtíðinni falla undir gildissvið þessarar reglugerðar ætti að vera hægt að komast hjá ósamræmi í samræmdri flokkun sama efnis samkvæmt gildandi viðmiðunum og nýjum viðmiðunum.

54) Setja skal reglur um skrá yfir flokkun og merkingu svo að starfsemi innri markaðarins fyrir efni og blöndur verði skilvirk og að jafnframt sé tryggð öflug heilsu- og umhverfisvernd. Flokkun og merking allra skráðra eða hættulegra efna, sem eru sett á markað, skal því tilkynnt til Efnastofnunarinnar þannig að færa megi þær upplýsingar inn í skrána.

55) Efnastofnunin skal skoða möguleika á frekari einföldun á málsmeðferðinni um tilkynningar, einkum með tilliti til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

56) Mismunandi framleiðendur og innflytjendur sama efnis skulu leita allra ráða til að ná samkomulagi um eina flokkun fyrir þetta tiltekna efni nema að því er varðar hættuflokka og áhrifategundir sem falla undir samræmda flokkun fyrir þetta tiltekna efni.

57) Til að tryggja samræmda vernd almennings, einkum einstaklinga sem komast í snertingu við tiltekin efni, og til að tryggja eðlilega virkni annarrar löggjafar Bandalagsins, sem styðst við flokkun og merkingu, skal halda utan um þá flokkun, sem fram fer í samræmi við þessa reglugerð, helst í samkomulagi við framleiðendur og innflytjendur sama efnis, í sérstakri skrá ásamt ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi Bandalagsins í því skyni að samræma flokkun og merkingu tiltekinna efna.

58) Sama aðgengi og vernd skal vera fyrir upplýsingar, sem eru tilteknar í flokkunar- og merkingarskránni, og er í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, einkum með tilliti til upplýsinga sem, ef þær yrðu birtar, gætu skaðað viðskiptahagsmuni hlutaðeigandi aðila.

59) Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld, sem skulu bera ábyrgð á tillögum um samræmda flokkun og merkingu, og yfirvöld, sem skulu bera ábyrgð á því að þær skyldur sem eru settar fram í þessari reglugerð, séu uppfylltar. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gera ráðstafanir um skilvirka vöktun og eftirlit.

60) Mikilvægt er að veita birgjum og öðrum hagsmunaaðilum ráðgjöf, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, um ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessari reglugerð. Þjónustuborðin, sem hefur þegar verið komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1907/2006, mega gegna hlutverki þjónustuborðanna sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

61) Svo að kerfið, sem komið er á fót með þessari reglugerð, starfi á skilvirkan hátt er mikilvægt að tryggja gott samstarf og samræmingu milli aðildarríkjanna, Efnastofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.

62) Til að koma upp miðstöðvum fyrir upplýsingar um hættuleg efni og blöndur skulu aðildarríkin, ásamt þeim lögbæru yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu þessarar reglugerðar, og þeim yfirvöldum, sem bera ábyrgð á að henni sé framfylgt, tilnefna stofnanir sem skulu bera ábyrgð á viðtöku upplýsinga er varða heilsufar manna og efnafræðileg auðkenni, efnisþætti og eðli efna, þ.m.t. þau efni sem heimilt er að nota staðgönguefnaheiti fyrir samkvæmt þessari reglugerð.

63) Að beiðni aðildarríkis er ábyrgum stofnunum heimilt að framkvæma tölfræðilega greiningu til að kanna á hvaða sviði gæti þurft að bæta ráðstafanir vegna áhættustjórnunar.

64) Reglulegar skýrslur aðildarríkjanna og Efnastofnunarinnar um beitingu þessarar reglugerðar ættu að verða ómetanlegt hjálpartæki við vöktun á framkvæmd löggjafar um íðefni og til að greina leitni á þessu sviði. Ályktanir, sem dregnar verða af niðurstöðum skýrslnanna, ættu að verða gagnleg og hagnýt verkfæri við endurskoðun reglugerðarinnar og, ef nauðsyn krefur, við samningu breytingartillagna.

65) Á gagnaskiptatorginu vegna framkvæmdar, sem heyrir undir Efnastofnunina og sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1907/2006, skulu einnig fara fram skipti á upplýsingum um framkvæmd þessarar reglugerðar.

66) Til að tryggja gagnsæi, hlutleysi og samkvæmni að því er varðar aðgerðir til framfylgdar af hálfu aðildarríkjanna er nauðsynlegt að þau setji viðeigandi ramma um viðurlög sé brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar svo að viðurlögin verði skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafi letjandi áhrif þar eð brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar geta haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið.

67) Mæla skal fyrir um reglur þar sem þess er krafist að í auglýsingum á efnum, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun, sem settar eru fram í þessari reglugerð, sé getið um hætturnar, sem tengjast efnunum, til að vernda viðtakendur efna, þ.m.t. neytendur. Af sömu ástæðu skal þess getið í auglýsingum á blöndum, sem eru flokkaðar sem hættulegar, hvers konar hætta eða hættur eru tilgreindar á merkimiðanum ef einstaklingum er kleift að gera samning um kaup án þess að hafa séð merkimiðann.

68) Kveðið skal á um verndarákvæði til að takast á við aðstæður þar sem efni eða blanda hefur í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið jafnvel þótt hún sé ekki flokkuð sem hættuleg samkvæmt þessari reglugerð. Komi slíkar aðstæður upp getur verið nauðsynlegt að grípa til aðgerða á vettvangi SÞ í ljósi þess að viðskipti með efni og blöndur teygja sig um allan heim.

69) Margar skyldur fyrirtækja, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eru afleiðing flokkunar en þessi reglugerð breytir ekki gildissviði og áhrifum þeirrar reglugerðar nema ákvæðum hennar varðandi öryggisblöð. Til að tryggja þetta skal reglugerðinni breytt til samræmis við það.

70) Þessi reglugerð skal taka gildi í áföngum til að gera öllum hlutaðeigandi aðilum, yfirvöldum, fyrirtækjum sem og hagsmunaaðilum, kleift að beina kröftunum að því að búa sig undir að uppfylla nýjar skyldur þegar þar að kemur. Þar af leiðandi, og af því að flokkun blandna er háð flokkun efna, skal ákvæðunum fyrir flokkun blandna aðeins beitt eftir að öll efni hafa verið endurflokkuð. Kjósi rekstraraðili af frjálsum vilja að beita flokkunarviðmiðunum í þessari reglugerð fyrir þann tíma skal það vera leyfilegt en til að forðast rugling skulu merkingar og pökkun vera í samræmi við þessa reglugerð í stað tilskipana 67/548/EBE eða 1999/45/EB.

71) Til að íþyngja fyrirtækjum ekki að óþörfu skal vera leyfilegt að setja efni og blöndur á markað í tiltekinn tíma án þess að merkja þurfi þau á ný ef þau eru þegar í aðfangakeðjunni þegar ákvæði þessarar reglugerðar um merkingar taka gildi gagnvart þeim.

72) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að samræma reglur um flokkun, merkingu og pökkun, koma á flokkunarskyldu og koma á fót samræmdri skrá yfir efni sem eru flokkuð á vettvangi Bandalagsins sem og flokkunar- og merkingarskrá, og markmiðunum verður þar af leiðandi betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

73) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi og meginreglur virt, einkum þau sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([1]).

74) Þessi reglugerð ætti að stuðla að því að þau markmið náist sem sett voru í alþjóðlegu áætluninni um meðferð íðefna (Strategic Approach to International Chemical Management (SAICM)) sem samþykkt var 6. febrúar 2006 í Dubai.

75) Með fyrirvara um þróun á vettvangi SÞ skal taka flokkun og merkingu efna, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð (PBT), og efna, sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli (vPvB), inn í þessa reglugerð síðar.

76) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

77) Einkum skal framkvæmdastjórninni heimilt að laga þessa reglugerð að framförum á sviði tækni og vísinda, þ.m.t. að bæta við breytingum sem gerðar eru á hnattsamræmda kerfinu á vettvangi SÞ, einkum þeim breytingum SÞ er varða notkun á upplýsingum um svipaðar blöndur. Þegar slík aðlögun að framförum á sviði tækni og vísinda er gerð skal tillit tekið til vinnufyrirkomulagsins hjá SÞ sem er bundið við hálft ár í senn. Framkvæmdastjórnin skal enn fremur hafa heimild til að ákveða samræmda flokkun og merkingu tiltekinna efna. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð skulu þær samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti (e. regulatory procedure with scrutiny) sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

([1]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

78) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að standa við hefðbundinn frest í tengslum við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt aðlögunar að tækniframförum.

79) Framkvæmdastjórnin skal einnig, að því er varðar þessa reglugerð, njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að tryggja að löggjöf um íðefni verði uppfærð með samræmdum hætti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ATRIÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja öfluga heilsu- og umhverfisvernd svo og frjálsa dreifingu efna, blandna og hluta, eins og um getur í 8. mgr. 4. gr., með því:

a) að samræma viðmiðanir fyrir flokkun efna og blandna og reglur um merkingu og pökkun hættulegra efna og blandna,

b) að kveða á um þá skyldu:

i. framleiðenda, innflytjenda og eftirnotenda að flokka efni og blöndur sem sett eru á markað,

ii. birgja að merkja efni og blöndur, sem sett eru á markað, og pakka þeim,

iii. framleiðenda, framleiðenda hluta og innflytjenda að flokka þau efni sem ekki eru sett á markað en eru skráningarskyld eða tilkynningarskyld samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

c) að kveða á um þá skyldu framleiðenda og innflytjenda efna að tilkynna Efnastofnuninni um slíkar flokkanir og merkingaratriði hafi henni ekki verið tilkynnt um slíkt sem hluta af skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

d) að koma á fót skrá í 3. hluta VI. viðauka yfir efni ásamt samræmdri flokkun þeirra og merkingaratriðum á vettvangi Bandalagsins,

e) að koma á fót flokkunar- og merkingarskrá yfir efni sem er samsett af öllum tilkynningum, afhendingum og samræmdum flokkunum og merkingaratriðum sem um getur í c- og d-lið.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi:

a) geislavirk efni og blöndur sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([1]),

b) efni og blöndur sem eru undir tolleftirliti, svo fremi þau sæti hvorki meðhöndlun né vinnslu, og efni og blöndur sem eru í tímabundinni geymslu, á frísvæði eða í tollfrjálsum vörugeymslum og sem ætlunin er að flytja út aftur eða eru í umflutningi,

c) milliefni, sem eru ekki einangruð,

d) efni og blöndur sem notuð eru til vísindalegra rannsókna og þróunar og eru ekki sett á markað, að því tilskildu að þau séu notuð við stýrð skilyrði í samræmi við löggjöf Bandalagsins um vinnustaði og umhverfi.

3. Úrgangur, eins og hann er skilgreindur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([2]), telst ekki efni, blanda eða hlutur í skilningi 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar í tilteknum tilvikum og fyrir tiltekin efni eða blöndur ef það er nauðsynlegt vegna hagsmuna í varnarmálum.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um efni og blöndur í eftirtöldum formum, í endanlegri mynd, og fyrir endanlegan notanda:

a) lyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/83/EB,

b) dýralyf eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2001/82/EB,

c) snyrtivörur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 76/768/EBE,

d) lækningatæki, eins og þau eru skilgreind í tilskipunum 90/385/EBE og 93/42/EBE, sem eru inngripstæki eða notuð í beinni snertingu við mannslíkamann, og í tilskipun 98/79/EB,

e) matvæli eða fóður eins og þau eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 178/2002, þ.m.t. þegar þau eru notuð:

i. sem aukefni í matvælum sem fellur undir gildissvið tilskipunar 89/107/EBE,

ii. sem bragðefni í matvælum sem fellur undir gildissvið tilskipunar 88/388/EBE og ákvörðunar 1999/217/EB,

([1]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

iii. sem aukefni í fóðri sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1831/2003,

iv. í fóðri sem fellur undir gildissvið tilskipunar 82/471/EBE.

6. Þessi reglugerð gildir ekki um flutning á hættulegum farmi í lofti, á sjó, á vegum, með járnbrautum eða á skipgengum vatnaleiðum nema þegar 33. gr. gildir.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hættuflokkur“: flokkur sem segir til um tegund eðlisrænnar hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu,

2. „hættuundirflokkur“: skipting viðmiðana innan hvers hættuflokks til að tilgreina hversu alvarleg hættan er,

3. „hættumerki“: grafísk skýringarmynd sem er með einu tákni og öðrum myndeiningum, t.d. kanti, bakgrunnsmynstri eða -lit, sem eiga að miðla sérstökum upplýsingum um hættuna sem um er að ræða,

4. „viðvörunarorð“: orð sem gefur til kynna alvarleikastig hættunnar til að gera lesandanum viðvart um mögulega hættu og er gerður greinarmunur á eftirfarandi tveimur stigum:

   a) „Hætta“: viðvörunarorð sem tilgreinir hættuundirflokka fyrir mjög alvarlega hættu,

   b) „Varúð“: viðvörunarorð sem tilgreinir hættuundirflokka fyrir hættu sem er ekki mjög alvarleg,

5. „hættusetning“: setning sem er tengd við hættuflokk og hættuundirflokk og lýsir því hvers konar hættur stafi af hættulegu efni eða hættulegri blöndu, þ.m.t. hættustigið, ef við á,

6. „varnaðarsetning“: setning sem lýsir þeim ráðstöfunum sem mælt er með til að lágmarka eða koma í veg fyrir skaðleg áhrif vegna váhrifa við notkun eða förgun hættulegs efnis eða blöndu,

7. „efni“: frumefni og efnasambönd þess, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess og öll óhreinindi sem stafa frá vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess,

8. „blanda“: blanda eða lausn tveggja eða fleiri efna,

9. „hlutur“: gripur sem fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögun, áferð eða útlit sem ræður meiru um hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans,

10. „framleiðandi hlutar“: einstaklingur eða lögaðili sem býr til eða setur saman hlut innan Bandalagsins,

11. „fjölliða“: efni, gert úr sameindum sem einkennast af endurteknum einingum einnar eða fleiri tegunda einliða. Mólmassi slíkra sameinda dreifist á tiltekið bil vegna þess að fjöldi einliðueininga í sameindunum er mismunandi. Fjölliða samanstendur af eftirfarandi:

   a) að meirihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem eru gerðar úr a.m.k. þremur einliðueiningum sem eru tengdar með samgildum tengjum við a.m.k. eina aðra einliðueiningu eða annað hvarfefni,

   b) að minnihluta, miðað við þyngd, af sameindum sem hafa sama mólmassa.

   Í þessari skilgreiningu merkir „einliðueining“ hvarfað form einliðu eins og það er í fjölliðu.

12. „einliða“: efni sem getur bundist samgildum tengjum við röð annarra líkra eða ólíkra sameinda við þau skilyrði sem ríkja í viðkomandi, fjölliðumyndandi efnahvörfum sem notuð eru í tiltekna ferlinu,

13. „skráningaraðili“: framleiðandi eða innflytjandi efnis eða framleiðandi eða innflytjandi hlutar sem leggur fram skráningarskjöl fyrir efni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

14. „framleiðsla“: það að framleiða eða draga út efni í náttúrulegu ástandi sínu,

15. „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og framleiðir efni þar,

16. „innflutningur“: það að færa eitthvað efnislegt inn á tollsvæði Bandalagins,

17. „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Bandalaginu og ber ábyrgð á innflutningi,

18. „setning á markað“: það að sjá þriðja aðila fyrir vöru eða bjóða hana fram, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur telst vera setning á markað.

19. „eftirnotandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur staðfestu í Bandalaginu, annar en framleiðandinn eða innflytjandinn, og notar efni, annaðhvort eitt sér eða í blöndu, við iðnaðarstarfsemi sína eða faglega starfsemi. Dreifingaraðili eða neytandi er ekki eftirnotandi. Sá sem flytur inn aftur og nýtur undanþágu skv. c-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 telst vera eftirnotandi,

20. „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem hefur staðfestu í Bandalaginu, þ.m.t. smásali, sem einungis geymir og setur efni á markað, eitt sér eða í blöndu, á vegum þriðju aðila,

21. „milliefni“: efni sem er framleitt til efnafræðilegrar vinnslu og notað eða nýtt í tengslum við hana í því skyni að því verði breytt í annað efni (hér á eftir nefnt „efnasmíði“),

22. „óeinangrað milliefni“: milliefni sem við efnasmíði er ekki tekið (nema til töku sýnis) af ásetningi úr búnaðinum þar sem efnasmíðin fer fram. Til slíks búnaðar telst hvarfaílátið, fylgibúnaður þess og hvers kyns búnaður sem efnið eða efnin flæða gegnum í stöðugu flæði eða lotubundnu ferli, svo og allar lagnir til flutnings úr einu íláti í annað vegna næsta skrefs í efnahvörfunum en ekki tankar eða önnur ílát þar sem efnið eða efnin eru geymd að framleiðslu lokinni,

23. „Efnastofnunin“: Efnastofnun Evrópu sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

24. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld eða stofnanir sem aðildarríkin hafa sett á laggirnar í því skyni að gegna þeim skyldum sem skapast með þessari reglugerð,

25. „notkun“: hvers kyns vinnsla, samsetning, nýting, geymsla, birgðahald, meðhöndlun, setning í ílát, flutningur úr einu íláti í annað, blöndun, framleiðsla hlutar eða hvers konar önnur nýting,

26. „birgir“: framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað,

27. „málmblanda“: efni úr málmi, einsleitt að sjá, gert úr tveimur eða fleiri frumefnum sem eru þannig sett saman að þau verða ekki auðveldlega skilin að með vélrænum aðferðum; málmblöndur teljast vera blöndur í þessari reglugerð,

28. „UN RTDG“: tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi (e. United Nations Recommendations on the Transport of Dangerous Goods),

29. „tilkynnandi“: framleiðandi eða innflytjandi eða hópur framleiðenda eða innflytjenda sem senda tilkynningar til Efnastofnunarinnar,

30. „vísindalegar rannsóknir og þróun“: hvers kyns vísindalegar tilraunir, efnagreiningar eða efnarannsóknir sem eru gerðar við stýrð skilyrði,

31. „þröskuldsgildi“: viðmiðunarmörk fyrir flokkuð óhreinindi, aukefni eða einstaka efnisþætti í efni eða blöndu þannig að fari þessi óhreinindi, aukefni eða efnisþættir yfir viðmiðunarmörkin skal tekið tillit til þeirra þegar tekin er ákvörðun um hvort flokka skuli efnið eða blönduna,

32. „styrkleikamörk“: viðmiðunarmörk fyrir flokkuð óhreinindi, aukefni eða einstaka efnisþætti í efni eða í blöndu sem geta leitt til flokkunar á efninu eða blöndunni,

33. „áhrifategund“: undireining hættuflokks sem vísar til váhrifaleiðar eða eðlis áhrifanna,

34. „M-stuðull“: margföldunarstuðull. Stuðullinn er notaður fyrir styrk efnis sem er flokkað sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi, í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif, og er notaður með samlagningaraðferðinni til að leiða út flokkun blöndu með efninu,

35. „pakki“: lokaafurð pökkunarferlisins sem samanstendur af umbúðunum og innihaldi þeirra,

36. „umbúðir“: eitt eða fleiri ílát ásamt öðrum hlutum og efniviði sem nauðsynleg eru til þess að ílátið gegni hlutverki sínu og uppfylli öryggiskröfur,

37. „milliumbúðir“: umbúðir á milli innri umbúða eða hlutarins og ytri umbúða.

3. gr.

Hættuleg efni og blöndur og lýsing á hættuflokkum

Efni, eða blanda, sem uppfyllir þær viðmiðanir sem tengjast eðlisrænum hættum, heilbrigðishættum eða umhverfishættum og sem mælt er fyrir um í 2.–5. hluta í I. viðauka, er hættulegt og skal flokkað samkvæmt viðkomandi hættuflokkum sem kveðið er á um í þeim viðauka.

Þegar hættuflokkunum er skipt upp í áhrifategundir í I. viðauka á grundvelli váhrifaleiðar eða eðlis áhrifanna skal efnið, eða blandan, flokkað í samræmi við slíka skiptingu.

4. gr.

Almenn skylda að flokka, merkja og pakka

1. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur skulu flokka efni og blöndur í samræmi við II. bálk áður en efnin og blöndurnar eru sett á markað.

2. Með fyrirvara um kröfurnar í 1. mgr. skulu framleiðendur, framleiðendur hluta og innflytjendur flokka efnin, sem eru ekki sett á markað, í samræmi við II. bálk ef:

a) kveðið er á um skráningu efnis í 6. gr., 17. gr. (1. eða 5. mgr.), 17. gr. eða 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

b) kveðið er á um tilkynningu í 2. mgr. 7. gr. eða 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

3. Ef efni fellur undir samræmda flokkun og merkingu í samræmi við V. bálk vegna færslu í 3. hluta VI. viðauka skal það efni flokkað í samræmi við þá færslu og engin flokkun þessa efnis skal fara fram samkvæmt II. bálki fyrir þá hættuflokka eða áhrifategundir sem falla undir þá færslu.

Ef efnið fellur einnig undir einn eða fleiri hættuflokka eða áhrifategundir, sem falla ekki undir færslu í 3. hluta í VI. viðauka, skal fara fram flokkun samkvæmt II. bálki fyrir þessa hættuflokka eða áhrifategundir.

4. Ef efni eða blanda er flokkuð sem hættuleg skulu birgjar sjá til þess að efnið eða blandan sé merkt og henni pakkað í samræmi við III. og IV. bálk áður en kemur að setningu á markað.

5. Þegar dreifingaraðilar uppfylla skyldur sínar skv. 4. mgr. mega þeir nota flokkun fyrir tiltekið efni eða blöndu sem aðili í aðfangakeðjunni hefur leitt út í samræmi við II. bálk.

6. Þegar eftirnotendur uppfylla skyldur sínar skv. 1. og 4. mgr. mega þeir nota flokkun tiltekins efnis eða blöndu, sem aðili í aðfangakeðjunni hefur leitt út í samræmi við II. bálk, að því tilskildu að þeir breyti ekki samsetningu efnisins eða blöndunnar.

7. Ekki skal setja blöndu, sem um getur í 2. hluta II. viðauka og sem inniheldur efni sem er flokkað sem hættulegt, á markað nema hún sé merkt í samræmi við III. bálk.

8. Í þessari reglugerð skulu hlutirnir sem um getur í lið 2.1 í I. viðauka flokkaðir, merktir og þeim pakkað, í samræmi við reglurnar sem gilda fyrir efni og blöndur, áður en þeir eru settir á markað.

9. Birgjar í aðfangakeðjunni skulu vinna saman að því að uppfylla kröfurnar varðandi flokkun, merkingu og pökkun í þessari reglugerð.

10. Efni og blöndur skulu ekki sett á markað nema þau séu í samræmi við þessa reglugerð.

II. BÁLKUR

HÆTTUFLOKKUN

1. KAFLI

Tilgreining og athugun á upplýsingum

5. gr.

Tilgreining og athugun á tiltækum upplýsingum um efni

1. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efnis skulu tilgreina viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir í því skyni að ákvarða hvort notkun efnisins hafi í för með sér eðlisræna hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu, eins og sett er fram í I. viðauka, og einkum eftirfarandi:

a) gögn sem aflað er í samræmi við aðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr.,

b) faraldsfræðileg gögn og reynslu af áhrifum efna á menn, t.d. starfstengd gögn og gögn úr gagnasöfnum um slys,

c) aðrar upplýsingar sem aflað er í samræmi við 1. lið í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

d) nýjar, vísindalegar upplýsingar,

e) aðrar upplýsingar sem aflað er í tengslum við alþjóðlega viðurkenndar áætlanir um íðefni.

Upplýsingarnar skulu varða það í hvernig formi eða eðlisástandi efnið er sett á markað og hvernig vænta má að það verði notað.

2. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur skulu fara yfir upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. til að ganga úr skugga um hvort þær séu fullnægjandi, áreiðanlegar og vísindalega fullgildar með tilliti til matsins skv. 2. kafla þessa bálks.

6. gr.

Tilgreining og athugun á tiltækum upplýsingum um blöndur

1. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur blöndu skulu tilgreina viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir um sjálfa blönduna, eða efnin sem í henni eru, í því skyni að ákvarða hvort notkun blöndunnar hafi í för með sér eðlisræna hættu, heilbrigðishættu eða umhverfishættu, eins og sett er fram í I. viðauka, og einkum eftirfarandi:

a) gögn, sem aflað er í samræmi við aðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr., um sjálfa blönduna, eða efnin sem í henni eru,

b) faraldsfræðileg gögn og reynslu af áhrifum sjálfrar blöndunnar, eða efnanna sem í henni eru, á menn, t.d. starfstengd gögn eða gögn úr gagnasöfnum um slys,

c) aðrar upplýsingar um sjálfa blönduna, eða efnin sem í henni eru, sem aflað var í samræmi við 1. lið í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

d) aðrar upplýsingar um sjálfa blönduna, eða efnin sem í henni eru, sem aflað er í tengslum við alþjóðlega viðurkenndar áætlanir um íðefni.

Upplýsingarnar skulu varða það í hvernig formi eða eðlisástandi blandan er við setningu á markað og, þegar það á við, sem vænta má að blandan sé í við notkun.

2. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., liggja fyrir um sjálfa blönduna og framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn hefur gengið úr skugga um að þær séu fullnægjandi og áreiðanlegar og, ef við á, vísindalega fullgildar, skal viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi nota þessar upplýsingar, með fyrirvara um 3. og 4. mgr., við matið skv. 2. kafla þessa bálks.

3. Við mat á blöndum skv. 2. kafla þessa bálks með tilliti til hættuflokkanna „stökkbreytandi áhrif á kímfrumur“, „krabbameinsvaldandi áhrif“ og „eiturhrif á æxlun“, sem um getur í liðum 3.5.3.1, 3.6.3.1 og 3.7.3.1 í I. viðauka, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn aðeins nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og um getur í 1. mgr. um efnin í blöndunni.

Í þeim tilvikum þegar fyrirliggjandi prófunargögn um sjálfa blönduna sýna fram á að hún hafi stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, sé krabbameinsvaldandi eða hafi eiturhrif á æxlun, sem ekki var tilgreint í upplýsingunum um hvert efni fyrir sig, skal einnig tekið tillit til slíkra gagna.

4. Við mat á blöndum skv. 2. kafla þessa bálks með tilliti til eiginleika er varða „lífniðurbrot og uppsöfnun í lífverum“ innan hættuflokksins „hættulegt fyrir vatnsumhverfi“, sem um getur í liðum 4.1.2.8 og 4.1.2.9 í I. viðauka, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn aðeins nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og um getur í 1. mgr. um efnin í blöndunni.

5. Þegar engin prófunargögn af því tagi sem um getur í 1. mgr. liggja fyrir um sjálfa blönduna, eða þau eru ófullnægjandi, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn nota aðrar fyrirliggjandi upplýsingar um einstök efni og svipaðar prófaðar blöndur sem gætu einnig talist skipta máli í því skyni að ákvarða hvort blandan sé hættuleg, að því tilskildu að viðkomandi framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi hafi gengið úr skugga um að þessar upplýsingar séu fullnægjandi og áreiðanlegar með tilliti til matsins skv. 4. mgr. 9. gr.

7. gr.

Prófanir á dýrum og mönnum

1. Ef framkvæmdar eru nýjar prófanir við beitingu þessarar reglugerðar skulu prófanir á dýrum samkvæmt skilningi tilskipunar 86/609/EBE aðeins framkvæmdar þegar ekki eru fyrir hendi önnur úrræði sem geta veitt gögn af fullnægjandi áreiðanleika og gæðum.

2. Prófanir á prímötum, öðrum en mönnum, skulu bannaðar við beitingu þessarar reglugerðar.

3. Ekki skal framkvæma prófanir á mönnum við beitingu þessarar reglugerðar. Hins vegar má nota gögn, sem aflað er frá öðrum heimildum, t.d. klínískum rannsóknum, við beitingu þessarar reglugerðar.

8. gr.

Öflun nýrra upplýsinga um efni og blöndur

1. Í því skyni að ákvarða hvort notkun efnis eða blöndu hafi í för með sér heilbrigðishættu eða umhverfishættu, eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð, er framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda heimilt að framkvæma nýjar prófanir, að því tilskildu að hann hafi fullreynt allar aðrar aðferðir við öflun upplýsinga, þ.m.t. með því að beita þeim reglum sem kveðið er á um í 1. lið í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

2. Í því skyni að ákvarða hvort notkun efnis eða blöndu hafi í för með sér einhverja af þeim eðlisrænu hættum, sem um getur í 2. hluta í I. viðauka, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn framkvæma þær prófanir, sem krafist er í þeim hluta, nema fullnægjandi og áreiðanlegar upplýsingar liggi þegar fyrir.

3. Prófanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu fara fram í samræmi við eina af eftirfarandi aðferðum:

a) prófunaraðferðirnar, sem um getur í 3. mgr. 13 gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

eða

b) áreiðanlegar, vísindalegar meginreglur, sem eru alþjóðlega viðurkenndar, eða aðferðir sem eru fullgiltar samkvæmt alþjóðlegu fyrirkomulagi.

4. Ef framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi framkvæmir nýjar visteiturefnafræðilegar eða eiturefnafræðilegar prófanir og greiningar skulu þær framkvæmdar í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

5. Ef nýjar prófanir fyrir eðlisrænar hættur eru framkvæmdar í skilningi þessarar reglugerðar skulu þær framkvæmdar, eigi síðar en frá og með 1. janúar 2014, í samræmi við viðeigandi, viðurkennt gæðakerfi eða á rannsóknarstofum sem fara að viðeigandi, viðurkenndum stöðlum.

6. Prófanir, sem eru framkvæmdar til að uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar, skulu gerðar á efninu eða blöndunni í því formi eða eðlisástandi, sem efnið eða blandan er í við setningu á markað og sem vænta má að efnið eða blandan sé í við notkun.

2. KAFLI

Mat á upplýsingum um hættur og ákvörðun um flokkun

9. gr.

Mat á upplýsingum um hættur fyrir efni og blöndur

1. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur efnis eða blöndu skulu meta upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í samræmi við 1. kafla þessa bálks, með því að nota viðmiðanir fyrir flokkun fyrir hvern hættuflokk eða áhrifategund í 2. til 5. hluta í I. viðauka í því skyni að ganga úr skugga um hvaða hættur tengjast efninu eða blöndunni.

2. Við mat á fyrirliggjandi prófunargögnum um efni eða blöndu, sem fengin eru með öðrum prófunaraðferðum en þeim sem um getur í 3. mgr. 8. gr., skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur bera prófunaraðferðirnar, sem notaðar voru, saman við þær sem tilgreindar eru í þeirri grein til að ákvarða hvort notkun á þessum prófunaraðferðum hafi áhrif á matið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef ekki er hægt að beita viðmiðununum beint á tilgreindar upplýsingar skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur vinna mat með því að taka ákvörðun á grundvelli vægis rökstuddra vísbendinga með stoð í sérfræðiáliti í samræmi við lið 1.1.1 í I. viðauka við þessa reglugerð og í samræmi við lið 1.2 í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og skulu þeir meta allar fyrirliggjandi upplýsingar sem skipta máli við ákvörðun á þeim hættum sem stafa af efninu eða blöndunni.

4. Ef aðeins liggja fyrir þær upplýsingar, sem um getur í 5. mgr. 6. gr., skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur nota brúunarreglurnar, sem um getur í lið 1.1.3 og í hverjum lið 3. og 4. hluta í I. viðauka, við vinnslu matsins.

Ef slíkar upplýsingar gera hvorki kleift að nota brúunarreglurnar né heldur meginreglurnar um notkun á sérfræðiáliti og ákvörðun á grundvelli vægis rökstuddra vísbendinga, eins og lýst er í 1. hluta í I. viðauka, skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur þó meta þessar upplýsingar með því að nota hina aðferðina eða hinar aðferðirnar sem lýst er í hverjum lið 3. og 4. hluta í I. viðauka.

5. Þegar framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur meta fyrirliggjandi upplýsingar með tilliti til flokkunar skulu þeir taka tillit til þess í hvaða formi eða eðlisástandi efnið eða blandan er við setningu á markað og sem vænta má að efnið eða blandan sé í við notkun.

10. gr.

Styrkleikamörk og M-stuðlar fyrir flokkun efna og blandna

1. Sértæk styrkleikamörk og almenn styrkleikamörk eru mörk sem sett eru fyrir efni sem viðmiðunarmörk þannig að sé efnið í öðru efni eða blöndu sem tilgreind óhreinindi, aukefni eða einstakur efnisþáttur, í magni sem er jafnt og viðmiðunarmörkin segja til um eða yfir þeim, leiðir það til þess að efnið eða blandan er flokkuð sem hættuleg.

Framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi skal setja sértæk styrkleikamörk ef fullnægjandi og áreiðanlegar vísindalegar upplýsingar sýna að augljós hætta stafar af efninu þegar efnið er til staðar í magni sem er undir þeim styrkleika, sem fastsettur hefur verið fyrir einstaka hættuflokka í 2. hluta I. viðauka, eða undir almennu styrkleikamörkunum sem fastsett hafa verið fyrir einstaka hættuflokka í 3., 4. og 5. hluta I. viðauka.

Í undantekningartilvikum má framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi setja sértæk styrkleikamörk ef hann hefur vísindalegar upplýsingar, sem eru fullnægjandi, áreiðanlegar og ótvíræðar, þess efnis að hætta, sem stafar af efni sem er flokkað sem hættulegt, sé ekki augljós í magni sem er yfir þeim styrkleika, sem fastsettur var fyrir viðkomandi hættuflokk í 2. hluta I. viðauka, eða yfir almennu styrkleikamörkunum sem sett voru fyrir viðkomandi hættuflokk í 3. og 4. hluta viðaukans.

2. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur skulu fastsetja M-stuðla fyrir efni sem flokkast sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi, í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu sértæk styrkleikamörk ekki fastsett fyrir samræmda hættuflokka eða áhrifategundir efna sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu M-stuðlar ekki fastsettir fyrir samræmda hættuflokka eða áhrifategundir efna sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka ef M-stuðull þeirra er gefinn upp í þeim hluta.

Ef M-stuðull er ekki gefinn upp í 3. hluta VI. viðauka fyrir efni sem flokkast sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi, í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, skal framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn fastsetja M-stuðul á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um efnið. Þegar framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn notar samlagningaraðferðina til að flokka blöndu sem inniheldur efnið skal hann nota þennan M-stuðul.

5. Þegar framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur fastsetja sértæk styrkleikamörk eða M-stuðul skal tillit tekið til allra sértækra styrkleikamarka eða M-stuðla fyrir þetta efni sem hefur verið bætt í flokkunar- og merkingarskrána.

6. Sértæk styrkleikamörk, sem eru fastsett í samræmi við 1. mgr., skulu hafa forgang yfir styrkleikana, sem gefnir eru upp í viðeigandi liðum 2. hluta I. viðauka, eða yfir almennu styrkleikamörkin fyrir flokkun sem gefin eru upp í viðeigandi liðum 3., 4. og 5. hluta I. viðauka.

7. Efnastofnunin veitir frekari leiðbeiningar um beitingu 1. og 2. mgr.

11. gr.

Þröskuldsgildi

1. Ef efni inniheldur annað efni, sem er sjálft flokkað sem hættulegt, hvort heldur í formi tilgreindra óhreininda, aukefnis eða einstaks efnisþáttar, skal tillit tekið til þessa við flokkun ef styrkur tilgreindu óhreinindanna, aukefnisins eða einstaka efnisþáttarins er jafn og eða meiri en gildandi þröskuldsgildi skv. 3. mgr.

2. Ef blanda inniheldur efni sem flokkast sem hættulegt, hvort heldur sem efnisþáttur eða í formi tilgreindra óhreininda eða aukefnis, skal tillit tekið til þessara upplýsinga til flokkunar ef styrkur efnisins er jafn og eða meiri en þröskuldsgildi þess í samræmi við 3. mgr.

3. Ákvarða skal þröskuldsgildið, sem um getur í 1. og 2. mgr., í samræmi við lið 1.1.2.2 í I. viðauka.

12. gr.

Sérstök tilvik sem þarfnast frekara mats

Leiði matið, sem fram fer skv. 9. gr., í ljós eftirfarandi eiginleika eða áhrif skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur taka tillit til þeirra við flokkun:

a) ef fullnægjandi og áreiðanlegar upplýsingar sýna að eðlisrænar hættur, sem stafa af efni eða blöndu, eru í raun ólíkar þeim sem sýnt er fram á með prófunum,

b) ef ótvíræð vísindaleg tilraunagögn sýna að efnið eða blandan er ekki lífaðgengileg og staðfest er að þessi gögn eru fullnægjandi og áreiðanleg,

c) ef fullnægjandi og áreiðanlegar vísindalegar upplýsingar sýna að samverkandi og andverkandi áhrif séu mögulega fyrir hendi meðal efnanna í blöndu sem metin var á grundvelli upplýsinganna um efnin í blöndunni.

13. gr.

Ákvörðun um að flokka efni og blöndur

Ef matið, sem fram fer skv. 9. og 12. gr., sýnir að hætturnar, sem tengjast efninu eða blöndunni, uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í einn eða fleiri hættuflokka eða áhrifategundir í 2. til 5. hluta í I. viðauka skulu framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur flokka efnið eða blönduna með hliðsjón af viðeigandi hættuflokki eða -flokkum eða áhrifategundum með því að tilgreina eftirfarandi:

a) einn eða fleiri hættuundirflokka fyrir hvern viðeigandi hættuflokk eða áhrifategund,

b) eina eða fleiri hættusetningar sem svara til hvers hættuundirflokks sem er tilgreindur í samræmi við a-lið, sbr. þó 21. gr.

14. gr.

Sértækar reglur um flokkun blandna

1. Gefi matið á upplýsingunum til kynna eitthvað af eftirfarandi atriðum skal það ekki hafa áhrif á flokkun blöndu:

a) efnin í blöndunni hvarfast hægt við lofttegundir í andrúmsloftinu, einkum súrefni, koltvísýring eða vatnsgufu, og mynda ný efni í lágum styrk,

b) efnin í blöndunni hvarfast mjög hægt við önnur efni í blöndunni og mynda ný efni í lágum styrk,

c) efnin í blöndunni geta fjölliðast af sjálfu sér og myndað fáliður eða fjölliður í lágum styrk.

2. Ekki þarf að flokka blöndu með tilliti til sprengifimra oxandi eða eldfimra eiginleika, eins og um getur í 2. hluta I. viðauka, að því tilskildu að einhverjar af eftirfarandi kröfum séu uppfylltar:

a) að ekkert af efnunum í blöndunni hafi nokkurn þessara eiginleika og að ólíklegt sé, samkvæmt þeim upplýsingum sem eru tiltækar dreifingaraðilum, að blandan hafi slíka hættu í för með sér,

b) að rannsóknaniðurstöður bendi til þess að þótt samsetning blöndu sé breytt leiði mat á upplýsingunum um blönduna ekki til þess að flokkun hennar verði breytt,

c) að blanda, sem er sett á markað í úðabrúsa (e. aerosol dispenser), uppfylli a-lið 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40.

15. gr.

Endurskoðun á flokkun efna og blandna

1. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir, sem eru þeim tiltækar, til að kynna sér nýjar vísindalegar eða tæknilegar upplýsingar sem gætu haft áhrif á flokkun þeirra efna eða blandna sem þeir setja á markað. Þegar framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi verður var við slíkar upplýsingar sem hann telur fullnægjandi og áreiðanlegar skal hann án óþarfa tafar framkvæma nýtt mat í samræmi við þennan kafla.

2. Þegar framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn breytir blöndu sem hefur verið flokkuð sem hættuleg skal hann vinna nýtt mat í samræmi við þennan kafla ef breytingin er annaðhvort:

a) breyting á samsetningu upphafsstyrks eins eða fleiri hættulegra efnisþátta sem eru í styrk við eða yfir mörkunum í töflu 1.2 í 1. hluta I. viðauka,

b) breyting á samsetningunni með því að skipta út eða bæta við einum eða fleiri efnisþáttum í styrk sem er við eða yfir þröskuldsgildinu sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

3. Nýtt mat, í samræmi við 1. og 2. mgr., þarf ekki að fara fram ef gild vísindaleg rök eru fyrir því að matið muni ekki leiða til breyttrar flokkunar.

4. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur skulu laga flokkun efnisins eða blöndunnar að niðurstöðum úr nýja matinu nema samræmdir hættuflokkar eða áhrifategundir liggi fyrir um efni sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka.

5. Að því er varðar 1. til 4. mgr. þessarar greinar gildir að ef viðkomandi efni eða blanda fellur undir gildissvið tilskipunar 91/414/EBE eða tilskipunar 98/8/EB gilda kröfurnar í þessum tilskipunum einnig.

16. gr.

Flokkun efna sem tilgreind eru í flokkunar- og merkingarskránni

1. Framleiðendum og innflytjendum er heimilt að flokka efni á annan hátt en hefur þegar verið gert í flokkunar- og merkingarskránni, að því tilskildu að þeir leggi ástæðurnar fyrir flokkuninni fyrir Efnastofnunina ásamt tilkynningu í samræmi við 40. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef flokkunin, sem tilgreind er í flokkunar- og merkingarskránni, er samræmd flokkun skv. 3. hluta VI. viðauka.

III. BÁLKUR

HÆTTUBOÐ Í FORMI MERKIMIÐA

1. KAFLI

Innihald merkimiðans

17. gr.

Almennar reglur

1. Efni eða blanda, sem flokkast sem hættuleg og er í umbúðum, skal bera merkimiða þar sem eftirtalin atriði koma fram:

a) nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja,

b) tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í pakkningunni sem er tiltæk almenningi nema magnið sé tiltekið annars staðar á pakkningunni,

c) vörukenni eins og tilgreind eru í 18. gr.,

d) hættumerki í samræmi við 19. gr., ef þörf þykir,

e) viðvörunarorð í samræmi við 20. gr., ef þörf þykir,

f) hættusetningar í samræmi við 21. gr., ef þörf þykir,

g) viðeigandi varnaðarsetningar í samræmi við 22. gr., ef þörf þykir,

h) reitur fyrir viðbótarupplýsingar í samræmi við 25. gr., ef þörf þykir.

2. Merkimiðinn skal vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis eða aðildarríkja þar sem efnið eða blandan er sett á markað nema hlutaðeigandi aðildarríki kveði á um annað. Birgjar mega nota fleiri tungumál á merkimiðum sínum en þau sem aðildarríkið fer fram á, að því tilskildu að sömu upplýsingarnar komi fram á öllum þeim tungumálum sem notuð eru.

18. gr.

Vörukenni

1. Á merkimiðanum skulu koma fram upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna (hér á eftir nefnt „vörukenni“).

Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skal hugtakið, sem notað er fyrir auðkenningu efnisins eða blöndunnar, vera það sama og notað er á öryggisblaðinu sem útbúið er í samræmi við 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnt „öryggisblað“).

2. Vörukenni fyrir efni skal innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

a) ef efnið er tilgreint í 3. hluta VI. viðauka: heiti og kenninúmer sem gefið er upp þar eða

b) ef efnið er ekki tilgreint í 3. hluta VI. viðauka en er í flokkunar- og merkingarskránni: heiti og kenninúmer sem gefið er upp þar eða

c) ef efnið er hvorki tilgreint í 3. hluta VI. viðauka né heldur í flokkunar- og merkingarskránni: númerið sem gefið er upp hjá Upplýsingaþjónustunni um íðefni (CAS) (hér á eftir nefnt „CAS-númer“), ásamt heitinu sem gefið er upp í nafnakerfi Alþjóðasamtakanna um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC) (hér á eftir nefnt „IUPAC-nafnakerfið“) eða CAS-númerið ásamt öðru alþjóðlegu efnaheiti eða

d) ef ekki er til CAS-númer: heitið sem gefið er upp í IUPAC-nafnakerfinu eða annað alþjóðlegt efnaheiti.

Ef heitið í IUPAC-nafnakerfinu fer yfir 100 stafi má nota eitt af hinum heitunum (almennt heiti, viðskiptaheiti, skammstöfun) sem um getur í lið 2.1.2 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, að því tilskildu að í tilkynningunni skv. 40. gr. sé bæði tilgreint heitið, sem gefið er upp í IUPAC-nafnakerfinu, og hitt heitið sem notað er.

3. Vörukenni fyrir blöndu skal innihalda eftirfarandi tvö atriði:

a) viðskiptaheiti eða heiti blöndunnar,

b) auðkenningu allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.

Ef kröfurnar í tilviki því, sem um getur í b-lið, leiða til þess að mörg efnaheiti eru gefin upp nægja fjögur efnaheiti nema þörf sé fyrir fleiri en fjögur heiti til að endurspegla eðli hættnanna og alvarleika þeirra.

Efnaheitin, sem eru valin, skulu tilgreina þau efni sem einkum orsaka alvarlegu heilbrigðishætturnar sem liggja til grundvallar flokkun efnanna og vali á viðeigandi hættusetningum.

19. gr.

Hættumerki

1. Á merkimiðanum skal vera viðeigandi hættumerki sem ætlað er að miðla sérstökum upplýsingum um hættuna sem um er að ræða.

2. Með fyrirvara um 33. gr. skulu hættumerki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 1.2.1 í I. viðauka og í V. viðauka.

3. Það hættumerki sem á við um hverja tiltekna flokkun er sett fram í töflunum í I. viðauka þar sem greint er frá þeim merkingaratriðum sem krafist er fyrir hvern hættuflokk.

20. gr.

Viðvörunarorð

1. Á merkimiðanum skulu vera viðeigandi viðvörunarorð í samræmi við flokkun hættulega efnisins eða blöndunnar.

2. Það viðvörunarorð sem á við um hverja tiltekna flokkun er sett fram í töflunum í 2. til 5. hluta I. viðauka þar sem greint er frá þeim merkingaratriðum sem krafist er fyrir hvern hættuflokk.

3. Ef viðvörunarorðið „Hætta“ er notað á merkimiðanum skal viðvörunarorðið „Varúð“ ekki vera á merkimiðanum.

21. gr.

Hættusetningar

1. Á merkimiðanum skulu vera viðeigandi hættusetningar í samræmi við flokkun hættulega efnisins eða blöndunnar.

2. Þær hættusetningar, sem eiga við um hverja flokkun, eru settar fram í töflunum í 2. til 5. hluta I. viðauka þar sem greint er frá þeim merkingaratriðum sem krafist er fyrir alla hættuflokka.

3. Sé efni tilgreint í 3. hluta VI. viðauka skal sú hættusetning, sem á við um hverja tiltekna flokkun, sem fellur undir færsluna í þeim hluta, notuð á merkimiðanum ásamt hættusetningunum sem um getur í 2. mgr. ef um er að ræða flokkun sem fellur ekki undir þessa færslu.

4. Hættusetningin skal orðuð í samræmi við III. viðauka.

22. gr.

Varnaðarsetningar

1. Á merkimiðanum skulu vera viðeigandi varnaðarsetningar.

2. Varnaðarsetningarnar skulu valdar úr þeim sem settar eru fram í töflunum í 2. til 5. hluta I. viðauka þar sem greint er frá merkingaratriðunum fyrir hvern hættuflokk.

3. Varnaðarsetningarnar skulu valdar í samræmi við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 1. hluta IV. viðauka, að teknu tilliti til hættusetninganna og fyrirhugaðrar eða tilgreindrar notkunar efnisins eða blöndunnar.

4. Varnaðarsetningarnar skulu orðaðar í samræmi við 2. hluta IV. viðauka.

23. gr.

Undanþágur frá merkingarkröfum í sérstökum tilvikum

Þau sértæku ákvæði um merkingar, sem mælt er fyrir um í lið 1.3 í I. viðauka, skulu gilda fyrir eftirfarandi:

a) færanleg gashylki,

b) gashylki undir própan, bútan eða fljótandi jarðolíugas,

c) úðabrúsa (e. aerosol) og ílát með loftþéttum úðabúnaði sem innihalda efni eða blöndur sem fá flokkun sem sýnir ásvelgingarhættu,

d) gegnheila málma, málmblöndur, blöndur sem innihalda fjölliður, blöndur sem innihalda teygjuefni,

e) sprengifim efni, eins og um getur í lið 2.1 í I. viðauka, sem sett eru á markað í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða skoteldum.

24. gr.

Beiðni um að fá að nota staðgönguefnaheiti

1. Ef framleiðandi, innflytjandi eða eftirnotandi efnis, sem er í blöndu, getur sýnt fram á að birting á efnafræðilegu auðkenni efnisins á merkimiðanum eða á öryggisblaðinu skapi hættu á að trúnaður verði rofinn um viðskiptaupplýsingar, einkum hugverkaréttindi hans, er honum heimilt að leggja fram beiðni til Efnastofnunarinnar um að fá að nota staðgönguefnaheiti sem vísar til þessa efnis í blöndu, annaðhvort með heiti sem segir til um mikilvægustu, virku efnahópana eða með staðgönguheiti, að því tilskildu að efnið uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. hluta I. viðauka.

2. Allar beiðnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu lagðar fram á eyðublaði, sem um getur í 111. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, og skal þóknun reidd af hendi.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða fjárhæð þóknunarinnar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 54. gr. þessarar reglugerðar.

Þóknun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skal vera lægri en fyrir stærri fyrirtæki.

3. Efnastofnunin getur krafist frekari upplýsinga af þeim framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda sem leggur beiðnina fram ef slíkar upplýsingar eru taldar nauðsynlegar til að taka ákvörðun. Ef Efnastofnunin hreyfir engum andmælum innan sex vikna frá viðtöku beiðninnar eða viðtöku frekari upplýsinga, sem krafist er, telst heimilt að nota það heiti sem beiðnin nær til.

4. Samþykki Efnastofnunin ekki beiðnina gildir hagnýta fyrirkomulagið sem um getur í 3. mgr. 118. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

5. Efnastofnunin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um lyktir beiðninnar í samræmi við 3. eða 4. mgr. og láta þeim í té þær upplýsingar sem framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn lagði fram.

6. Efnastofnunin skal endurskoða ákvörðun sína um notkun á staðgönguefnaheiti ef nýjar upplýsingar sýna fram á að staðgönguefnaheitið, sem er notað, gefur ekki nægar upplýsingar til að gera megi nauðsynlegar heilbrigðis- og varúðarráðstafanir á vinnustað og til að tryggja að unnt sé að halda áhættu, vegna meðhöndlunar blöndunnar, í lágmarki. Efnastofnuninni er heimilt að draga ákvörðun sína til baka eða breyta henni með ákvörðun sem tilgreinir hvaða staðgönguefnaheiti er leyfilegt að nota. Ef Efnastofnunin dregur ákvörðunina til baka eða breytir henni gildir hagnýta fyrirkomulagið sem um getur í 3. mgr. 118. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

7. Ef leyft hefur verið að nota staðgönguefnaheiti en flokkun efnisins í blöndu, sem það staðgönguheiti er notað fyrir, uppfyllir ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í lið 1.4.1 í I. viðauka skal birgir þess efnis í blöndu nota vörukenni efnisins, í samræmi við 18. gr., á merkimiðanum og öryggisblaðinu og ekki nota staðgönguefnaheitið.

8. Framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn má nota heiti, sem verður gert aðgengilegt öllum á Netinu, á merkimiðanum og öryggisblaðinu þegar Efnastofnunin tekur gildan rökstuðning, í samræmi við xi. lið a-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, varðandi upplýsingar sem um getur í f- eða g-lið 2. mgr. 119. gr., fyrir efni, ein sér eða í blöndu. Framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn getur lagt fram beiðni til Efnastofnunarinnar um notkun á staðgönguefnaheiti, eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir efni sem eru í blöndu og falla ekki lengur undir f- og g-lið 2. mgr. 119. gr. þeirrar reglugerðar.

9. Ef birgir blöndu hefur, eigi síðar en 1. júní 2015, sýnt fram á, í samræmi við 15. gr. tilskipunar 1999/45/EB, að birting á efnafræðilegu auðkenni efnis, sem er í blöndu, skapi hættu á að trúnaður verði rofinn um viðskiptaupplýsingar, getur hann haldið áfram að nota það staðgönguheiti sem hefur verið samþykkt í skilningi þessarar reglugerðar.

25. gr.

Viðbótarupplýsingar á merkimiðanum

1. Ef efni eða blanda, sem er flokkuð sem hættuleg, hefur þá eðliseiginleika eða eiginleika er varða heilbrigði sem um getur í liðum 1.1 og 1.2 í II. viðauka skulu setningar þess efnis vera í reitnum fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum.

Setningarnar skulu orðaðar í samræmi við liði 1.1 og 1.2 í II. viðauka og 2. hluta III. viðauka.

Ef efni er tilgreint í 3. hluta VI. viðauka skulu allar viðbótarhættusetningar, sem þar eru gefnar upp, vera í viðbótarupplýsingunum á merkimiðanum.

2. Ef efni eða blanda, sem flokkast sem hættuleg, fellur undir gildissvið tilskipunar 91/414/EBE skal setning þess efnis vera á merkimiðanum í reitnum fyrir viðbótarupplýsingar.

Setningin skal orðuð í samræmi við 4. hluta II. viðauka og 3. hluta III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Í reitnum, sem ætlaður er fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum, er birginum heimilt að bæta við öðrum upplýsingum en þeim sem um getur í 1. og 2. mgr., að því tilskildu að þessar upplýsingar geri ekki erfiðara um vik að bera kennsl á merkingaratriðin sem um getur í a- til g-lið 1. mgr. 17. gr., að þær gefi nánari lýsingu og að þær séu ekki í mótsögn við upplýsingarnar, sem tilgreindar eru með þessum merkingaratriðum, eða dragi gildi þeirra í efa.

4. Setningar eins og „ekki eitrað“, „óskaðlegt“, „ekki mengandi“, „vistvænt“ eða aðrar setningar, sem gefa til kynna að efnið eða blandan sé ekki hættuleg, eða aðrar setningar, sem eru ekki í samræmi við flokkun efnisins eða blöndunnar, skal ekki birta á merkimiða eða umbúðum efnis eða blöndu.

5. Ef efni eða blanda er flokkuð í samræmi við 5. hluta I. viðauka,

a) skal hættumerkið ekki vera á merkimiðanum,

b) skulu viðvörunarorð, hættusetningar eða varnaðarsetningar settar í reitinn fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum.

6. Ef blanda inniheldur eitthvert efni sem flokkast sem hættulegt skal hún merkt í samræmi við 2. hluta II. viðauka.

Setningarnar skulu orðaðar í samræmi við 3. hluta III. viðauka og settar í reitinn fyrir viðbótarupplýsingar á merkimiðanum.

Á merkimiðanum skal einnig vera vörukennið, sem um getur í 18. gr., og nafn, heimilisfang og símanúmer hjá birgi blöndunnar.

26. gr.

Meginreglur um forgangsröðun fyrir hættumerki

1. Ef flokkun efnis eða blöndu myndi leiða til þess að setja þyrfti fleiri en eitt hættumerki á merkimiðann skulu eftirfarandi meginreglur um forgangsröðun gilda til að draga úr fjölda hættumerkja sem nota þarf:

a) ef hættumerkið „HSK01“ á við skal notkun á hættumerkjunum „HSK02“ og „HSK03“ vera valkvæð nema í tilvikum þegar skylda er að nota fleiri en eitt af þessum hættumerkjum,

b) ef hættumerkið „HSK06“ á við skal ekki birta hættumerkið „HSK07“,

c) ef hættumerkið „HSK05“ á við skal ekki birta hættumerkið „HSK07“ fyrir húð- eða augnertingu,

d) ef hættumerkið „HSK08“ á við um næmingu öndunarfæra skal ekki birta hættumerkið „HSK07“ fyrir húðnæmingu eða húð- eða augnertingu,

2. Ef flokkun efnis eða blöndu myndi leiða til þess að setja þyrfti fleiri en eitt hættumerki fyrir sama hættuflokk á merkimiðann skal hættumerkið, sem svarar til hættuundirflokksins fyrir alvarlegustu hættuna í viðkomandi hættuflokki, vera á merkimiðanum.

Þegar um er að ræða efni, sem eru í 3. hluta VI. viðauka og falla líka undir flokkun skv. II. bálki, skal hættumerkið, sem svarar til hættuundirflokksins fyrir alvarlegustu hættuna í viðkomandi hættuflokki, vera á merkimiðanum.

27. gr.

Meginreglur um forgangsröðun fyrir hættusetningar

Ef efni eða blanda er flokkuð í marga hættuflokka eða áhrifategundir innan hættuflokks skal birta allar hættusetningarnar, sem fylgja í kjölfar flokkunarinnar, á merkimiðanum nema þær séu greinilega tvítekning eða óþarfar.

28. gr.

Meginreglur um forgangsröðun fyrir varnaðarsetningar

1. Þegar val á varnaðarsetningum leiðir til þess að tilteknar varnaðarsetningar eru greinilega óþarfar eða ónauðsynlegar fyrir tiltekið efni, blöndu eða umbúðir skal þeim sleppt á merkimiðanum.

2. Ef efni eða blanda er seld til almennings skal ein varnaðarsetning, sem fjallar um förgun efnisins eða blöndunnar sem og förgun umbúðanna, vera á merkimiðanum nema þess sé ekki krafist skv. 22. gr.

Í öllum öðrum tilvikum er þess ekki krafist að varnaðarsetning, sem fjallar um förgun, sé birt þegar það er ljóst að förgun efnisins, blöndunnar eða umbúðanna stofnar ekki heilsu manna og umhverfinu í hættu.

3. Á merkimiðanum skulu ekki vera fleiri en sex varnaðarsetningar nema þær séu nauðsynlegar til að gefa til kynna eðli og alvarleika hættnanna.

29. gr.

Undanþága frá kröfum um merkingu og umbúðir

1. Ef umbúðir efnis eða blöndu eru með þannig lögun eða í því formi eða það litlar að það er ógerlegt að uppfylla kröfurnar í 31. gr. um merkimiða á tungumálum þess aðildarríkis, sem

efnið eða blandan er sett á markað í, skulu merkingaratriðin í fyrstu undirgrein 2. mgr. 17. gr. sett fram í samræmi við lið 1.5.1 í I. viðauka.

2. Sé ekki hægt að setja allar upplýsingarnar á merkimiðann með þeim hætti sem tilgreindur er í 1. mgr. má draga úr upplýsingunum í samræmi við lið 1.5.2 í I. viðauka.

3. Sé hættulegt efni eða blanda, sem um getur í 5. hluta í II. viðauka, seld almenningi án umbúða skal eintak af merkingaratriðunum fylgja í samræmi við 17. gr.

4. Ef um er að ræða tilteknar blöndur, sem eru flokkaðar sem hættulegar umhverfinu, er heimilt að veita undanþágu frá tilteknum ákvæðum um umhverfismerkingar eða sérákvæðum í tengslum við umhverfismerkingar, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 53. gr., ef unnt er að sýna fram á að með því megi draga úr umhverfisáhrifum. Slíkar undanþágur eða sérákvæði eru skilgreind í 2. hluta II. viðauka.

5. Framkvæmdastjórnin getur beðið Efnastofnunina um að útbúa og leggja fyrir hana drög að undanþágum frá kröfum um merkingu og umbúðir.

30. gr.

Uppfærsla á upplýsingunum á merkimiðum

1. Birgirinn skal sjá til þess að merkimiðinn sé uppfærður, án óþarfa tafar, í kjölfar sérhverra breytinga á flokkun og merkingu efnisins eða blöndunnar ef nýja hættan er alvarlegri en fyrri hættur eða ef krafist er nýrra merkingaratriða til viðbótar skv. 25. gr., að teknu tilliti til eðlis breytingarinnar að því er varðar heilsuvernd manna og umhverfisvernd. Birgjar skulu vinna saman í samræmi við 9. mgr. 4. gr. við að framkvæma breytingarnar á merkimiðunum án óþarfa tafar.

2. Sé krafist annarra breytinga á merkimiðanum en þeirra sem um getur í 1. mgr. skal birgirinn sjá til þess að merkimiðinn sé uppfærður innan 18 mánaða.

3. Birgir efnis eða blöndu, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 91/414/EBE eða 98/8/EB, skal uppfæra merkimiðann í samræmi við þessar tilskipanir.

2. KAFLI

Áfesting merkimiða

31. gr.

Almennar reglur um áfestingu merkimiða

1. Merkimiðar skulu festir vel á eina eða fleiri hliðar þeirra umbúða sem eru í beinni snertingu við efnið eða blönduna og skal vera hægt að lesa þá lárétt þegar umbúðirnar eru lagðar niður á eðlilegan hátt.

2. Litur og annað útlit allra merkimiða skal vera þannig að hættumerkið sjáist greinilega.

3. Merkingaratriðin, sem um getur í 1. mgr. 17. gr., skulu merkt með skýrum og óafmáanlegum hætti. Þau skulu skera sig greinilega frá grunninum og stærð leturs og bil milli orða skal vera þannig að textinn sé auðlæsilegur.

4. Lögun, litur og stærð hættumerkis sem og stærð merkimiðans skal vera eins og sett er fram í lið 1.2.1 í I. viðauka.

5. Þegar merkingaratriðin, sem um getur í 1. mgr. 17. gr., koma greinilega fram á sjálfum umbúðunum er ekki þörf á merkimiða. Í slíkum tilvikum gilda kröfur þessa kafla um merkimiða einnig um upplýsingarnar sem fram koma á umbúðunum.

32. gr.

Staðsetning upplýsinga á merkimiðanum

1. Hættumerki, viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skulu staðsettar saman á merkimiðanum.

2. Birgirinn má ráða í hvaða röð hættusetningarnar birtast á merkimiðanum. Allar hættusetningar skulu þó flokkaðar eftir tungumáli á merkimiðanum, sbr. þó 4. mgr.

Birgirinn má ráða í hvaða röð varnaðarsetningarnar birtast á merkimiðanum. Allar varnaðarsetningar skulu þó flokkaðar eftir tungumáli á merkimiðanum, sbr. þó 4. mgr.

3. Þeir hópar hættusetninga og varnaðarsetninga, sem um getur í 2. mgr., skulu staðsettir saman eftir tungumáli á merkimiðanum.

4. Viðbótarupplýsingarnar skulu staðsettar í reitnum fyrir viðbótarupplýsingar sem um getur í 25. gr. og skulu þær staðsettar með hinum merkingaratriðunum sem tilgreind eru í a- til g-lið 1. mgr. 17. gr.

5. Auk þess að nota liti í hættumerkjum má nota þá á öðrum svæðum merkimiðans til að uppfylla sérstakar kröfur um merkingar.

6. Merkingaratriði samkvæmt kröfum, sem kveðið er á um í öðrum gerðum Bandalagsins, skulu sett í reitinn fyrir viðbótarupplýsingar sem um getur í 25. gr.

33. gr.

Sértækar reglur um merkingu á ytri og innri umbúðum og einföldum umbúðum

1. Þegar pakki samanstendur af ytri og innri umbúðum og e.t.v. einnig milliumbúðum og ytri umbúðirnar uppfylla ákvæðin um merkingar í samræmi við reglurnar um flutning á hættulegum farmi skulu innri umbúðirnar og allar milliumbúðir einnig merktar í samræmi við þessa reglugerð. Einnig má merkja ytri umbúðirnar í samræmi við þessa reglugerð. Ef það eða þau hættumerki, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, varða sömu hættu og í reglunum um flutning á hættulegum farmi þurfa þau hættumerki, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, ekki að vera á ytri umbúðunum.

2. Sé þess ekki krafist að ytri umbúðir pakka uppfylli ákvæði um merkingar í samræmi við reglur um flutning á hættulegum farmi skulu bæði ytri umbúðirnar og allar innri umbúðir, þ.m.t. allar milliumbúðir, merktar í samræmi við þessa reglugerð. Ef innri umbúðirnar eða milliumbúðirnar sjást greinilega í gegnum ytri umbúðirnar er þó ekki nauðsynlegt að merkja ytri umbúðirnar.

3. Einfaldar umbúðir, sem uppfylla ákvæðin um merkingar í samræmi við reglurnar um flutning á hættulegum farmi, skulu merktar í samræmi við þessa reglugerð og reglurnar um flutning á hættulegum farmi. Ef það eða þau hættumerki, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, varða sömu hættu og í reglunum um flutning á hættulegum farmi þurfa þau hættumerki, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, ekki að vera á umbúðunum.

34. gr.

Skýrsla um miðlun upplýsinga um örugga notkun íðefna

1. Eigi síðar en 20. janúar 2012 skal Efnastofnunin framkvæma rannsókn á miðlun upplýsinga til almennings um örugga notkun efna og blandna og hugsanlega þörf á viðbótarupplýsingum á merkimiðum. Rannsóknin skal fara fram í samráði við lögbær yfirvöld og hagsmunaaðila og á grundvelli bestu viðeigandi starfsvenja, eftir því sem við á.

2. Með fyrirvara um þær reglur um merkingu, sem kveðið er á um í þessu bálki, skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli rannsóknarinnar sem um getur í 1. mgr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og leggja fram lagafrumvarp til breytinga á þessari reglugerð ef rök eru fyrir því.

IV. BÁLKUR

UMBÚÐIR

35. gr.

Umbúðir

1. Umbúðir, sem innihalda hættuleg efni eða blöndur, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) umbúðirnar skulu vera þannig hannaðar og gerðar að innihaldið komist ekki í gegnum þær nema í tilvikum þar sem mælt er fyrir um sértækari öryggisbúnað,

b) efnið í umbúðunum og lokunarbúnaðinum skal hvorki vera þannig að hætta sé á því að það verði fyrir tjóni af völdum innihaldsins né vera líklegt til að mynda hættuleg efnasambönd með því,

c) umbúðir og lokunarbúnaður þurfa að vera svo sterk og traust að ekki losni um þau og þau standist örugglega það álag sem þau verða fyrir við venjulega meðhöndlun,

d) umbúðir búnar margnota lokunarbúnaði skulu hannaðar þannig að hægt sé að loka umbúðunum aftur og aftur án þess að innihaldið sleppi út.

2. Umbúðir, sem innihalda hættulegt efni eða blöndu, sem seld er almenningi, skulu hvorki þannig lagaðar né hannaðar að líklegt sé að þær laði að sér eða veki forvitni barna eða villi um fyrir neytendum né heldur hafa svipaða framsetningu eða útlit og notað er fyrir matvæli, fóður, lyf eða snyrtivörur sem gæti villt um fyrir neytendum.

Ef umbúðirnar innihalda efni eða blöndu sem uppfyllir kröfurnar í lið 3.1.1 í II. viðauka skulu þær búnar barnheldum öryggislokum í samræmi við lið 3.1.2, 3.1.3 og 3.1.4.2 í II. viðauka.

Ef umbúðirnar innihalda efni eða blöndu sem uppfyllir kröfurnar í lið 3.2.1 í II. viðauka skulu þær hafa áþreifanlega viðvörun um hættu í samræmi við lið 3.2.2 í II. viðauka.

3. Líta ber svo á að umbúðir efnis eða blöndu uppfylli kröfur í a-, b- og c-lið 1. mgr. ef þær eru í samræmi við reglurnar um flutning á hættulegum farmi í lofti, á sjó, á vegum, með járnbrautum eða eftir skipgengum vatnaleiðum.

V. BÁLKUR

SAMRÆMING Á FLOKKUN OG MERKINGU EFNA OG Á FLOKKUNAR- OG MERKINGARSKRÁNNI

1. KAFLI

Samræmd flokkun og merking efna ákvörðuð

36. gr.

Samræming flokkunar og merkingar efna

1. Efni, sem uppfyllir þær viðmiðanir sem settar eru fram í I. viðauka fyrir eftirfarandi atriði, skal að öllu jöfnu falla undir samræmda flokkun og merkingu í samræmi við 37. gr.:

a) næming öndunarfæra, 1. undirflokkur (liður 3.4 í I. viðauka),

b) stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur (liður 3.5 í I. viðauka),

c) krabbameinsvaldandi áhrif, undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur (liður 3.6 í I. viðauka),

d) eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur (liður 3.7 í I. viðauka).

2. Efni, sem er virkt efni í skilningi tilskipunar 91/414/EBE eða tilskipunar 98/8/EB, skal að öllu jöfnu falla undir samræmda flokkun og merkingu. Fyrir slík efni gilda verklagsreglurnar sem settar eru fram í 1., 4., 5. og 6. mgr. 37. gr.

3. Ef efni uppfyllir viðmiðanirnar fyrir aðra hættuflokka eða aðrar áhrifategundir en þær sem um getur í 1. mgr. og efnið fellur ekki undir 2. mgr. er heimilt að bæta við samræmdri flokkun og merkingu, í samræmi við 37. gr., í VI. viðauka í hverju tilviki fyrir sig ef færð eru rök fyrir þörfinni á slíkum aðgerðum á vettvangi Bandalagsins.

37. gr.

Verklag fyrir samræmingu flokkunar og merkingar efna

1. Lögbært yfirvald getur lagt tillögu fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu efna og, eftir því sem við á, sértæk styrkleikamörk eða M-stuðla eða tillögu um endurskoðun á þessu.

Tillagan skal fylgja því sniði sem sett er fram í 2. hluta VI. viðauka og innihalda viðeigandi upplýsingar sem kveðið er á um í 1. hluta VI. viðauka.

2. Framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda efnis er heimilt að leggja tillögu fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu þessa efnis og, eftir því sem við á, sértæk styrkleikamörk eða M-stuðla, að því tilskildu að ekki sé til nein færsla í 3. hluta VI. viðauka fyrir þetta efni er varðar þann hættuflokk eða áhrifategund sem þessi tillaga tekur til.

Tillagan skal gerð í samræmi við viðeigandi hluta í 1., 2. og 3. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og hún skal fylgja því sniði sem sett er fram í B-hluta efnaöryggisskýrslunnar í 7. lið viðaukans. Hún skal innihalda viðeigandi upplýsingar sem kveðið er á um í 1. hluta VI. viðauka við þessa reglugerð. Ákvæði 111. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 gilda.

3. Ef tillaga framleiðanda, innflytjanda eða eftirnotanda varðar samræmda flokkun og merkingu efnis í samræmi við 3. mgr. 36. gr. skal henni fylgja sú þóknun sem framkvæmdastjórnin hefur ákveðið í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 54. gr.

4. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar, sem komið var á fót skv. c-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skal samþykkja álit á öllum tillögum, sem lagðar eru fram skv. 1. eða 2. mgr., innan 18 mánaða frá viðtöku tillögunnar og jafnframt gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að gera athugasemdir. Efnastofnunin skal senda þetta álit ásamt hugsanlegum athugasemdum til framkvæmdastjórnarinnar.

5. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að samræmd flokkun og merking hlutaðeigandi efnis sé við hæfi skal hún, án óþarfa tafar, leggja fram drög að ákvörðun um að efnið skuli sett í töflu 3.1 í 3. hluta VI. viðauka ásamt viðeigandi flokkun og merkingaratriðum og, eftir því sem við á, sértækum styrkleikamörkum eða M-stuðlum.

Samsvarandi færsla skal vera í töflu 3.2 í 3. hluta VI. viðauka, háð sömu skilyrðum, til 31. maí 2015.

Samþykkja skal þessa ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 54. gr. Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 54. gr.

6. Framleiðendur, innflytjendur og eftirnotendur, sem hafa undir höndum nýjar upplýsingar sem gætu leitt til breytinga á samræmdri flokkun og merkingaratriðum fyrir efni sem er í 3. hluta VI. viðauka, skulu leggja tillögu í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. fyrir lögbært yfirvald í einu af aðildarríkjunum þar sem efnið er sett á markað.

38. gr.

Efni álita og ákvarðana um samræmda flokkun og merkingu í 3. hluta VI. viðauka; aðgengi upplýsinga

1. Öll álit, sem um getur í 4. mgr. 37. gr., og allar ákvarðanir skv. 5. mgr. 37. gr. skulu a.m.k. tilgreina eftirfarandi fyrir hvert efni:

a) auðkenni efnisins eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

b) flokkun efnisins sem um getur í 36. gr., þ.m.t. rökstuðningur,

c) sértæk styrkleikamörk eða M-stuðlar, eftir atvikum,

d) merkingaratriðin, sem tilgreind eru í d-, e- og f-lið 1. mgr. 17. gr. fyrir efnið, og allar viðbótarhættusetningar fyrir efnið sem ákvarðaðar eru í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,

e) alla aðra þætti sem gera kleift að meta heilbrigðishættu eða umhverfishættu af völdum blandna, sem innihalda viðkomandi, hættulegt efni, eða af völdum efna sem innihalda hættuleg efni í formi tilgreindra óhreininda, aukefna og efnisþátta, ef við á.

2. Þegar veita á almennan aðgang að áliti eða ákvörðun, sem um getur í 4. og 5. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar, gildir 2. mgr. 118. gr. og 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. KAFLI

Flokkunar- og merkingarskrá

39. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um:

a) efni sem eru skráningarskyld í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

b) efni sem falla undir 1. gr., sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem hættuleg efni og eru sett á markað, annaðhvort ein sér eða í blöndu, yfir þeim styrkleikamörkum sem tilgreind eru í þessari reglugerð eða í tilskipun 1999/45/EB, ef við á, sem veldur því að blandan er flokkuð sem hættuleg.

40. gr.

Tilkynningarskylda til Efnastofnunarinnar

1. Hver framleiðandi eða innflytjandi, eða hópur framleiðenda eða innflytjenda (hér á eftir nefndir „tilkynnendur“) sem setur á markað efni, sem um getur í 39. gr., skal veita Efnastofnuninni eftirfarandi upplýsingar í því skyni að bæta efninu í skrána sem um getur í 42. gr.:

a) upplýsingar um tilkynnandann eða tilkynnendurna sem bera ábyrgð á að setja efnið eða efnin á markað eins og tilgreint er í 1. lið VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

b) auðkenni efnisins eða efnanna eins og tilgreint er í liðum 2.1 til 2.3.4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

c) flokkun efnisins eða efnanna í samræmi við 13. gr.,

d) ef efni hefur verið flokkað í suma en ekki alla hættuflokka eða áhrifategundir: upplýsingar um hvort það sé sökum þess að upplýsingar skortir, þær eru ófullnægjandi eða þær eru fullnægjandi en nægja ekki til flokkunar,

e) sértæk styrkleikamörk eða M-stuðla, eftir atvikum, í samræmi við 10. gr. þessarar reglugerðar ásamt rökstuðningi með því að nota viðeigandi hluta í 1., 2. og 3. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,

f) merkingaratriðin sem tilgreind eru í d-, e- og f-lið 1. mgr. 17. gr. fyrir efnið eða efnin ásamt öllum viðbótarhættusetningum fyrir efnið sem ákvarðaðar eru í samræmi við 1. mgr. 25. gr.

Þær upplýsingar, sem um getur í a- til f-lið, skal ekki tilkynna ef þær hafa verið sendar Efnastofnuninni sem hluti af skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eða ef tilkynnandinn hefur þegar tilkynnt þær.

Tilkynnandinn skal leggja þessar upplýsingar fram á því sniði sem tilgreint er í 111. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr., skulu uppfærðar og skal hlutaðeigandi tilkynnandi eða tilkynnendur senda Efnastofnuninni tilkynningu þess efnis þegar ákvörðun hefur verið tekin um að breyta flokkun og merkingu efnisins í samræmi við endurskoðunina í 1. mgr. 15. gr.

3. Efni sem sett eru á markað 1. desember 2010 eða síðar skulu tilkynnt í samræmi við 1. mgr. innan eins mánaðar frá því að þau eru sett á markað.

Efni sem sett eru á markað fyrir 1. desember 2010 má þó tilkynna fyrir þann dag í samræmi við 1. mgr.

41. gr.

Samþykktar færslur

Ef tilkynningarnar skv. 1. mgr. 40. gr. leiða til mismunandi færslna fyrir sama efnið í skránni, sem um getur í 42. gr., skulu tilkynnendur og skráningaraðilar leggja allt kapp á að koma sér saman um hvernig samþykkt færsla skuli færð í skrána. Tilkynnendurnir skulu greina Efnastofnuninni frá því.

42. gr.

Flokkunar- og merkingarskráin

1. Efnastofnunin skal koma á fót og viðhalda flokkunar- og merkingarskrá í formi gagnagrunns.

Upplýsingarnar sem tilkynntar eru í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skulu færðar í skrána ásamt upplýsingum sem lagðar eru fram sem hluti af skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Þær upplýsingar í skránni sem samsvara upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 119. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 skulu gerðar aðgengilegar almenningi. Efnastofnunin skal veita tilkynnendum og skráningaraðilum, sem hafa lagt fram upplýsingar um viðkomandi efni í samræmi við 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, aðgang að öðrum upplýsingum um hvert efni í skránni. Efnastofnunin skal veita öðrum aðilum aðgang að slíkum upplýsingum, sbr. þó 118. gr. í þeirri reglugerð.

2. Efnastofnunin skal uppfæra skrána þegar henni berast uppfærðar upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 40. gr. eða 41. gr.

3. Auk upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., skal Efnastofnunin, eftir atvikum, skrá eftirfarandi upplýsingar við hverja færslu:

a) hvort til sé samræmd flokkun og merking fyrir þessa færslu á vettvangi Bandalagsins með skráningu í 3. hluta VI. viðauka,

b) hvort færslan sé sameiginleg færsla skráningaraðila fyrir sama efnið skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

c) hvort tveir eða fleiri tilkynnendur eða skráningaraðilar hafi samþykkt færsluna í samræmi við 41. gr.

d) hvort færslan sé ólík annarri færslu í skránni fyrir sama efnið.

Upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, skulu uppfærðar þegar ákvörðun hefur verið tekin í samræmi við 5. mgr. 37. gr.

VI. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD OG FRAMFYLGD

43. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda og eftirlitsyfirvalda og samvinna milli yfirvalda

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld, sem skulu bera ábyrgð á tillögum um samræmda flokkun og merkingu, og yfirvöld, sem skulu bera ábyrgð á því að þær skyldur sem eru settar fram í þessari reglugerð, séu uppfylltar.

Lögbær yfirvöld og yfirvöldin sem bera ábyrgð á framfylgd skulu vinna saman að því að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð og veita í þessu skyni samsvarandi yfirvöldum annarra aðildarríkja allan nauðsynlegan stuðning sem að gagni kann að koma.

44. gr.

Þjónustuborð

Aðildarríkin skulu setja á laggirnar þjónustuborð í því skyni að veita framleiðendum, innflytjendum, dreifingaraðilum, eftirnotendum og öðrum hagsmunaaðilum ráðgjöf um ábyrgð þeirra og skyldur samkvæmt þessari reglugerð.

45. gr.

Tilnefning stofnana sem bera ábyrgð á viðtöku upplýsinga um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu

1. Aðildarríkin skulu tilnefna stofnun eða stofnanir sem skulu bera ábyrgð á viðtöku upplýsinga frá innflytjendum og eftirnotendum, sem setja blöndur á markað, og varða aðallega mótun ráðstafana til forvarna og lækninga, einkum þegar um er að ræða viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu. Þessar upplýsingar skulu fela í sér efnasamsetningu blandna sem eru settar á markað og flokkast sem hættulegar á grundvelli þeirra áhrifa sem þær hafa á heilbrigði eða eðlisfræðilegra áhrifa þeirra, þ.m.t. efnafræðilegt auðkenni efna í blöndum sem beiðni um notkun á staðgönguefnaheiti hefur verið samþykkt fyrir af hálfu Efnastofnunarinnar í samræmi við 24. gr.

2. Tilnefndar stofnanir skulu sjá um að tryggt sé að þagnarskylda sé virt við meðferð upplýsinga sem tekið er við. Aðeins er heimilt að nota slíkar upplýsingar:

a) til að uppfylla læknisfræðilegar kröfur um ráðstafanir til forvarna og lækninga, einkum í neyðartilvikum.

og

b) til að framkvæma tölfræðilega greiningu til að kanna á hvaða sviði gæti þurft að bæta ráðstafanir vegna áhættustjórnunar, sé þess krafist af aðildarríkinu.

Upplýsingarnar skulu ekki notaðar í öðrum tilgangi.

3. Tilnefndar stofnanir skulu hafa aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum frá þeim innflytjendum og eftirnotendum sem bera ábyrgð á markaðssetningu til að framkvæma þau verkefni sem þeim eru falin.

4. Eigi síðar en 20. janúar 2012 skal framkvæmdastjórnin framkvæma endurskoðun til að meta hvort unnt sé að samræma upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. að ákvarða snið fyrir framlagningu upplýsinga frá innflytjendum og eftirnotendum til tilnefndra stofnana. Á grundvelli þessarar endurskoðunar og að höfðu samráði við viðkomandi hagsmunaaðila eins og samtök evrópskra eitrunarmiðstöðva og klínískra eiturefnafræðinga (e. European Association of Poison Centres and Clinical Toxicologists (EAPCCT)) er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja reglugerð þar sem viðauka er bætt við þessa reglugerð.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 54. gr.

46. gr.

Framfylgd og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. að halda úti kerfi fyrir opinbert eftirlit, til að tryggja að efni og blöndur séu ekki sett á markað nema þau hafi verið flokkuð, merkt, tilkynnt og þeim pakkað í samræmi við þessa reglugerð.

2. Eigi síðar en 1. júlí fimmta hvert ár skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir Efnastofnunina um niðurstöður úr opinberu eftirliti og aðrar framfylgdarráðstafanir sem gripið hefur verið til. Fyrstu skýrslunni skal skilað eigi síðar en 20. janúar 2012. Efnastofnunin skal láta framkvæmdastjórninni í té þessar skýrslur og skal hún taka tillit til þeirra í skýrslu sinni skv. 117. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

3. Framkvæmdartorgið, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, skal annast þau verkefni sem tilgreind eru í a- til g-lið 4. mgr. 77. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 um framkvæmd þessarar reglugerðar.

47. gr.

Viðurlög við brotum á ákvæðum

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessari reglugerð verði beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 20. júní 2010 og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

VII. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

48. gr.

Auglýsingar

1. Í öllum auglýsingum fyrir efni, sem er flokkað sem hættulegt, skal tiltaka þann hættuflokk eða þá hættuundirflokka sem um ræðir.

2. Í öllum auglýsingum fyrir blöndu, sem er flokkuð sem hættuleg eða fellur undir 6. mgr. 25. gr., skal þess getið hvers konar hætta eða hættur eru tilgreindar á merkimiðanum ef einstaklingum er gert kleift að gera samning um kaup án þess að hafa séð merkimiðann.

Fyrsta undirgreinin er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]).

49. gr.

Skylda að varðveita upplýsingar og beiðnir um upplýsingar

1. Birgirinn skal taka saman allar upplýsingarnar sem hann notar fyrir flokkun og merkingu samkvæmt þessari reglugerð og geyma þær í a.m.k. 10 ár eftir að hann afhenti efnið eða blönduna síðast.

Birgirinn skal varðveita þessar upplýsingar ásamt þeim upplýsingum sem krafist er í 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. Ef um er að ræða birgi sem hættir starfsemi eða framselur hluta rekstrarins eða hann allan til þriðja aðila, skal sá aðili, sem er ábyrgur fyrir félagsslitum fyrirtækis birgisins eða sem tekur á sig ábyrgð á setningu viðkomandi efnis eða blöndu á markað, vera bundinn af skyldunni í 1. mgr. í stað birgisins.

3. Lögbæru yfirvaldi eða eftirlitsyfirvöldum þess aðildarríkis sem birgir hefur staðfestu í eða Efnastofnuninni er heimilt að krefjast þess að birgirinn láti þeim í té allar þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.

Hafi Efnastofnunin hins vegar aðgang að þessum upplýsingum sem hluta af skráningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006, eða sem hluta af tilkynningu skv. 40. gr. þessarar reglugerðar, skal Efnastofnunin nota þessar upplýsingar og skal yfirvaldið snúa sér til Efnastofnunarinnar.

50. gr.

Verkefni Efnastofnunarinnar

1. Efnastofnunin skal veita aðildarríkjunum og stofnunum Bandalagsins bestu vísinda- og tæknilegu ráðgjöf sem völ er á varðandi fyrirspurnir í tengslum við íðefni sem falla undir valdsvið hennar og sem vísað er til Efnastofnunarinnar í samræmi við þessa reglugerð.

2. Skrifstofa Efnastofnunarinnar skal:

a) veita iðnaðinum tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar og hjálpargögn, þar sem það á við, til að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) veita lögbærum yfirvöldum tæknilegar og vísindalegar leiðbeiningar um framkvæmd þessarar reglugerðar og veita þjónustuborðunum, sem aðildarríkin koma á fót skv. 44. gr., aðstoð.

51. gr.

Ákvæði um frjálsan flutning

Aðildarríkjunum er ekki heimilt af ástæðum er varða flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í skilningi þessarar reglugerðar að banna, takmarka eða hindra setningu efnis eða blöndu á markað sem er í samræmi við þessa reglugerð og, eftir því sem við á, gerðir Bandalagsins sem eru samþykktar til framkvæmdar þessari reglugerð.

52. gr.

Verndarákvæði

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að efni eða blanda skapi alvarlega hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið, þrátt fyrir að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, af ástæðum er varða flokkun, merkingu eða pökkun er aðildarríkinu heimilt að gera viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir. Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni, Efnastofnuninni og hinum aðildarríkjunum um þetta og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

2. Í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 54. gr., skal framkvæmdastjórnin innan 60 daga frá viðtöku upplýsinganna frá aðildarríkinu annaðhvort leyfa að gripið verði til bráðabirgðaráðstöfunarinnar í þann tíma sem tilgreindur er í ákvörðuninni eða krefjast þess að aðildarríkið afturkalli bráðabirgðaráðstöfunina.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

3. Þegar um er að ræða leyfi fyrir bráðabirgðaráðstöfun sem tengist flokkun eða merkingu efnis, eins og um getur í 2. mgr., skal lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis leggja tillögu fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingu í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 37. gr., innan þriggja mánaða frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

53. gr.

Aðlögun að framförum á sviði tækni og vísinda

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta og laga 6. gr. (5. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr., 14. gr., 18. gr. (b-liður 3. mgr.), 23. gr., 25. gr. til 29. gr. og 35. gr. (önnur og þriðja undirgrein 2. mgr.) og I. til VII. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda að teknu tilhlýðilegu tilliti til frekari þróunar á hnattsamræmda kerfinu, einkum allra breytinga sem gerðar eru á vettvangi SÞ varðandi notkun á upplýsingum um svipaðar blöndur, og með hliðsjón af þróuninni innan alþjóðlega viðurkenndra áætlana um íðefni og gögnum úr gagnasöfnum um slys. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 54. gr. Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. 54. gr.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu stuðla að samræmingu á viðmiðunum fyrir flokkun og merkingu efna, sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð (PBT) og efna, sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli (vPvB), með þeim hætti sem er viðeigandi fyrir hlutverk þeirra á viðeigandi sviðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

54. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

55. gr.

Breytingar á tilskipun 67/548/EBE

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 67/548/EBE:

1. Í 2. mgr. 1. gr. falli önnur undirgrein brott.

2. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ef færslu, sem inniheldur samræmda flokkun og merkingu fyrir tiltekið efni, hefur verið bætt við í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*) skal efnið flokkað í samræmi við þá færslu og 1. og 2. mgr. gilda ekki um hættuflokkana sem falla undir þá færslu.

(*) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1“,

b) öll 4. mgr. falli niður.

3. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) önnur undirgrein 1. mgr. falli brott,

b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ráðstafanirnar í fyrstu undirgrein 1. mgr. gilda þar til efnið hefur verið skráð í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir hættuflokkana sem falla undir þá færslu eða þar til ákvörðun um að skrá það ekki hefur verið tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.“

4. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Rannsóknarskylda

Framleiðendur, dreifingaraðilar og innflytjendur efna sem eru skráð í EINECS-skrána en hafa ekki verið skráð í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skulu kynna sér með rannsókn þau gögn sem til eru og eru aðgengileg og varða eiginleika slíkra efna. Á grundvelli þessara upplýsinga skulu þeir setja hættuleg efni í umbúðir og merkja þau til bráðabirgða í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 22. til 25. gr. þessarar tilskipunar og viðmiðanirnar í VI. viðauka við þessa tilskipun.“

5. 3. og 4. mgr. 22. gr. falli niður,

6. Ákvæðum 2. mgr. 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í a-lið komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „I. viðauka“,

b) Í c-lið komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „I. viðauka“,

c) Í d-lið komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „I. viðauka“,

d) Í e-lið komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „I. viðauka“,

e) Í f-lið komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „I. viðauka“.

7. Ákvæði annarrar undirgreinar 4. mgr. 24. gr. falli brott,

8. Ákvæði 28. gr. falli brott.

9. 2. og 3. mgr. 31. gr. falli brott.

10. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 32. gr.:

„32. gr. a

Bráðabirgðaákvæði fyrir merkingu og pökkun efna

Ákvæði 22. til 25. gr. gilda ekki um efni frá 1. desember 2010.“

11. I. viðauki falli brott.

56. gr.

Breytingar á tilskipun 1999/45/EB

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 1999/45/EB:

1. Í fyrsta undirlið 2. mgr. 3. gr. skal „3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*) koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“.

(*) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1“,

2. Í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“ komi orðin „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í:

a) 3. mgr. 3. gr.,

b) lið 2.3.1, 2.3.2, 2.3.3 og fyrsta undirlið í lið 2.4 í 2. mgr. 10. gr.,

c) a- og b-lið II. viðauka og síðustu málsgreininni í innganginum,

d) A-hluta II. viðauka,

— a- og b-lið liðar 1.1.1,

— a- og b-lið liðar 1.2,

— a- og b-lið liðar 2.1.1,

— a- og b-lið liðar 2.2,

— a- og b-lið liðar 2.3,

— a- og b-lið liðar 3.1.1,

— a- og b-lið liðar 3.3,

— a- og b-lið liðar 3.4,

— a- og b-lið liðar 4.1.1,

— a- og b-lið liðar 4.2.1,

— a- og b-lið liðar 5.1.1,

— a- og b-lið liðar 5.2.1,

— a- og b-lið liðar 5.3.1,

— a- og b-lið liðar 5.4.1,

— a- og b-lið liðar 6.1,

— a- og b-lið liðar 6.2,

— a- og b-lið liðar 7.1,

— a- og b-lið liðar 7.2,

— a- og b-lið liðar 8.1,

— a- og b-lið liðar 8.2,

— a- og b-lið liðar 9.1,

— a- og b-lið liðar 9.2,

— a- og b-lið liðar 9.3,

— a- og b-lið liðar 9.4,

e) inngangsmálsgrein B-hluta í II. viðauka,

f) a- og b-lið inngangsins í III. viðauka,

g) a-lið, lífríki í vatni, í A-hluta III. viðauka,

— a- og b-lið liðar 1.1,

— a- og b-lið liðar 2.1,

— a- og b-lið liðar 3.1,

— a- og b-lið liðar 4.1,

— a- og b-lið liðar 5.1,

— a- og b-lið liðar 6.1,

h) a- og b-lið liðar 1.1 í b-lið, vistkerfi, önnur en vatnavistkerfi, í A-hluta III. viðauka,

i) lið 3 og 4 í A-lið V. viðauka,

j) lið 9 í B-lið V. viðauka,

k) þriðja dálki töflunnar í 2. lið í A-hluta VI. viðauka,

l) fyrstu undirgrein 1. liðar í B-hluta VI. viðauka og í fyrsta dálki töflunnar í 3. lið,

m) öðrum dálki töflunnar í 1. viðbæti við VIII. viðauka,

n) öðrum dálki töflunnar í 2. viðbæti við VIII. viðauka.

3. Í fyrstu undirgrein 3. mgr. og 5. mgr. 1. liðar B-hluta í VI. viðauka skal „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka“.

4. Í síðustu málsgrein liðar 4.2 í B-hluta í VI. viðauka skal „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (19. aðlögun)“.

57. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 frá gildistöku þessarar reglugerðar

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 breytist sem hér segir frá gildistöku þessarar reglugerðar:

1. Ákvæðum 2. mgr. 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar:

„b) sértæk styrkleikamörk sem sett eru fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna (*),

ba) þröskuldsgildi í töflu 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 aðlagað með því að nota útreikninga sem settir eru fram í lið 4.1 í I. viðauka við þá reglugerð fyrir efni, sem flokkast sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi, ef margföldunarstuðull (hér á eftir nefndur „M-stuðull“) hefur verið settur fram í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

(*) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1“,

b) Eftirfarandi komi í stað e-liðar:

„e) sértæk styrkleikamörk sem eru tilgreind í samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem um getur í 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008,

ea) þröskuldsgildi í töflu 1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 aðlagað með því að nota útreikninga sem settir eru fram í lið 4.1 í I. viðauka við þá reglugerð fyrir efni, sem flokkast sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi, ef M-stuðull hefur verið settur fram í samþykktri færslu í flokkunar- og merkingarskránni sem um getur í 42. gr. þeirrar reglugerðar“.

2. Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Öryggisblað skal afhent á pappír eða rafrænt án endurgjalds eigi síðar en á þeim degi sem efnið eða blandan er fyrst afhent“.

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„10. Ef efni eru flokkuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 á tímabilinu frá gildistöku hennar til 1. desember 2010 má bæta þeirri flokkun við á öryggisblaðið ásamt flokkuninni sem fram fer í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

Frá 1. desember 2010 til 1. júní 2015 skulu öryggisblöðin fyrir efni innihalda flokkunina sem fram fer í samræmi við tilskipun 67/548/EBE sem og reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Ef blöndur eru flokkaðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 á tímabilinu frá gildistöku hennar til 1. júní 2015 má bæta þeirri flokkun við á öryggisblaðið ásamt flokkuninni sem fram fer í samræmi við tilskipun 1999/45/EBE. Til 1. júní 2015 skal þessi flokkun koma fram á öryggisblaðinu þegar efni og blöndur eru bæði flokkuð og merkt í samræmi við reglugerð (EB) 1272/2008 ásamt flokkuninni sem fram fer í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE annars vegar og 1999/45/EB hins vegar fyrir efnið, blönduna og efnisþætti hennar.“,

3. Í stað b-liðar 6. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„b) að því er varðar öll önnur efni sem eru undir lægstu styrkleikamörkunum sem eru tilgreind í tilskipun 1999/45/EB eða í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem leiðir til þess að blöndurnar eru flokkaðar sem hættulegar.“

4. Ákvæðum 2. og 3. mgr. 59. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað annars málsliðar í 2. mgr.:

„Málsskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun í færslu í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“

b) Eftirfarandi komi í stað annars málsliðar í 3. mgr.:

„Málsskjölin geta, ef við á, takmarkast við tilvísun í færslu í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“,

5. Í c-lið 1. mgr. 76. gr. skal „V. bálki reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“ koma í staðinn fyrir orðin „XI. bálki“.

6. Ákvæðum 77. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrsta málsliðar e-liðar í 2. mgr.:

„e) að koma á fót og viðhalda gagnagrunni eða -grunnum með upplýsingum um öll skráð efni, skrá yfir flokkun og merkingar ásamt samræmdu flokkunar- og merkingarskránni sem tekin er saman í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

b) Í a-lið 3. mgr. skal „VI. til X. bálks“ koma í stað orðanna „VI. til XI. bálks“.

7. XI. bálkur falli brott.

8. I. og II. lið í XV. viðauka skal breytt sem hér segir:

a) I. lið er breytt sem hér segir:

i. fyrsti undirliður falli brott,

ii. eftirfarandi komi í stað annars undirliðar:

„— tilgreiningu CMR-efna, PBT-efna, vPvB-efna eða efnis sem gefur tilefni til jafnmikilla áhyggna í samræmi við 59. gr.“.

b) Ákvæði 1. liðar í II. lið falli brott.

9. Töflunni í XVII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á dálkinum „Heiti efnisins, efnaflokkanna eða efnablöndunnar“:

i. eftirfarandi komi í stað færslu 28, 29 og 30:

„28. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem krabbameinsvaldar í undirflokk 1A eða 1B (tafla 3.1) eða krabbameinsvaldar í 1. eða 2. undirflokk (tafla 3.2) og tilgreind sem hér segir:

— Krabbameinsvaldur í undirflokki 1A (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 1. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 1. viðbæti

— Krabbameinsvaldur í undirflokki 1B (tafla 3.1)/krabbameinsvaldur í 2. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 2. viðbæti

29. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem kímfrumustökkbreytar, undirflokkur 1A eða 1B (tafla 3.1), eða stökkbreytar í 1. eða 2. undirflokk (tafla 3.2), og tilgreind sem hér segir:

— Stökkbreytivaldur í undirflokki 1A (tafla 3.1)/stökkbreytir í 1. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 3. viðbæti

— Stökkbreytivaldur í undirflokki 1B (tafla 3.1)/stökkbreytir í 2. undirflokki (tafla 3.2), tilgreindur í 4. viðbæti

30. Efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og eru flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 1. eða 2. undirflokkur (tafla 3.2), og tilgreind sem hér segir:

— Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A fyrir skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1), eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 1. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 5. viðbæti

— Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1B, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun (tafla 3.1) eða efni sem hafa eiturhrif á æxlun, 2. undirflokkur með H60 (getur haft skaðleg áhrif á frjósemi) eða H61 (getur skaðað börn í móðurkviði) (tafla 3.2), tilgreind í 6. viðbæti“.

b) í dálkinum „Takmarkanir“ skal eftirfarandi koma í stað fyrsta undirliðar 1. liðar í færslu 28:

„— annaðhvort viðeigandi sértæk styrkleikamörk sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða“.

10. Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 1. til 6. viðbæti við XVII. viðauka:

a) formálsorðunum skal breytt sem hér segir:

i. í liðnum sem kallast „Efni“ skal „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“,

ii. í liðnum sem kallast „Skrárnúmer“ skal „3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“,

iii. í liðnum sem kallast „Athugasemdir“ skal „1. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „inngangi I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“.

iv. Eftirfarandi komi í stað athugasemdar A:

„Athugasemd A:

Með fyrirvara um 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 verður heiti efnisins að koma fram á merkimiðanum og skal nota eitt þeirra heita sem tilgreind eru í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð.

Í þeim hluta eru stundum notaðar almennar lýsingar á borð við „…sambönd“ eða „…sölt“. Í þeim tilvikum er birginum, sem setur slíkt efni á markað, skylt að skrá rétt efnaheiti á merkimiðann þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til liðar 1.1.1.4 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Ef efni er skráð í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal, í samræmi við þá reglugerð, birta öll merkingaratriði sem varða hverja tiltekna flokkun, sem fellur undir færsluna í þeim hluta, á merkimiðanum ásamt viðeigandi merkingaratriðum fyrir aðra flokkun, sem fellur ekki undir þessa færslu, sem og öll önnur viðeigandi merkingaratriði í samræmi við 17. gr. þeirrar reglugerðar.

Þegar efni tilheyra einum tilteknum efnaflokki í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal birta öll merkingaratriði, sem varða hverja tiltekna flokkun sem fellur undir færsluna í þeim hluta, á merkimiðanum ásamt viðeigandi merkingaratriðum fyrir aðra flokkun, sem fellur ekki undir þessa færslu, sem og öll önnur viðeigandi merkingaratriði í samræmi við 17. gr. þeirrar reglugerðar.

Ef efni tilheyra fleiri en einum efnaflokki í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 skal birta öll merkingaratriði sem varða hverja tiltekna flokkun, sem fellur undir báðar færslurnar í þeim hluta, á merkimiðanum ásamt viðeigandi merkingaratriðum fyrir aðra flokkun, sem fellur ekki undir þessa færslu, sem og öll önnur viðeigandi merkingaratriði í samræmi við 17. gr. þeirrar reglugerðar. Ef flokkunin er mismunandi fyrir færslurnar tvær fyrir sama hættuflokk eða áhrifategund skal styðjast við flokkunina sem endurspeglar ströngustu flokkunina“.

v. Eftirfarandi komi í stað athugasemdar D:

„Athugasemd D:

Tiltekin efni, sem hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots, eru yfirleitt markaðssett í stöðguðu formi. Þau eru skráð í slíku formi í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Slík efni eru þó stundum sett á markað á óstöðguðu formi. Þá verður birgirinn, sem setur slíkt efni á markað, að tiltaka heiti efnisins á merkimiðanum ásamt orðinu „óstöðgaður“.“.

vi. Athugasemd E falli brott.

vii. Eftirfarandi komi í stað athugasemdar H:

„Athugasemd H:

Flokkun og merkimiði fyrir þetta efni gildir um þá hættu eða þær hættur sem tilgreindar eru í hættusetningunni eða -setningunum ásamt þeirri hættuflokkun sem tilgreind er. Kröfurnar í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 um birgja þessa efnis gilda fyrir alla aðra hættuflokka, áhrifategundir og hættuundirflokka.

Endanlegi merkimiðinn skal vera í samræmi við kröfurnar í lið 1.2 í I. viðauka við reglugerð 1272/2008“.

viii. Eftirfarandi komi í stað athugasemdar K:

„Athugasemd K:

Ekki er nauðsynlegt að flokka efnið sem krabbameinsvald eða stökkbreytivald ef unnt er að sýna fram á að í því sé minna en 0,1% af 1,3-bútadíeni (EINECS-númer 203-450-8), miðað við þyngd. Ef efnið er ekki flokkað sem krabbameinsvaldur eða stökkbreytivaldur skal a.m.k. nota varnaðarsetningarnar (V102-)V210-V403. Þessi athugasemd á aðeins við um tiltekin, flókin olíuefni í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

ix. Eftirfarandi komi í stað athugasemdar S:

„Athugasemd S:

Ekki er endilega þörf á að merkja þetta efni skv. 17. gr. reglugerðar 1272/2008 (sjá lið 1.3 í I. viðauka þeirrar reglugerðar)“.

b) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar í 1. viðbæti:

„28. liður — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/1. undirflokkur (tafla 3.2)“.

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi „28. liður — Krabbameinsvaldar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/ 2. undirflokkur (tafla 3.2)“.

ii. Í færslunum með skrárnúmer 024-017-00-8, 611-024-001, 611-029-00-9, 611-030-00-4 og 650-017-00-8 skal „VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ koma í stað orðanna „I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE“.

d) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar í 3. viðbæti:

„29. liður — Stökkbreytar: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/1. undirflokkur (tafla 3.2)“,

e) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar í 4. viðbæti:

„29. liður — Stökkbreytar: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/2. undirflokkur (tafla 3.2)“,

f) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar í 5. viðbæti:

„30. liður — Efni sem hafa eiturhrif á æxlun: undirflokkur 1A (tafla 3.1)/1. undirflokkur (tafla 3.2)“,

g) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar í 6. viðbæti:

„30. liður — Efni sem hafa eiturhrif á æxlun: undirflokkur 1B (tafla 3.1)/2. undirflokkur (tafla 3.2)“,

11. Í öllum texta skjalsins komi „blanda“ eða „blöndur“ í stað orðsins „efnablanda“ eða „efnablöndur“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) 1907/2006.

58. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 frá 1. desember 2010

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir frá 1. desember 2010:

1. Eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðar í 4. mgr. 14. gr.:

„4. Ef skráningaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa farið í gegnum þrep a til d í 3. mgr., að efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

c) hættuflokk 4.1,

d) hættuflokk 5.1,

eða það er metið sem PBT-efni eða vPvB-efni, skal efnaöryggismat fela í sér eftirfarandi viðbótarþrep:“.

2. Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr.:

„(a)ef efni uppfyllir viðmiðanir þannig að það flokkast sem hættulegt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða ef blanda uppfyllir viðmiðanir þannig að hún flokkast sem hættuleg í samræmi við tilskipun 1999/45/EB eða“.

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Ef eftirnotandi eða dreifingaraðili fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja efnum, sem eru hættuleg í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eða blöndum, sem eru hættulegar í samræmi við tilskipun 199/45/EB, sem eru boðnar eða seldar almenningi, ef þeim fylgja svo miklar upplýsingar að notendur geta gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd.“,

3. í stað 1. mgr. 40. gr. komi eftirfarandi:

„1. Efnastofnunin skal athuga allar tillögur að tilraunum sem settar eru fram í skráningarskjölum eða í skýrslu eftirnotanda og hafa að markmiði að afla upplýsinganna sem eru tilgreindar í IX. og X. viðauka og varða tiltekið efni. Setja skal í forgang skráningu efna sem geta haft eiginleika PBT-efna eða vPvB-efna, næmandi eiginleika og/eða krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eiginleika eða eiginleika sem valda eiturhrifum á æxlun (CMR-eiginleika), eða efni í magni sem er yfir 100 tonn á ári og eru notuð þannig að þau dreifast mjög víða og váhrifasvæðið er ekki skýrt afmarkað, að því tilskildu að þau uppfylli viðmiðanirnar fyrir einhvern af eftirtöldum hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

c) hættuflokk 4.1,

d) hættuflokk 5.1“.

4. Í stað a-, b- og c-liðar 57. gr. komi eftirfarandi:

„a) efni sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkinn krabbameinsvaldandi áhrif, undirflokkur 1A eða 1B, í samræmi við lið 3.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

b) efni sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkinn stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, undirflokkur 1A eða 1B, í samræmi við lið 3.5 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

c) efni sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkinn efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun í samræmi við lið 3.7 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

5. Í 65. gr. komi „tilskipunar 67/548/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“ í stað „tilskipunar 67/548/EBE“.

6. Í stað 2. mgr. 68. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ef um er að ræða efni, sem er eitt sér, í blöndu eða í hlut og uppfyllir viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkana krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B, og neytendur gætu notað og sem framkvæmdastjórnin hefur lagt til að takmarkanir verði settar fyrir að því er varðar notkun neytenda, skal breyta XVII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 133. gr. Ákvæði 69. til 73. gr. gilda ekki“.

7. Ákvæðum 119. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr.:

„a) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir efni, sem uppfylla viðmiðanir fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum, sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sbr. þó f- og g-lið 2. mgr. þessarar greinar:

— hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

— hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

— hættuflokk 4.1,

— hættuflokk 5.1.“,

b) ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir efni, sem eru ekki í skráningarbið, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, í sex ár, sbr. þó 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“.

ii. í stað inngangssetningarinnar í g-lið komi eftirfarandi:

„g) heiti samkvæmt IUPAC-nafnakerfinu fyrir efni, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, sem eru einungis notuð í einu eða fleiri eftirtöldum atvikum, sbr. þó 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008:“.

8. í stað annars málsliðar inngangssetningar 1. mgr. 138. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar efni, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokkana krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, skal endurskoðunin þó fara fram fyrir 1. júní 2014“.

9. Texta III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar komi:

„a) efni, sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða önnur gögn) líklegt að uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun í undirflokk 1A eða 1B í hættuflokkunum fyrir krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eituráhrif á æxlun eða viðmiðanirnar í XIII. viðauka“.

b) í stað ii. liðar í b-lið komi eftirfarandi:

„ii) sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða önnur gögn) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokka eða áhrifategundir er varða heilbrigðis- eða umhverfishættur samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008“.

10. Í lið 8 í V. viðauka komi „reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað „tilskipun 67/548/EBE“.

11. Í stað liðar 4.1, 4.2 og 4.3 í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„4.1 Hættuflokkun efnis eða efna í samræmi við beitingu I. og II. bálks reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 fyrir alla hættuflokka og hættuundirflokka í þeirri reglugerð.

Einnig skal tilgreina, fyrir hverja færslu, ástæðurnar fyrir því að ekki er gefin upp flokkun fyrir hættuflokk eða áhrifategund hættuflokks (þ.e. ef upplýsingar skortir, þær eru ekki ótvíræðar eða ef þær eru ótvíræðar en ekki fullnægjandi til flokkunar).

4.2 Hættumerking efnis eða efna í kjölfar beitingar III. bálks reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

4.3 Sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í kjölfar beitingar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 4. til 7. gr. tilskipunar 1999/45/EB“.

12. Texta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar í lið 8.4.2 í dálki 2 komi eftirfarandi:

„— vitað er að efnið hefur krabbameinsvaldandi áhrif, undirflokkur 1A eða 1B, eða stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur“.

b) Í stað annarrar og þriðju málsgreinar í lið 8.7.1 í dálki 2 komi eftirfarandi:

„Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: getur skaðað frjósemi (H360F), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða eiturhrif á þroskun.

Ef vitað er að efni hefur eiturhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: Getur skaðað börn í móðurkviði (H360D), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir á eiturhrifum á þroskun. Hins vegar skal koma til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi“.

13. Í stað annarrar og þriðju málsgreinar í lið 8.7 í 2. dálki í IX. viðauka komi eftirfarandi:

„Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: getur skaðað frjósemi (H360F), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða eiturhrif á þroskun.

Ef vitað er að efni hefur eiturhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun undirflokkur 1A eða 1B: Getur skaðað börn í móðurkviði (H360D), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir fyrir eiturhrif á þroskun. Hins vegar skal koma til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi“.

14. Texta X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar og þriðju málsgreinar í lið 8.7 í dálki 2 komi eftirfarandi:

„Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: getur skaðað frjósemi (H360F), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari frjósemisprófanir. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða eiturhrif á þroskun.

Ef vitað er að efni hefur eiturhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: getur skaðað börn í móðurkviði (H360D), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé áreiðanlegt þarf ekki að gera frekari prófanir fyrir eiturhrif á þroskun. Hins vegar kemur til greina að gera prófanir er varða áhrif á frjósemi“.

b) Í stað annars undirliðar fyrstu málsgreinar í lið 8.9.1 í dálki 2 komi eftirfarandi:

„— efnið er flokkað sem kímfrumustökkbreytir, 2. undirflokkur, eða ef rannsókn eða rannsóknir með endurteknum skömmtum gefa vísbendingar um að efnið geti valdið vefjaauka og/eða foræxlismyndun.“

c) Í stað annarrar málsgreinar í lið 8.9.1 í dálki 2 komi eftirfarandi:

Ef efnið er flokkað sem kímfrumustökkbreytir, undirflokkur 1A eða 1B, er gengið út frá því að líklegt sé að gangvirki erfðaeiturhrifa fyrir krabbameinsvaldandi áhrif sé fyrir hendi. Í slíkum tilvikum er prófun á krabbameinsvaldandi áhrifum að öllu jöfnu óþörf.“.

15. Í stað annars og þriðja undirliðar í lið 1.3 í XIII. viðauka komi eftirfarandi:

„— Efnið er flokkað sem krabbameinsvaldandi (undirflokkur 1A eða 1B), efni sem hefur stökkbreytandi áhrif á kímfrumur (undirflokkur 1A eða 1B) eða sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun (undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur) eða

— aðrar vísbendingar eru um langvinn eiturhrif efnisins, sem tilgreind eru með flokkuninni sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif), 1. undirflokkur (um munn eða húð, við innöndun lofttegunda/gufu, við innöndun ryks/úða/reyks) eða 2. undirflokkur (um munn eða húð, við innöndun ryks/úða/reyks) í samræmi við reglugerð nr. 1272/2008“.

16. Í töflunni í XVII. viðauka er dálkinum „Heiti efnisins, efnaflokkanna eða blöndunnar“ breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. færslu komi eftirfarandi:

„3. Fljótandi efni eða blöndur sem eru taldar hættulegar í samræmi við tilskipun 1999/45/EB eða sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir einhvern af eftirfarandi hættuflokkum eða hættuundirflokkum sem tilgreindir eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008:

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

c) hættuflokk 4.1,

d) hættuflokk 5.1.“,

b) Í stað 40. færslu komi eftirfarandi:

„40. Efni sem flokkast sem eldfimar lofttegundir, 1. eða 2. undirflokkur, eldfimir vökvar, 1., 2. eða 3. undirflokkur, eldfim föst efni, 1. eða 2. undirflokkur, efni og blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir ef þau komast í snertingu við vatn, 1., 2. eða 3. undirflokkur, loftkveikjandi vökvar, 1. undirflokkur, eða loftkveikjandi föst efni, 1. undirflokkur, óháð því hvort þau eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við þá reglugerð eða ekki“.

59. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 frá 1. júní 2015

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir frá 1. júní 2015:

1. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ekki þarf að vinna efnafræðilegt öryggismat í samræmi við 1. mgr. fyrir efni, sem er í blöndu, ef styrkur efnisins í blöndunni er minni en:

a) þröskuldsgildið sem um getur í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008,

b) 0,1% miðað við þyngd, uppfylli efnið viðmiðanirnar í XIII. viðauka við þessa reglugerð“.

2. Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) ef efni eða blanda uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem hættuleg í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eða“

b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Birgirinn skal að beiðni viðtakandans sjá honum fyrir öryggisblaði, sem er tekið saman í samræmi við ákvæði II. viðauka, ef blanda uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir flokkun sem hættuleg í samræmi við I. og II. bálk reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 en inniheldur:

a) a.m.k. eitt efni sem skapar hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og er eitt sér í styrk sem nemur ≥ 1% miðað við þyngd fyrir blöndu, sem er ekki loftkennd, og ≥ 0,2% miðað við rúmmál fyrir loftkennda blöndu eða

b) a.m.k. eitt efni sem hefur krabbameinsvaldandi áhrif, 2. undirflokkur, eða hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A, 1B eða 2. undirflokkur, er húðnæmir, 1. undirflokkur, er öndunarfæranæmir, 1. undirflokkur, eða hefur áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk eða er þrávirkt, safnast upp í lífverum og er eitrað (PBT), í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka, eða er mjög þrávirkt og safnast í miklum mæli upp í lífverum (vPvB), í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í XIII. viðauka, og er eitt sér í styrk sem nemur ≥ 0,1% miðað við þyngd í blöndu sem er ekki loftkennd eða hefur af öðrum ástæðum en þeim sem um getur í a-lið verið fært í skrána sem tekin var saman í samræmi við 1. mgr. 59. gr. eða

c) efni sem fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagins fyrir váhrif á vinnustöðum“,

c) í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Ef eftirnotandi eða dreifingaraðili fer ekki fram á það er ekki nauðsynlegt að láta öryggisblað fylgja hættulegum efnum eða blöndum, sem eru boðnar eða seldar almenningi, ef þeim fylgja svo miklar upplýsingar að notendur geta gert nauðsynlegar ráðstafanir að því er varðar heilsuvernd, öryggi og umhverfisvernd“.

3. Í stað b-liðar 6. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„b) að því er varðar öll önnur efni sem eru undir því gildi sem tilgreint er í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 sem leiðir til þess að blandan er flokkuð sem hættuleg“.

4. í 65. gr. falli orðin „og tilskipunar 1999/45/EB“ brott.

5. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.1 komi:

„1.1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar

Heitið, sem notað er til auðkenningar efnis, skal vera hið sama og það sem ritað er á merkimiðann í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

Heitið, sem notað er til auðkenningar blöndu, skal vera hið sama og það sem ritað er á merkimiðann í samræmi við a-lið 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“.

b) Texti 1. nmgr. við fyrsta undirlið a-liðar í lið 3.3 falli brott,

c) í stað liðar 3.6 komi:

„3.6. Ef Efnastofnunin hefur samþykkt, í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, að heimilt sé að halda efnafræðilegu auðkenni efnis leyndu á merkimiðanum og á öryggisblaðinu skal efnafræðilegu eðli efnisins lýst í 3. lið til að tryggja örugga meðhöndlun.

Heitið, sem notað er á öryggisblaðinu (einnig að því er varðar málsgrein 1.1, 3.2, 3.3 og 3.5), skal vera hið sama og notað er á merkimiðanum og samþykkt er í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“.

6. Í stað liðar 4.3 í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„4.3 Sértæk styrkleikamörk, þar sem við á, í kjölfar beitingar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008“.

7. Texta XVII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í dálkinum „Heiti efnisins, efnaflokkanna eða blöndunnar“ í töflunni skulu orðin í færslu 3 „sem eru talin hættuleg í samræmi við tilskipun 1999/45/EB eða eru“ falla brott,

b) í dálkinum „Takmarkanir“ í töflunni skal færslu 28 breytt sem hér segir:

i. í stað annars undirliðar í 1. lið komi eftirfarandi:

„— viðeigandi almenn styrkleikamörk sem tilgreind eru í 3. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008“.

ii. eftirfarandi komi í stað d-liðar í lið 2:

„d) listmálaraliti sem falla undir reglugerð 1272/2008“.

60. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 67/548/EBE og tilskipun 1999/45/EB skulu felldar úr gildi frá og með 1. júní 2015.

61. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Til 1. desember 2010 skulu efni flokkuð, merkt og þeim pakkað í samræmi við tilskipun 67/548/EBE.

Til 1. júní 2015 skulu blöndur flokkaðar, merktar og þeim pakkað í samræmi við tilskipun 1999/45/EB.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 62. gr. þessarar reglugerðar og til viðbótar við kröfurnar í 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum fyrir 1. desember 2010 annars vegar og 1. júní 2015 hins vegar, í samræmi við þessa reglugerð. Í því tilviki gilda ákvæðin um merkingu og pökkun í tilskipunum 67/548/EBE og 1999/EB ekki.

3. Frá 1. desember 2010 til 1. júní 2015 skulu efni flokkuð í samræmi við bæði tilskipun 67/548/EBE og þessa reglugerð. Þau skulu merkt og þeim pakkað í samræmi við þessa reglugerð.

4. Þrátt fyrir aðra undirgrein 62. gr. þessarar reglugerðar er þess ekki krafist að efni sem eru flokkuð, merkt og þeim pakkað í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og hafa þegar verið sett á markað fyrir 1. desember 2010 séu merkt aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. desember 2012.

Þrátt fyrir aðra undirgrein 62. gr. þessarar reglugerðar er þess ekki krafist að blöndur sem eru flokkaðar, merktar og þeim umpakkað í samræmi við tilskipun 1999/45/EB og hafa þegar verið sett á markað fyrir 1. júní 2015 séu merktar aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. júní 2017.

5. Hafi efni eða blanda verið flokkuð í samræmi við tilskipun 67/548/EBE eða 1999/45/EB fyrir 1. desember 2010 annars vegar eða 1. júní 2015 hins vegar er framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum heimilt að breyta flokkun efnisins eða blöndunnar með því að nota umbreytingartöfluna í VII. viðauka við þessa reglugerð.

6. Aðildarríki getur til 1. desember 2011 viðhaldið öllum gildandi og strangari flokkunum og merkingum fyrir efni sem eru tilgreind í 3. hluta VI. viðauka við þessa reglugerð, að því tilskildu að framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um þessa flokkun og merkingaratriði í samræmi við verndarákvæðið í tilskipun 67/548/EBE eigi síðar en 20. janúar 2009 og að aðildarríkið leggi tillögu fyrir Efnastofnunina um samræmda flokkun og merkingar, sem innihalda þessa flokkun og merkingaratriði, í samræmi við 1. mgr. 37. gr. þessarar reglugerðar eigi síðar en 1. júní 2009.

Forsenda fyrir þessu er að framkvæmdastjórnin hafi ekki tekið ákvörðun fyrir 20. janúar 2009 um tillagða flokkun og merkingu í samræmi við verndarákvæði tilskipunar 67/548/EBE.

Ef tillögð, samræmd flokkun og merking, sem lögð er fram samkvæmt fyrstu undirgrein, er ekki tilgreind í 3. hluta VI. viðauka eða er tilgreind í breyttu formi í 3. hluta VI. viðauka í samræmi við 5. mgr. 37. gr. gildir undanþágan í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar ekki lengur.

62. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði II., III. og IV. bálks gilda fyrir efni frá 1. desember 2010 og fyrir blöndur frá 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. desember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	B. LE MAIRE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

KRÖFUR ER VARÐA FLOKKUN OG MERKINGU HÆTTULEGRA EFNA OG BLANDNA

Í þessum viðauka eru settar fram viðmiðanir fyrir flokkun í hættuflokka og áhrifategundir innan þeirra ásamt viðbótarákvæðum um hvernig uppfylla megi viðmiðanirnar.

1. 1. HLUTI: ALMENNAR MEGINREGLUR UM FLOKKUN OG MERKINGU

1.0. **Skilgreiningar**

„Lofttegund“: efni sem:

i. hefur gufuþrýsting sem er yfir 300 kPa (raunþrýstingur) við 50 °C eða

ii. er algerlega í gasham við 20 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa.

„Vökvi“: efni eða blanda sem:

i. hefur gufuþrýsting sem er ekki meiri en 300 kPa (3 bör) við 50 °C,

ii. er ekki algerlega í gasham við 20 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa og

iii. hefur bræðslumark eða byrjar að bráðna við 20 °C eða lægri hita við staðalþrýstinginn 101,3 kPa.

„Fast efni“: efni eða blanda sem fellur hvorki undir skilgreininguna um vökva né lofttegund.

1.1. **Flokkun efna og blandna**

1.1.0. **Samvinna í því skyni að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð**

Birgjar í aðfangakeðju skulu vinna saman að því að uppfylla kröfurnar varðandi flokkun, merkingu og pökkun sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Birgjar í atvinnugrein geta unnið saman að því að uppfylla aðlögunarákvæðin í 61. gr. fyrir efni og blöndur sem settar eru á markað.

Birgjar í atvinnugrein geta unnið saman með því að mynda net eða með öðrum hætti í því skyni að samnýta gögn og sérþekkingu við flokkun efna og blandna í samræmi við II. bálk þessarar reglugerðar. Við þessar kringumstæður skulu birgjar í atvinnugrein skjalfesta til fulls á hvaða grundvelli ákvarðanir um flokkun eru teknar og gera þessi skjöl tiltæk lögbærum yfirvöldum og, ef þess er óskað, viðeigandi eftirlitsyfirvöldum ásamt þeim gögnum og upplýsingum sem flokkunin byggist á. Ef birgjar í atvinnugrein vinna saman með þessum hætti ber hver birgir þó enn að fullu ábyrgð á flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, sem hann setur á markað, og því að uppfylla aðrar kröfur í þessari reglugerð.

Þetta net má einnig nota til að skiptast á upplýsingum og bestu starfsvenjum til þess að einfalda efnd skuldbindinga um tilkynningarskyldu.

1.1.1. ***Hlutverk og notkun sérfræðiálita og ákvarðana, sem byggjast á vægi rökstuddra vísbendinga***

1.1.1.1. Ef ekki er hægt að beita viðmiðunum beint á tilgreindar upplýsingar eða ef aðeins liggja fyrir þær upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 6. gr. skal taka ákvörðun, sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga sem studdar eru sérfræðiáliti, í samræmi við 3. mgr. 9. gr. annars vegar eða 4. mgr. 9. gr. hins vegar.

1.1.1.2. Aðferðin við að flokka blöndur getur falið í sér að fengið er sérfræðiálit á mörgum sviðum til að tryggja að hægt sé að nota fyrirliggjandi upplýsingar fyrir sem flestar blöndur í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið. Einnig gæti verið þörf á sérfræðiáliti við túlkun gagna fyrir hættuflokkun efna, einkum þegar taka þarf ákvarðanir sem byggjast á vægi rökstuddra vísbendinga.

1.1.1.3. Ákvörðun, sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga, felur í sér að allar fyrirliggjandi upplýsingar, sem eru notaðar til að ákvarða hættuna, eru metnar saman, t.d. niðurstöður úr viðeigandi prófunum í glasi, viðeigandi gögn um áhrif á dýr, upplýsingar frá beitingu efnaflokkaaðferðarinnar (þar sem ályktað er út frá efnaflokkum (e. grouping) eða byggingarlega hliðstæðum efnum (e. read-across)), niðurstöður varðandi megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR), reynsla manna, s.s. starfstengd gögn og gögn úr gagnagrunnum um slys, faraldsfræðirannsóknir og klínískar rannsóknir og vel rannsakaðar ferilskýrslur og athuganir. Gæðum og samkvæmni gagnanna skal gefið viðeigandi vægi. Upplýsingar um efni eða blöndur, sem tengjast efninu eða blöndunni, sem verið er að flokka, skulu teljast viðeigandi ásamt niðurstöðum úr rannsóknum á verkunarsvæðinu og gangvirki verkunar eða verkunarhættinum. Safna skal bæði jákvæðum og neikvæðum niðurstöðum saman í eina ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga.

1.1.1.4. Þegar heilbrigðishættur eru flokkaðar (3. hluti) er venjulega hægt að rökstyðja flokkun með staðfestum hættulegum áhrifum, sem fram hafa komið í viðeigandi rannsóknum á dýrum eða sem menn hafa reynslu af og eru í samræmi við viðmiðanirnar fyrir flokkun. Ef vísbendingar um áhrif á menn og um áhrif á dýr liggja fyrir og misræmi er á milli þeirra skal meta gæði og áreiðanleika vísbendinga úr báðum áttum til að unnt sé að taka ákvörðun um flokkun. Fullnægjandi, áreiðanleg og lýsandi gögn um áhrif á menn (þ.m.t. faraldsfræðirannsóknir, vísindalega traustar raundæmarannsóknir, eins og tilgreint er í þessum viðauka, eða reynsla sem er studd tölfræðilegum gögnum) skulu almennt ganga framar öðrum gögnum. Jafnvel í vel hönnuðum og vönduðum faraldsfræðirannsóknum getur þó verið að þátttakendur séu ekki nógu margir til að unnt sé að greina áhrif, sem eru tiltölulega sjaldgæf en þó mikilvæg, eða til að hægt sé að meta mögulega misvísandi þætti. Þó að ekki séu til jákvæðar niðurstöður frá reynslu manna þarf það ekki endilega að hrekja jákvæðar niðurstöður úr vönduðum dýrarannsóknum en það krefst þess að traustleiki, gæði og tölfræðilegur styrkur gagnanna um bæði áhrif á menn og dýr séu metin.

1.1.1.5. Þegar heilbrigðishættur eru flokkaðar (3. hluti) er váhrifaleið, upplýsingar um gangvirki verkunar og rannsóknir á efnaskiptum nauðsynlegir þættir til að ákvarða mikilvægi áhrifanna á menn. Heimila má vægari flokkun ef slíkar upplýsingar vekja efasemdir um mikilvægi áhrifa á menn, að því tilskildu að traustleiki og gæði gagnanna séu áreiðanleg. Ekki skal flokka efni eða blöndu ef rannsóknaniðurstöður sýna að gangvirki verkunar eða verkunarháttur hafi ekki áhrif á menn.

1.1.2. ***Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og almenn þröskuldsgildi***

1.1.2.1. Nota skal sértæk styrkleikamörk eða M-stuðla í samræmi við 10. gr.

1.1.2.2. *Þröskuldsgildi*

1.1.2.2.1. Þröskuldsgildi sýna hvort taka þarf tillit til þess, við flokkun efnis eða blöndu sem inniheldur hættulegt efni, að þetta hættulega efni er til staðar, hvort sem það er í formi tilgreindra óhreininda, aukefnis eða staks efnisþáttar (sjá 11. gr.).

1.1.2.2.2. Þröskuldsgildin, sem um getur í 11. gr., eru eftirfarandi:

a) Fyrir heilbrigðis- og umhverfishættur í 3., 4. og 5. hluta þessa viðauka gilda:

i. sértæku styrkleikamörkin og viðeigandi almenna þröskuldsgildið í töflu 1.1, hvort heldur er lægra, þegar um er að ræða efni, sem hafa fengið sértæk styrkleikamörk fyrir viðeigandi hættuflokk eða áhrifategund, annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni, sem um getur í 42. gr., enda sé hættuflokkurinn eða áhrifategundin tilgreind í töflu 1.1 eða

ii. sértæku styrkleikamörkin sem eru annaðhvort sett í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni, þegar um er að ræða efni, sem hafa fengið sértæk styrkleikamörk fyrir viðeigandi hættuflokk eða áhrifategund, annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni, sem um getur í 42. gr., enda sé hættuflokkurinn eða áhrifategundin ekki tilgreind í töflu 1.1 eða

iii. viðeigandi almenna þröskuldsgildið sem tilgreint er í töflu 1.1, þegar um er að ræða efni, sem hafa ekki fengið sértæk styrkleikamörk fyrir viðeigandi hættuflokk eða áhrifategund, annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni, sem um getur í 42. gr., enda sé hættuflokkurinn eða áhrifategundin tilgreind í töflu 1.1 eða

iv. almennu styrkleikamörkin fyrir flokkun í viðeigandi liðum í 3., 4. og 5. hluta þessa viðauka, þegar um er að ræða efni, sem hafa ekki fengið sértæk styrkleikamörk fyrir viðeigandi hættuflokk eða áhrifategund, annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni, sem um getur í 42. gr., enda sé hættuflokkurinn eða áhrifategundin ekki tilgreind í töflu 1.1.

b) Fyrir umhverfishættur í vatni í lið 4.1 í þessum viðauka gilda:

i. almenna þröskuldsgildið í töflu 1.1, aðlagað með því að nota útreikninga sem settir eru fram í lið 4.1 í þessum viðauka, þegar um er að ræða efni, sem hafa fengið M-stuðul fyrir viðeigandi hættuundirflokk, annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni sem um getur í 42. gr. eða

ii. viðeigandi almenna þröskuldsgildið sem sett er fram í töflu 1.1. þegar um er að ræða efni sem hafa ekki fengið M-stuðul fyrir viðeigandi hættuundirflokk annaðhvort í 3. hluta VI. viðauka eða í flokkunar- og merkingarskránni sem um getur í 42. gr.

Tafla 1.1

Almenn þröskuldsgildi

Hættuflokkur	Almenn þröskuldsgildi sem taka skal tillit til
Bráð eiturhrif	
— 1.–3. undirflokkur	0,1%
— 4. undirflokkur	1%
Húðæting/húðerting	1% ([1])
Alvarlegur augnskaði/augnerting	1% ([2])
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi	
— Bráð eiturhrif í 1. undirflokki	0,1% ([3])
— Langvinn eiturhrif í 1. undirflokki	0,1% ([3])
— Langvinn eiturhrif í 2.–4. undirflokki	1%

([1]) Eða < 1% þar sem við á, sjá lið 3.2.3.3.1.
([2]) Eða < 1% þar sem við á, sjá lið 3.3.3.3.1.
([3]) Eða < 0,1% þar sem við á, sjá lið 4.1.3.1.

Athugasemd

Almenn þröskuldsgildi eru gefin upp í þyngdarhlutföllum nema um sé að ræða loftkenndar blöndur en þá eru þau gefin upp í rúmmálshlutföllum.

1.1.3. ***Brúunarreglur fyrir flokkun blandna þar sem prófunargögn liggja ekki fyrir að því er varðar blönduna í heild sinni***

Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættulega eiginleika hennar en næg gögn liggja fyrir um svipaðar prófaðar blöndur og um einstök hættuleg innihaldsefni hennar til að hægt sé að lýsa nægilega hættunum af blöndunni skal nota þessi gögn í samræmi við eftirfarandi brúunarreglur, sem um getur í 4. mgr. 9. gr., fyrir hvern hættuflokk í 3. og 4. hluta þessa viðauka, sbr. þó öll sértæk ákvæði um blöndur í hverjum hættuflokki.

1.1.3.1. *Þynning*

Ef blanda er þynnt út með efni (þynningarefni) sem er flokkað í sama eða lægri hættuundirflokk og hættuminnsta innihaldsefnið í upprunalegu blöndunni og sem ekki er búist við að breyti hættuflokkun annarra innihaldsefna hennar gildir eitt af eftirfarandi:

— nýja blandan skal flokkuð sem jafnhættuleg og upprunalega blandan,

— nota skal aðferðina, sem útskýrð er í hverjum lið 3. og 4. hluta fyrir flokkun blandna, þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar,

— þegar um er að ræða bráð eiturhrif skal nota aðferð við flokkun sem byggist á innihaldsefnum blöndunnar (samlegðarformúla).

1.1.3.2. *Framleiðslulotur*

Gera má ráð fyrir að hættuundirflokkurinn fyrir framleiðslulotu blöndu sé að mestu leyti sá sami og fyrir aðra framleiðslulotu af sömu verslunarvöru sem er framleidd af sama birgi, eða undir stjórn hans, nema ástæða sé til að ætla að um verulega breytingu sé að ræða þannig að hættuflokkun framleiðslulotunnar hafi breyst. Ef hið síðarnefnda gerist er nauðsynlegt að vinna nýtt mat.

1.1.3.3. *Styrkur í afar hættulegum blöndum*

Við flokkun blandna, sem falla undir liði 3.1, 3.2, 3.3, 3.8, 3.9, 3.10 og 4.1, gildir fyrir blöndur, sem eru í hæsta hættuundirflokki eða undirflokki hans, að ef styrkur innihaldsefna í blöndunni er aukinn skal nýja blandan sett í þann undirflokk eða í undirflokk hans án frekari prófana.

1.1.3.4. *Innreikningur innan eins undirflokks fyrir eiturhrif*

Við flokkun blandna, sem falla undir liði 3.1, 3.2, 3.3, 3.8, 3.9, 3.10 og 4.1, gildir eftirfarandi fyrir þrjár blöndur með nákvæmlega sömu hættulegu innihaldsefnin: ef blanda A og blanda B eru í sama hættuundirflokki og ef í blöndu C eru sömu virku hættulegu innihaldsefnin í styrk, sem liggur milli styrks þessara hættulegu efna í blöndum A og B, er gert ráð fyrir að blanda C sé í sama hættuundirflokki og blanda A og blanda B.

1.1.3.5. *Blöndur sem eru að mestu leyti svipaðar*

Forsendur eru sem hér segir:

a) Tvær blöndur hafa hvor um sig tvö innihaldsefni:

   i. A + B

   ii. C + B,

b) Styrkur innihaldsefnisins B er í meginatriðum sá sami í báðum blöndunum.

c) Styrkur innihaldsefnisins A í blöndu (i) er jafnmikill og styrkur innihaldsefnisins C í blöndu (ii).

d) Gögn um hættur, sem stafa af efni A og efni C, liggja fyrir og eru mjög sambærileg, þ.e. efnin eru í sama hættuundirflokki og eru ekki líkleg til að hafa áhrif á hættuflokkun efnisins B.

Ef blanda (i) hefur þegar verið flokkuð í tiltekinn hættuflokk á grundvelli prófunargagna þá skal blanda (ii) sett í sama hættuflokk.

1.1.3.6. *Endurskoðun á flokkun ef samsetning blöndu hefur breyst*

Eftirfarandi vikmörk upphafsstyrks eru tilgreind fyrir beitingu á a-lið 2. mgr. 15. gr.:

Tafla 1.2

Brúunarreglur vegna breytinga í samsetningu blöndu

Upphafsstyrksvið efnisþáttarins	Leyfð vikmörk upphafsstyrks efnisþáttarins
≤ 2,5%	± 30%
2,5 < C ≤ 10%	± 20%
10 < C ≤ 25%	± 10%
25 < C ≤ 100%	± 5%

1.1.3.7. *Úðabrúsar*

Við flokkun blandna, sem falla undir liði 3.1, 3.2, 3.3, 3.4, 3.8 og 3.9, gildir að blanda í úðabrúsa skal sett í sama hættuundirflokk og þegar hún er ekki í úðabrúsa, að því tilskildu að viðbætta drifefnið hafi ekki áhrif á hættulega eiginleika blöndunnar við úðun og fyrir liggi rannsóknaniðurstöður sem sýna fram á að blandan sé ekki hættulegri þegar hún er í úðabrúsa en þegar hún er ekki í úðabrúsa.

1.2. **Merking**

1.2.1. ***Stærð og samsetning merkingaratriða***

1.2.1.1. Hættumerki, eins og mælt er fyrir um í V. viðauka, skulu vera með svörtu tákni á hvítum bakgrunni með rauðum ramma sem skal vera nægilega breiður svo hann sé auðsýnilegur.

1.2.1.2. Hættumerki skulu vera tígullaga og standa á einu horninu. Hvert hættumerki á að þekja a.m.k. 1/15 af yfirborði samræmda merkimiðans en lágmarksstærð flatarins á að vera a.m.k. 1 cm^2.

1.2.1.3. Stærð merkimiðans skal vera sem hér segir:

Tafla 1.3

Stærð merkimiða

Rúmmál umbúðanna	Stærð (í mm)
ekki umfram 3 lítra:	a.m.k. 52 × 74 ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar:	a.m.k. 74 × 105
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar:	a.m.k. 105 × 148
meira en 500 lítrar:	a.m.k. 148 × 210

1.3. **Undanþágur frá merkingarkröfum í sérstökum tilvikum**

Eftirfarandi undanþágur gilda í samræmi við 23. gr.:

1.3.1. ***Færanleg gashylki***

Að því er varðar færanleg gashylki er heimilt að nota einn af eftirfarandi valkostum fyrir gashylki sem rúma 150 lítra vatns eða minna:

a) Snið og stærð samkvæmt fyrirmælum í nýjustu útgáfu ISO-staðals 7225, „Gas cylinders — Precautionary labels“. Þá getur merkimiðinn borið almennt heiti eða iðnaðar- eða verslunarheiti efnisins eða blöndunnar, að því tilskildu að hættulegu efnin í viðkomandi blöndu séu tilgreind með skýrum og óafmáanlegum hætti utan á gashylkið.

b) Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 17. gr., eru veittar á endingargóðri upplýsingaplötu eða merkimiða sem er festur á hylkið.

1.3.2. ***Gashylki undir própan, bútan eða fljótandi jarðolíugas (LPG)***

1.3.2.1. Ef própan, bútan og fljótandi jarðolíugas eða blanda, sem inniheldur þessi efni og er flokkuð í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka, er sett á markað í lokuðum, margnota gashylkjum eða einnota hylkjum, sem falla undir gildissvið EN 417, sem gas sem eingöngu er ætlað til brennslu (nýjasta útgáfa EN 417, „Non-refillable metallic gas cartridges for liquefied petroleum gases, with or without a valve, for use with portable appliances; construction, inspection, testing and marking“) skulu þessi gashylki eða hylki einungis merkt með viðeigandi hættumerki og þeim hættu- og varnaðarsetningum sem varða eldfimi.

1.3.2.2. Engar upplýsingar um áhrif á heilbrigði manna og umhverfið þurfa að koma fram á merkimiðanum. Þess í stað skal birgirinn veita eftirnotendum eða dreifingaraðilum upplýsingarnar, sem varða áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, á öryggisblaðinu.

1.3.2.3. Almennum notendum skulu veittar nægar upplýsingar til að þeir geti gert nauðsynlegar ráðstafanir um heilsuvernd og öryggi.

1.3.3. ***Úðabrúsar og ílát með loftþéttum úðabúnaði sem innihalda efni eða blöndur sem fá flokkun sem sýnir ásvelgingarhættu,***

Ekki er nauðsynlegt, að því er varðar beitingu liðar 3.10.4, að merkja efni og blöndur, sem flokkast í samræmi við viðmiðanirnar í liðum 3.10.2 og 3.10.3, með tilliti til þessarar hættu þegar þau eru sett á markað í úðabrúsum eða í ílátum með loftþéttum úðabúnaði.

1.3.4. ***Gegnheilir málmar, málmblöndur, blöndur sem innihalda fjölliður, blöndur sem innihalda teygjuefni***

1.3.4.1. Samkvæmt þessum viðauka þarf ekki að setja merkimiða á gegnheila málma, málmblöndur, blöndur sem innihalda fjölliður og blöndur sem innihalda teygjuefni ef þau hafa ekki í för með sér hættu fyrir heilbrigði manna við innöndun, við inntöku eða í snertingu við húð eða fyrir vatnsumhverfi í því formi sem þau eru sett á markað þótt þau flokkist sem hættuleg í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka.

1.3.4.2. Þess í stað skal birgirinn veita eftirnotendum eða dreifingaraðilum upplýsingarnar á öryggisblaðinu.

1.3.5. ***Sprengifim efni sem sett eru á markað í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða skoteldum***

Sprengifim efni, eins og um getur í lið 2.1, sem sett eru á markað í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða skoteldum, skal einungis merkja og þeim pakkað í samræmi við kröfur varðandi sprengifim efni.

1.4. **Beiðni um notkun á staðgönguefnaheiti**

1.4.1. ***Einungis má samþykkja beiðnir um notkun á staðgönguefnaheiti skv. 24. gr.:***

I. ef viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif á vinnustöðum hafa ekki verið sett fyrir efnið og

II. ef framleiðandinn, innflytjandinn eða eftirnotandinn getur sýnt fram á að notkun á staðgönguefnaheitinu uppfylli þá kröfu að veita nægar upplýsingar til að gera megi nauðsynlegar heilbrigðis- og varúðarráðstafanir á vinnustað og þá kröfu að tryggja að unnt sé að hafa stjórn á allri áhættu vegna meðhöndlunar blöndunnar og

III. ef efnið er eingöngu flokkað í einn eða fleiri af eftirfarandi hættuundirflokkum:

a) einhvern þeirra hættuundirflokka sem um getur í 2. hluta þessa viðauka,

b) bráð eiturhrif, 4. undirflokkur,

c) húðæting/húðerting, 2. undirflokkur,

d) alvarlegur augnskaði/augnerting, 2. undirflokkur

e) sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti, 2. eða 3. undirflokkur

f) sértæk eiturhrif á marklíffæri — endurtekin váhrif, 2. undirflokkur

g) hættulegt fyrir vatnsumhverfi — langvinn eiturhrif, 3. eða 4. undirflokkur.

1.4.2. ***Val á efnaheitinu/-heitunum fyrir blöndur sem eru ætlaðar til ilmefna- eða ilmvatnsgerðar***

Þegar um er að ræða efni, sem finnast í náttúrunni, má nota eitt eða fleiri efnaheiti af gerðinni „ilmkjarnaolía úr…“ eða „kjarni úr…“, í stað efnaheita á efnisþáttum þessarar ilmkjarnaolíu eða -kjarna, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 18. gr.

1.5. **Undanþágur frá kröfum varðandi merkingu og umbúðir**

1.5.1. ***Undanþágur frá 31. gr. [1. mgr. 29. gr.]***

1.5.1.1. Þegar 1. mgr. 29. gr. gildir er heimilt að setja fram þau merkingaratriði, sem um getur í 17. gr., með einhverjum af eftirfarandi hætti:

a) á merkimiðum með brotnu innleggi eða

b) á lausum merkimiðum eða

c) á ytri umbúðum.

1.5.1.2. Á merkimiðanum á innri umbúðunum skulu a.m.k. vera hættumerki, vörukennið (e. product identifier), sem um getur í 18. gr., og nafn og símanúmer hjá birgi efnisins eða blöndunnar.

1.5.2. ***Undanþágur frá 17. gr. [2. mgr. 29. gr.]***

1.5.2.1. *Merking umbúða þar sem innihaldið er ekki yfir 125 ml*

1.5.2.1.1. Heimilt er að sleppa hættusetningunum og varnaðarsetningunum, sem tengjast hættuundirflokkunum hér á eftir, úr merkingaratriðunum sem krafist er í 17. gr.:

a) ef innihald umbúðanna er ekki yfir 125 ml og

b) ef efnið eða blandan flokkast í einn eða fleiri af eftirfarandi hættuundirflokkum:

1) oxandi (eldmyndandi) lofttegundir í 1. undirflokk,

2) lofttegundir undir þrýstingi,

3) eldfimir vökvar í 2. eða 3. undirflokk,

4) eldfim, föst efni í 1. eða 2. undirflokk,

5) sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur, gerðir C til F,

6) sjálfhitandi efni eða blöndur í 2. undirflokk,

7) efni og blöndur sem við snertingu við vatn gefa frá sér eldfimar lofttegundir, í 1., 2. og 3. undirflokk,

8) oxandi vökvar í 2. eða 3. undirflokk,

9) oxandi, föst efni í 2. eða 3. undirflokk,

10) lífræn peroxíð, gerðir C til F,

11) bráð eiturhrif í 4. undirflokk, ef efnið eða blandan er ekki seld almenningi,

12) húðerting í 2. undirflokk

13) augnerting í 2. undirflokk

14) sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti í 2. eða 3. undirflokk, ef efnið eða blandan er ekki seld almenningi,

15) sértæk eiturhrif á marklíffæri — endurtekin váhrif í 2. undirflokk, ef efnið eða blandan er ekki seld almenningi,

16) hættulegt fyrir vatnsumhverfi — bráð eiturhrif í 1. undirflokk,

17) hættulegt fyrir vatnsumhverfi — langvinn eiturhrif í 1. eða 2. undirflokk.

Undanþágurnar varðandi merkingu lítilla úðabrúsa (e. small packages of areosols) sem eldfimra, sem mælt er fyrir um í tilskipun 75/324/EBE, gilda um úðabrúsa (e. aerosol dispensers).

1.5.2.1.2. Heimilt er að sleppa varnaðarsetningunum, sem tengjast hættuundirflokkunum hér að aftan, úr merkingaratriðunum sem krafist er skv. 17. gr.:

a) ef innihald umbúðanna er ekki yfir 125 ml og

b) ef efnið eða blandan flokkast í einn eða fleiri af eftirfarandi hættuundirflokkum:

1) eldfimar lofttegundir í 2. undirflokk,

2) eiturhrif á æxlun: áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk,

3) hættulegt fyrir vatnsumhverfi — langvinn eiturhrif í 3. eða 4. undirflokk.

1.5.2.1.3. Heimilt er að sleppa hættumerkinu, hættusetningunni og varnaðarsetningunni sem tengjast hættuundirflokkunum hér að aftan úr merkingaratriðunum sem krafist er skv. 17. gr.:

a) ef innihald umbúðanna er ekki yfir 125 ml og

b) ef efnið eða blandan flokkast í einn eða fleiri af eftirfarandi hættuundirflokkum:

1) ætandi fyrir málma.

1.5.2.2. *Merking uppleysanlegra, einnota umbúða*

Á uppleysanlegum, einnota umbúðum er heimilt að sleppa þeim merkingaratriðum sem krafist er skv. 17. gr.:

a) ef innihald uppleysanlegu umbúðanna fer ekki yfir 25 ml,

b) ef innihaldið í uppleysanlegu umbúðunum er eingöngu flokkað í einn eða fleiri af hættuundirflokkunum í b-lið liðar 1.5.2.1.1 og

c) ef uppleysanlegu umbúðirnar eru í ytri umbúðum sem uppfylla kröfurnar í 17. gr. að fullu.

1.5.2.3. Liður 1.5.2.2 gildir ekki fyrir efni eða blöndur sem falla undir tilskipun 91/414/EBE eða 98/8/EB.

2. 2. HLUTI: EÐLISRÆNAR HÆTTUR

2.1. **Sprengifim efni**

2.1.1. ***Skilgreiningar***

2.1.1.1. Flokkurinn sprengifim efni tekur til

a) sprengifimra efna og blandna,

b) sprengifimra hluta, að undanskildum búnaði sem inniheldur sprengifim efni eða blöndur í slíku magni eða af því tagi að ræsing eða kveiking af gáleysi eða slysni hefur engin áhrif utan búnaðarins, hvorki í formi sprengibrota, elds, reyks, hita eða mikils hávaða, og

c) efna, blandna og hluta sem ekki eru tilgreind í a- eða b-lið og eru framleidd í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða flugeldum.

2.1.1.2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„sprengifimt efni eða blanda“: fast eða fljótandi efni eða blanda af efnum sem getur sjálft myndað lofttegund með efnahvörfum við slíkt hitastig og þrýsting og með slíkum hraða að valdi spjöllum á umhverfinu. Þetta á einnig við um skoteldaefni jafnvel þótt þau myndi ekki lofttegundir;

„skoteldaefni eða blanda“: efni eða blanda af efnum sem er gerð til þess að framleiða varma, ljós, hljóð, gas eða reyk eða sambland slíkra áhrifa með sjálfbærum, útvermnum efnahvörfum án sprengingar.

„óstöðugt, sprengifimt efni“: sprengifimt efni eða blanda sem er varmaóstöðug og/eða of viðkvæm fyrir venjulega meðhöndlun, flutning og notkun.

„sprengifimur hlutur“: hlutur sem inniheldur eitt eða fleiri sprengifim efni eða blöndur.

„flugeldavara“: vara sem inniheldur eitt eða fleiri skoteldaefni eða -blöndur.

„efni sem er ætlað til notkunar sem sprengifimt efni“: efni, blanda eða hlutur sem er framleiddur í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða flugeldum.

2.1.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.1.2.1. Efni, blöndur og hlutir í þessum flokki eru flokkuð sem óstöðug, sprengifim efni á grundvelli flæðiritsins á mynd 2.1.2. Prófunaraðferðunum er lýst í tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir (e. UN Recommendations on the Transport of Dangerous Goods, Manual of Tests and Criteria), I. hluti.

2.1.2.2. Efni, blöndur og hlutir í þessum flokki, sem eru ekki flokkuð sem óstöðug sprengifim efni, skulu sett í einn af eftirfarandi sex deiliflokkum eftir tegund þeirrar hættu sem þau hafa í för með sér:

a) Deiliflokkur 1.1: Efni, blöndur og hlutir sem eru þess eðlis að þeim fylgir hætta á alsprengingu (alsprenging (e. mass explosion) er sprenging sem nær til því sem næst alls efnismagnsins nánast á augabragði).

b) Deiliflokkur 1.2: Efni, blöndur og hlutir sem eru þess eðlis að hætta er á sprengibrotum en ekki hætta á alsprengingu.

c) Deiliflokkur 1.3: Efni, blöndur og hlutir sem eru þess eðlis að hætta er á bruna og annaðhvort minni háttar hætta á höggbylgju eða minni háttar hætta á sprengibrotum en ekki hætta á alsprengingu:

i. við bruna myndast talsverður geislunarvarmi eða

ii. þau brenna hvert á eftir öðru og skapa minni háttar höggbylgju eða minni háttar þeytingu sprengibrota eða hvort tveggja.

d) Deiliflokkur 1.4: Efni, blöndur og hlutir sem eru þess eðlis að hafa ekki í för með sér neina verulega hættu:

— efni, blöndur og hlutir sem eru þess eðlis að aðeins skapast lítils háttar hætta við ræsingu eða kveikingu. Áhrifin takmarkast að mestu við pakkann sjálfan og aðeins er líklegt að smágerð sprengibrot þeytist í burtu og þá aðeins skamman veg. Utanaðkomandi eldur má ekki valda sprengingu sem verður því sem næst á augabragði í nánast öllu innihaldi pakkans.

e) Deiliflokkur 1.5: Mjög lítið viðkvæm efni eða blöndur sem búa yfir hættu á alsprengingu:

— efni og blöndur sem búa yfir hættu á alsprengingu en eru svo lítt viðkvæm að mjög litlar líkur eru á kveikingu eða umbreytingu frá bruna yfir í sprengingu við venjuleg skilyrði.

f) Deiliflokkur 1.6: Afar lítið viðkvæmir hlutir sem eru þess eðlis að ekki er hætta á alsprengingu:

— hlutir sem aðeins innihalda afar lítið viðkvæm, sprengifim efni eða blöndur og eru þess eðlis að hverfandi líkur eru á kveikingu fyrir slysni og útbreiðslu sprengingar.

2.1.2.3. Sprengifim efni, sem eru ekki flokkuð sem óstöðug, sprengifim efni, skulu flokkuð í einn af þeim sex deiliflokkum, sem um getur í lið 2.1.2.2 í þessum viðauka, á grundvelli 2. til 8. prófunarsyrpna í tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, I. hluti, í samræmi við niðurstöðurnar úr þeim prófunum sem mælt er fyrir um í töflu 2.1.1:

Tafla 2.1.1

Viðmiðanir fyrir sprengifim efni

Undirflokkur	Viðmiðanir
Óstöðug, sprengifim efni eða sprengifim efni í deiliflokkum 1.1 til 1.6	Þegar um er að ræða sprengifim efni í deiliflokkum 1.1 til 1.6 þarf að framkvæma eftirfarandi grunnprófanir: Sprengifimi: skv. 2. prófunarsyrpu Sameinuðu þjóðanna (tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 12. liður). Efni, sem eru ætluð til notkunar sem sprengifim efni ([1]), skulu ekki prófuð með 2. prófunarsyrpu Sameinuðu þjóðanna. Viðkvæmni: skv. 3. prófunarsyrpu Sameinuðu þjóðanna (tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 13. liður). Hitastöðugleiki: samkvæmt prófun Sameinuðu þjóðanna 3c (tilmæli Sameinuðu þjóðanna um hættulegan farm, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 13.6.1). Frekari prófanir eru nauðsynlegar til hægt sé að tilgreina réttan deiliflokk.

([1]) Þetta tekur til efna, blandna og hluta sem eru framleidd í því skyni að framkalla áhrif með sprengingum eða flugeldum.

2.1.2.4. Prófa skal sprengifim efni aftur ef þau eru ekki í umbúðum eða þeim er endurpakkað í aðrar umbúðir en þær upprunalegu eða í svipaðar umbúðir.

2.1.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni, blöndur eða hluti, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.1.2.

Athugasemd við töflu 2.1.2: öll eftirfarandi merkingaratriði skulu koma fram á sprengiefnum sem eru ekki í umbúðum eða sem er endurpakkað í aðrar umbúðir en þær upprunalegu eða í svipaðar umbúðir:

a) hættumerkið: sprengja sem springur,

b) viðvörunarorðið: „Hætta“ og

c) hættusetningin: „sprengifim, hætta á alsprengingu“

nema sýnt sé fram á að hættan samsvari einum af hættuundirflokkunum í töflu 2.1.2 en í því tilviki á að tilgreina viðeigandi tákn, viðvörunarorð og/eða hættusetningu.

Tafla 2.1.2

Merkingaratriði fyrir sprengifim efni

Flokkun	Óstöðugt, sprengifimt efni	Deiliflokkur 1.1	Deiliflokkur 1.2	Deiliflokkur 1.3	Deiliflokkur 1.4	Deiliflokkur 1.5	Deiliflokkur 1.6
HSK-hættumerki							
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Hætta	Hætta	Varúð	Hætta	Ekkert viðvörunarorð
Hættusetning	H200: Óstöðugt, sprengifimt efni	H201: Sprengifimt efni, hætta á alsprengingu	H202: Sprengifimt efni, mikil hætta á sprengibroti	H203: Sprengifimt efni, hætta á bruna, höggbylgju eða sprengibrotum	H204: Hætta á bruna eða sprengibrotum	H205: Hætta á alsprengingu í bruna	Engin hættusetning
Varnaðarsetning Forvarnir	V201 V202 V281	V210 V230 V240 V250 V280	V210 V230 V240 V250 V280	V210 V230 V240 V250 V280	V210 V240 V250 V280	V210 V230 V240 V250 V280	Engin varnaðarsetning
Varnaðarsetning Viðbrögð	V372 V373 V380	V370+V380 V372 V373	V370+V380 V372 V373	V370+V380 V372 V373	V370+V380 V372 V373	V370+V380 V372 V373	Engin varnaðarsetning
Varnaðarsetning Geymsla	V401	V401	V401	V401	V401	V401	Engin varnaðarsetning
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501	V501	V501	V501	Engin varnaðarsetning

2.1.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.1.4.1. Flokkun efna, blandna og hluta í hættuflokkinn sprengifim efni og frekari skipting í deiliflokka er afar flókið þriggja þrepa ferli. Nauðsynlegt er að vísa til tilmæla Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, I. hluti.

Á fyrsta þrepi er staðfest hvort efnið eða blandan hafi sprengifima eiginleika (1. prófunarsyrpa). Annað þrepið er samþykktarferlið (2. til 4. prófunarsyrpa) og þriðja þrepið er röðun í deiliflokka eftir hættuleika (5. til 7. prófunarsyrpa). Með prófunum í 8. prófunarsyrpu er metið hvort efni, sem kemur til greina að flokka sem „ammóníumnítratfleyti, -sviflausn eða -hlaup, milliefni fyrir sprengiefni (ammóníumnítratfleyti (ANE))“, sé nógu lítið viðkvæmt til að teljast oxandi vökvi (liður 2.13) eða oxandi, fast efni (liður 2.14).

Sprengifim efni og blöndur, sem eru vætt með vatni eða alkóhólum eða þynnt með öðrum efnum til að halda sprengifimi þeirra niðri má, allt eftir eðliseiginleikum þeirra, meðhöndla á annan hátt, að því er varðar flokkun, og þau kunna að falla undir aðra hættuflokka (sjá einnig lið 1.1 í II. viðauka).

Tilteknar eðlisrænar hættur (vegna sprengifimra eiginleika) breytast við þynningu, sem á t.d. við um óvirkjuð, sprengifim efni, þegar þeim er bætt við í blöndu eða hlut, þegar þeim er pakkað eða vegna annarra þátta.

Aðferðin við flokkun er sett fram í eftirfarandi ákvörðunarferli (sjá myndir 2.1.1 til 2.1.4).

Mynd 2.1.1

Heildaryfirlit yfir aðferðina við flokkun efnis, blöndu eða hlutar í flokknum sprengifim efni (1. flutningaflokkur)



(*) Sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, 15. endursk. útg., undirliður 2.1.2.

Mynd 2.1.2

Aðferð við bráðabirgðasamþykki fyrir efni, blöndu eða hlut í flokknum sprengifim efni (1. flutningaflokkur)



(*) Við flokkun skal byrja á 2. prófunarsyrpu.

Mynd 2.1.3

Aðferð við röðun í deiliflokk í flokknum sprengifim efni (1. flutningaflokkur)



Mynd 2.1.4

Aðferð við flokkun á ammóníumnítratfleyti, -sviflausnum eða -hlaupi



2.1.4.2. *Kembirannsókn*

Sprengifimir eiginleikar tengjast því hvort sameindin inniheldur tiltekna efnahópa sem geta hvarfast og valdið mjög snöggri hækkun á hitastigi eða þrýstingi. Kembirannsóknin miðar að því að staðfesta hvort slíkir hvarfgjarnir hópar séu fyrir hendi og möguleikann á snöggri orkulosun. Ef staðfest er með kembirannsókninni að efnið eða blandan sé mögulega sprengifim verður að fylgja samþykktaraðferðinni (sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 10.3.).

Athugasemd

Þess er hvorki krafist að framkvæmd sé prófun á útbreiðslu sprengingar (1. prófunarsyrpa, tegund a,), né prófun á viðkvæmni fyrir höggi sem veldur sprengingu (e. sensitivity to detonative shock), (2. prófunarsyrpa, tegund a), ef útvermin sundrunarorka lífrænna efna er minni en 800 J/g.

2.1.4.3. Efni eða blanda skal ekki flokkast sem sprengifim:

a) ef í sameindinni eru engir efnahópar sem tengjast sprengifimum eiginleikum. Dæmi um hópa sem gætu gefið til kynna sprengifima eiginleika eru tilgreind í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, tafla A6.1 í 6. viðbæti; eða

b) ef efnið inniheldur efnahópa sem í er súrefni og tengjast sprengifimum eiginleikum og reiknað súrefnisjafnvægi er undir -200.

Súrefnisjafnvægið er reiknað fyrir efnahvarfið:

$C_xH_yO_z + [x + (y/4)-(z/2)] O_2 \rightarrow x\ CO_2 + (y/2)\ H_2O$

með því að nota formúluna:

súrefnisjafnvægi = – 1600 [2x + (y/2)-z]/mólþyngd;

c) ef viðkomandi lífrænt efni eða einsleit blanda lífrænna efna hefur efnahópa sem tengjast sprengifimum eiginleikum en útvermin sundrunarorka er minni en 500 J/g og útvermin sundrun hefst við hitastig undir 500ºC. Hægt er að ákvarða útvermnu sundrunarorkuna með því að nota viðeigandi varmamælingartækni; eða

d) ef um er að ræða blöndur ólífrænna, oxandi efna og lífræns efnis eða efna og styrkur ólífræna, oxandi efnisins er:

— minni en 15% að massahlutfalli, ef oxandi efnið er sett í 1. eða 2. undirflokk,

— minni en 30% að massahlutfalli, ef oxandi efnið er sett í 3. undirflokk.

2.1.4.4. Þegar um er að ræða blöndur sem innihalda einhver þekkt sprengifim efni verður að fylgja samþykktaraðferðinni.

2.2. **Eldfimar lofttegundir**

2.2.1. ***Skilgreining***

„Eldfim lofttegund“: lofttegund eða blanda af lofttegundum með sprengisvið í andrúmslofti við 20 ºC og staðalþrýsting upp á 101,3 kPa.

2.2.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.2.2.1. Eldfimar lofttegundir skulu flokkaðar í þennan flokk í samræmi við töflu 2.2.1:

Tafla 2.2.1

Viðmiðanir fyrir eldfimar lofttegundir

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Lofttegundir sem við 20 °C og við staðalþrýstinginn 101,3 kPa: a) eru eldfimar þegar þær eru í blöndu við loft í styrknum 13% eða minna, miðað við rúmmál, eða b) hafa sprengisvið í andrúmslofti sem nær yfir a.m.k. 12 hundraðshluta, óháð lægri mörkum sprengisviðsins.
2	Lofttegundir, aðrar en þær sem eru í 1. undirflokki, sem hafa sprengisvið í andrúmslofti við 20 °C og staðalþrýsting 101,3 kPa.

Athugasemd

Fyrir flokkun á úðabrúsum, sjá lið 2.3.

2.2.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.2.2.

Tafla 2.2.2

Merkingaratriði fyrir eldfimar lofttegundir

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		Engin táknmynd
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H220: Afar eldfim lofttegund	H221: Eldfim lofttegund
Varnaðarsetning Forvarnir	V210	V210
Varnaðarsetning Viðbrögð	V377 V381	V377 V381
Varnaðarsetning Geymsla	V403	V403
Varnaðarsetning Förgun		

2.2.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.2.4.1. Ákvarða skal eldfimi með prófunum eða, þegar um er að ræða blöndur þar sem fyrir liggja fullnægjandi gögn, með útreikningi í samræmi við aðferðirnar sem samþykktar eru af Alþjóðlegu staðlasamtökunum (sjá ISO 10156 með áorðnum breytingum, „Gases and gas mixtures — Determination of fire potential and oxidising ability for the selection of cylinder valve outlet“). Ef ekki liggja fyrir næg gögn til að nota þessar aðferðir er hægt að nota prófunaraðferð EN 1839 með áorðnum breytingum („Ákvörðun á sprengimörkum lofttegunda og gufa“).

2.3. **Úðabrúsar með eldfimum efnum**

2.3.1. ***Skilgreiningar***

„Úðabrúsar (e. aerosols/aerosol dispensers)“: öll einnota hylki úr málmi, gleri eða plasti sem innihalda lofttegund sem er samþjöppuð, fljótandi eða uppleyst undir þrýstingi, með eða án vökva, krems eða dufts og með losunarbúnaði sem gerir kleift að losa innihaldið sem fastar eða fljótandi agnir í úðaformi, sem froðu, krem, duft eða vökva eða lofttegund.

2.3.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.3.2.1. Til greina kemur að flokka úðabrúsa sem eldfima í samræmi við lið 2.3.2.2 ef þeir innihalda einhvern efnisþátt sem er flokkaður sem eldfimur samkvæmt viðmiðununum í þessum hluta, þ.e.:

— fljótandi efni með blossamark ≤ 93 °C, þ.m.t. eldfim, fljótandi efni samkvæmt lið 2.6,

— eldfimar lofttegundir (sjá lið 2.2),

— eldfim, föst efni (sjá lið 2.7).

Athugasemd

Eldfimir efnisþættir taka ekki til efna og blandna sem eru loftkveikjandi, sjálfhitandi eða vatnshvarfgjörn því slíkir efnisþættir eru aldrei notaðir sem innihaldsefni í úðabrúsum.

2.3.2.2. Úðabrúsi með eldfimum efnum skal flokkast í annan af tveimur undirflokkum þessa flokks á grundvelli efnisþátta í honum, brennsluvarma hans og, ef við á, niðurstöðu úr froðuprófun (fyrir froðuúðabrúsa) og prófun á íkviknunarfjarlægð og prófun á íkviknun í lokuðu rými (fyrir vökvaúðabrúsa (e. spray aerosols)) í samræmi við mynd 2.3.1 og tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liðir 31.4, 31.5 og 31.6 í III. hluta.

Mynd 2.3.1

Mynd 2.3.1(a) fyrir úðabrúsa með eldfimum efnum



Sjá ákvörðunarferli 2.3.1 (b) fyrir vökvaúðabrúsa.

Sjá ákvörðunarferli 2.3.1 (c) fyrir froðuúðabrúsa.

Mynd 2.3.1(b) fyrir vökvaúðabrúsa



Mynd 2.3.1(c) fyrir froðuúðabrúsa



2.3.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.3.2.

Tafla 2.3.2

Merkingaratriði fyrir úðabrúsa með eldfimum efnum

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H222: Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	H223: Úðabrúsi með eldfimum efnum
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V211 V251	V210 V211 V251
Varnaðarsetning Viðbrögð		
Varnaðarsetning Geymsla	V410 + V412	V410 + V412
Varnaðarsetning Förgun		

2.3.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.3.4.1. Brennsluvarminn (ΔH_c), í kílójúlum á hvert gramm (kJ/g), er margfeldi fræðilegs brennsluvarma (ΔH_{comb}) og brennslunýtni, sem er venjulega undir 1,0 (venjuleg brennslunýtni er 0,95 eða 95%).

Fyrir efnasamsetningu í úðabrúsa er efnafræðilegur brennsluvarmi summan af vigtuðum brennsluvarma fyrir einstaka efnisþætti:

$$\Delta H_{c\ (vara)} = \sum_{i}^{n} [w_i\ \% \times \Delta H_{c(i)}]$$

þar sem:

ΔH_c = brennsluvarmi (kJ/g)

w_i % = massahlutfall efnisþáttarins „i“ í vörunni

$\Delta H_{c(i)}$ = tiltekinn brennsluvarmi (kJ/g) efnisþáttarins „i“ í vörunni.

Brennsluvarma má finna í fagritum eða reikna hann út eða fastsetja með prófunum (sjá ASTM D 240 með áorðnum breytingum — Standard Test Methods for Heat of Combustion of Liquid Hydrocarbon Fuels by Bomb Calorimeter, EN/ISO 13943 með áorðnum breytingum, 86.l til 86.3 — Fire safety — Vocabulary, og NFPA 30B með áorðnum breytingum — Code for the Manufacture and Storage of Aerosol Products).

2.4. **Oxandi lofttegundir**

2.4.1. ***Skilgreiningar***

„Oxandi lofttegund“: allar lofttegundir eða blöndur lofttegunda sem gætu, yfirleitt með því að gefa súrefni, valdið eða stuðlað að bruna á öðru efni í meira mæli en loft getur gert.

2.4.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.4.2.1. Oxandi lofttegund skal flokkuð í einn undirflokk þessa flokks í samræmi við töflu 2.4.1:

Tafla 2.4.1

Viðmiðanir fyrir oxandi lofttegundir

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Allar lofttegundir sem gætu, yfirleitt með því að gefa súrefni, valdið eða stuðlað að bruna á öðru efni í meira mæli en loft getur gert.

Athugasemd

„Lofttegundir sem valda eða stuðla að bruna á öðru efni í meira mæli en loft getur gert“ þýðir hreinar lofttegundir eða blöndur lofttegunda með oxandi verkun yfir 23,5%, sem er ákvarðað með aðferð sem lýst er í ISO 10156, með áorðnum breytingum, eða 10156-2 með áorðnum breytingum.

2.4.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.4.2.

Tafla 2.4.2

Merkingaratriði fyrir oxandi lofttegundir

Flokkun	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	

Flokkun	1. undirflokkur
Viðvörunarorð	Hætta
Hættusetning	H270: Getur valdið eða aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
Varnaðarsetning Forvarnir	V220 V244
Varnaðarsetning Viðbrögð	V370 + V376
Varnaðarsetning Geymsla	V403
Varnaðarsetning Förgun	

2.4.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

Til að flokka oxandi lofttegund skal nota prófanir eða útreikningsaðferðir eins og lýst er í ISO 10156, með áorðnum breytingum, „Gases and gas mixtures — Determination of fire potential and oxidising ability for the selection of cylinder valve outlet“ og ISO 10156-2, með áorðnum breytingum, „Gas cylinders — Gases and gas mixtures — Determination of oxidising ability of toxic and corrosive gases and gas mixtures.“

2.5. **Lofttegundir undir þrýstingi**

2.5.1. ***Skilgreining***

2.5.1.1. Lofttegundir undir þrýstingi eru lofttegundir sem eru í íláti við þrýstinginn 200 kPa (samkvæmt mæli) eða meira eða sem eru fljótandi eða fljótandi og kældar.

Þær taka til þjappaðra lofttegunda, fljótandi lofttegunda, uppleystra lofttegunda og kældra fljótandi lofttegunda.

2.5.1.2. Markhitinn er hæsta hitastig sem hrein lofttegund má hafa til að unnt sé að breyta henni í vökva með því að auka þjöppun.

2.5.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

Lofttegundir skulu flokkaðar í einn af fjórum hópum, samkvæmt eðlisástandi þeirra við pökkun, í samræmi við töflu 2.5.1:

Tafla 2.5.1

Viðmiðanir fyrir lofttegundir undir þrýstingi

Hópur	Viðmiðanir
Þjöppuð lofttegund	Lofttegund sem er algerlega í gasham við –°50°°C þegar henni er pakkað undir þrýstingi, þ.m.t. allar lofttegundir með markhita ≤ – 50 °C.
Fljótandi lofttegund	Lofttegund sem er fljótandi að hluta til við hitastig yfir – 50°C þegar henni er pakkað undir þrýstingi. Greinarmunur er gerður milli: i. fljótandi lofttegundar undir miklum þrýstingi: lofttegundar með markhita milli – 50°C og + 65°C og ii. fljótandi lofttegundar undir litlum þrýstingi: lofttegundar með markhita yfir + 65°C.
Kæld, fljótandi lofttegund	Lofttegund sem er fljótandi að hluta til við pökkun vegna lágs hitastigs hennar.
Uppleyst lofttegund	Lofttegund sem er leyst upp í leysi í vökvafasa þegar henni er pakkað undir þrýstingi.

2.5.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.5.2.

Tafla 2.5.2

Merkingaratriði fyrir lofttegundir undir þrýstingi

Flokkun	Þjöppuð lofttegund	Fljótandi lofttegund	Kæld, fljótandi lofttegund	Uppleyst lofttegund
HSK-hættumerki				
Viðvörunarorð	Varúð	Varúð	Varúð	Varúð
Hættusetning	H280: Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun	H280: Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun	H281: Inniheldur kælda lofttegund, getur valdið kalsárum	H280: Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun
Varnaðarsetning Forvarnir			V282	
Varnaðarsetning Viðbrögð			V336 V315	
Varnaðarsetning Geymsla	V410 + V403	V410 + V403	V403	V410 + V403
Varnaðarsetning Förgun				

2.5.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

Fyrir þennan hóp af lofttegundum er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi upplýsingar:

gufuþrýstinginn við 50 °C,

eðlisástandið við 20 °C við venjulegan umhverfisloftþrýsting,

markhitann.

Finna má gögn í fagritum eða reikna þau út eða fastsetja með prófunum. Flestar hreinar lofttegundir eru þegar flokkaðar í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglum.

2.6. **Eldfimir vökvar**

2.6.1. ***Skilgreining***

„Eldfimir vökvar“: vökvar með blossamark að hámarki 60 °C.

2.6.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.6.2.1. Flokka skal eldfima vökva í einn af þremur undirflokkum þessa flokks í samræmi við töflu 2.6.1:

Tafla 2.6.1

Viðmiðanir fyrir eldfima vökva

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Blossamark < 23 °C og upphafssuðumark ≤ 35 °C
2	Blossamark < 23 °C og upphafssuðumark > 35 °C
3	Blossamark ≥ 23 °C og ≤ 60 °C ([1])

([1]) Að því er varðar þessa reglugerð má líta svo á að gasolíur, dísilolíur og léttar olíur til upphitunar, með blossamarki milli ≥ 55 °C og ≤ 75 °C, tilheyri 3. undirflokki.

2.6.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.6.2.

Tafla 2.6.2

Merkingaratriði fyrir eldfima vökva

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning	H224: Afar eldfimur vökvi og gufa	H225: Mjög eldfimur vökvi og gufa	H226: Eldfimur vökvi og gufa
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V233 V240 V241 V242 V243 V280	V210 V233 V240 V241 V242 V243 V280	V210 V233 V240 V241 V242 V243 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V303 + V361 + V353 V370 + V378	V303 + V361 + V353 V370 + V378	V303 + V361 + V353 V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla	V403 + V235	V403 + V35	V403 + V235
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501

2.6.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.6.4.1. Við flokkun á eldfimum vökvum er nauðsynlegt að hafa gögn um blossamark og upphafssuðumark. Ákvarða má gögn með prófunum eða finna þau í fagritum eða með útreikningum. Ef gögn liggja ekki fyrir skal blossamarkið og upphafssuðumarkið ákvarðað með prófunum. Nota skal aðferð með lokuðum bolla við ákvörðun á blossamarki.

2.6.4.2. Ekki þarf að ákvarða blossamarkið með tilraunum fyrir blöndur ([1]) sem innihalda þekkta eldfima vökva í skilgreindum styrk þótt þær geti innihaldið órokgjarna efnisþætti, t.d. fjölliður og aukefni, ef blossamarkið fyrir blönduna, sem er reiknað út samkvæmt aðferðinni sem gefin er upp í lið 2.6.4.3, er a.m.k. 5 °C ([2]) hærri en viðeigandi flokkunarviðmiðun og að því tilskildu:

a) að samsetning blöndunnar sé þekkt nákvæmlega (ef til eru mismunandi samsetningar skal matið grundvallast á samsetningunni sem hefur lægsta útreiknaða blossamarkið),

b) að lægri sprengimörk allra efnisþátta séu þekkt (nota verður viðeigandi samsvörun þegar þessi gögn eru framreiknuð fyrir önnur hitastig en þau sem notuð eru í prófuninni) sem og aðferð við útreikning á neðri sprengimörkunum,

c) að sambandið milli hitastigs og mettaðs gufuþrýstings og virknistuðuls sé þekkt fyrir alla efnisþætti sem eru í blöndunni,

d) að vökvafasinn sé einsleitur.

2.6.4.3. Gmehling og Rasmussen lýsa einni heppilegri aðferð (Ind. Eng. Fundament, 21, 186, (1982)). Þegar blanda inniheldur órokgjarna efnisþætti er blossamarkið reiknað út frá rokgjörnu efnisþáttunum. Talið er að efnisþáttur, sem er órokgjarn, minnki hlutþrýsting leysanna aðeins að litlu leyti og að útreiknað blossamark sé aðeins að litlu leyti undir mæligildinu.

2.6.4.4. Prófunaraðferðir, sem koma til greina við ákvörðun á blossamarki eldfimra vökva, eru skráðar í töflu 2.6.3.

Tafla 2.6.3

Aðferðir til að ákvarða blossamark eldfimra vökva

Evrópustaðlar:	EN ISO 1516 með áorðnum breytingum Determination of flash/no flash — Closed cup equilibrium method
	EN ISO 1523 með áorðnum breytingum Determination of flash point — Closed cup equilibrium method
	EN ISO 2719 með áorðnum breytingum Determination of flash point — Pensky-Martens closed cup method
	EN ISO 3679 með áorðnum breytingum Determination of flash point — Rapid equilibrium closed cup method
	EN ISO 3680 með áorðnum breytingum Determination of flash/no flash — Rapid equilibrium closed cup method
	EN ISO 13736 með áorðnum breytingum Petroleum products and other liquids — Determination of flash point — Abel closed cup method
Landsbundnir staðlar:	
Association française de normalisation, AFNOR:	NF M07-036 með áorðnum breytingum Détermination du point d'éclair — Vase clos Abel-Pensky (Nákvæmlega eins og DIN 51755)
British Standards Institute,	BS 2000, 170. hluti með áorðnum breytingum (Nákvæmlega eins og EN ISO 13736)
Deutsches Institut für Normung	DIN 51755 (blossamark undir 65 C), með áorðnum breytingum, Prüfung von Mineralölen und anderen brennbaren Flüssigkeiten; Bestimmung des Flammpunktes im geschlossenen Tiegel, nach Abel-Pensky (Nákvæmlega eins og NF M07-036)

([1]) Fram til þessa hefur reikningsaðferðin verið fullgilt fyrir blöndur sem innihalda allt að 6 rokgjarna efnisþætti. Þessir efnisþættir geta verið eldfimir vökvar eins og vetniskolefni, eterar, alkóhól, esterar (þó ekki akrýlöt) og vatn. Hún hefur þó ekki enn verið fullgilt fyrir blöndur sem innihalda halógenuð brennisteinssambönd og/eða fosfórsambönd sem og hvarfgjörn akrýlöt.

([2]) Ef útreiknaða blossamarkið er minna en 5 °C hærra en viðeigandi flokkunarviðmiðun má ekki nota reikningsaðferðina og blossamarkið skal ákvarðað með tilraunum.

2.6.4.5. Vökva með blossamarki yfir 35 °C þarf ekki að flokka í 3. undirflokk ef neikvæðar niðurstöður fást úr prófun L.2 á bruna sem er haldið við, sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 32. liður III. hluta.

2.7. **Eldfim, föst efni**

2.7.1. ***Skilgreining***

2.7.1.1. „Eldfimt, fast efni“: fast efni sem kviknar auðveldlega í eða gæti valdið eða stuðlað að bruna með núningi.

Föst efni sem kviknar auðveldlega í eru efni eða blöndur sem eru dyft, kornótt eða maukkennd og eru hættuleg ef það kviknar auðveldlega í þeim við skammvinna snertingu við íkveikjuvald, s.s. logandi eldspýtu, og ef loginn breiðist fljótt út.

2.7.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.7.2.1. Dyft, kornótt eða maukkennd efni eða blöndur (nema málmduft eða málmblendiduft — sjá lið 2.7.2.2) skal flokka sem föst efni sem auðveldlega kviknar í þegar brunatíminn er undir 45 sekúndum eða brunahraðinn er meiri en 2,2 mm/s í einni eða fleiri af þeim prófunum sem framkvæmdar eru í samræmi við prófunaraðferðina sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir eða viðmiðanir, liður 33.2.1 í III. hluta.

2.7.2.2. Málmduft og málmblendiduft skal flokkast sem eldfimt, fast efni þegar unnt er að kveikja í því og hvarfsvæðið breiðist um allt sýnið á 10 mínútum eða skemmri tíma.

2.7.2.3. Flokka skal eldfim, föst efni í annan af tveimur undirflokkum þessa flokks í samræmi við töflu 2.7.1 með því að nota aðferð N.1, sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.2.1:

Tafla 2.7.1

Viðmiðanir fyrir eldfim, föst efni

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Prófun á brunahraða Efni og blöndur, nema málmduft: a) vætt svæði stöðvar ekki eldinn og b) brunatíminn < 45 sekúndur eða brunahraðinn > 2,2 mm/s Málmduft brunatími ≤ 5 mínútur
2	Prófun á brunahraða Efni og blöndur, nema málmduft: a) vætt svæði stöðvar eldinn í a.m.k. 4 mínútur og b) brunatíminn < 45 sekúndur eða brunahraðinn > 2,2 mm/s Málmduft brunatími > 5 mínútur og ≤ 10 mínútur

Athugasemd

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun skal efnið einnig prófað í nýja eðlisástandinu.

2.7.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.7.2.

Tafla 2.7.2

Merkingaratriði fyrir eldfim, föst efni

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H228: Eldfimt, fast efni	H228: Eldfimt, fast efni
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V240 V241 V280	V210 V240 V241 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V370 + V378	V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla		
Varnaðarsetning Förgun		

2.8. **Sjálfhvarfgjörn efni og blöndur**

2.8.1. ***Skilgreining***

2.8.1.1. „Sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur“: varmaóstöðug, föst eða fljótandi efni eða blöndur sem líklegt er að fari í gegnum mikla útvermna sundrun, jafnvel þegar súrefni (loft) er ekki fyrir hendi. Þessi skilgreining tekur ekki til efna og blandna sem flokkast sem sprengifim efni, lífræn peroxíð eða oxandi efni samkvæmt þessum hluta.

2.8.1.2. Sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur eru talin búa yfir sprengifimum eiginleikum þegar efnasamsetningin sýnir við prófun á rannsóknarstofu að þau hafi tilhneigingu til að springa, brenna hratt eða sýna kröftug áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými.

2.8.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.8.2.1. Öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur skulu metin með tilliti til flokkunar í þennan flokk sem sjálfhvarfgjarnt efni eða blanda nema:

a) þau séu sprengifim samkvæmt viðmiðunum sem gefnar eru upp í lið 2.1,

b) þau séu oxandi vökvar eða föst efni samkvæmt viðmiðunum sem gefnar eru upp í lið 2.13 eða 2.14 en þó skulu blöndur oxandi efna, sem innihalda 5% eða meira af brennanlegum lífrænum efnum, flokkaðar sem sjálfhvarfgjörn efni í samræmi við aðferðina sem skilgreind er í lið 2.8.2.2,

c) þau séu lífræn peroxíð samkvæmt viðmiðunum sem gefnar eru upp í lið 2.15,

d) sundrunarvarmi þeirra sé undir 300 J/g eða

e) sjálfhraðandi niðurbrotshiti þeirra (SADT) sé yfir 75 °C fyrir 50 kg pakka ([1]).

([1]) Sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liðir 28.1, 28.2 og 28.3 og tafla 28.3.

2.8.2.2. Blöndur af oxandi efnum, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun sem oxandi efni, sem innihalda 5% eða meira af brennanlegum, lífrænum efnum en uppfylla ekki viðmiðanirnar sem um getur í a-, c-, d- eða e-lið í lið 2.8.2.1, skulu falla undir aðferðina fyrir flokkun sem gildir fyrir sjálfhvarfgjörn efni.

Svona blanda, sem sýnir eiginleika sjálfhvarfgjarns efnis af gerðum B til F (sjá lið 2.8.2.3), skal flokkast sem sjálfhvarfgjarnt efni.

Ef prófunin fer fram í umbúðunum og umbúðunum er breytt skal önnur prófun fara fram ef talið er að breyting á umbúðunum hafi áhrif á niðurstöður prófunarinnar.

2.8.2.3. Flokka skal sjálfhvarfgjörn efni og blöndur í einn af sjö undirflokkum af „gerðum A til G“ í þessum flokki í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur sem geta sprungið eða brunnið hratt í umbúðunum skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ A,

b) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur, sem hafa sprengifima eiginleika og sem hvorki springa né brenna hratt í umbúðunum en sem líklegt er að verði fyrir varmasprengingu í þessum umbúðum, skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ B,

c) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur sem hafa sprengifima eiginleika en geta ekki sprungið eða brunnið hratt eða orðið fyrir varmasprengingu í umbúðunum skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ C,

d) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur sem við prófun á rannsóknarstofu:

i. springa að hluta til, brenna ekki hratt og sýna ekki kröftug áhrif við hitun í lokuðu rými eða

ii. springa alls ekki, brenna hægt og sýna ekki kröftug áhrif við hitun í lokuðu rými eða

iii. springa eða brenna alls ekki og sýna miðlungs áhrif við hitun í lokuðu rými,

skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ D,

e) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur sem, við prófun á rannsóknarstofu, hvorki springa né brenna og sýna lítil eða engin áhrif við hitun í lokuðu rými skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ E,

f) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur, sem við prófun á rannsóknarstofu springa hvorki, þegar örholrúm hafa verið framkölluð í efninu, né brenna yfirhöfuð og sýna aðeins lítil eða engin áhrif við hitun í lokuðu rými sem og lítinn eða engan sprengikraft, skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ F,

g) öll sjálfhvarfgjörn efni eða blöndur, sem við prófun á rannsóknarstofu springa hvorki, þegar örholrúm hafa verið framkölluð í efninu, né brenna yfirhöfuð og sýna engin áhrif við hitun í lokuðu rými né sprengikraft, að því tilskildu að efnið eða blandan sé hitastöðug (sjálfhraðandi niðurbrotshiti sé 60 til 75 °C fyrir 50 kg pakka) og, þegar um er að ræða fljótandi blöndur, að notað sé þynningarefni til óvirkjunar sem er ekki með lægra suðumarki en 150°C, skal skilgreina sem sjálfhvarfgjörn efni af GERÐ G. Ef blandan er ekki hitastöðug eða ef notað er þynningarefni með lægra suðumarki en 150°C til að óvirkja blönduna skal skilgreina hana sem sjálfhvarfgjarnt efni af GERÐ F.

Ef prófunin fer fram í umbúðunum og umbúðunum er breytt skal önnur prófun fara fram ef talið er að breyting á umbúðunum hafi áhrif á niðurstöður prófunarinnar.

2.8.2.4. *Viðmiðanir fyrir hitastýringu*

Ef sjálfhraðandi niðurbrotshiti (SADT) sjálfhvarfgjarnra efna er 55 °C eða minni er hitastýring nauðsynleg. Prófunaraðferðirnar til að ákvarða sjálfhraðandi niðurbrotshita, sem og útreikning á stýri- og neyðarhitastigi, eru gefnar upp í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 28. liður II. hluti. Prófunin, sem er valin, skal fara fram með viðeigandi hætti bæði að því er varðar stærð og efni umbúðanna.

2.8.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.8.1.

Tafla 2.8.1

Merkingaratriði fyrir sjálfhvarfgjörn efni og blöndur

Flokkun	Gerð A	Gerð B	Gerðir C og D	Gerðir E og F	Gerð G
HSK-hættumerki					Engin merkingaratriði eru tilgreind fyrir þennan hættuundirflokk
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Hætta	Varúð	
Hættusetning	H240: Sprengifimt við hitun	H241: Eldfimt eða sprengifimt við hitun	H242: Eldfimt við hitun	H242: Eldfimt við hitun	
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	
Varnaðarsetning Viðbrögð	V370 + V378 V370 + V380 + V375	VP370 + V378 V370 + V380 + V375	V370 + V378	V370 + V378	
Varnaðarsetning Geymsla	V403 + V235 V411 V420	V403 + V235 V411 V420	V403 + V235 V411 V420	V403 + V235 V411 V420	
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501	V501	

Engin hættuboðsatriði eru tilgreind fyrir gerð G en skoða skal eiginleika sem tilheyra öðrum hættuflokkum.

2.8.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.8.4.1. Ákvarða skal með tilraunum þá eiginleika sjálfhvarfgjarnra efna eða blandna sem eru mikilvægir fyrir flokkun þeirra . Flokkun sjálfhvarfgjarnra efna eða blandna skal fara fram í samræmi við prófunarsyrpu A til H sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, II. hluti. Aðferðinni við flokkun er lýst á mynd 2.8.1.

2.8.4.2. Ekki er þörf á að nota aðferðina við flokkun fyrir sjálfhvarfgjörn efni og blöndur ef:

a) í sameindinni eru engir efnahópar sem tengjast sprengifimum eða sjálfhvarfgjörnum eiginleikum. Dæmi um slíka hópa eru gefin í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, tafla A6.1 og A6.2 í 6. viðbæti; eða

b) áætlaður sjálfhraðandi niðurbrotshiti fyrir eitt lífrænt efni eða einsleita blöndu úr lífrænum efnum er meiri en 75°C fyrir 50 kg pakka eða útvermna sundrunarorkan er minni en 300J/g. Hægt er að áætla upphafshitastigið og niðurbrotsorkuna með því að nota viðeigandi varmamælingartækni (sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 20.3.3.3 í II. hluta).

Mynd 2.8.1

Sjálfhvarfgjörn efni og blöndur



2.9. **Loftkveikjandi vökvar**

2.9.1. ***Skilgreining***

„Loftkveikjandi vökvi“: fljótandi efni eða blanda sem, jafnvel í litlu magni, er líklegt að kvikni í innan fimm mínútna frá snertingu við andrúmsloft.

2.9.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.9.2.1. Loftkveikjandi vökvi skal flokkaður í einn undirflokk þessa flokks með því að nota prófun N.3 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.3.1.5 í III. hluta, samkvæmt töflu 2.9.1:

Tafla 2.9.1

Viðmiðanir fyrir loftkveikjandi vökva

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Það kviknar í vökvanum innan 5 mínútna þegar hann er settur á hvarftregt burðarefni í andrúmslofti eða vökvinn kveikir í eða kolar síupappír innan fimm mínútna frá snertingu við andrúmsloft.

2.9.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.9.2.

Tafla 2.9.2

Merkingaratriði fyrir loftkveikjandi vökva

Flokkun	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	
Viðvörunarorð	Hætta
Hættusetning	H250: Kviknar í sjálfkrafa við snertingu við loft
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V222 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V302 + V334 V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla	V422
Varnaðarsetning Förgun	

2.9.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.9.4.1. Ekki þarf að nota aðferðina við flokkun fyrir loftkveikjandi vökva þegar reynsla af framleiðslu eða meðhöndlun sýnir að ekki kviknar sjálfkrafa í efninu eða blöndunni við snertingu við andrúmsloft við venjulegt hitastig (þ.e. vitað er að efnið er stöðugt við stofuhita í langan tíma (daga)).

2.10. **Loftkveikjandi föst efni**

2.10.1. ***Skilgreining***

„Loftkveikjandi fast efni“: fast efni eða blanda sem, jafnvel í litlu magni, er líklegt að kvikni í innan fimm mínútna frá snertingu við andrúmsloft.

2.10.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.10.2.1. Loftkveikjandi fast efni skal flokkað í einn undirflokk þessa flokks með því að nota prófun N.2 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.3.1.4 í III. hluta, í samræmi við töflu 2.10.1:

Tafla 2.10.1

Viðmiðanir fyrir loftkveikjandi föst efni

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Það kviknar í fasta efninu innan 5 mínútna frá snertingu við andrúmsloft.

Athugasemd

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun skal efnið einnig prófað í nýja eðlisástandinu.

2.10.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.10.2.

Tafla 2.10.2

Merkingaratriði fyrir loftkveikjandi föst efni

Flokkun	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	
Viðvörunarorð	Hætta
Hættusetning	H250: Kviknar í sjálfkrafa við snertingu við loft
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V222 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V335 + V334 V370 +V378
Varnaðarsetning Geymsla	V422
Varnaðarsetning Förgun	

2.10.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.10.4.1. Ekki þarf að nota aðferðina við flokkun fyrir loftkveikjandi föst efni þegar reynsla af framleiðslu eða meðhöndlun sýnir að ekki kviknar sjálfkrafa í efninu eða blöndunni við snertingu við andrúmsloft við venjulegt hitastig (þ.e. vitað er að efnið er stöðugt við stofuhita í lengri tíma (daga)).

2.11. **Sjálfhitandi efni og blöndur**

2.11.1. ***Skilgreining***

2.11.1.1. Sjálfhitandi efni eða blanda er vökvi, fast efni eða blanda, þó ekki loftkveikjandi vökvi eða loftkveikjandi fast efni, sem líklegt er að sjálfhitni þegar efnið eða blandan hvarfast við loft og án orkugjafa; þetta efni eða þessi blanda er frábrugðin loftkveikjandi vökva eða loftkveikjandi föstu efni að því leyti að aðeins kviknar í efninu eða blöndunni þegar hún er í miklu magni (mörg kílógrömm) og eftir langan tíma (klukkustundir eða daga).

2.11.1.2. Sjálfhitun efna eða blandna, sem leiðir til sjálfsprottins bruna, verður þegar efnið eða blandan hvarfast við súrefni (í andrúmsloftinu) og hitinn, sem myndast, er ekki leiddur burt nægilega hratt út í umhverfið. Sjálfsprottinn bruni verður þegar hraði varmamyndunar er meiri en hraði varmataps og sjálfsíkviknunarhitastigi er náð.

2.11.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.11.2.1. Efni eða blanda skal flokkuð sem sjálfhitandi efni eða blanda í þessum flokki ef prófanirnar, sem fara fram í samræmi við prófunaraðferðirnar sem gefnar eru upp í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.3.1.6 í III. hluta, sýna eftirfarandi niðurstöður:

a) jákvæð niðurstaða fæst með því að nota 25 mm teningslaga sýni við 140°C,

b) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140°C og neikvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 120°C og pakka á efninu eða blöndunni í umbúðir með rúmmáli yfir 3 m^3,

c) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140 °C og neikvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 100 °C og pakka á efninu eða blöndunni í umbúðir með rúmmáli yfir 450 lítra,

d) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140°C og jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 100°C.

2.11.2.2. Sjálfhitandi efni eða blanda skal flokkuð í annan af tveimur undirflokkum þessa flokks ef niðurstaðan úr prófun, sem fram fer í samræmi við prófunaraðferð N.4 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.3.1.6 í III. hluta, uppfyllir viðmiðanirnar samkvæmt töflu 2.11.1:

Tafla 2.11.1

Viðmiðanir fyrir sjálfhitandi efni og blöndur

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 25 mm teningslaga sýni við 140°C,
2	a) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140°C og neikvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 25 mm teningslaga sýni við 140°C og pakka á efninu eða blöndunni í umbúðir með rúmmáli yfir 3 m^3, b) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140°C og neikvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 25 mm teningslaga sýni við 140°C, jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 120°C og pakka á efninu eða blöndunni í umbúðir með rúmmáli yfir 450 lítra eða c) jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 140°C og neikvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 25 mm teningslaga sýni við 140°C og jákvæð niðurstaða fæst í prófun með því að nota 100 mm teningslaga sýni við 100°C.

Athugasemd

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun skal efnið einnig prófað í nýja eðlisástandinu.

2.11.2.3. Efni og blöndur, sem eru þess eðlis að sjálfsprottinn bruni fer af stað í þeim við hitastig yfir 50°C ef rúmmál þeirra er 27 m^3, skal ekki flokka sem sjálfhitandi efni eða blöndu.

2.11.2.4. Efni og blöndur sem hafa sjálfsíkviknunarhitastig yfir 50°C ef rúmmál þeirra er 450 lítrar skulu ekki settar í 1. undirflokk þessa flokks.

2.11.3. **Hættuboð**

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.11.2.

Tafla 2.11.2

Merkingaratriði fyrir sjálfhitandi efni og blöndur

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H251: Sjálfhitandi, hætta á sjálfsíkviknun	H252: Sjálfhitandi í miklu efnismagni, hætta á sjálfsíkviknun
Varnaðarsetning Forvarnir	V235 + V410 V280	V235 + V410 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð		
Varnaðarsetning Geymsla	V407 V413 V420	V407 V413 V420
Varnaðarsetning Förgun		

2.11.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.11.4.1. Fyrir ítarlegt yfirlit yfir ákvörðunarferli við flokkun og þær prófanir sem gera skal til að fastsetja mismunandi undirflokka, sjá mynd 2.11.1.

2.11.4.2. Ekki þarf að nota aðferðina við flokkun fyrir sjálfhitandi efni eða blöndur ef hægt er með fullnægjandi hætti að tengja niðurstöðurnar úr skimunarprófun við flokkunarprófunina og ef viðeigandi öryggismörk eru notuð. Dæmi um skimunarprófanir eru:

a) Prófun í Grewer-ofni (VDI guideline 2263, Part 1, 1990, Test methods for the Determination of the Safety Characteristics of Dusts) með upphafshitastiginu 80 K yfir viðmiðunarhitastiginu fyrir 1 l rúmmál,

b) Skimunarprófun með duft í lausu (Gibson, N. Harper, D.J. Rogers, R.Evaluation of the fire and explosion risks in drying powders, Plant Operations Progress, 4 (3), 181-189, 1985) með upphafshitastiginu 60 K yfir viðmiðunarhitastiginu fyrir 1 l rúmmál.

Mynd 2.11.1

Sjálfhitandi efni og blöndur



2.12. **Efni eða blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn**

2.12.1. ***Skilgreining***

Efni eða blöndur, sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn, eru föst eða fljótandi efni eða blöndur sem líklegt er að kvikni sjálfkrafa í eða gefi frá sér eldfimar lofttegundir í hættulegu magni hvarfist þau við vatn.

2.12.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.12.2.1. Flokka skal efni eða blöndu, sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir þegar hún kemst í snertingu við vatn, í einn af þremur undirflokkum þessa flokks með því að nota prófun N.5 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 33.4.1.4 í III. hluta, í samræmi við töflu 2.12.1:

Tafla 2.12.1

Viðmiðanir fyrir efni eða blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Efni eða blöndur, sem hvarfast kröftuglega við vatn við umhverfishita og gefa frá sér lofttegund, sem kviknar yfirleitt sjálfkrafa í, eða sem hvarfast auðveldlega við vatn við umhverfishita þannig að myndunarhraði eldfimu lofttegundarinnar er jafn og eða meiri en 10 lítrar á kg efnis á mínútu.
2	Efni eða blöndur sem hvarfast auðveldlega við vatn við umhverfishita, þannig að hámarksmyndunarhraði eldfimrar lofttegundar er jafn og eða meiri en 20 lítrar á kg efnis á klukkustund, og sem uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. undirflokk.
3	Efni eða blöndur sem hvarfast hægt við vatn við umhverfishita, þannig að hámarksmyndunarhraði eldfimrar lofttegundar er jafn og eða meiri en 1 lítri á kg efnis á klukkustund, og sem uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. og 2. undirflokk.

Athugasemd:

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun verður einnig að prófa efnið í nýja eðlisástandinu.

2.12.2.2. Flokka skal efni eða blöndu sem efni eða blöndu sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn ef sjálfsíkviknun á sér stað á einhverju þrepi prófunarferlisins.

2.12.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.12.2.

Tafla 2.12.2

Merkingaratriði fyrir efni eða blöndur sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning	H260: Í snertingu við vatn myndast eldfimar lofttegundir sem er hætt við sjálfsíkviknun	H261: Eldfimar lofttegundir myndast við snertingu við vatn	H261: Eldfimar lofttegundir myndast við snertingu við vatn
Varnaðarsetning Forvarnir	V223 V231 + V232 V280	V223 V231 + V232 V280	V231 + V232 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V335 + V334 V370 + V378	V335 + V334 V370 + V378	V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla	V402 + V404	V402 + V404	V402 + V404

flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501

2.12.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.12.4.1. Ekki þarf að nota aðferðina við flokkun fyrir þennan flokk ef:

a) efnafræðileg bygging efnisins eða blöndunnar inniheldur enga málma eða málmleysingja eða

b) reynslan í tengslum við framleiðslu eða meðhöndlun sýnir að efnið eða blandan hvarfast ekki við vatn, þ.e. efnið er framleitt með vatni eða er þvegið með vatni, eða

c) vitað er að efnið eða blandan myndar stöðuga blöndu þegar hún er leyst upp í vatni.

2.13. **Oxandi vökvar**

2.13.1. ***Skilgreining***

„Oxandi vökvi“: fljótandi efni eða blanda sem getur, þótt efnið eða blandan sé ekki endilega eldfim sjálf, valdið eða stuðlað að brennslu annars efnis, yfirleitt með því að láta frá sér súrefni.

2.13.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.13.2.1. Oxandi vökvi skal flokkaður í einn af þremur undirflokkum þessa flokks með því að nota prófun O.2 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 34.4.2 í III. hluta, í samræmi við töflu 2.13.1:

Tafla 2.13.1

Viðmiðanir fyrir oxandi vökva

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 1:1 kviknar sjálfkrafa í eða sýna styttri meðalþrýstingshækkunartíma en blanda af 50% perklórsýru og sellulósa í massahlutfallinu 1:1.
2	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 1:1 sýna styttri eða sama meðalþrýstingshækkunartíma og blanda af 40% natríumklórati í vatnslausn og beðmi í massahlutfallinu 1:1 og uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. undirflokk.
3	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 1:1 sýna styttri eða sama meðalþrýstingshækkunartíma og blanda af 65% saltpéturssýru í vatnslausn og beðmi í massahlutfallinu 1:1 og uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. og 2. undirflokk.

2.13.3. **Hættuboð**

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.13.2.

Tafla 2.13.2

Merkingaratriði fyrir oxandi vökva

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning	H271: Getur valdið bruna eða sprengingu, mjög eldmyndandi (oxandi)	H272: Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)	H272: Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V220 V221 V280 V283	V210 V220 V221 V280	V210 V220 V221 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V306 + V360 V371 + V380 + V375 V370 + V378	V370 + V378	V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla			
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501

2.13.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.13.4.1. Aðferðin við flokkun fyrir þennan flokk gildir ekki fyrir lífræn efni eða blöndur:

a) ef efnið eða blandan inniheldur ekki súrefni, flúor eða klór eða

b) ef efnið eða blandan inniheldur súrefni, flúor eða klór og þessi frumefni eru aðeins bundin kolefnum eða vetni með efnatengjum.

2.13.4.2. Aðferðin við flokkun fyrir þennan flokk gildir ekki fyrir ólífræn efni eða blöndur ef þær innihalda hvorki súrefni né halógenfrumeindir.

2.13.4.3. Ef niðurstöður úr prófunum eru ekki í samræmi við þekkta reynslu af meðhöndlun og notkun efna og blandna sem sýnir að þau eru oxandi skal mat, sem byggist á þekktri reynslu, hafa forgang yfir niðurstöður úr prófunum.

2.13.4.4. Ef efni eða blöndur framkalla þrýstingshækkun (of mikla eða of litla) sem stafar af efnahvörfum og tengist ekki oxandi eiginleikum efnisins eða blöndunnar skal endurtaka prófunina, sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 34.4.2 í III. hluta, með hvarftregu efni, t.d. díatómíti (kísilgúr) í stað beðmisins til að fá skýrari mynd af eðli hvarfanna og til að kanna falsjákvæðar niðurstöður.

2.14. **Oxandi föst efni**

2.14.1. ***Skilgreining***

„Oxandi, fast efni“: fast efni eða blanda sem getur, þótt efnið eða blandan sé ekki endilega eldfim sjálf, valdið eða stuðlað að brennslu annars efnis, yfirleitt með því að láta frá sér súrefni.

2.14.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.14.2.1. Oxandi fast efni skal flokkað í einn af þremur undirflokkum þessa flokks með því að nota prófun O.1 í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 34.4.1 í III. hluta, í samræmi við töflu 2.14.1:

Tafla 2.14.1

Viðmiðanir fyrir oxandi föst efni

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 4:1 eða 1:1 sýna styttri meðalbrunatíma en blanda af kalíumbrómati og beðmi í massahlutfallinu 3:2.
2	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 4:1 eða 1:1 sýna styttri eða sama meðalbrunatíma og blanda af kalíumbrómati og beðmi í massahlutfallinu 2:3 og uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. undirflokk.
3	Efni eða blöndur sem í blöndu með beðmi í massahlutfallinu 4:1 eða 1:1 sýna sama eða styttri meðalbrunatíma en blanda af kalíumbrómati og beðmi í massahlutfallinu 3:7 og uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. og 2. undirflokk.

Athugasemd 1

Sprengihætta kann einnig að stafa af sumum oxandi föstum efnum við ákveðin skilyrði (ef þau eru geymd í miklu magni). Sumar tegundir af ammóníumnítrati geta orsakað sprengihættu við jaðarskilyrði og nota má „sprengiþolsprófun“ (5. prófun í 3. viðauka við BC-reglurnar) til að meta þessa hættu. Viðeigandi upplýsingar skulu gefnar á öryggisblaðinu.

Athugasemd 2

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun skal efnið einnig prófað í nýja eðlisástandinu.

2.14.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.14.2.

Tafla 2.14.2

Merkingaratriði fyrir oxandi, föst efni

	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning	H271: Getur valdið bruna eða sprengingu, mjög eldmyndandi (oxandi)	H272: Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)	H272: Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi)
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V220 V221 V280 V283	V210 V220 V221 V280	V210 V220 V221 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V306 + V360 V371 + V380 + V375 V370 + V378	V370 + V378	V370 + V378
Varnaðarsetning Geymsla			

	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501

2.14.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.14.4.1. Aðferðin við flokkun fyrir þennan flokk gildir ekki fyrir lífræn efni eða blöndur:

a) ef efnið eða blandan inniheldur ekki súrefni, flúor eða klór eða

b) ef efnið eða blandan inniheldur súrefni, flúor eða klór og þessi frumefni eru aðeins bundin kolefnum eða vetni með efnatengjum.

2.14.4.2. Aðferðin við flokkun fyrir þennan flokk gildir ekki fyrir ólífræn efni eða blöndur ef þær innihalda hvorki súrefni né halógenfrumeindir.

2.14.4.3. Ef niðurstöður úr prófunum eru ekki í samræmi við þekkta reynslu af meðhöndlun og notkun efna og blandna sem sýnir að þau eru oxandi skal mat. sem byggir á þekktri reynslu, hafa forgang yfir niðurstöður úr prófunum.

2.15. **Lífræn peroxíð**

2.15.1. ***Skilgreining***

2.15.1.1. „Lífræn peroxíð“: fljótandi eða föst lífræn efni sem innihalda tvígilda -O-O- byggingu og sem líta má á sem afleiður vetnisperoxíðs þar sem lífrænar stoðeindir koma í staðinn fyrir annað vetnisatómið eða bæði. Hugtakið lífrænt peroxíð tekur til lífrænna peroxíðblandna (samsetninga) sem innihalda a.m.k. eitt lífrænt peroxíð. Lífræn peroxíð eru hitaóstöðug efni eða blöndur sem geta orðið fyrir útvermnu, sjálfhraðandi niðurbroti. Auk þess geta þau haft einn eða fleiri af eftirfarandi eiginleikum:

i. eru líkleg til að sundrast með sprengingu,

ii. brenna hratt,

iii. eru viðkvæm fyrir höggum eða núningi,

iv. hvarfast hættulega við önnur efni.

2.15.1.2. Lífrænt peroxíð er talið búa yfir sprengifimum eiginleikum þegar blandan (samsetningin) sýnir við prófun á rannsóknarstofu að hún hafi tilhneigingu til að springa, brenna hratt eða sýna kröftug áhrif þegar hún er hituð í lokuðu rými.

2.15.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.15.2.1. Öll lífræn peroxíð skulu metin með tilliti til flokkunar í þennan flokk nema þau innihaldi:

a) ekki meira en 1,0% af virku súrefni úr lífrænum peroxíðum þegar þau innihalda ekki meira en 1,0% af vetnisperoxíði eða

b) ekki meira en 0,5% af virku súrefni úr lífrænum peroxíðum þegar þau innihalda meira en 1,0% af vetnisperoxíði en ekki meira en 7,0%.

Athugasemd

Magn virks súrefnis (í hundraðshlutum) í blöndu með lífrænu peroxíði fæst með formúlunni:

$(\Sigma^{n}_{i})((n_i \times c_i)/(m_i))$

$$16 \times \sum_{i}^{n} \left(\frac{n_i \times c_i}{m_i} \right)$$

þar sem:

n_i = fjöldi peroxíðhópa á sameind í lífræna peroxíðinu „i“,

c_i = styrkur lífræna peroxíðsins „i“ (massahlutfall)

m_i = mólmassi lífræna peroxíðsins „i“.

2.15.2.2. Flokka skal lífræn peroxíð í einn af sjö undirflokkum af „gerðum A til G“ í þessum flokki í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) öll lífræn peroxíð sem geta sprungið eða brunnið hratt í umbúðunum skal skilgreina sem lífræn peroxíð af GERÐ A,

b) öll lífræn peroxíð, sem hafa eldfima eiginleika og sem hvorki springa né brenna hratt í umbúðunum en sem líklegt er að verði fyrir varmasprengingu í þessum umbúðum, skal skilgreina sem lífræn peroxíð af GERÐ B,

c) öll lífræn peroxíð, sem hafa sprengifima eiginleika en geta ekki sprungið eða brunnið hratt eða orðið fyrir varmasprengingu í umbúðunum, skal skilgreina sem lífrænt peroxíð af GERÐ C,

d) öll lífræn peroxíð sem við prófun á rannsóknarstofu:

i. springa að hluta til, brenna ekki hratt og sýna ekki kröftug áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými eða

ii. springa alls ekki, brenna hægt og sýna ekki kröftug áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými eða

iii. springa eða brenna alls ekki og sýna miðlungs áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými,

skulu skilgreind sem lífræn peroxíð af GERÐ D,

e) öll lífræn peroxíð sem springa og brenna alls ekki við prófun á rannsóknarstofu og sýna lítil eða engin áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými skulu skilgreind sem lífræn peroxíð af GERÐ E,

f) öll lífræn peroxíð, sem við prófun á rannsóknarstofu springa hvorki, þegar örholrúm hafa verið framkölluð í efninu, né brenna yfirhöfuð og sýna aðeins lítil eða engin áhrif þegar þau eru hituð í lokuðu rými sem og lítinn eða engan sprengikraft, skulu skilgreind sem lífræn peroxíð af GERÐ F,

g) öll lífræn peroxíð, sem við prófun á rannsóknarstofu springa hvorki, þegar örholrúm hafa verið framkölluð í efninu, né brenna yfirhöfuð og sýna engin áhrif við hitun í lokuðu rými né heldur sprengikraft, að því tilskildu að þau séu hitastöðug, þ.e. sjálfhraðandi niðurbrotshiti sé 60°C eða meiri fyrir 50 kg pakka ([1]) og, þegar um er að ræða fljótandi blöndur, að notað sé þynningarefni til óvirkjunar sem er ekki með lægra suðumarki en 150°C, skulu skilgreind sem lífræn peroxíð af GERÐ G. Ef lífrænt peroxíð er ekki hitastöðugt eða ef þynningarefni sem hefur suðumark undir 150°C er notað til óvirkjunar skal lífræna peroxíðið skilgreint sem lífrænt peroxíð af GERÐ F.

Ef prófunin fer fram í umbúðunum og umbúðunum er breytt skal önnur prófun fara fram ef talið er að breyting á umbúðunum hafi áhrif á niðurstöður prófunarinnar.

2.15.2.3. *Viðmiðanir fyrir hitastýringu*

Fyrir eftirfarandi lífræn peroxíð þarf hitastýringu:

a) lífræn peroxíð, gerðir B og C, með sjálfhraðandi niðurbrotshita ≤ 50 °C,

b) lífræn peroxíð, gerð D, sem sýna miðlungsáhrif við hitun í lokuðu rými ([2]) með sjálfhraðandi niðurbrotshita ≤ 50 °C eða sem sýna lítil eða engin áhrif við hitun í lokuðu rými með sjálfhraðandi niðurbrotshita ≤ 45 °C og

c) lífræn peroxíð, gerðir E og F, með sjálfhraðandi niðurbrotshita ≤ 45 °C,

([1]) ([1]) Sjá tilmæli SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liðir 28.1, 28.2 og 28.3 og tafla 28.3.

([2]) Eins og ákvarðað er með prófunarsyrpu E sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, II. hluti.

Prófunaraðferðirnar til að ákvarða sjálfhraðandi niðurbrotshita, sem og útreikning á stýri- og neyðarhitastigi, eru gefnar upp í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 28. liður í II. hluta. Prófunin, sem er valin, skal fara fram með viðeigandi hætti, bæði að því er varðar stærð og efni umbúðanna.

2.15.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.15.1.

Tafla 2.15.1

Merkingaratriði fyrir lífræn peroxíð

Flokkun	Gerð A	Gerð B	Gerðir C og D	Gerðir E og F	Gerð G
HSK-hættumerki					Engin merkingaratriði eru tilgreind fyrir þennan hættuundirflokk
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Hætta	Varúð	
Hættusetning	H240: Sprengifimt við hitun	H241: Eldfimt eða sprengifimt við hitun	H242: Eldfimt við hitun	H242: Eldfimt við hitun	
Varnaðarsetning Forvarnir	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	V210 V220 V234 V280	
Varnaðarsetning Viðbrögð					
Varnaðarsetning Geymsla	V411 + V235 V410 V420	V411 + V235 V410 V420	V411 + V235 V410 V420	V411 + V235 V410 V420	
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501	V501	V501	

Engin hættuboðsatriði eru tilgreind fyrir gerð G en skoða skal eiginleika sem tilheyra öðrum hættuflokkum.

2.15.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.15.4.1. Lífræn peroxíð eru flokkuð samkvæmt skilgreiningu á grundvelli efnafræðilegrar byggingar þeirra og virku súrefnis- og vetnisperoxíðsinnihaldi blöndunnar (sjá lið 2.15.2.1). Ákvarða skal með tilraunum þá eiginleika lífrænna peroxíða sem eru nauðsynlegir fyrir flokkun þeirra. Flokkun lífrænna peroxíða skal fara fram í samræmi við prófunarsyrpu A til H sem lýst er í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, II. hluti. Aðferðinni við flokkun er lýst á mynd 2.15.1.

2.15.4.2. Blöndur af lífrænum peroxíðum, sem hafa þegar verið flokkuð, má flokka sem sömu tegund lífræns peroxíðs og hættulegasti efnisþátturinn. Þar sem tveir stöðugir efnisþættir geta myndað blöndu sem er ekki jafn hitastöðug skal sjálfhraðandi niðurbrotshiti blöndunnar ákvarðaður.

Athugasemd: Summa einstakra hluta getur verið hættulegri en einstakir efnisþættir.

Mynd 2.15.1

Lífræn peroxíð



2.16. **Ætandi fyrir málma**

2.16.1. ***Skilgreining***

„Efni eða blanda sem er ætandi fyrir málma“: efni eða blanda sem skaðar málma með efnahvarfi eða eyðileggur þá jafnvel alveg.

2.16.2. ***Flokkunarviðmiðanir***

2.16.2.1. Flokka skal efni eða blöndu, sem er ætandi fyrir málma, í einn undirflokk þessa flokks með því að nota prófunina í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 37.4 í III. hluta, í samræmi við töflu 2.16.1:

Tafla 2.16.1

Viðmiðanir fyrir efni og blöndur sem eru ætandi fyrir málma

Undirflokkur	Viðmiðanir
1	Ætingarhraði á yfirborði stáls eða áls fer yfir 6,25 mm á ári við prófunarhitastigið 55°C þegar bæði efnin eru prófuð.

Athugasemd

Þegar upphafsprófun á annaðhvort stáli eða áli gefur til kynna að efnið eða blandan, sem verið er að prófa, sé ætandi er ekki þörf á framhaldsprófun á hinum málminum.

2.16.3. ***Hættuboð***

Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 2.16.2.

Tafla 2.16.2

Viðmiðanir fyrir efni og blöndur sem eru ætandi fyrir málma

Flokkun	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	
Viðvörunarorð	Varúð
Hættusetning	H290: Getur verið ætandi fyrir málma
Varnaðarsetning Forvarnir	V234
Varnaðarsetning Viðbrögð	V390
Varnaðarsetning Geymsla	V406
Varnaðarsetning Förgun	

2.16.4. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

2.16.4.1. Hægt er að mæla ætingarhraðann með prófunaraðferðinni í tilmælum SÞ um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, liður 37.4 í III. hluta. Sýnið, sem nota skal í prófuninni, skal samsett úr eftirfarandi efnum:

a) Við prófun á stáli, ráltegundir

— S235JR+CR (1.0037 St 37-2),

— S275J2G3+CR (1.0144 St 44-3), ISO 3574, með áorðnum breytingum, Unified Numbering System (UNS) G 10200, eða SAE 1020;

b) Við prófun á áli: óhúðaðar tegundir 7075-T6 eða AZ5GU-T6.

3. 3. HLUTI: HEILBRIGÐISHÆTTUR

3.1. **Bráð eiturhrif**

3.1.1. ***Skilgreiningar***

3.1.1.1. „Bráð eiturhrif“: skaðleg áhrif sem koma fram eftir inngjöf um munn eða áburð á húð á einum skammti af efni eða blöndu eða mörgum skömmtum á innan við 24 klukkustundum eða eftir váhrif við innöndun í 4 klukkustundir.

3.1.1.2. Hættuflokknum „bráð eiturhrif“ er skipt í áhrifategundirnar:

— bráð eiturhrif við inntöku,

— bráð eiturhrif um húð,

— bráð eiturhrif við innöndun.

3.1.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna sem valda bráðum eiturhrifum***

3.1.2.1. Efnin má setja í einn af fjórum undirflokkum fyrir eiturhrif á grundvelli bráðra eiturhrifa eftir íkomuleið um munn, um húð eða við innöndun í samræmi við tölulegu viðmiðanirnar sem sýndar eru í töflu 3.1.1. Gildin fyrir bráð eiturhrif eru gefin upp sem áætluð LD_{50}-gildi (um munn, um húð) eða LC_{50}-gildi (við innöndun) eða sem matsgildi bráðra eiturhrifa (e. acute toxicity estimates (ATE)). Athugasemdir með útskýringum eru fyrir aftan töflu 3.1.1.

Tafla 3.1.1

Hættuundirflokkar fyrir bráð eiturhrif og matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE) sem afmarka viðkomandi undirflokka

Váhrifaleið	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
Um munn (mg/kg líkamsþyngdar) Sjá athugasemd a)	ATE ≤ 5	5 < ATE ≤ 50	50 < ATE ≤ 300	300 < ATE ≤ 2000
Um húð (mg/kg líkamsþyngdar) Sjá athugasemd a)	ATE ≤ 50	50 < ATE ≤ 200	200 < ATE ≤ 1000	1000 < ATE ≤ 2000
Lofttegundir (ppmV ([1])) sjá: athugasemd a) athugasemd b)	ATE ≤ 100	100 < ATE ≤ 500	500 < ATE ≤ 2500	2500 < ATE ≤ 20000
Gufur (mg/l) sjá: athugasemd a) athugasemd b) athugasemd c)	ATE ≤ 0,5	0,5 < ATE ≤ 2,0	2,0 < ATE ≤ 10,0	10,0 < ATE ≤ 20,0
Ryk og úði (mg/l) sjá: athugasemd a) athugasemd b)	ATE ≤ 0,05	0,05 < ATE ≤ 0,5	0,5 < ATE ≤ 1,0	1,0 < ATE ≤ 5,0

([1]) Styrkleiki lofttegunda er gefinn upp í milljónarhlutum miðað við rúmmál (ppmV).

Athugasemdir við töflu 3.1.1

a) Matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir flokkun efnis eða innihaldsefni í blöndu er fengið með því að nota:

— LD_{50}–/LC_{50}–gildi ef slík gögn liggja fyrir,

— viðeigandi umreikningsgildi úr töflu 3.1.2 sem tengist niðurstöðum úr skammtastærðarannsókn eða

— viðeigandi umreikningsgildi úr töflu 3.1.2 sem tengist hættuundirflokki.

b) Almenn styrkleikamörk fyrir eiturhrif við innöndun í töflunni byggjast á váhrifum í fjórar klukkustundir. Umreikna má fyrirliggjandi gögn um eiturhrif við innöndun, sem byggjast á váhrifum í eina klukkustund, með því að deila með tveimur fyrir lofttegundir og gufur og deila með fjórum fyrir ryk og úða.

c) Að því er varðar sum efni eða blöndur er prófunarloftið ekki bara gufa heldur samsett af blöndu af vökva- og gufufasa. Að því er varðar önnur efni eða blöndur getur prófunarloftið verið samsett af gufu sem er nálægt gasfasanum. Í síðari tilvikunum skal flokkun byggð á eftirfarandi ppmV-gildum (milljónarhlutum miðað við rúmmál): 1. undirflokkur (100 ppmV), 2. undirflokkur (500 ppmV), 3. undirflokkur (2500 ppmV), 4. undirflokkur (20 000 ppmV).

Hugtökin „ryk“, „úði“ og „gufa“ eru skilgreind sem hér segir:

— Ryk: fastar agnir efnis eða blöndu sem svífa í lofttegund (yfirleitt lofti),

— Úði: fljótandi dropar efnis eða blöndu sem svífa í lofttegund (yfirleitt lofti),

— Gufa: loftkennt ástand efnis eða blöndu sem fljótandi eða fast form efnisins eða blöndunnar gefur frá sér.

Ryk myndast yfirleitt við vélræna vinnslu. Úði myndast yfirleitt við þéttingu yfirmettaðrar gufu eða með tvístrun (e. physical shearing) vökva. Agnarstærð ryks og úða er yfirleitt frá því að vera undir 1 til u.þ.b. 100 μm.

3.1.2.2. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til við flokkun efna sem valda bráðum eiturhrifum*

3.1.2.2.1. Ákjósanlegast er að nota rottur sem prófunartegund þegar verið er að meta bráð eiturhrif þar sem ákomuleiðin er um munn og við innöndun en rottur eða kanínur eru ákjósanlegastar þegar meta á bráð eiturhrif um húð. Ef tilraunagögn liggja fyrir um bráð eiturhrif fyrir ýmsar dýrategundir skal vísindalegt mat notað til að velja heppilegasta LD_{50}-gildið úr fullnægjandi, vel útfærðum prófunum.

3.1.2.3. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til við flokkun efna sem valda bráðum eiturhrifum þar sem ákomuleiðin er innöndun*

3.1.2.3.1. Einingarnar fyrir eiturhrif við innöndun fara eftir formi efnisins sem andað er inn. Gildi fyrir ryk og úða eru gefin upp í mg/l. Gildi fyrir lofttegundir eru gefin upp í milljónarhlutum miðað við rúmmál (ppmV). Erfitt er að prófa gufur þar eð sumar þeirra eru blanda af vökva- og gufufasa og því eru gildin í töflunni gefin upp í einingunni mg/l. Þegar um er að ræða gufur sem eru nálægt gasfasanum skal flokkun byggð á milljónarhlutum miðað við rúmmál.

3.1.2.3.2. Við flokkun á eiturhrifum við innöndun er mjög mikilvægt, þegar um er að ræða ryk og úða, að nota vel skilgreind gildi í undirflokkunum fyrir mikil eiturhrif. Ef loftfræðilegt meðalmassaþvermál agna, sem andað er inn, er milli 1 og 4 míkron munu agnirnar setjast að í öllum hlutum öndunarfæra rottunnar. Þetta stærðarbil agnanna samsvarar hámarksskammti sem er u.þ.b. 2 mg/l. Til þess að hægt sé að nota niðurstöður úr dýratilraunum á váhrif á menn er ákjósanlegt að ryk og úðar á þessu bili séu prófuð á rottum.

3.1.2.3.3. Til viðbótar við flokkun með tilliti til eiturhrifa við innöndun skal efnið eða blandan einnig merkt „ætandi fyrir öndunarfærin“ (sjá 1. aths. í lið 3.1.4.1) ef fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að gangvirki eiturhrifanna felist í ætingu. Æting öndunarfæra er skilgreind sem eyðilegging á vef í öndunarfærum eftir eitt afmarkað tímabil váhrifa sem líkjast húðætingu, þ.m.t eyðilegging á slímhúðinni. Mat á ætingarmætti getur grundvallast á sérfræðiáliti sem styðst við vísbendingar á borð við reynslu manna og dýra, fyrirliggjandi gögn (úr prófunum í glasi), pH-gildi, upplýsingar um svipuð efni eða önnur viðeigandi gögn.

3.1.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna sem valda bráðum eiturhrifum***

3.1.3.1. Viðmiðanirnar fyrir flokkun efna með tilliti til bráðra eiturhrifa, eins og þeim er lýst í lið 3.1.2, grundvallast á gögnum um banaskammt (prófunargögnum eða afleiddum gögnum). Fyrir blöndur er nauðsynlegt að afla eða leiða út upplýsingar sem gera kleift að nota viðmiðanirnar á blönduna í því skyni að flokka hana. Aðferðin við flokkun með tilliti til bráðra eiturhrifa er stigskipt og er háð því magni af upplýsingum sem eru tiltækar fyrir sjálfa blönduna og innihaldsefni hennar. Ferlinu, sem á að fylgja, er lýst í flæðiritinu á mynd 3.1.1.

3.1.3.2. Við flokkun á blöndum með tilliti til bráðra eiturhrifa skal hver váhrifaleið könnuð en aðeins þarf eina váhrifaleið svo framarlega sem þessari leið er fylgt (með mati eða prófun) fyrir öll innihaldsefni blöndunnar. Ef bráð eiturhrif eru ákvörðuð fyrir fleiri en eina váhrifaleið skal nota hættuundirflokkinn fyrir alvarlegustu hættuna. Hafa skal allar fyrirliggjandi upplýsingar til hliðsjónar og allar viðeigandi váhrifaleiðir skulu kortlagðar svo hægt sé að tilgreina þær í hættuboðinu.

3.1.3.3. Til þess að nýta öll fyrirliggjandi gögn í því skyni að flokka þær hættur sem stafa af blöndunum þarf að vera búið að draga tilteknar ályktanir sem gengið er út frá, eftir því sem við á, í stigskiptu aðferðinni:

a) „Innihaldsefni sem skipta máli“ í blöndu eru þau sem eru í blöndunni í a.m.k. 1% styrkleika (massahlutfall (e. w/w) fyrir föst efni, vökva, ryk, úða og gufur og rúmmálshlutfall (e. v/v) fyrir lofttegundir) nema ástæða sé til að ætla að innihaldsefni, sem er í blöndunni í minna en 1% styrkleika, skipti samt máli fyrir flokkun blöndunnar með tilliti til bráðra eiturhrifa (sjá töflu 1.1).

b) Ef blanda, sem hefur verið flokkuð, er notuð sem innihaldsefni í aðra blöndu má nota raunverulegt eða afleitt matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE) fyrir þá blöndu þegar flokkun á nýju blöndunni er reiknuð út með því að nota formúlurnar í liðum 3.1.3.6.1 og 3.1.3.6.2.3.

Mynd 3.1.1

Stigskipt aðferð við flokkun blandna með tilliti til bráðra eiturhrifa



3.1.3.4. *Flokkun blandna þegar gögn um bráð eiturhrif liggja fyrir um blönduna í heild*

3.1.3.4.1. Hafi blandan sjálf verið prófuð til að ákvarða bráð eiturhrif hennar skal hún flokkuð eftir sömu viðmiðunum og notaðar eru fyrir efni og sem sýndar eru í töflu 3.1.1. Ef prófunargögn fyrir blönduna liggja ekki fyrir skal aðferðunum, sem settar eru fram í liðum 3.1.3.5 og 3.1.3.6, fylgt.

3.1.3.5. *Flokkun blandna þegar gögn um bráð eiturhrif liggja fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.1.3.5.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna af bráðum eiturhrifum hennar en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.1.3.5.2. Ef blanda er þynnt með vatni eða öðru algerlega óeitruðu efni er hægt að reikna út eiturhrif blöndunnar með prófunargögnum um óþynntu blönduna.

3.1.3.6. *Flokkun blandna sem byggist á innihaldsefnum blöndunnar (samlegðarformúla)*

3.1.3.6.1. Gögn um öll innihaldsefnin liggja fyrir

Til að tryggja að flokkun blöndunnar sé nákvæm og að útreikninginn þurfi aðeins að framkvæma einu sinni fyrir öll kerfi, svið og undirflokka skal meðhöndla matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE) fyrir innihaldsefnin á eftirfarandi hátt:

a) Innihaldsefni með þekkt bráð eiturhrif, sem falla undir einhvern þeirra undirflokka fyrir bráð eiturhrif sem sýndir eru í töflu 3.1.1, eru tekin með.

b) Innihaldsefnum, sem teljast ekki hafa bráð eiturhrif (t.d. vatn og sykur), er sleppt.

c) Ef markprófun með inntöku sýnir ekki bráð eiturhrif við 2000 mg/kg líkamsþyngdar skal innihaldsefnum sleppt.

Innihaldsefni, sem falla undir gildissvið þessa liðar, teljast vera innihaldsefni með þekkt matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE).

Matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir blönduna er ákvarðað með því að reikna út frá matsgildum bráðra eiturhrifa fyrir öll innihaldsefni, sem skipta máli, í samræmi við eftirfarandi formúlu fyrir eiturhrif við inntöku, um húð eða við innöndun:

$$\frac{100}{ATE_{blöndu}} = \sum_{n} \frac{C_i}{ATE_i}$$

þar sem:

C_i = styrkur innihaldsefnisins „i“ (% massahlutfall (w/w) eða % rúmmálshlutfall (v/v))

i = einstök innihaldsefni frá 1 til n

n = fjöldi innihaldsefna

ATE_i = matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir innihaldsefni „i“.

3.1.3.6.2. Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um alla efnisþætti

3.1.3.6.2.1. Þegar ekki liggur fyrir matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE) fyrir einstök innihaldsefni blöndunnar en fyrirliggjandi upplýsingar, eins og þær sem eru tilgreindar hér aftar, geta gefið afleidd umreikningsgildi, eins og sett eru fram í töflu 3.1.2, skal nota formúluna í lið 3.1.3.6.1.

Þetta nær yfir mat á:

a) framreikningi milli matsgilda bráðra eiturhrifa við inntöku, um húð og við innöndun ([1]). Slíkt mat gæti krafist viðeigandi gagna um lyfhrif og lyfjahvörf,

b) vísbendingum um váhrif á menn sem gefa til kynna eiturhrif en veita ekki upplýsingar um banaskammt,

c) vísbendingum úr öðrum eiturhrifaprófunum/-rannsóknum sem liggja fyrir um efnið og gefa til kynna bráð eiturhrif en veita ekki endilega upplýsingar um banaskammt eða

d) gögnum um mjög hliðstæð efni að byggingu, með því að nota vensl efnabyggingar og virkni.

([1]) Þegar um er að ræða innihaldsefni með þekktum matsgildum bráðra eiturhrifa fyrir aðrar váhrifaleiðir en þá heppilegustu má framreikna gildin fyrir heppilegustu váhrifaleiðina út frá fyrirliggjandi váhrifaleið eða -leiðum. Ekki er alltaf krafist gagna fyrir innhaldsefni um íkomuleið um húð og við innöndun. Þegar kröfur um gögn fyrir tiltekin innihaldsefni ná yfir matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir íkomuleið um húð og við innöndun skulu gildin, sem notuð eru í formúlunni, þó koma frá þeirri váhrifaleið sem er krafist.

Þessi aðferð útheimtir yfirleitt mjög umfangsmiklar tæknilegar upplýsingar til viðbótar og sérfræðing sem er með mikla menntun og reynslu (sjá lið 1.1.1 um sérfræðiálit) til að meta bráð eiturhrif með áreiðanlegum hætti. Séu slíkar upplýsingar ekki tiltækar skal halda áfram að lið 3.1.3.6.2.3.

3.1.3.6.2.2. Ef innihaldsefni, sem engar nothæfar upplýsingar eru um, er notað í blöndu í styrk sem er a.m.k. 1% er niðurstaðan sú að ekki sé hægt að tilgreina endanlegt matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir blönduna. Þegar svo er skal blandan eingöngu flokkuð á grundvelli þekktra innihaldsefna ásamt þeirri viðbótaryfirlýsingu að x% blöndunnar eru eitt eða fleiri innihaldsefni sem hafa óþekkt eiturhrif.

3.1.3.6.2.3. Ef heildarstyrkur innihaldsefnisins eða -efnanna, sem hafa óþekkt bráð eiturhrif, er ≤ 10% skal nota formúluna sem sett er fram í lið 3.1.3.6.1. Ef heildarstyrkur innihaldsefnisins eða -efnanna, sem hafa óþekkt eiturhrif, er > 10% skal formúlan, sem sett er fram í lið 3.1.3.6.1, leiðrétt, með tilliti til heildarhlutfalls óþekkta innihaldsefnisins eða -efnanna, með eftirfarandi hætti:

$$\frac{100 - (\sum C_{\text{óþekkt ef}} > 10\%)}{ATE_{\text{blöndu}}} = \sum_{n} \frac{C_i}{ATE_i}$$

Tafla 3.1.2

Umreikningur á gildum, sem fengin eru með tilraunum, fyrir styrkbil bráðra eiturhrifa (eða hættuundirflokka bráðra eiturhrifa) yfir í punktmat bráðra eiturhrifa, til flokkunar á viðeigandi váhrifaleiðum

Váhrifaleiðir	Undirflokkur eða mat, sem fengið er með tilraunum, á styrkbili bráðra eiturhrifa	Umreiknað punktmat bráðra eiturhrifa (sjá 1. athugasemd 1)
Um munn (mg/kg líkamsþyngdar)	0 < 1. undirflokkur ≤ 5 5 < 2. undirflokkur ≤ 50 50 < 3. undirflokkur ≤ 300 300 < 4. undirflokkur ≤ 2000	0,5 5 100 500
Um húð (mg/kg líkamsþyngdar)	0 < 1. undirflokkur ≤ 50 50 < 2. undirflokkur ≤ 200 200 < 3. undirflokkur ≤ 1000 1000 < 4. undirflokkur ≤ 2000	5 50 300 1100
Lofttegundir (milljónarhlutar miðað við rúmmál)	0 < 1. undirflokkur ≤ 100 100 < 2. undirflokkur ≤ 500 500 < 3. undirflokkur ≤ 2500 2500 < 4. undirflokkur ≤ 20000	10 100 700 4500
Gufur (mg/l)	0 < 1. undirflokkur ≤ 0,5 0,5 < 2. undirflokkur ≤ 2,0 2,0 < 3. undirflokkur ≤ 10,0 10,0 < 4. undirflokkur ≤ 20,0	0,05 0,5 3 11
Ryk/úði (mg/l)	0 < 1. undirflokkur ≤ 0,05 0,05 < 2. undirflokkur ≤ 0,5 0,5 < 3. undirflokkur ≤ 1,0 1,0 < 4. undirflokkur ≤ 5,0	0,005 0,05 0,5 1,5

1. athugasemd

Þessi gildi eru ætluð til notkunar við útreikning á matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir flokkun blöndu á grundvelli efnisþátta hennar og eru ekki prófunarniðurstöður.

3.1.4. ***Hættuboð***

3.1.4.1. Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 3.1.3.

Tafla 3.1.3

Merkingaratriði fyrir bráð eiturhrif

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
HSK-hættumerki				
Viðvörunarorð	Hætta	Hætta	Hætta	Varúð
Hættusetning: Við inntöku	H300: Banvænt við inntöku	H300: Banvænt við inntöku	H301: Eitrað við inntöku	H302: Hættulegt við inntöku
Um húð	H310: Banvænt í snertingu við húð	H310: Banvænt í snertingu við húð	H311: Eitrað í snertingu við húð	H312: Hættulegt í snertingu við húð
Innöndun (sjá 1. athugasemd)	H330: Banvænt við innöndun	H330: Banvænt við innöndun	H331: Eitrað við innöndun	H332: Hættulegt við innöndun
Varnaðarsetning Forvarnir (við inntöku)	V264 V270	V264 V270	V264 V270	V264 V270
Varnaðarsetning Viðbrögð (við inntöku)	V301 + V310 V321 V330	V301 + V310 V321 V330	V301 + P310 V321 V330	V301 + V312 V330
Varnaðarsetning Geymsla (við inntöku)	V405	V405	V405	
Varnaðarsetning Förgun (við inntöku)	V501	V501	V501	V501
Varnaðarsetning Forvarnir (um húð)	V262 V264 V270 V280	V262 V264 V270 V280	V280	V280
Varnaðarsetning Viðbrögð (um húð)	V302 + V350 V310 V322 V361 V363	V302 + V350 V310 V322 V361 V363	V302 + V352 V312 V322 V361 V363	V302 + V352 V312 V322 V363
Varnaðarsetning Geymsla (um húð)	V405	V405	V405	
Varnaðarsetning Förgun (um húð)	V501	V501	V501	V501
Varnaðarsetning Forvarnir (við innöndun)	V260 V271 V284	V260 V271 V284	V261 V271	V261 V271
Varnaðarsetning Viðbrögð (við innöndun)	V304 + V340 V310 V320	V304 + V340 V310 V320	V304 + V340 V311 V321	V304 + V340 V312
Varnaðarsetning Geymsla (við innöndun)	V403 + V233 V405	V403 + V233 V405	V403 + V233 V405	
Varnaðarsetning Förgun (við innöndun)	V501	V501	V501	

1. athugasemd

Til viðbótar við flokkun með tilliti til eiturhrifa við innöndun skal efnið eða blandan einnig flokkuð sem ESB-H071: „ætandi fyrir öndunarfærin“, sjá ráðleggingu í lið 3.1.2.3.3, ef fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að gangvirki eiturhrifanna felist í ætingu.

Til viðbótar við viðeigandi hættumerki fyrir bráð eiturhrif má bæta við hættumerki fyrir ætingu (notað fyrir húð- og augnætingu) ásamt setningunni „ætandi fyrir öndunarfærin“.

2. athugasemd

Ef innihaldsefni, sem engar nothæfar upplýsingar eru um, er notað í blöndu í styrk sem er a.m.k. 1% skal blandan merkt með viðbótarsetningu um að „x% blöndunnar eru eitt eða fleiri innihaldsefni sem hafa óþekkt eiturhrif“ — sjá ráðleggingu í 3.1.3.6.2.2.

3.2. **Húðæting/húðerting**

3.2.1. ***Skilgreiningar***

3.2.1.1. „Húðæting“: varanleg skemmd í húð sem kemur fram eftir að prófunarefni hefur verið á húðinni í allt að 4 klukkustundir, þ.e. sýnilegt drep sem nær í gegnum húðþekjuna og niður í leðurhúðina. Ætandi svörun einkennist af sárum, blæðingu, blæðandi hrúðri og, í lok 14 daga athugunartímabilsins, upplitun þegar húðin fölnar, hárlausum blettum og örum. Til greina kemur að gera vefjameinafræðilegar athuganir til að meta vefjaskemmdir sem vafi leikur á um.

„Húðerting“: skemmd í húð sem kemur fram eftir að prófunarefnið hefur verið á húðinni í allt að 4 klukkustundir og getur gengið til baka.

3.2.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.2.2.1. Taka þarf tillit til margra þátta við ákvörðun á ætingar- og ertingarmætti efna áður en prófun fer fram. Föst efni (duft) geta orðið ætandi eða ertandi þegar þau eru vætt eða komast í snertingu við raka húð eða slímhimnu. Fyrst skal greina áhrif á menn og dýr samkvæmt reynslu og fyrirliggjandi gögnum vegna váhrifa í eitt skipti eða vegna endurtekinna váhrifa þar eð þessi gögn veita beinar upplýsingar um áhrif á húð. Einnig má nota fullgiltar og samþykktar prófanir í glasi til að taka ákvörðun um flokkun (sjá 5. gr.). Í sumum tilvikum gætu legið fyrir nægar upplýsingar um efnasambönd, sem eru skyld að byggingu, til að hægt sé að taka ákvörðun um flokkun.

3.2.2.2. Einnig geta óvenjulega há eða lág pH-gildi, eins og ≤ 2 og $\geq 11,5$, bent til mögulegra áhrifa á húð, einkum þegar jafnarýmd er þekkt, þó svo að það sé ekki fullkomin samsvörun. Yfirleitt er búist við því að slík efni hafi mikil áhrif á húðina. Ef mat á sýru- eða basaforðanum gefur til kynna að efnið sé ekki ætandi, þrátt fyrir hátt eða lágt pH-gildi, skal framkvæma frekari prófanir því til staðfestingar, einkum með því að nota viðeigandi og fullgilta prófun í glasi.

3.2.2.3. Ef efni er mjög eitrað við íkomu um húð er ekki hægt að framkvæma húðertingar- eða húðætingarrannsókn þar eð það magn prófunarefnis, sem nota þarf, fer töluvert yfir eiturskammtinn og leiðir til þess að dýrin deyja. Þegar húðerting eða -æting er athuguð í rannsóknum á bráðum eiturhrifum og með háskammti er ekki þörf á frekari prófunum, að því tilskildu að þynningarnar, sem eru notaðar, og dýrategundirnar, sem eru prófaðar, séu jafngildar.

3.2.2.4. Nota skal allar framangreindar upplýsingar sem liggja fyrir um efni til að ákvarða þörfina á prófun í lífi á húðertingu.

Þó að e.t.v. megi afla upplýsinga með mati á einstökum þáttum innan stigs (sjá lið 3.2.2.5), t.d. skulu ætandi basar með mjög hátt pH-gildi taldir húðætandi efni, er gagnlegt að meta allar fyrirliggjandi upplýsingar í heild sinni og taka ákvörðun sem byggist á heildarvægi rökstuddra vísbendinga. Þetta á einkum við þegar upplýsingar liggja fyrir um suma en ekki alla þættina. Almennt skal aðaláherslan lögð á áhrif á menn samkvæmt reynslu og fyrirliggjandi gögnum, því næst áhrif á dýr samkvæmt reynslu og gögnum úr dýraprófunum og að lokum upplýsingar samkvæmt öðrum heimildum en þó er nauðsynlegt að taka ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig.

3.2.2.5. Íhuga skal stigskipta aðferð við matið á frumupplýsingum, eftir atvikum, með það í huga að ekki er víst að allir þættir eigi við í sumum tilvikum.

3.2.2.6. *Æting*

3.2.2.6.1. Efni skal flokkað sem ætandi á grundvelli niðurstaðna úr dýrarannsóknum eins og sýnt er í töflu 3.2.1. Ætandi efni er efni sem veldur vefjaskemmdum í húð, þ.e. sýnilegu drepi sem nær í gegnum húðþekjuna og niður í leðurhúðina hjá a.m.k. 1 dýri, sem prófun er gerð á, eftir váhrif í 4 klukkustundir. Ætandi svörun einkennist af sárum, blæðingu, blæðandi hrúðri og, í lok 14 daga athugunartímabilsins, upplitun þegar húðin fölnar, hárlausum blettum og örum. Til greina kemur að gera vefjameinafræðilegar athuganir til að greina vefjaskemmdir sem vafi leikur á um.

3.2.2.6.2. Innan undirflokksins æting eru þrír undirflokkar:

undirundirflokkur 1A, fyrir svörun eftir allt að 3 mínútna váhrif og athugun í allt að 1 klukkustund; undirundirflokkur 1B, fyrir svörun eftir váhrif í 3 mínútur upp í 1 klukkustund og athugun í allt að 14 daga og undirundirflokkur 1C, fyrir svörun eftir váhrif í 1 til 4 klukkustundir og athugun í allt að 14 daga.

3.2.2.6.3. Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 3.2.2.1 og 3.2.2.4 sem og í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

Tafla 3.2.1

Undirflokkur og undirundirflokkar fyrir húðætingu

		Ætandi áhrif á > 1 af 3 dýrum	
	Undirundirflokkar fyrir ætandi áhrif	Váhrif	Athugun
1. undirflokkur: Ætandi áhrif	1A	≤ 3 mínútur	≤ 1 klukkustund
	1B	> 3 mínútur – ≤ 1 klukkustund	≤ 14 dagar
	1C	> 1 klukkustund – ≤ 4 klukkustundir	≤ 14 dagar

3.2.2.7. *Ertandi áhrif*

3.2.2.7.1. Í töflu 3.2.2 er einn undirflokkur fyrir ertandi áhrif (2. undirflokkur) sem byggist á niðurstöðum úr dýraprófunum. Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 3.2.2.1 og 3.2.2.4 sem og í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5. Aðalviðmiðunin fyrir undirflokkinn fyrir ertandi áhrif er að meðalgildi niðurstöðutalna hjá a.m.k. 2 af 3 dýrum, sem hafa verið prófuð, sé ≥ 2,3 – ≤ 4,0.

Tafla 3.2.2

Undirflokkur fyrir húðertingu

Undirflokkur	Viðmiðanir
2. undirflokkur: Ertandi áhrif	([1]) Meðalgildi ≥ 2,3 – ≤ 4,0 fyrir hörundsroða/brunaskorpu eða fyrir bjúg, hjá a.m.k. 2 af 3 dýrum sem hafa verið prófuð, samkvæmt athugunum, eftir 24, 48 og 72 klukkustundir frá því að grisjan hefur verið fjarlægð en ef töf er á svörun, samkvæmt athugunum 3 daga í röð frá því að húðsvörun hefst eða ([2]) Bólga, sem gætir enn við lok athugunartímabilsins, sem er venjulega 14 dagar, í a.m.k. 2 dýrum, einkum skal taka tillit til hármissis á höfði (blettaskalla), siggmeins, vefjaauka og hrúðurmyndunar, eða ([3]) Í sumum tilvikum þegar dýr sýna mjög breytilega svörun með mjög skýrum, jákvæðum áhrifum, sem tengjast váhrifum frá íðefni, í einu dýri en minni en viðmiðanirnar hér að framan.

3.2.2.8. *Athugasemdir um svörun úr húðertingarprófunum á dýrum*

3.2.2.8.1. Ertandi svörun hjá dýrum í prófun getur verið mjög breytileg eins og við prófun á ætingu. Helsta viðmiðunin fyrir flokkun efnis sem ertandi fyrir húðina, eins og sýnt er í lið 3.2.2.7.1, er meðalgildi niðurstöðutalnanna, annaðhvort fyrir hörundsroða/brunaskorpu eða bjúg, reiknað fyrir a.m.k. 2 af 3 dýrum sem voru prófuð. Sérstök ertingarviðmiðun á við um þau tilfelli þegar um er að ræða ertandi svörun sem er umtalsverð en þó minni en það meðalgildi niðurstöðutalna sem er viðmiðun fyrir jákvæða prófun. Til dæmis gæti prófunarefni verið tilgreint sem ertandi ef hjá a.m.k. 1 af 3 dýrum, sem prófuð voru, kemur fram mikil hækkun á meðalgildi niðurstöðutalna meðan á rannsókn stendur, þ.m.t. vefjaskemmdir sem eru enn fyrir hendi í lok athugunartímabilsins sem er almennt 14 dagar. Önnur svörun gæti einnig uppfyllt þessa viðmiðun. Hins vegar skal það staðfest að svörunin sé afleiðing váhrifa frá íðefni.

3.2.2.8.2. Við mat á ertandi svörun skal einnig líta til þess hvort húðskemmdir geti gengið til baka. Þegar bólgu gætir enn í lok athugunartímabilsins í 2 eða fleiri dýrum sem hafa verið prófuð, að teknu tilliti til hármissis á höfði (blettaskalla), siggmeins, vefjaauka og hrúðurmyndunar, skal efni talið ertandi.

3.2.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.2.3.1. Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild

3.2.3.1.1. Blandan skal flokkuð með því að nota viðmiðanir fyrir efni og að teknu tilliti til prófunar- og matsáætlana sem notaðar eru til að þróa gögn fyrir þessa hættuflokka.

3.2.3.1.2. Ólíkt öðrum hættuflokkum eru til staðgönguprófanir á húðætingu, að því er varðar tilteknar tegundir efna og blandna, sem geta gefið nákvæma niðurstöðu til notkunar við flokkun og eru jafnframt einfaldar og tiltölulega ódýrar í framkvæmd. Þegar hugað er að prófun blöndu eru þeir sem flokka hvattir til að nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga eins og fram kemur í viðmiðunum fyrir flokkun efna með tilliti til húðætingar og húðertingar (liður 3.2.2.5) til að tryggja sem nákvæmasta flokkun og til að komast hjá ónauðsynlegum prófunum á dýrum. Blanda telst vera ætandi fyrir húð (húðætandi, 1. flokkur) ef pH-gildi hennar er 2 eða lægra eða 11,5 eða hærra. Ef mat á sýru- eða basaforðanum gefur til kynna að efnið eða blandan sé ekki ætandi, þrátt fyrir hátt eða lágt pH-gildi, skal framkvæma frekari prófanir því til staðfestingar, einkum með því að nota viðeigandi og fullgilta prófun í glasi.

3.2.3.2. Flokkun blandna þegar gögn ekki liggja fyrir gögn um blönduna í heild: brúunarreglur

3.2.3.2.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna af húðertandi/-ætandi áhrifum hennar en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.2.3.3. Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar

3.2.3.3.1. Í því skyni að nýta öll fyrirliggjandi gögn til að flokka hættu á húðertingu eða húðætingu af völdum blöndu hefur eftirfarandi ályktun verið dregin og er henni beitt þar sem við á í stigskiptu aðferðinni:

Ályktun: „innihaldsefni sem skipta máli“ í blöndu eru þau sem eru í blöndunni í styrkleikanum 1% (massahlutfall fyrir föst efni, vökva, ryk, úða og gufur og rúmmálshlutfall fyrir lofttegundir) eða meira nema ástæða sé til að ætla (t.d. þegar um er að ræða ætandi innihaldsefni) að innihaldsefni, sem er í blöndunni í minna en 1% styrkleika, skipti samt máli fyrir flokkun blöndunnar með tilliti til húðertingar eða húðætingar.

3.2.3.3.2. Aðferðin við flokkun blöndu sem húðertandi eða húðætandi, þegar gögn liggja fyrir um efnisþætti hennar en ekki um blönduna í heild sinni, byggist almennt á samlegðarkenningunni þannig að hver ætandi eða ertandi efnisþáttur stuðlar að heildareiginleikum blöndunnar sem ertandi eða ætandi í hlutfalli við mátt hennar og styrkleika. Notuð er vogtalan 10 fyrir ætandi efnisþætti þegar þeir eru til staðar í styrkleika sem er undir almennu styrkleikamörkunum fyrir flokkun í 1. undirflokk en í styrkleika sem stuðlar að flokkun blöndunnar sem ertandi. Blandan er flokkuð sem ætandi eða ertandi þegar samanlagður styrkur slíkra efnisþátta fer yfir styrkleikamörk.

3.2.3.3.3. Í töflu 3.2.3 eru sett fram almenn styrkleikamörk sem nota á til að ákvarða hvort blandan telst húðertandi eða húðætandi.

3.2.3.3.4.1. Það þarf að fara með gát við flokkun á tilteknum tegundum blandna sem innihalda efni eins og sýrur og basa, ólífræn sölt, aldehýð, fenól og yfirborðsvirk efni. Ekki er víst að sú aðferð, sem lýst er í liðum 3.2.3.3.1 og 3.2.3.3.2, gildi af því að mörg þessara efna eru ætandi eða ertandi þegar styrkur þeirra er < 1%.

3.2.3.3.4.2. Þegar um er að ræða blöndur, sem innihalda sterkar sýrur eða basa, skal pH-gildið notað sem flokkunarviðmiðun (sjá lið 3.2.3.1.2) þar eð pH-gildi gefur betri vísbendingu um ætingu en styrkleikamörkin í töflu 3.2.3.

3.2.3.3.4.3. Ef blanda inniheldur húðætandi eða húðertandi efni og ekki er hægt að flokka hana með samlegðaraðferðinni (tafla 3.2.3) vegna efnafræðilegra eiginleika sem gera það að verkum að þessi aðferð er óframkvæmanleg skal hún flokkuð sem húðætandi, í undirflokki 1A, 1B eða 1C ef ≥ 1% hennar er innihaldsefni sem flokkast í undirflokk 1A, 1B eða 1C, eftir því sem við á, eða í 2. undirflokk ef ≥ 3% hennar er ertandi innihaldsefni. Flokkun á blöndum með innihaldsefnum, sem aðferðin í töflu 3.2.3. gildir ekki um, er tekin saman í töflu 3.2.4.

3.2.3.3.5. Stundum geta áreiðanleg gögn sýnt að ekki er augljós hætta á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu þegar efnið er til staðar í magni sem er yfir almennum styrkleikamörkum sem um getur í töflum 3.2.3 og 3.2.4.Í þessum tilvikum skal blandan flokkuð í samræmi við þau gögn (sjá einnig 10. og 11. gr.) Í öðrum tilvikum, þegar búist er við að ekki sé augljós hætta á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu þegar efnið er í magni sem er yfir almennum styrkleikamörkum sem um getur í töflum 3.2.3 og 3.2.4, skal prófun á blöndunni íhuguð. Í þeim tilvikum skal nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga eins og lýst er í lið 3.2.2.5.

3.2.3.3.6. Ef til eru gögn sem sýna að eitt eða fleiri innihaldsefni eru ætandi eða ertandi í styrkleika sem er < 1% (ætandi) eða < 3% (ertandi) skal blandan flokkuð í samræmi við það.

Tafla 3.2.3

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni sem eru flokkuð sem húðætandi eða húðertandi (1. eða 2. undirflokkur), sem ráða flokkun blöndunnar sem húðætandi eða húðertandi

Summa innihaldsefna sem flokkast sem:	Styrkleiki sem ræður því að blandan er flokkuð sem:	
	Húðætandi	Húðertandi
	1. undirflokkur (sjá athugasemd hér að aftan)	2. undirflokkur
Húðætandi, undirflokkar 1A, 1B og 1C	≥ 5%	≥ 1 % en < 5%
Húðertandi, 2. undirflokkur		≥ 10%
(10 × húðætandi, undirflokkar 1A, 1B og 1C) + húðertandi, 2. undirflokkur		≥ 10%

Athugasemd

Summa allra innihaldsefna blöndu sem flokkast sem húðætandi, undirflokkur 1A, 1B eða 1C, eftir því sem við á, skal vera ≥ 5% til að blandan flokkist sem húðætandi, undirflokkur 1A, 1B eða 1C. Ef summa húðætandi innihaldsefna í undirflokki 1A er < 5% en summa innihaldsefna í undirflokki 1A+1B er ≥ 5% skal blandan flokkuð sem húðætandi, undirflokkur 1B. Á sama hátt skal blandan flokkuð sem húðætandi, undirflokkur 1C, ef summa húðætandi innihaldsefna í undirflokki 1A+1B er < 5% en summa innihaldsefna í undirflokki 1A+1B+1C er ≥ 5%.

Tafla 3.2.4

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem samlegðaraðferðin á ekki við um, sem ráða flokkun blöndunnar sem húðætandi eða húðertandi

Innihaldsefni:	Styrkleiki:	Blandan flokkast á grundvelli áhrifa á húð
Sýra með pH-gildi ≤ 2	≥ 1%	1. undirflokkur
Basi með pH-gildi ≥ 11,5	≥ 1%	1. undirflokkur
Önnur húðætandi innihaldsefni (undirflokkur 1A, 1B eða 1C) sem samlegðaraðferðin á ekki við um	≥ 1%	1. undirflokkur
Önnur ertandi innihaldsefni (2. undirflokkur) sem samlegðaraðferðin á ekki við um, þ.m.t. sýrur og basar	≥ 3%	2. undirflokkur

3.2.4. ***Hættuboð***

3.2.4.1. Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 3.2.5.

Tafla 3.2.5

Merkingaratriði fyrir húðætingu/húðertingu

Flokkun	Undirflokkur 1 A/1 B/1 C	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H314: Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	H315: Veldur húðertingu
Varnaðarsetning Forvarnir	V260 V264 V280	V264 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V301 + V330 + V331 V303 + V361 + V353 V363 V304 + V340 V310 V321 V305 + V351 + V338	V302 + V352 V321 V332 + V313 V362
Varnaðarsetning Geymsla	V405	
Varnaðarsetning Förgun	V501	

3.3. **Alvarlegur augnskaði/augnerting**

3.3.1. ***Skilgreiningar***

3.3.1.1. „Alvarlegur augnskaði“: vefjaskemmdir í auga eða alvarleg sjónskerðing, eftir að prófunarefni hefur verið borið í auga, sem gengur ekki algerlega til baka innan 21 dags.

„Augnerting“: breytingar, sem eiga sér stað í auga eftir að prófunarefni hefur verið borið í það, sem ganga algerlega til baka innan 21 dags.

3.3.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.3.2.1. Flokkunarkerfið fyrir efni felur í sér prófunar- og matsáætlun sem er stigskipt og sameinar fyrirliggjandi upplýsingar um alvarlegar vefjaskemmdir í auga og augnertingu (þ.m.t. gögn um reynslu hjá mönnum og dýrum) sem og atriði sem taka þarf tillit til varðandi megindleg vensl efnabyggingar og virkni ((Q)SAR) og niðurstöður úr fullgiltum prófunum í glasi til að komast hjá ónauðsynlegum prófunum á dýrum.

3.3.2.2. Áður en prófun í lífi á alvarlegum augnskaða/augnertingu fer fram skulu allar fyrirliggjandi upplýsingar um viðkomandi efni yfirfarnar. Oft er hægt að taka bráðabirgðaákvörðun út frá fyrirliggjandi gögnum um hvort efni valdi alvarlegum (þ.e. varanlegum) augnskaða. Ef hægt er að flokka efni á grundvelli þessara gagna er ekki nauðsynlegt að framkvæma prófanir.

3.3.2.3. Taka þarf tillit til margra þátta við ákvörðun á því, áður en prófun fer fram, hvort efni geti valdið alvarlegum augnskaða eða augnertingu. Fyrst skal greina uppsafnaða reynslu hjá mönnum og dýrum þar eð hún veitir beinar upplýsingar um áhrif á augu. Í sumum tilvikum gætu legið fyrir nægar upplýsingar um efnasambönd, sem eru skyld að byggingu, til að hægt sé að taka ákvörðun varðandi hættuna. Einnig geta óvenjulega há eða lág pH-gildi, eins og ≤ 2 og $\geq 11{,}5$, valdið alvarlegum augnskaða, einkum í tengslum við mikla jafnarýmd. Búist er við því að slík efni hafi mikil áhrif á augun. Meta þarf mögulega húðætingu, áður en hugað er að alvarlegum

augnskaða/augnertingu, til að komast hjá því að gera prófanir er varða staðbundin áhrif á augun af völdum húðætandi efna. Húðætandi efni skulu einnig teljast valda alvarlegum augnskaða (1. undirflokkur) en húðertandi efni geta talist valda augnertingu (2. undirflokkur). Nota má fullgildar og samþykktar prófanir í glasi til að taka ákvörðun um flokkun (sjá 5. gr.).

3.3.2.4. Nota skal allar framangreindar upplýsingar sem liggja fyrir um efni til að ákvarða þörfina á prófun í lífi á augnertingu. Þó að e.t.v. megi afla upplýsinga með mati á einstökum þáttum innan stigs (t.d. skulu ætandi basar með mjög hátt pH-gildi taldir staðbundin, ætandi efni), skal meta fyrirliggjandi upplýsingar í heild sinni þegar tekin er ákvörðun sem byggist á heildarvægi rökstuddra vísbendinga, einkum þegar upplýsingar liggja fyrir um suma en ekki alla þættina. Almennt skal aðaláherslan lögð á sérfræðiálit, að teknu tilliti til reynslu manna af efninu, og því næst niðurstöðum úr húðertingarprófunum og fullgiltum staðgönguprófunum. Reynt skal eftir megni að komast hjá prófunum á dýrum með ætandi efni eða blöndur.

3.3.2.5. Íhuga skal stigskipta aðferð við matið á frumupplýsingum, eftir atvikum, með það í huga að ekki er víst að allir þættir eigi við í sumum tilvikum.

3.3.2.6. *Varanleg áhrif á augu/alvarlegur augnskaði (1. undirflokkur)*

3.3.2.6.1. Efni sem geta mögulega valdið alvarlegum augnskaða flokkast í 1. undirflokk (varanleg áhrif á augu). Efni flokkast í þennan hættuundirflokk á grundvelli niðurstaðna úr prófunum á dýrum í samræmi við viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í töflu 3.3.1. Í þessum athugunum eru m.a. dýr með 4. stigs skemmd á hornhimnu og aðrar alvarlegar svaranir (t.d. eyðileggingu á hornhimnu), sem í ljós komu einhvern tímann í prófuninni, sem og varanlegt ógagnsæi glæru, upplitun hornhimnu af völdum leysilitar, samgróning, æðavagl á glæru og áhrif á starfsemi lithimnunnar eða önnur áhrif sem skerða sjónina. Í þessu samhengi teljast varanlegar skemmdir þær skemmdir sem ganga ekki algerlega til baka innan athugunartímabils sem er yfirleitt 21 dagur. Efni flokkast einnig í 1. undirflokk ef þau uppfylla viðmiðanirnar fyrir ógagnsæja glæru ≥ 3 eða lithimnubólgu > 1,5, sem í ljós koma í Draize-augnprófun á kanínum, þar eð viðurkennt er að alvarlegir skaðar af þessu tagi ganga yfirleitt ekki til baka innan 21 dags athugunartímabils.

Tafla 3.3.1

Undirflokkur fyrir varanleg áhrif á augu

Undirflokkur	Viðmiðanir
Varanleg áhrif á augu (1. undirflokkur)	Ef efni kallar, þegar það er borið í auga á dýri, fram: — áhrif á hornhimnuna, lithimnuna eða slímhúð augans í a.m.k. einu dýri, sem ekki er búist við að gangi til baka eða hafa ekki gengið algerlega til baka innan athugunartímabils sem er yfirleitt 21 dagur og/eða — eftirfarandi jákvæða svörun hjá a.m.k. 2 af 3 dýrum sem eru prófuð: — ógagnsæi glæru ≥ 3 og/eða — lithimnubólgu > 1,5, reiknað út sem meðalgildi niðurstöðutalna samkvæmt athugunum eftir 24, 48 og 72 klukkustundir frá ísetningu prófunarefnisins.

3.3.2.6.2. Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 3.3.2.1 og 3.3.2.4 sem og í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

3.3.2.7. *Afturhverf áhrif á augu (2. undirflokkur)*

3.3.2.7.1. Efni, sem geta mögulega kallað fram afturhverfa augnertingu, eru flokkuð í 2. undirflokk (ertandi fyrir augu).

Tafla 3.3.2

Undirflokkur fyrir afturhverf áhrif á augu

Undirflokkur	Viðmiðanir
Ertandi fyrir augu (2. undirflokkur)	Ef efni kallar, þegar það er borið í auga á dýri, fram: — eftirfarandi jákvæða svörun hjá a.m.k. 2 af 3 dýrum sem eru prófuð: — ógagnsæi glæru ≥ 1 og/eða — lithimnubólgu ≥ 1 og/eða — roða í slímhimnu ≥ 2 og/eða — bjúg í slímhimnu (augnslímhúðarbjúgur) ≥ 2, — reiknað út sem meðalgildi niðurstöðutalna samkvæmt athugunum eftir 24, 48 og 72 klukkustundir frá ísetningu prófunarefnisins, og sem gengur algerlega til baka innan 21 dags athugunartímabils

3.3.2.7.2. Taka skal tillit til þessara upplýsinga við flokkun á þeim efnum þegar dýrin sýna mjög breytilega svörun.

3.3.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.3.3.1. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.3.3.1.1. Blandan skal flokkuð með því að nota viðmiðanir fyrir efni og að teknu tilliti til prófunar- og matsáætlana sem notaðar eru til að þróa gögn fyrir þessa hættuflokka.

3.3.3.1.2. Ólíkt öðrum hættuflokkum eru til staðgönguprófanir á húðætingu, að því er varðar tilteknar tegundir blandna, sem gefa nákvæma niðurstöðu til notkunar við flokkun og eru jafnframt einfaldar og tiltölulega ódýrar í framkvæmd. Þegar hugað er að prófun blöndu eru þeir sem flokka hvattir til að nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga eins og fram kemur í viðmiðunum fyrir flokkun efna með tilliti til húðætingar og alvarlegs augnskaða og augnertingar til að tryggja sem nákvæmasta flokkun og til að komast hjá ónauðsynlegum prófunum á dýrum. Blanda telst valda alvarlegum augnskaða (1. undirflokkur) ef pH-gildi hennar er ≤ 2,0 eða ≥ 11,5. Ef mat á sýru- eða basaforðanum gefur til kynna að blandan geti e.t.v. ekki valdið alvarlegum augnskaða, þrátt fyrir hátt eða lágt pH-gildi, er nauðsynlegt að framkvæma frekari prófanir því til staðfestingar, einkum með því að nota viðeigandi og fullgilta prófun í glasi.

3.3.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.3.3.2.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða húðætingarmátt hennar eða getu hennar til að valda alvarlegum augnskaða eða augnertingu en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.3.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar*

3.3.3.3.1. Í því skyni að nýta öll fyrirliggjandi gögn til að flokka augnertingareiginleika blöndu eða eiginleika blöndu til að valda alvarlegum augnskaða hefur eftirfarandi ályktun verið dregin og er henni beitt þar sem við á í stigskiptu aðferðinni:

Ályktun: „innihaldsefni sem skipta máli“ í blöndu eru þau sem eru í blöndunni í styrkleikanum 1% (massahlutfall (w/w) fyrir föst efni, vökva, ryk, úða og gufur og rúmmálshlutfall (v/v) fyrir lofttegundir) eða meira nema ástæða sé til að ætla (t.d. þegar um er að ræða ætandi innihaldsefni) að innihaldsefni, sem er í blöndunni í minna en 1% styrkleika, skipti samt máli fyrir flokkun blöndunnar með tilliti til augnertingar/alvarlegs augnskaða.

3.3.3.3.2. Aðferðin við flokkun blöndu sem augnertandi eða mjög skaðleg fyrir augu, þegar gögn liggja fyrir um efnisþætti hennar en ekki blönduna í heild sinni, byggist almennt á samlegðarkenningunni þannig að hver ætandi eða ertandi efnisþáttur stuðlar að heildareiginleikum blöndunnar sem ætandi eða ertandi í hlutfalli við mátt hennar og styrkleika. Notuð er vogtalan 10 fyrir ætandi efnisþætti þegar þeir eru til staðar í styrkleika, sem er undir almennu styrkleikamörkunum fyrir flokkun í 1. undirflokk en eru í styrkleika sem stuðlar að flokkun blöndunnar sem ertandi. Blandan er flokkuð sem mjög skaðleg fyrir augu eða sem augnertandi þegar samanlagður styrkur slíkra efnisþátta fer yfir styrkleikamörk.

3.3.3.3.3. Í töflu 3.3.3 eru sett fram almenn styrkleikamörk sem nota á til að ákvarða hvort flokka skuli blönduna sem ertandi eða mjög skaðlega fyrir augun.

3.3.3.3.4.1. Það þarf að fara með gát við flokkun á tilteknum tegundum blandna sem innihalda efni eins og sýrur og basa, ólífræn sölt, aldehýð, fenól og yfirborðsvirk efni. Ekki er víst að hægt sé að nota þá aðferð sem lýst er í liðum 3.3.3.3.1 og 3.3.3.3.2 af því að mörg þessi efni eru ætandi eða ertandi þegar styrkur þeirra er < 1%.

3.3.3.3.4.2. Þegar um er að ræða blöndur, sem innihalda sterkar sýrur eða basa, skal pH-gildið notað sem flokkunarviðmiðun (sjá lið 3.3.2.3) þar eð pH-gildi gefur betri vísbendingu um alvarlegan augnskaða en styrkleikamörkin í töflu 3.3.3.

3.3.3.3.4.3. Ef blanda inniheldur ætandi eða ertandi efni og ekki er hægt að flokka hana með samlegðaraðferðinni (tafla 3.3.3) vegna efnafræðilegra eiginleika sem gera það að verkum að þessi aðferð er óframkvæmanleg skal hún flokkuð í 1. undirflokk fyrir áhrif á augu ef ≥1% hennar er ætandi innihaldsefni og í 2. undirflokk ef ≥ 3% hennar er ertandi innihaldsefni. Flokkun á blöndum með innihaldsefnum, sem aðferðin í töflu 3.3.3. gildir ekki um, er tekin saman í töflu 3.3.4.

3.3.3.3.5. Stundum geta áreiðanleg gögn sýnt fram á að afturhverf/varanleg áhrif innihaldsefnis á augu séu ekki augljós þegar efnið er til staðar í magni sem er yfir almennum styrkleikamörkum sem um getur í töflum 3.3.3 og 3.3.4. Í þessum tilvikum skal blandan flokkuð í samræmi við þau gögn. Í öðrum tilvikum, þegar ekki er búist við að augljós hætta sé á að innihaldsefni valdi húðætingu eða húðertingu eða afturhverfum/varanlegum áhrifum á augu þegar efnið er í magni sem er yfir almennum styrkleikamörkum sem um getur í töflum 3.3.3. og 3.3.4, skal prófun á blöndunni íhuguð. Í slíkum tilvikum skal nota stigskipta áætlun við ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga.

3.3.3.3.6. Ef til eru gögn sem sýna að eitt eða fleiri innihaldsefni geti verið ætandi eða ertandi í styrkleika sem er < 1% (ætandi) eða < 3% (ertandi) skal blandan flokkuð í samræmi við það.

Tafla 3.3.3

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem flokkast sem húðætandi í 1. undirflokki og/eða í 1. eða 2. undirflokk fyrir áhrif á augu, sem ráða flokkun blöndunnar með tilliti til áhrifa á augu (1. eða 2. undirflokkur)

Summa innihaldsefna sem flokkast sem:	Styrkleiki sem ræður því að blandan er flokkuð svo:	
	Varanleg áhrif á augu	Afturhverf áhrif á augu
	1. undirflokkur	2. undirflokkur
Áhrif á augu, 1. undirflokkur, eða húðætandi, undirflokkur 1A, 1B eða 1C	≥ 3%	≥ 1% en < 3%
Áhrif á augu, 2. undirflokkur		≥ 10%
(10 × áhrif á augu, 1. undirflokkur) + áhrif á augu, 2. undirflokkur		≥ 10%
Húðætandi, undirflokkar 1A, 1B, 1C, + áhrif á augu, 1. undirflokkur	≥ 3%	≥ 1% en < 3%
10 × (húðætandi, undirflokkur 1A, 1B, 1C, + áhrif á augu, 1. undirflokkur) + áhrif á augu, 2. undirflokkur		≥ 10%

Tafla 3.3.4

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem samlegðaraðferðin á ekki við um, sem ráða því að blandan flokkast sem hættuleg fyrir augu

Innihaldsefni	Styrkleiki	Blandan flokkast á grundvelli áhrifa á augu
Sýra með pH-gildi ≤ 2	≥ 1%	1. undirflokkur
Basi með pH-gildi ≥ 11,5	≥ 1%	1. undirflokkur
Önnur húðætandi innihaldsefni (1. undirflokkur) sem samlegðaraðferðin á ekki við um	≥ 1%	1. undirflokkur

Innihaldsefni	Styrkur	Blandan flokkast á grundvelli áhrifa á augu
Önnur ertandi innihaldsefni (2. undirflokkur) sem samlegðaraðferðin á ekki við um, þ.m.t. sýrur og basar	≥ 3%	2. undirflokkur

3.3.4. ***Hættuboð***

3.3.4.1. Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 3.3.5.

Tafla 3.3.5

Merkingaratriði fyrir alvarlegan augnskaða/augnertingu

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H318: Veldur alvarlegum augnskaða	H319: Veldur alvarlegri augnertingu
Varnaðarsetning Forvarnir	V280	V264 V280
Varnaðarsetning Viðbrögð	V305 + V351 + V338 V310	V305 + V351 + V338 V337 + V313
Varnaðarsetning Geymsla		
Varnaðarsetning Förgun		

3.4. **Næming öndunarfæra eða húðnæming**

3.4.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.4.1.1. „Öndunarfæranæmir“: efni sem leiðir til ofurnæmis öndunarfæranna við innöndun efnisins.

3.4.1.2. „Húðnæmir“: efni sem leiðir til ofnæmisviðbragða við snertingu við húð.

3.4.1.3. Að því er varðar lið 3.4 skiptist næming í tvö stig

Á fyrsta stiginu er sérhæft ónæmisfræðilegt minni virkjað í einstaklingi með því að láta hann komast í snertingu við ofnæmisvaka. Á seinna stiginu er frumumiðluð eða mótefnaháð ofnæmissvörun kölluð fram með því að láta einstakling, sem hefur orðið fyrir næmingu, komast í snertingu við ofnæmisvaka.

3.4.1.4. Virkjunarferli, ásamt eftirfarandi framköllunarstigum, gildir bæði fyrir næmingu öndunarfæra og húðnæmingu. Að því er varðar húðnæmingu er virkjunarstig nauðsynlegt en þar lærir ónæmiskerfið að bregðast við; klínísk einkenni geta þá komið í ljós þegar eftirfylgjandi váhrif nægja til að kalla fram sýnilega húðsvörun (framköllunarstig). Þar af leiðandi koma forspárprófanir venjulega í kjölfarið á þessu ferli með virkjunarstigi og eru viðbrögðin við þessu stigi mæld með stöðluðu framköllunarstigi sem felur yfirleitt í sér plástursprófun. Eitlagreining er undantekningin en með henni eru viðbrögðin við virkjun mæld beint. Yfirleitt eru vísbendingar um húðnæmingu hjá mönnum metnar með því að nota plástursprófun við greiningu.

3.4.1.5. Fyrir bæði húðnæmingu og næmingu fyrir öndunarfæri þarf yfirleitt minni styrk fyrir framköllun heldur en virkjun. Í lið 3.4.4 er að finna ákvæði um viðvaranir til einstaklinga, sem hafa orðið fyrir næmingu, ef mjög næmandi efni eru í blöndu.

3.4.1.6. Hættuflokknum næming öndunarfæra eða húðnæming er skipt í áhrifategundirnar:

— næmingu öndunarfæra,

— húðnæmingu.

3.4.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.4.2.1. Öndunarfæranæmar

Flokka skal efni sem öndunarfæranæma (1. undirflokkur) í samræmi við viðmiðanirnar í töflu 3.4.1:

Tafla 3.4.1

Hættuundirflokkur fyrir öndunarfæranæma

Undirflokkur	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Flokka skal efni sem öndunarfæranæma (1. undirflokkur) í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: a) ef fyrir liggja vísbendingar hjá mönnum þess efnis að efnið geti valdið sérstöku ofurnæmi í öndunarfærum og/eða b) ef fyrir liggja jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi dýraprófunum.

3.4.2.1.1 Vísbendingar um áhrif á menn

3.4.2.1.1.1. Vísbendingar um að efni geti valdið sérstöku ofurnæmi í öndunarfærum byggjast að jafnaði á reynslu hjá mönnum. Í þessu samhengi kemur ofurnæmi að jafnaði fram sem asmi en önnur ofurnæmissvörun, á borð við nefslímubólgu/tárubólgu og lungnablöðrubólgu, skal einnig skoðuð. Sjúkdómsástandið hefur klínísk einkenni ofnæmissvörunar. Ekki er þó nauðsynlegt að sýna fram á ónæmisfræðilegt gangvirki.

3.4.2.1.1.2. Þegar vísbendingar um áhrif á menn eru athugaðar er nauðsynlegt að ákvörðun um flokkun sé byggð á eftirfarandi, auk vísbendinga frá sjúkdómstilvikum:

a) fjölda þeirra sem verða fyrir váhrifum,

b) umfangi váhrifa.

Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

3.4.2.1.1.3. Framangreindar vísbendingar geta verið:

a) sjúkrasaga og gögn úr viðeigandi prófunum á lungnastarfsemi í tengslum við váhrif frá efninu, stutt öðrum vísbendingum, m.a.:

i. ónæmisprófun í lífi (t.d. pikkhúðprófun),

ii. ónæmisprófun í glasi (t.d. blóðvatnsgreining),

iii. rannsóknir sem benda til annarrar sérstakrar ofurnæmissvörunar þar sem ekki hefur verið staðfest að um ónæmisfræðileg gangvirki sé að ræða, t.d. endurtekinnar smávægilegrar ertingar eða áhrifa sem tengjast lyfjagjöf,

iv. efnið hefur svipaða byggingu og efni sem vitað er að valda ofurnæmi í öndunarfærum,

b) jákvæðar niðurstöður úr einni eða fleiri berkjuáreitisprófunum með efninu sem gerðar eru í samræmi við viðurkenndar viðmiðunarreglur um ákvörðun sérstakrar ofurnæmissvörunar.

3.4.2.1.1.4. Sjúkrasagan skal ná yfir bæði heilsufarssögu og atvinnusögu til að unnt sé að sýna fram á tengsl milli váhrifa frá tilteknu efni og myndunar ofurnæmis í öndunarfærum. Meðal upplýsinga, sem hér skipta máli, eru þættir sem magna sjúkdómseinkennin, bæði á heimili og vinnustað, upphaf og framgangur sjúkdómsins og fjölskyldusaga og heilsufarssaga sjúklingsins. Heilsufarssagan skal einnig að ná til annarra kvilla af völdum ofnæmis eða í öndunarfærum, allt frá bernsku, svo og reykingavenja.

3.4.2.1.1.5. Jákvæðar niðurstöður úr berkjuáreitisprófunum teljast nægjanlegar vísbendingar til að byggja megi flokkun á þeim einum. Það er hins vegar vitað að margar af þeim rannsóknum, sem taldar eru upp hér að framan, hafa þegar verið gerðar.

3.4.2.1.2. Rannsóknir á dýrum

3.4.2.1.2.1. Gögn úr viðeigandi dýrarannsóknum ([1]), sem kunna að benda til þess að efni geti valdið næmingu í mönnum við innöndun ([2]), eru m.a.:

i. mælingar á ónæmisglóbúlíni E (IgE) og öðrum sérstökum ónæmisfræðilegum þáttum hjá músum,

ii. sértæk lungnasvörun í naggrísum.

3.4.2.2. *Húðnæmar*

3.4.2.2.1. Flokka skal efni sem húðnæma (1. undirflokkur) í samræmi við viðmiðanirnar í töflu 3.4.2:

Tafla 3.4.2

Hættuundirflokkur fyrir húðnæma

Undirflokkur	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Flokka skal efni sem húðnæma (1. undirflokkur) í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: i. ef fyrir liggja vísbendingar hjá mönnum þess efnis að efnið geti valdið næmingu í snertingu við húð hjá talsverðum fjölda manna eða ii. ef fyrir liggja jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi dýraprófun (sjá sérstakar viðmiðanir í lið 3.4.2.2.4.1).

3.4.2.2.2. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til*

3.4.2.2.2.1. Þegar um er að ræða flokkun efnis sem húðnæmis skulu vísbendingar fela í sér nokkur eða öll eftirtalin atriði:

a) jákvæð gögn úr plástursprófunum, að jafnaði frá fleiri en einni húðsjúkdómadeild, eða

b) faraldsfræðilegar rannsóknir sem sýna að efnið hefur valdið exemi vegna snertiofnæmis. Sérstakan gaum skal gefa aðstæðum þar sem dæmigerð einkenni koma fram hjá hlutfallslega mörgum þeirra sem verða fyrir váhrifum, jafnvel þótt tilvikin séu fá,

c) jákvæð gögn úr viðeigandi dýraprófunum,

d) jákvæð gögn úr tilraunarannsóknum á mönnum (sjá einnig 3. mgr. 7. gr.),

e) vel skjalfest dæmi um exem vegna snertiofnæmis, að jafnaði frá fleiri en einni húðsjúkdómadeild.

Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

3.4.2.2.2.2. Jákvæð áhrif, sem koma fram annaðhvort hjá mönnum eða dýrum, réttlæta yfirleitt flokkun. Vísbendingar úr dýrarannsóknum (sjá lið 3.4.2.2.4) eru yfirleitt mun áreiðanlegri en vísbendingar um váhrif á menn. Í tilvikum þegar vísbendingar liggja fyrir frá báðum heimildunum og misræmi er á milli niðurstaðna þeirra skulu gæði og áreiðanleiki vísbendinga frá báðum heimildum metin í hverju tilviki fyrir sig til að leysa öll vafamál er tengjast flokkuninni. Yfirleitt er gagna um áhrif á menn ekki aflað í samanburðartilraunum með sjálfboðaliðum í tengslum við hættuflokkun heldur eru þau hluti af áhættumati til að staðfesta skort á þeim áhrifum sem fram hafa komið í prófunum á dýrum. Jákvæð gögn um húðnæmingu hjá mönnum eru þar af leiðandi yfirleitt fengin úr tilfellaviðmiðuðum rannsóknum (e. case-control) eða öðrum minna afmörkuðum rannsóknum. Mat á gögnum um áhrif á menn verður því að fara fram með varúð þar sem tíðni tilfella sýnir, til viðbótar við eðliseiginleika efnanna, þætti eins og stöðuna með tilliti til váhrifa, lífaðgengi, einstaklingsbundinn móttækileika og forvarnarráðstafanir sem gerðar hafa verið. Yfirleitt er ekki hægt að nota neikvæð gögn um áhrif á menn til að hrekja jákvæðar niðurstöður úr dýrarannsóknum.

([1]) Viðurkennd dýralíkön fyrir prófanir á ofurnæmi öndunarfæra eru ekki tiltæk eins og sakir standa.

([2]) Gangvirkin, sem liggja til grundvallar því að efnin kalla fram einkenni asma, eru ekki að fullu þekkt. Sem forvarnarráðstöfun eru þessi efni talin öndunarfæranæmar. Ef hægt er, á grundvelli vísbendinga, að sýna fram á að þessi efni kalla aðeins fram einkenni asma vegna ertingar hjá fólki með ofursvörun í berkjum skulu þau ekki talin öndunarfæranæmar.

3.4.2.2.2.3. Ef ekkert af framangreindum skilyrðum er uppfyllt þarf ekki að flokka efnið sem húðnæmi. Þó getur blanda af tveimur eða fleiri vísbendum um húðnæmingu, eins og kemur fram hér á eftir, breytt ákvörðuninni sem skal tekin til skoðunar í hverju tilviki fyrir sig:

a) einangruð dæmi um exem vegna snertiofnæmis,

b) faraldsfræðilegar rannsóknir með takmarkað gildi þar sem hending, kerfisbundin skekkja eða óskýrt orsakasamhengi hefur ekki verið útilokað svo að fullnægjandi þyki,

c) gögn úr dýraprófunum, sem gerðar eru í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur, sem fullnægja ekki viðmiðununum um jákvæða niðurstöðu sem lýst er í lið 3.4.2.2.4.1 en komast nægilega nálægt því til að teljast marktækar,

d) jákvæð gögn sem byggjast á óstöðluðum aðferðum,

e) jákvæðar niðurstöður um mjög hliðstæð efni að byggingu.

3.4.2.2.3. *Ónæmistengd snertiþina*

3.4.2.2.3.1. Sum þeirra efna, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem öndunarfæranæmar, kunna einnig að valda ónæmistengdri snertiþinu. Huga skal að því hvort þessi efni skuli einnig flokkuð sem húðnæmar og veita upplýsingar um snertiþinu á merkimiðanum eða á öryggisblaðinu með því að nota viðeigandi viðvörunarupplýsingar.

3.4.2.2.3.2. Þegar efni kalla fram merki um ónæmistengda snertiþinu en uppfylla ekki viðmiðanirnar sem öndunarfæranæmar ber að íhuga hvort rétt sé að flokka þau sem húðnæma. Ekki er til viðurkennt dýralíkan sem nota má til að sanngreina efni sem valda ónæmistengdri snertiþinu. Flokkunin hlýtur því að jafnaði að byggjast á vísbendingum um áhrif á menn sem eru svipaðar þeim sem eiga við um húðnæmingu.

3.4.2.2.4. *Dýrarannsóknir*

3.4.2.2.4.1. Þegar notuð er ónæmisglæðaprófun við prófun á naggrísum fyrir húðnæmingu telst svörun jákvæð ef hún kemur fram hjá a.m.k. 30% tilraunadýranna. Við notkun prófunar á naggrísum án ónæmisglæða telst svörun jákvæð ef hún kemur fram hjá a.m.k. 15% tilraunadýranna. Nota skal prófunaraðferðirnar fyrir húðnæmingu sem lýst er í reglugerð (EB) nr. 440/2008, sem samþykkt er í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 („reglugerðin um prófunaraðferðir“), eða aðrar aðferðir, að því tilskildu að þær hafi verið vel staðfestar og að færð séu fyrir því vísindaleg rök.

3.4.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.4.3.1. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.4.3.1.1. Þegar fyrir liggja áreiðanlegar vísbendingar frá reynslunni af áhrifum á menn eða úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum, eins og lýst er í viðmiðunum fyrir efni, má flokka blönduna eftir að þessi gögn hafa verið metin út frá vægi rökstuddra vísbendinga. Þegar gögn um blöndur eru metin skal þess gætt að skammturinn, sem er notaður, geri niðurstöðurnar ekki ófullnægjandi.

3.4.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.4.3.2.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna af næmandi eiginleikum hennar en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.4.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um öll eða aðeins sum innihaldsefnin í blöndunni*

3.4.3.3.1. Blandan skal flokkuð sem öndunarfæra- eða húðnæmir ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem öndunarfæra- eða húðnæmir og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem birt eru í töflu 3.4.3 fyrir föst efni/vökva og lofttegundir.

3.4.3.3.2. Sum efni, sem eru flokkuð sem næmar, geta kallað fram svörun þegar þau eru í blöndu í magni, sem er undir styrk sem kveðið er á um í töflu 3.4.1, í einstaklingum sem eru þegar næmir fyrir efninu eða blöndunni (sjá 1. athugasemd við töflu 3.4.3).

Tafla 3.4.3

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem annaðhvort húðnæmar eða öndunarfæranæmar, sem ráða flokkun blöndunnar

Innihaldsefni, flokkað sem:	Styrkleiki sem ræður flokkun blöndu sem:		
	Húðnæmir	Öndunarfæranæmir	
	Allar tegundir eðlisástands	Fast efni/vökvi	Lofttegund
Húðnæmir	≥ 0,1 % (1. aths.)	—	—
	≥ 1,0 % (2. aths.)	—	—
Öndunarfæranæmir	—	≥ 0,1 % (1. aths. 1)	≥ 0,1 % (1. aths. 1)
	—	≥ 1,0 % (3. aths.)	≥ 0,2 % (3. aths.)

1. athugasemd

Þessi styrkleikamörk eru almennt notuð fyrir sérstöku merkingarkröfurnar í lið 2.8 í II. viðauka til að vernda einstaklinga sem eru þegar næmir. Öryggisblaðs er krafist ef blandan inniheldur innihaldsefni yfir þessum styrk.

2. athugasemd

Þessi styrkleikamörk eru notuð til að ákvarða flokkun blöndu sem húðnæmis.

3. athugasemd

Þessi styrkleikamörk eru notuð til að ákvarða flokkun blöndu sem öndunarfæranæmis.

3.4.4. ***Hættuboð***

3.4.4.1. Þegar um er að ræða efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk skal nota merkingaratriði í samræmi við töflu 3.4.4.

Tafla 3.4.4

Merkingaratriði fyrir næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu

Flokkun	Næming öndunarfæra	Húðnæming
	1. undirflokkur	1. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
Varúðarfullyrðingar — forvarnir	V261 V285	V261 V272 V280

Flokkun	Næming öndunarfæra	Húðnæming
	1. undirflokkur	1. undirflokkur
Varúðarsetningar — viðbrögð	V304 + V341 V342+ V311	V302 + V352 V333 + V313 V321 V363
Varúðarsetningar — geymsla		
Varúðarsetningar — förgun	V501	V501

3.5. **Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur**

3.5.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.5.1.1. „Stökkbreyting“: varanleg breyting á magni eða uppbyggingu erfðaefnis í frumu. Hugtakið „stökkbreyting“ nær bæði yfir arfgengar erfðabreytingar, sem geta birst í svipgerðinni, og undirliggjandi DNA-breytingar, svo fremi að þær séu þekktar (þ.m.t. sértækar breytingar á basapörum og litningayfirfærslur). Hugtökin „*stökkbreytandi*“ og „*stökkbreytir*“ verða notuð hér yfir efni sem leiða til aukinnar tíðni stökkbreytinga í frumu- og/eða lífveruhópum.

3.5.1.2. Almennari hugtök, „*með erfðaeiturhrifum*“ og „*erfðaeiturhrif*“, ná yfir efni eða ferli sem breyta formgerð, upplýsingainntaki eða aðgreiningu DNA, þ.m.t. efni og ferli sem skaða DNA með því að trufla eðlileg eftirmyndunarferli eða sem breyta DNA-eftirmyndun (tímabundið) en þó ekki á lífeðlisfræðilegan hátt. Að jafnaði er litið á niðurstöður úr prófunum á erfðaeiturhrifum sem vísbenda um stökkbreytandi áhrif.

3.5.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.5.2.1. Þessi hættuflokkur tekur einkum til efna sem geta valdið stökkbreytingum í kímfrumum manna sem geta erfst til afkvæmisins. Við flokkun efna og blandna í þennan hættuflokk er þó einnig tekið tillit til niðurstaðna úr prófunum í glasi á stökkbreytandi áhrifum eða erfðaeiturhrifum og prófunum í lífi á líkamsfrumum og kímfrumum spendýra.

3.5.2.2. Við flokkun með tilliti til stökkbreytandi áhrifa á kímfrumur er efnum skipað í annan af tveimur undirflokkum eins og fram kemur í töflu 3.5.1

Tafla 3.5.1

Hættuundirflokkar fyrir kímfrumustökkbreyta

Undirflokkar	Viðmiðanir
1. UNDIRFLOKKUR	Efni sem vitað er að valda arfgengum stökkbreytingum eða sem líta ber svo á að valdi arfgengum stökkbreytingum í kímfrumum manna. Efni sem vitað er að valda arfgengum stökkbreytingum í kímfrumum manna.
UNDIRFLOKKUR 1A	Flokkun í undirflokk 1A byggist á jákvæðum vísbendingum úr faraldsfræðilegum rannsóknum á mönnum. Efni sem líta ber svo á að valdi arfgengum stökkbreytingum í kímfrumum manna

Undirflokkar	Viðmiðanir
Undirflokkur 1B	Flokkun í undirflokk 1B byggist á: — jákvæðri niðurstöðu eða niðurstöðum úr prófunum í lífi á arfgengum stökkbreytandi áhrifum á kímfrumur spendýra, eða — jákvæðri niðurstöðu eða niðurstöðum úr prófunum í lífi á stökkbreytandi áhrifum á líkamsfrumur spendýra ásamt einhverjum vísbendingum um að efnið geti valdið stökkbreytingum í kímfrumum.Unnt er að leiða þessar stoðvísbendingar af prófunum í lífi á stökkbreytandi áhrifum/erfðaeiturhrifum á kímfrumur eða með því að sýna fram á getu efnisins eða umbrotsefnis eða umbrotsefna þess að milliverka við erfðaefni kímfrumna; eða — jákvæðum niðurstöðum úr prófunum sem sýna stökkbreytandi áhrif á kímfrumur manna, án þess að sýnt sé fram á erfðir til afkvæmis; t.d. aukna tíðni mislitnunar í sæðisfrumum manna sem hafa orðið fyrir váhrifum.
2. UNDIRFLOKKUR	Efni sem gefa tilefni til áhyggna þar eð þau kunna að valda arfgengum stökkbreytingum í kímfrumum manna. Flokkun í 2. undirflokk byggist á: — jákvæðum vísbendingum úr tilraunum á spendýrum og/eða í sumum tilvikum úr tilraunum í glasi, sem fengist hafa með: — prófunum í lífi á stökkbreytandi áhrifum á líkamsfrumur spendýra eða — öðrum prófunum í lífi á erfðaeiturhrifum á líkamsfrumur sem eru studdar jákvæðum niðurstöðum úr mælingum í glasi á stökkbreytandi áhrifum. Athugasemd: Ef efni mælast jákvæð í prófunum í glasi á stökkbreytandi áhrifum á spendýr og sýna einnig tengsl, að því er varðar efnafræðilega byggingu og virkni, við þekkta kímfrumustökkbreyta skal skoða hvort þau skuli flokkuð sem stökkbreytar í 2. undirflokki.

3.5.2.3. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til við flokkun efna sem kímfrumustökkbreyta*

3.5.2.3.1. Við ákvörðun um flokkun er tekið tillit til prófunarniðurstaðna úr tilraunum til ákvörðunar á stökkbreytandi áhrifum og/eða erfðaeiturhrifum á kímfrumur og/eða líkamsfrumur dýra sem hafa orðið fyrir váhrifum. Einnig skal taka tillit til stökkbreytandi áhrifa og/eða erfðaeiturhrifa sem eru ákvörðuð í prófunum í glasi.

3.5.2.3.2. Kerfið er hættutengt og efni eru flokkuð á grundvelli eðlislægrar hæfni sinnar til að valda stökkbreytingum í kímfrumum. Það er því ekki ætlað til (megindlegs) áhættumats á efnum.

3.5.2.3.3. Flokkun með tilliti til arfgengra áhrifa á kímfrumur manna grundvallast á vönduðum og nægilega fullgiltum prófunum, helst eins og lýst er í reglugerð (EB) nr. 440/2008, sem var samþykkt í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (reglugerðin um prófunaraðferðir), t.d. eins og prófanirnar sem eru tilgreindar í eftirfarandi liðum. Við mat á prófunarniðurstöðum skal stuðst við sérfræðiálit og allar fyrirliggjandi vísbendingar skulu vegnar við töku ákvörðunar um flokkun.

3.5.2.3.4. Prófanir í lífi á arfgengum, stökkbreytandi áhrifum á kímfrumur, t.d.:

— prófun með tilliti til ríkjandi, banvænna stökkbreytinga í nagdýrum,

— prófun með tilliti til arfgengrar yfirfærslu í músum.

3.5.2.3.5. Prófanir í lífi á stökkbreytandi áhrifum á líkamsfrumur, t.d.:

— prófun með tilliti til litningabreytinga í beinmergi spendýra,

— músablettaprófun,

— prófun á smákjörnum í rauðkornum hjá spendýrum.

3.5.2.3.6. Prófun á stökkbreytandi áhrifum/erfðaeiturhrifum á kímfrumur, t.d.:

a) prófanir á stökkbreytandi áhrifum:

— prófun á litningabreytingum í sáðstofnfrumum spendýra,

— prófun á smákjörnum í forsæðisfrumum.

b) Prófun á erfðaeiturhrifum:

— víxlunargreining systurlitningsþráða í sáðstofnfrumum,

— prófun á ófyrirséðri DNA-nýmyndun í eistnafrumum.

3.5.2.3.7. Prófun á erfðaeiturhrifum í líkamsfrumum, s.s.:

— prófun í lífi á ófyrirséðri nýmyndun í lifur,

— víxlun systurlitningsþráða í beinmerg spendýra.

3.5.2.3.8. Prófanir í glasi á stökkbreytandi áhrifum, s.s.:

— prófun í glasi á litningabreytingum í spendýrum,

— prófun í glasi á genastökkbreytingum í spendýrafrumum,

prófanir á bakstökkbreytingum hjá bakteríum.

3.5.2.3.9. Flokkun einstakra efna skal byggjast á heildarvægi rökstuddra vísbendinga með stoð í sérfræðiáliti (sjá lið 1.1.1). Ef aðeins er notuð ein, vönduð prófun til flokkunar skal hún gefa skýrar og ótvírætt jákvæðar niðurstöður. Komi fram nýjar, vel fullgiltar, prófanir má einnig nota þær við ákvörðun á heildarvægi rökstuddra vísbendinga. Einnig skal taka tillit til vægis þeirrar váhrifaleiðar, sem er notuð við rannsókn á efninu, í samanburði við leið váhrifa á menn.

3.5.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.5.3.1. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um öll eða aðeins sum innihaldsefnin í blöndunni*

3.5.3.1.1. Blandan skal flokkuð sem stökkbreytir ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem stökkbreytir í undirflokki 1A, undirflokki 1B eða 2. undirflokki og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi, almennum styrkleikamörkum sem birt eru í töflu 3.5.2 fyrir undirflokk 1A, undirflokk 1B og 2. undirflokk.

Tafla 3.5.2

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem kímfrumustökkbreytar, sem ráða flokkun blöndunnar.

	Styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:		
Innihaldsefni, flokkað sem:	stökkbreytir í undirflokki 1A	stökkbreytir í undirflokki 1B	stökkbreytir í 2. undirflokki
stökkbreytir í undirflokki 1A	≥ 0,1 %	—	—
stökkbreytir í undirflokki 1B	—	≥ 0,1 %	—
stökkbreytir í 2. undirflokki	—	—	≥ 1,0 %

Athugasemd:

Styrkleikamörkin í töflunni hér að framan gilda um föst efni og vökva (gefin upp sem massahlutfall) og einnig um lofttegundir (gefin upp sem rúmmálshlutfall).

3.5.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.5.3.2.1. Flokkun blandna byggist á fyrirliggjandi prófunargögnum um einstök innihaldsefni blöndunnar og eru notuð styrkleikamörk fyrir þau innihaldsefni sem eru flokkuð sem kímfrumustökkbreytar. Í einstaka tilviki er heimilt að nota prófunargögn um blöndur til flokkunar ef þau sýna fram á áhrif sem hafa ekki verið staðfest við mat sem grundvallast á einstökum innihaldsefnum blöndunnar. Þegar svo háttar til verður að sýna fram á að prófunarniðurstöðurnar fyrir blönduna í heild séu afdráttarlausar, að teknu tilliti til skammta og annarra þátta á borð við tímalengd, athuganir, næmi og tölfræðigreiningu á prófunarkerfunum fyrir stökkbreytandi áhrif á kímfrumur. Varðveita skal fullnægjandi skjöl til stuðnings flokkuninni og hafa þau aðgengileg til rýni að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.5.3.3. *Flokkun blandna þegar ekki liggja fyrir gögn um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.5.3.3.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna af stökkbreytandi áhrifum hennar á kímfrumur en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur (með fyrirvara um lið 3.5.3.2.1) til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við viðeigandi brúunarreglur í lið 1.1.3.

3.5.4. ***Hættuboð***

3.5.4.1. Nota skal merkingaratriði í samræmi við töflu 3.5.3 fyrir efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk.

Tafla 3.5.3

Merkingaratriði fyrir stökkbreytandi áhrif á kímfrumur

Flokkun	Undirflokkur 1A eða 1B	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H340: Getur valdið erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H341: Grunað um að valda erfðagöllum (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)
Varnaðarsetning Forvarnir	V201 V202 V281	V201 V202 V281
Varnaðarsetning Viðbrögð	V308 + V313	V308 + V313
Varnaðarsetning Geymsla	V405	V405
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501

3.5.5. ***Önnur atriði sem taka þarf tillit til varðandi flokkun***

Sífellt fleiri viðurkenna nú að ferli æxlismyndunar (e. tumorigenesis) í mönnum og dýrum af völdum íðefna felur í sér erfðabreytingar, t.d. í forverum æxlisgena (e. proto-oncogene) og/eða æxlisbæligenum líkamsfrumna. Sé sýnt fram á stökkbreytandi eiginleika efna í líkams- og eða kímfrumum spendýra í lífi getur það því haft áhrif á hvort þessi efni flokkist sem krabbameinsvaldar (sjá einnig krabbameinsvaldandi áhrif, undirliður 3.6.2.2.6 í lið 3.6).

3.6. **Krabbameinsvaldandi áhrif**

3.6.1. ***Skilgreining***

3.6.1.1. „Krabbameinsvaldur“: efni eða blanda efna sem valda krabbameini eða auka tíðni krabbameins. Hafi efni valdið góðkynja og illkynja fyrirferð í vönduðum tilraunarannsóknum á dýrum er einnig litið svo á að þau séu ætlaðir (e. presumed) eða grunaðir (e. suspected) krabbameinsvaldar hjá mönnum nema sterkar vísbendingar liggi fyrir um að gangvirkið, sem orsakar fyrirferðaraukninguna, hafi ekki áhrif á menn.

3.6.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.6.2.1. Við flokkun með tilliti til krabbameinsvaldandi áhrifa er efnum skipað í annan af tveimur undirflokkum eftir styrk rökstuddra vísbendinga og eftir fleiri atriðum sem taka þarf tillit til (vægi rökstuddra vísbendinga). Í sumum tilvikum getur verið heimilt að flokka eftir viðkomandi váhrifaleið ef hægt er að sanna svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér.

Tafla 3.6.1

Hættuundirflokkar fyrir krabbameinsvalda

Undirflokkar	Viðmiðanir
1. UNDIRFLOKKUR	Þekktir eða ætlaðir krabbameinsvaldar hjá mönnum Efni er skipað í 1. undirflokk fyrir krabbameinsvaldandi áhrif á grundvelli gagna úr faraldsfræðilegum rannsóknum eða rannsóknum á dýrum. Efni má sérgreina enn frekar sem:
Undirflokkur 1A	undirflokkur 1A, efni sem vitað er að geta valdið krabbameini í mönnum; þessi flokkun byggist að mestu leyti á vísbendingum um áhrif á menn eða
Undirflokkur 1B	undirflokkur 1B, efni sem ætlað er að geti valdið krabbameini í mönnum; þessi flokkun byggist að mestu leyti á vísbendingum um áhrif á dýr. Flokkun í undirflokkana 1A og 1B grundvallast á styrk rökstuddra vísbendinga og fleiri atriðum sem taka þarf tillit til (sjá lið 3.6.2.2). Þessar vísbendingar má leiða af: — rannsóknum á mönnum sem staðfesta orsakatengsl milli váhrifa efnis á menn og myndun krabbameins (þekktir krabbameinsvaldar hjá mönnum) eða — dýratilraunum þar sem eru nægilegar ([1]) vísbendingar til að sýna fram á krabbameinsvaldandi áhrif á dýr (ætlaður krabbameinsvaldur hjá mönnum). Auk þessa getur vísindalegt mat í einstaka tilvikum heimilað ákvörðun um ætluð krabbameinsvaldandi áhrif á menn með stoð í rannsóknum sem sýna takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif á menn ásamt takmörkuðum vísbendingum um krabbameinsvaldandi áhrif á tilraunadýr.
2. UNDIRFLOKKUR	Grunaðir krabbameinsvaldar hjá mönnum Skipun efnis í 2. undirflokk byggist á vísbendingum úr rannsóknum á mönnum og/eða dýrum, sem eru þó ekki nógu traustar til að setja megi efnið í undirflokk 1A eða 1B, að teknu tilliti til styrks rökstuddra vísbendinga ásamt fleiri atriðum sem taka þarf tillit til (sjá lið 3.6.2.2). Slíkar vísbendingar geta annaðhvort verið leiddar af takmörkuðum ([1]) vísbendingum um krabbameinsvaldandi áhrif úr rannsóknum á mönnum eða takmörkuðum vísbendingum um krabbameinsvaldandi áhrif úr rannsóknum á dýrum.

([1]) Athugasemd: sjá 3.6.2.2.4.

3.6.2.2. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til við flokkun efna sem krabbameinsvalda*

3.6.2.2.1. Efni er flokkað sem krabbameinsvaldur á grundvelli vísbendinga úr áreiðanlegum og viðurkenndum rannsóknum og er ætlunin að þessi flokkun sé notuð fyrir efni með eðliseiginleika sem valda krabbameini. Mat skal byggjast á öllum fyrirliggjandi gögnum, ritrýndum, birtum rannsóknum og fleiri viðurkenndum gögnum.

3.6.2.2.2. Flokkun efnis sem krabbameinsvalds er ferli sem felur í sér tvær innbyrðis tengdar aðgerðir: mat á styrk rökstuddra vísbendinga og íhugun allra annarra upplýsinga sem skipta máli við röðun efna, sem geta valdið krabbameini í mönnum, í hættuundirflokka.

3.6.2.2.3. Mat á styrk rökstuddra vísbendinga felur m.a. í sér upptalningu á fyrirferðum, sem fram hafa komið í rannsóknum á mönnum og dýrum, og ákvörðun á tölfræðilegri marktækni þeirra. Nægjanlegar vísbendingar um áhrif á menn sýna að orsakasamband ríkir milli váhrifa á menn og myndun krabbameins en nægjanlegar vísbendingar um áhrif á dýr sýna orsakasamband milli efnisins og aukinnar tíðni fyrirferðaraukningar. Sýnt hefur verið fram á takmarkaðar vísbendingar hjá mönnum ef jákvætt samband ríkir milli váhrifa og krabbameins en ekki er hægt að fullyrða um orsakasamband. Sýnt hefur verið fram á takmarkaðar vísbendingar hjá dýrum ef gögn benda til krabbameinsvaldandi áhrifa en eru ekki fullnægjandi. Hugtökin „nægjanlegur“ (e. sufficient) og „takmarkaður“ (e. limited) hafa verið notuð hér eins og þau eru skilgreind hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnuninni á eftirfarandi hátt:

a) Krabbameinsvaldandi áhrif á menn

Vísbendingar varðandi krabbameinsvaldandi áhrif úr rannsóknum á mönnum eru flokkaðar í annan af tveimur eftirfarandi flokkum:

— nægjanlegar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif (e. sufficient evidence of carcinogenicity): orsakasamband hefur verið staðfest milli váhrifa frá efninu og krabbameins í mönnum, þ.e. mælst hefur jákvætt samband milli váhrifa og krabbameins í rannsóknum þar sem unnt var að útiloka tilviljun, bjaga (e. bias) og truflandi áhrif (e. confounding) með eðlilegri vissu,

— takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif (e. limited evidence of carcinogenicity): mælst hefur jákvætt samband milli váhrifa frá efninu og krabbameins sem telja má trúverðugt orsakasamband en ekki var unnt að útiloka tilviljun, bjaga eða truflandi áhrif með eðlilegri vissu.

b) Krabbameinsvaldandi áhrif á tilraunadýr

Unnt er að meta krabbameinsvaldandi áhrif á tilraunadýr með hefðbundnum lífgreiningum, lífgreiningum þar sem notuð eru erfðabreytt dýr og með öðrum lífgreiningum í lífi þar sem lögð er áhersla á eitt eða fleiri mikilvæg stig krabbameinsmyndunar. Ef ekki eru fyrir hendi gögn úr hefðbundnum, langtíma lífgreiningum eða greiningum þar sem æxlismyndun er endapunkturinn skal, við mat á styrk vísbendinga um krabbameinsvaldandi áhrif á tilraunadýr, taka tillit til ítrekað jákvæðra niðurstaðna í ýmsum líkönum sem beinast að nokkrum þrepum í margþrepaferli krabbameinsmyndunar. Vísbendingar varðandi krabbameinsvaldandi áhrif í tilraunadýrum eru flokkaðar í annan af tveimur eftirfarandi flokkum:

— nægjanlegar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif: staðfest hefur verið að orsakasamband ríkir milli efnisins og aukinnar tíðni illkynja æxla eða viðeigandi samsetningar góðkynja og illkynja æxla í a) tveimur eða fleiri tegundum dýra eða b) tveimur eða fleiri óháðum rannsóknum sem eru gerðar á einni og sömu dýrategund en á mismunandi tímum eða á mismunandi rannsóknarstofum eða samkvæmt mismunandi aðferðarlýsingum. Aukin tíðni fyrirferðar hjá báðum kynjum einnar og sömu dýrategundar í vandaðri rannsókn, sem helst er unnin samkvæmt góðum starfsvenjum við rannsóknir, getur einnig gefið nægjanlegar vísbendingar. Líta má svo á að ein rannsókn á einni dýrategund og á öðru kyninu veiti nægjanlegar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif ef óvenju mikið er um illkynja æxli, með hliðsjón af tíðni, æxlisstað, tegund fyrirferðar eða aldri við upphaf fyrirferðaraukningar, eða þegar mjög mörg æxli finnast á mörgum stöðum.

— takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif: gögn benda til krabbameinsvaldandi áhrifa en nægja ekki til óyggjandi mats, t.d. vegna þess að a) vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif takmarkast við eina tilraun, b) vafi leikur á ýmsu viðvíkjandi áreiðanleika hönnunar, framkvæmdar eða túlkunar rannsóknanna, c) efnið eykur einungis tíðni góðkynja æxla eða vefjaskemmda sem óvíst er að geti orðið að æxlum eða d) vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif takmarkast við rannsóknir sem sýna einungis fram á aukna virkni í fáum tegundum vefja eða líffæra.

3.6.2.2.4. Fleiri atriði sem þarf að taka tillit til (innan ramma aðferðarinnar með vægi rökstuddra vísbendinga (sjá 1.1.1)). Til viðbótar við ákvörðun á styrk rökstuddra vísbendinga um krabbameinsvaldandi áhrif þarf að skoða ýmsa aðra þætti sem hafa áhrif á heildarlíkurnar á að efni skapi hættu á krabbameinsmyndun í mönnum. Fullnaðarskrá yfir þætti sem hafa áhrif á þessa ákvörðun yrði mjög löng en fjallað er um nokkra af veigamestu þáttunum hér.

3.6.2.2.5. Þættirnir geta annaðhvort aukið áhyggjurnar af krabbameinsvaldandi áhrifum á menn eða dregið úr þeim áhyggjum. Það hlutfallslega vægi, sem hverjum þætti er gefið, ræðst af magni og samfellu vísbendinganna sem varða hann. Að jafnaði þarf fyllri upplýsingar til að draga úr áhyggjum en auka þær. Skoða skal fleiri atriði í hverju tilviki fyrir sig við mat á fyrirferðarniðurstöðum og öðrum þáttum.

3.6.2.2.6. Nokkrir mikilvægir þættir sem hægt er að nota til að vega og meta hversu mikið tilefni er til áhyggna:

a) tegund fyrirferðar og bakgrunnstíðni (e. background incidence),

b) svörun á mörgum stöðum,

c) vefjaskemmdir verða illkynja,

d) minna um dulda fyrirferð,

e) hvort svörun verður hjá aðeins öðru kyninu eða hjá báðum kynjum,

f) hvort svörun verður hjá aðeins einni dýrategund eða hjá mörgum dýrategundum,

g) hvort byggingarleg líkindi séu við eitt eða fleiri efni sem ákveðnar vísbendingar eru um að hafi krabbameinsvaldandi áhrif,

h) váhrifaleiðir,

i) samanburður á upptöku, dreifingu, efnaskiptum og útskilnaði hjá tilraunadýrum og mönnum,

j) hætta á truflandi áhrifum ef prófunarskammtar valda of miklum eiturhrifum,

k) verkunarháttur og mikilvægi hans fyrir menn, s.s. frumueiturhrif með vaxtarörvun, eitilfrumuræsing, ónæmisbæling og stökkbreytandi áhrif.

Stökkbreytandi áhrif: það er viðurkennt að atburðir í erfðaefninu gegna mikilvægu hlutverki í heildarferli krabbameinsmyndunar. Því geta vísbendingar um stökkbreytandi áhrif í lífi bent til þess að efni geti haft krabbameinsvaldandi áhrif.

3.6.2.2.7. Þótt efni hafi ekki verið prófað með tilliti til krabbameinsvaldandi áhrifa þess má í ákveðnum tilvikum flokka það í undirflokk 1A, undirflokk 2B eða 2. undirflokk á grundvelli fyrirferðargagna um hliðstætt efni að byggingu ef því fylgir traustur rökstuðningur sem byggist á athugun á öðrum mikilvægum þáttum á borð við myndun sömu mikilvægu umbrotsefnanna, t.d. leysilitir úr efnamyndum bensidíns.

3.6.2.2.8. Við flokkun skal einnig taka tillit til þess hvort upptaka efnisins fari eftir ákveðinni íkomuleið eða -leiðum, hvort aðeins sé um að ræða staðbundnar fyrirferðir á íkomustað fyrir þá íkomuleið eða -leiðir, sem hafa verið prófaðar, og hvort fullnægjandi prófanir með annarri eða öðrum mikilvægum íkomuleiðum sýni engin krabbameinsvaldandi áhrif.

3.6.2.2.9. Við flokkun er mikilvægt að taka tillit til alls sem er vitað um eðlisefnafræðilega eiginleika efnanna og eiginleika þeirra sem varða eiturhvörf og eiturefnahrif sem og allra fáanlegra upplýsinga, sem skipta máli, um efnafræðilega hliðstæð efni, þ.e. vensl efnabyggingar og virkni.

3.6.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.6.3.1. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um öll eða aðeins sum innihaldsefnin í blöndunni*

3.6.3.1.1. Blandan skal flokkuð sem krabbameinsvaldur ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1A, undirflokki 1B eða 2. undirflokki og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem birt eru í töflu 3.6.2 fyrir undirflokk 1A, undirflokk 1B og 2. undirflokk.

Tafla 3.6.2

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldar, sem ráða flokkun blöndunnar.

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:		
	Krabbameinsvaldur í undirflokki 1A	Krabbameinsvaldur í undirflokki 1B	Krabbameinsvaldur í 2. undirflokki
krabbameinsvaldur í undirflokki 1A	≥ 0,1%	—	—
krabbameinsvaldur í undirflokki 1B	—	≥ 0,1%	—
krabbameinsvaldur í 2. undirflokki	—	—	≥ 1,0% (1. aths.)

Athugasemd

Styrkleikamörkin í töflunni hér að framan gilda um föst efni og vökva (gefin upp sem massahlutfall) og einnig um lofttegundir (gefin upp sem rúmmálshlutfall).

1. athugasemd

Innihaldi blandan krabbameinsvaldandi efni í 2. undirflokki í styrkleika sem er ≥ 0,1% skal öryggisblað um blönduna látið í té að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.6.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.6.3.2.1. Flokkun blandna byggist á fyrirliggjandi prófunargögnum um einstök innihaldsefni blöndunnar og eru notuð styrkleikamörk fyrir þau innihaldsefni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldar. Í einstaka tilviki er heimilt að nota prófunargögn um blöndur til flokkunar ef þau sýna fram á áhrif sem hafa ekki verið staðfest við mat sem grundvallast á einstökum innihaldsefnum blöndunnar. Þegar svo háttar til verður að sýna fram á að prófunarniðurstöðurnar fyrir blönduna í heild séu afdráttarlausar, að teknu tilliti til skammta og annarra þátta á borð við tímalengd, athuganir, næmi og tölfræðigreiningu á prófunarkerfunum fyrir krabbameinsvaldandi áhrif. Varðveita skal fullnægjandi skjöl til stuðnings flokkuninni og hafa þau aðgengileg til rýni að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.6.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur:*

3.6.3.3.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna af krabbameinsvaldandi áhrifum hennar en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur (með fyrirvara um lið 3.6.3.2.1) til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við viðeigandi brúunarreglur í lið 1.1.3.

3.6.4. ***Hættuboð***

3.6.4.1. Nota skal merkingaratriði í samræmi við töflu 3.6.3 fyrir efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk.

Tafla 3.6.3

Merkingaratriði fyrir krabbameinsvaldandi áhrif

Flokkun	Undirflokkur 1A eða 1B	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H350: Getur valdið krabbameini (*tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér*)	H351: Grunað um að valda krabbameini (*tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér*)
Varnaðarsetning Forvarnir	V201 V202 V281	V201 V202 V281
Varnaðarsetning Viðbrögð	V308 + V313	V308 + V313
Varnaðarsetning Geymsla	V405	V405
Varnaðarsetning Förgun	V501	V501

3.7. **Eiturhrif á æxlun**

3.7.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.7.1.1. Eiturhrif á æxlun eru skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi hjá fullorðnum mönnum og konum og eiturhrif á þroskun afkvæma þeirra. Skilgreiningarnar hér fyrir aftan hafa verið aðlagaðar eftir samþykktum vinnuskilgreiningum í skjali nr. 225 í ritröðinni „viðmiðanir um heilbrigði umhverfisins“ (e. Environmental Health Criteria: EHC) á vegum alþjóðaáætlunarinnar um öryggi íðefna (e. International Programme on Chemical Safety: IPCS) með titlinum: „Meginreglur um mat á hvers konar áhættu fyrir heilbrigði æxlunar sem tengist váhrifum frá íðefnum“ (e. Principles for Evaluating Health Risks to Reproduction Associated with Exposure to Chemicals). Með tilliti til flokkunar er framköllun arfgengra breytinga í erfðaefni, sem koma fram í afkvæminu, tekin fyrir í liðnum „Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur“ (liður 3.5) þar eð eðlilegra þykir, í núverandi flokkunarkerfi, að fjalla um slík áhrif í sérstökum hættuflokki fyrir stökkbreytandi áhrif á kímfrumur.

Í þessu flokkunarkerfi er eiturhrifum á æxlun skipt í tvo aðalflokka:

a) skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi,

b) skaðleg áhrif á þroskun afkvæmis.

Ekki er hægt að flokka sum eiturhrif á æxlun á óyggjandi hátt sem annaðhvort skerðingu á kynstarfsemi og frjósemi eða sem eiturhrif á þroskun. Engu að síður skulu efni sem hafa þessi áhrif, eða blöndur sem innihalda þessi efni, flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun.

3.7.1.2. Við flokkun er hættuflokknum eiturhrif á æxlun skipt eftir tegundum áhrifa:

— skaðleg áhrif

  — á kynstarfsemi og frjósemi eða

  — á þroskun,

— áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk,

3.7.1.3. *Skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi*

Hvers kyns áhrif efna sem geta valdið því að kynstarfsemi og frjósemi raskast. Undir þetta falla m.a. breytingar á æxlunarfærum kvenna og karla, skaðleg áhrif við upphaf kynþroska, framleiðsla og flutningur kynfrumna, eðlilegt ástand æxlunarferilsins, kynhegðun, frjósemi, fæðingu, niðurstöður þungunar, ótímabær hnignun í frjósemi eða breytingar á annarri starfsemi sem er háð því að starfsemi æxlunarfæranna sé eðlileg.

3.7.1.4. *Skaðleg áhrif á þroskun afkvæmis*

Eiturhrif á þroskun nær í víðasta skilningi yfir öll áhrif sem raska eðlilegri þroskun fangs (e. conceptus), annaðhvort fyrir eða eftir burð, og stafa af váhrifum á annað hvort foreldrið fyrir getnað eða váhrif á afkvæmið á fósturþroskunarskeiði eða eftir fæðingu og fram að kynþroska. Þó er litið svo á að flokkun undir fyrirsögninni eiturhrif á þroskun eigi fyrst og fremst að vera hættuviðvörun til þungaðra kvenna og til manna og kvenna á barneignaraldri. Með eiturhrifum á þroskun er því, af hagnýtum ástæðum vegna flokkunar, í meginatriðum átt við skaðleg áhrif sem koma í ljós á meðgöngu eða vegna váhrifa á foreldri. Þessi áhrif geta birst á hvaða stigi sem er á líftíma lífverunnar. Helstu birtingarform eiturhrifa á þroskun eru 1) dauði lífveru á þroskunarskeiði, 2) óeðlilegt frávik í líkamsbyggingu, 3) vaxtarbreyting og 4) starfræn skerðing.

3.7.1.5. Skaðleg áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk falla einnig undir eiturhrif á æxlun en vegna flokkunar eru slík áhrif meðhöndluð sérstaklega (sjá töflu 3.7.1 (b)). Þetta er sökum þess að æskilegt er að geta flokkað efni sérstaklega fyrir skaðleg áhrif á mjólkurmyndun og brjóstagjöf til þess að hægt sé að vara mjólkandi mæður sérstaklega við hættunni á þessum áhrifum.

3.7.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.7.2.1. *Hættuundirflokkar*

3.7.2.1.1. Við flokkun með tilliti til eiturhrifa á æxlun er efnum skipað í annan af tveimur undirflokkum: Innan hvers undirflokks eru áhrif á kynstarfsemi og frjósemi og áhrif á þroskun skoðuð í hverju tilviki um sig. Auk þess eru áhrif á mjólkurmyndun og brjóstagjöf sett í sérstakan hættuundirflokk.

Tafla 3.7.1 (a)

Hættuundirflokkar fyrir efni sem hafa eiturhrif á æxlun

Undirflokkar	Viðmiðanir
1. UNDIRFLOKKUR	Efni sem vitað er eða ætlað er að hafi eiturhrif á æxlun hjá mönnum Efni eru flokkuð í 1. undirflokk fyrir eiturhrif á æxlun þegar vitað er að þau hafa haft skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða á þroskun hjá mönnum eða þegar vísbendingar úr dýrarannsóknum, e.t.v. að viðbættum öðrum upplýsingum, gefa sterklega til kynna að efnið geti haft truflandi áhrif á æxlun hjá mönnum. Við flokkun efnis er enn fremur greint á milli þess hvort vísbendingarnar, sem liggja til grundvallar flokkuninni, komi að mestu úr gögnum um áhrif á menn (undirflokkur 1A) eða úr gögnum um áhrif á dýr.
Undirflokkur 1A	Efni sem vitað er að hafi eiturhrif á æxlun hjá mönnum Flokkun efnis í undirflokk 1A byggist að mestu leyti á vísbendingum um áhrif á menn.
Undirflokkur 1B	Efni sem ætlað er að hafi eiturhrif á æxlun hjá mönnum Flokkun efnis í undirflokk 1B byggist að mestu leyti á gögnum úr rannsóknum á dýrum. Þessi gögn skulu gefa skýrar vísbendingar um skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða á þroskun án þess að vart hafi orðið annarra eiturhrifa, en ef skaðlegu áhrifin eiga sér stað á sama tíma og önnur eiturhrif teljast þau ekki annars stigs ósértæk afleiðing þessara eiturhrifa. Þó gæti flokkun í 2. undirflokk verið meira við hæfi ef fyrir hendi eru upplýsingar um verkunarhátt sem vekja efasemdir um mikilvægi þessara áhrifa á menn.
2. UNDIRFLOKKUR	Efni sem eru grunuð um að hafa eiturhrif á æxlun hjá mönnum Efni eru flokkuð í 2. undirflokk fyrir eiturhrif á æxlun þegar fyrir liggja einhverjar vísbendingar um áhrif á menn eða tilraunadýr, e.t.v. að viðbættum öðrum upplýsingum, um skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða á þroskun og þegar vísbendingarnar eru ekki nógu traustar til að setja megi efnið í 1. undirflokk. Ef gæði vísbendinga eru ekki nógu traust vegna annmarka á rannsókninni gæti flokkun í 2. undirflokk verið meira við hæfi. Slík áhrif skulu hafa komið fram án þess að vart hafi orðið annarra eiturhrifa, en ef skaðleg áhrif á æxlun eiga sér stað á sama tíma og önnur eiturhrif teljast þau ekki annars stigs ósértæk afleiðing þessara eiturhrifa.

Tafla 3.7.1 (b)

Hættuundirflokkur fyrir áhrif á mjólkurmyndun og brjóstagjöf

ÁHRIF Á MJÓLKURMYNDUN EÐA MEÐ BRJÓSTAMJÓLK
Áhrifum á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk er skipt í einn sérstakan undirflokk. Það er viðurkennt að fyrir mörg efni eru ekki til neinar upplýsingar um hvort efni getur haft skaðleg áhrif á afkvæmi með brjóstagjöf. Efni, sem líkami móður tekur upp og sýnt hefur verið fram á að hafi áhrif á mjólkurmyndun eða sem gæti verið í brjóstamjólk (einnig sem umbrotsefni) í nægilega miklu magni til að geta stofnað heilsu brjóstmylkings í hættu, skal flokkað og merkt til að sýna þennan eiginleika sem er brjóstmylkingum hættulegur. Þessi flokkun getur byggst á: a) vísbendingum um áhrif á menn sem gefa til kynna að ungbörn séu í hættu meðan þau eru á brjósti og/eða b) niðurstöðum úr rannsóknum á einni eða tveimur kynslóðum dýra sem gefa skýrar vísbendingar um að afkvæmin hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum vegna þess að efnið hefur borist í þau með mjólkinni eða vísbendingar um að gæði mjólkurinnar hafi spillst, og/eða c) rannsóknum á upptöku, efnaskiptum, dreifingu og útskilnaði sem benda til þess að í brjóstamjólk geti verið nægilega mikið af efninu til að valda eitrun.

3.7.2.2. *Grundvöllur fyrir flokkun*

3.7.2.2.1. Flokkun er gerð á grundvelli viðeigandi viðmiðana, sem lýst er hér að framan, og mati á heildarvægi rökstuddra vísbendinga (sjá lið 1.1.1). Skipun efnis í flokk efna sem hafa eiturhrif á æxlun er ætluð fyrir efni sem hafa eðlislæga sértæka eiginleika sem kalla fram skaðleg áhrif á æxlun og efni skulu ekki skipuð í þennan flokk ef slík áhrif koma eingöngu fram sem ósértæk annars stigs afleiðing annarra eiturhrifa.

Flokkun efnis er leidd út frá hættuundirflokkunum í eftirfarandi forgangsröð: undirflokkur 1A, undirflokkur 1B, 2. undirflokkur og viðbótarundirflokkurinn fyrir áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk. Uppfylli efni viðmiðanirnar fyrir flokkun í báða aðalundirflokkana (t.d. undirflokk 1B fyrir áhrif á kynstarfsemi og frjósemi og einnig 2. undirflokk fyrir þroskun) þá skulu báðar áhrifategundirnar tilgreindar í viðkomandi hættusetningum. Flokkun í viðbótarundirflokkinn fyrir áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk verður tekin til skoðunar, óháð flokkun í undirflokk 1A, undirflokk 1B eða 2. undirflokk.

3.7.2.2.2. Við mat á eiturhrifum á afkvæmi á þroskunarskeiði er brýnt að taka tillit til mögulegra áhrifa eiturhrifa á móður (sjá lið 3.7.2.4).

3.7.2.2.3. Til þess að vísbendingar um áhrif á menn geti verið megingrundvöllurinn fyrir flokkun í undirflokk 1A verða áreiðanlegar vísbendingar um skaðleg áhrif á æxlun manna að liggja fyrir. Vísbendingar, sem eru notaðar til flokkunar, skulu helst vera úr vönduðum faraldsfræðirannsóknum sem fela í sér viðeigandi eftirlit, yfirvegað mat og tilhlýðilegt tillit til bjaga eða truflandi þátta. Gögn úr rannsóknum á mönnum, sem eru ekki jafn vel undirbyggð, skulu studd fullnægjandi gögnum úr rannsóknum á tilraunadýrum og skal flokkun í undirflokk 1B skoðuð.

3.7.2.3. *Vægi rökstuddra vísbendinga*

3.7.2.3.1. Flokkun efnis sem efnis sem hefur eiturhrif á æxlun er gerð á grundvelli mats á heildarvægi rökstuddra vísbendinga, sjá lið 1.1.1. Þetta þýðir að allar fyrirliggjandi upplýsingar, sem notaðar eru til að ákvarða eiturhrif á æxlun, eru skoðaðar saman, t.d. faraldsfræðilegar rannsóknir og frásagnir af sjúkratilfellum hjá mönnum og sérstakar rannsóknir um æxlun og niðurstöður úr rannsóknum á hálflangvinnum, langvinnum og sértækum áhrifum á dýr sem gefa viðeigandi upplýsingar er varða eiturhrif á æxlunarfæri og tengda innkirtla. Einnig má við flokkun hafa hliðsjón af efnum, sem eru efnafræðilega skyld því efni sem er í athugun, einkum þegar til eru takmarkaðar upplýsingar um efnið. Vægið, sem fyrirliggjandi vísbendingum er gefið, ræðst af þáttum eins og gæðum rannsóknanna, samkvæmni niðurstaðna, eðli og alvarleika áhrifa, eiturhrifa á móður í rannsóknum á tilraunadýrum, tölfræðilegri marktækni munarins milli hópanna, fjölda endapunkta þar sem áhrif koma fram, mikilvægi íkomuleiðar fyrir menn og að bjagi sé enginn. Bæði jákvæðum og neikvæðum niðurstöðum er safnað saman í ákvörðun sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga. Ein jákvæð rannsókn, sem er framkvæmd í samræmi við góðar vísindalegar meginreglur og með tölfræðilega eða líffræðilega marktækum jákvæðum niðurstöðum, getur réttlætt flokkun (sjá einnig lið 3.7.2.2.3).

3.7.2.3.2. Rannsóknir á eiturefnaferlum, sem gerðar eru á dýrum eða mönnum, niðurstöður úr rannsóknum á verkunarstaðnum og gangvirki verkunar eða verkunarháttur geta veitt viðeigandi upplýsingar sem draga úr eða auka áhyggjur að því er varðar hættuna fyrir heilbrigði manna. Ef sýnt er ótvírætt fram á að gangvirki verkunar eða verkunarhátturinn, sem hefur verið sanngreindur á skýran hátt, hafi ekki áhrif á menn eða þegar munur á eiturefnaferlunum er svo mikill að öruggt er að hættulegi eiginleikinn komi ekki fram í mönnum skal ekki flokka efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun hjá tilraunadýrum.

3.7.2.3.3. Ef einu áhrifin, sem koma í ljós í sumum rannsóknum á eiturhrifum á æxlun í tilraunadýrum, teljast hafa litla eða hverfandi eiturefnafræðilega þýðingu leiðir það ekki endilega til flokkunar. Þessi áhrif eru t.d. smávægilegar breytingar að því er varðar mælibætti í sæði, fjölda sjálfsprottinna galla hjá fóstri, tíðni algengra fósturfrávika sem sjást í rannsóknum á beinagrindum, líkamsþyngd fósturs eða smávægilegur munur sem kemur fram við mat á þroskun eftir fæðingu.

3.7.2.3.4. Gögn úr rannsóknum á dýrum skulu helst gefa skýrar vísbendingar um sértæk eiturhrif á æxlun án þess að vart hafi orðið annarra útbreiddra eiturhrifa. Ef eiturhrif á þroskun koma fram í kvendýrinu, ásamt öðrum eiturhrifum, skulu hugsanleg áhrif almennu skaðlegu áhrifanna metin eftir því sem unnt er. Til að ákvarða vægi rökstuddra vísbendinga er ákjósanlegast að skoða fyrst skaðleg áhrif á fósturvísinn/fóstrið og meta svo eiturhrif á móður (e. maternal toxicity) og alla aðra þætti sem líklegt er að hafi stuðlað að þessum áhrifum. Almennt séð á ekki að líta sjálfkrafa fram hjá eiturhrifum á þroskun sem koma fram við skammta sem eru eitraðir fyrir móður. Aðeins má líta fram hjá eiturhrifum á þroskun, sem koma fram við skammta sem eru eitraðir fyrir móður, í hverju tilviki fyrir sig eftir að orsakasamband hefur verið staðfest eða hrakið.

3.7.2.3.5. Ef viðeigandi upplýsingar liggja fyrir er mikilvægt að reyna að ákvarða hvort eiturhrif á þroskun stafi af sértæku gangvirki, sem móðir miðlar til afkvæmis, eða af ósértæku annars stigs gangvirki, t.d. sem tengist streitu hjá móður og röskun á samvægi. Almennt skal ekki nota staðfest eiturhrif á móður til að hafna niðurstöðum um áhrif á fósturvísi/fóstur nema hægt sé að sýna með skýrum hætti fram á að þau séu annars stigs ósértæk áhrif. Þetta á einkum við þegar áhrifin á afkvæmið eru umtalsverð, t.d. varanleg áhrif eins og vansköpun í líkamsbyggingu. Í sumum tilvikum má gera ráð fyrir því að eiturhrif á æxlun stafi af annars stigs afleiðingum eiturhrifa á móður og líta þar af leiðandi fram hjá áhrifunum ef efnið er svo eitrað að kvendýrin þrífast ekki og þau finna fyrir alvarlegu þróttleysi, eru ófær um að mjólka afkvæmum sínum eða eru örmagna eða deyjandi.

3.7.2.4. *Eiturhrif á móður*

3.7.2.4.1. Eiturhrif á móður geta haft áhrif á þroskun afkvæmisins á meðgöngu og stuttu eftir fæðingu, annaðhvort í gegnum ósértæk gangvirki, sem tengjast streitu og röskun á samvægi hjá móður, eða í gegnum sértæk gangvirki sem móðir miðlar til afkvæmisins. Við túlkun á niðurstöðum, er varða þroskun, í því skyni að ákvarða flokkun með tilliti til eiturhrifa á þroskun er mikilvægt að skoða möguleg áhrif eiturhrifa á móður. Þetta er flókið mál vegna óvissuþátta að því er varðar tengslin milli eiturhrifa á móður og eiturhrifa á þroskun. Við túlkun á viðmiðunum fyrir flokkun með tilliti til áhrifa á þroskun skal fá sérfræðiálit og nota aðferðina með vægi rökstuddra vísbendinga til að ákveða hversu mikil áhrif megi rekja til eiturhrifa á móður. Til að komast að niðurstöðu um flokkun skal fyrst skoða skaðleg áhrif á fósturvísinn/fóstrið, svo eiturhrif á móður, ásamt öðrum þáttum sem líklegt er að hafi stuðlað að þessum áhrifum, til að ákvarða vægi rökstuddra vísbendinga.

3.7.2.4.2. Á grundvelli hagnýtra rannsókna gætu eiturhrif á móður, eftir því hversu alvarleg þau eru, haft áhrif á þroskun í gegnum ósértæk annars stigs gangvirki og kallað fram áhrif á borð við skertan líkamsþunga fósturs, seinkun á beinmyndun og e.t.v. í einhverjum stofnum tiltekinna tegunda, uppsog og vansköpun. Í þeim takmarkaða fjölda rannsókna, þar sem athuguð hafa verið tengslin milli áhrifa á þroskun og almennra eiturhrifa á móður, hefur þó ekki tekist að sýna fram á samkvæm og samanburðarnákvæm tengsl sem gilda fyrir mismunandi dýrategundir. Áhrif á þroskun, sem koma fram jafnvel þegar eiturhrif á móður eru fyrir hendi, teljast vísbending um eiturhrif á þroskun nema hægt sé að sýna ótvírætt fram á í hverju tilviki fyrir sig að áhrif á þroskun séu annars stigs áhrif miðað við eiturhrif á móður. Enn fremur skal flokkun skoðuð ef um er að ræða umtalsverð eiturhrif á afkvæmið, t.d. varanleg áhrif eins og galla á líkamsbyggingu, dauðsfall fósturvísis eða fósturs og umtalsverða starfræna skerðingu eftir fæðingu.

3.7.2.4.3. Ekki skal líta sjálfkrafa fram hjá flokkun fyrir efni sem hafa aðeins eiturhrif á þroskun í tengslum við eiturhrif á móður, jafnvel þó að sýnt sé fram á sérstakt gangvirki sem móðir miðlar til afkvæmis. Í slíku tilviki kann flokkun í 2. undirflokk að teljast meira við hæfi en flokkun í 1. undirflokk. Þegar efni er svo eitrað að það leiðir til dauða móðurinnar eða til alvarlegs þróttleysis eða kvendýrin eru örmagna og ófær um að mjólka afkvæmunum er eðlilegt að gera ráð fyrir að eiturhrif á þroskun komi aðeins fram sem ósértæk afleiðing eiturhrifa á móður og líta þar af leiðandi fram hjá eiturhrifunum á þroskun. Minni háttar breytingar á þroskun, til að mynda óveruleg skerðing á líkamsþyngd fósturs/afkvæmis eða seinkun á beinmyndun, leiða ekki endilega til flokkunar þegar þær koma fram í tengslum við eiturhrif á móður.

3.7.2.4.4. Sumir endapunktanna, sem notaðir eru til að meta áhrif á móður, eru tilgreindir hér að aftan. Meta þarf gögn um þessa endapunkta, ef þau liggja fyrir, með hliðsjón af tölfræðilegu eða líffræðilegu mikilvægi þeirra og tengsla milli skammta og svörunar.

Dánarhlutfall mæðra:

líta skal á hækkaða tíðni dauðsfalla hjá meðhöndluðum mæðrum miðað við samanburðarhópinn sem vísbendingu um eiturhrif á móður ef hækkunin er skammtatengd og hægt er að rekja hana til útbreiddra eiturhrifa af völdum prófunarefnisins. Ef dánarhlutfall mæðra er yfir 10% telst það of hátt og gögnin, sem til eru fyrir þessa skammtastærð, skulu að öllu jöfnu ekki metin frekar.

Mökunarstuðull

(Fjöldi dýra með leggangatappa eða sæði/fjöldi paraðra dýra × 100) ([1])

Frjósemisstuðull

(Fjöldi dýra með hreiðraðan fósturvísi/fjöldi parana × 100)

Lengd meðgöngutíma

(ef þeim er leyft að gjóta)

Líkamsþyngd og breyting á líkamsþyngd:

Taka skal tillit til breytinga á líkamsþyngd móðurinnar og/eða lagfærðrar (leiðréttrar) líkamsþyngdar móðurinnar þegar eiturhrif á móður eru metin, ef slík gögn liggja fyrir.

([1]) Það er viðurkennt að karldýrið getur einnig haft áhrif á mökunar- og frjósemisstuðulinn.

Útreikningur á lagfærðri (leiðréttri) meðalbreytingu á líkamsþyngd móður, sem er mismunur milli líkamsþyngdar í byrjun og við aflífun að frádreginni þyngd legs með fangi (eða samanlagðri líkamsþyngd fóstranna), gæti sýnt hvort um sé að ræða áhrif á móður eða í legi. Í kanínum er aukning líkamsþyngdar ekki endilega gagnleg vísbending um eiturhrif á móður sökum eðlilegrar þyngdarsveiflu á meðgöngu.

Neysla fóðurs og vatns (ef við á):

Upplýsingar um að verulega hafi dregið úr meðalneyslu fóðurs eða vatns hjá meðhöndluðum mæðrum miðað við samanburðarhópinn eru gagnlegar þegar meta á eiturhrif á móður, einkum þegar prófunarefnið er gefið með fóðrinu eða drykkjarvatninu. Meta þarf breytingar á fóður- eða vatnsneyslu í tengslum við líkamsþyngd móður til að ákvarða hvort áhrifin séu lýsandi fyrir eiturhrif á móður eða hvort þau séu einfaldlega vegna óbragðs af prófunarefninu í fóðrinu eða vatninu.

Klínískt mat (þ.m.t. klínísk einkenni, markefni, rannsóknir á blóðfræði og klínískri efnafræði):

Upplýsingar um aukna tíðni verulegra klínískra einkenna um eiturhrif í meðhöndluðum mæðrum miðað við samanburðarhópinn eru gagnlegar við mat á eiturhrifum á móður. Ef nota á upplýsingarnar sem grundvöll að mati á eiturhrifum á móður skal tilgreina tegundir, tíðni, stig og tímalengd klínískra einkenna í rannsókninni. Klínísk einkenni um eitrun móður geta verið: dá, örmögnun, ofvirkni, skortur á réttviðbragði, slingur eða öndunarerfiðleikar.

Niðurstöður úr skoðunum eftir aflífun:

Aukin tíðni og/eða alvarleiki niðurstaðna úr skoðun eftir aflífun gæti gefið til kynna eiturhrif á móður. Þetta getur tekið til niðurstaðna um stórsæ eða smásæ meinafræðileg fyrirbæri eða gagna um þyngd líffæra, þ.m.t. raunþyngd líffæra, þyngdarhlutfall milli líffæra og líkama eða þyngdarhlutfall milli líffæra og heila. Upplýsingar um verulega breytingu á meðalþyngd marklíffærisins eða -líffæranna, sem grunur leikur á að sé(u) sýkt, hjá meðhöndluðum mæðrum miðað við samanburðarhópinn má nota sem vísbendingu um eiturhrif á móður ef við bætist að skaðleg, vefjameinafræðileg áhrif hafa uppgötvast í sýkta líffærinu eða sýktu líffærunum.

3.7.2.5. *Gögn um áhrif á dýr og tilraunagögn*

3.7.2.5.1. Til er fjöldi alþjóðlega viðurkenndra prófunaraðferða, þ.m.t. aðferðir fyrir prófanir á eiturhrifum á þroskun (t.d. viðmiðunarregla Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir prófanir nr. 414) og aðferðir fyrir prófanir á eiturhrifum á einni kynslóð eða tveimur (t.d. viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir prófanir nr. 415 og 416).

3.7.2.5.2. Niðurstöður úr skimunarprófunum (t.d. viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar nr. 421 — skimunarpróf fyrir eiturhrif á æxlun/þroskun, og nr. 422 — samþætt eiturhrifaprófun með endurteknum skömmtum/skimunarpróf fyrir eiturhrif á þroskun) má einnig nota til að rökstyðja flokkun þótt viðurkennt sé að gæði þessara vísbendinga séu ekki jafn áreiðanleg og vísbendinganna sem fást úr fullnaðarrannsóknum.

3.7.2.5.3. Skaðleg áhrif eða breytingar, sem koma fram í prófunum á skammvinnum eða langvinnum eiturhrifum eftir endurtekna skammta og sem taldar eru líklegar til að skerða æxlunarstarfsemi og eiga sér stað þegar engin alvarleg almenn eiturhrif eru fyrir hendi, má nota sem grundvöll fyrir flokkun, t.d. vefjameinafræðilegar breytingar í kynkirtlunum.

3.7.2.5.4. Vísbendingar úr tilraunum í glasi eða prófunum á dýrum, sem eru ekki spendýr, og úr venslum efnabyggingar og virkni (SAR) hliðstæðra efna má einnig nota við flokkun. Nota verður sérfræðiálit í öllum tilvikum af þessu tagi til að meta hvort gögnin séu fullnægjandi. Gögn sem eru ófullnægjandi skulu ekki notuð sem meginstuðningur fyrir flokkun.

3.7.2.5.5. Ákjósanlegast er að við dýrarannsóknir séu notaðar viðeigandi íkomuleiðir sem tengjast mögulegri leið váhrifa á menn. Hins vegar er reyndin sú að í rannsóknum á eiturhrifum á æxlun er venjulega notuð inngjöf um munn og slíkar rannsóknir eru að öllu jöfnu hentugar til að meta hættulega eiginleika efnisins að því er varðar eiturhrif á æxlun. Sé hins vegar hægt að sýna ótvírætt fram á að gangvirki verkunar eða verkunarhátturinn, sem hafa verið sanngreind á skýran hátt, hafi ekki áhrif á menn eða þegar munur á eiturefnaferlunum er svo mikill að öruggt er að hættulegi eiginleikinn komi ekki fram í mönnum þá skal ekki flokka efni sem hefur skaðleg áhrif á æxlun hjá tilraunadýrum.

3.7.2.5.6. Gæta skal ýtrustu varkárni við túlkun rannsókna þar sem íkomuleiðir eru m.a. innsprautun í bláæð eða í kviðarhol sem leiðir til þess að æxlunarfærin komast í snertingu við óeðlilega hátt magn af prófunarefninu eða sem veldur staðbundnum skemmdum á æxlunarfærum, þ.m.t. erting, og einar og sér eru rannsóknirnar að öllu jöfnu ekki grundvöllur fyrir flokkun.

3.7.2.5.7. Almennt ríkir samkomulag um hugtakið háskammtur og er litið svo á að skaðleg áhrif, sem koma fram sé farið yfir þennan skammt, falli utan þeirra viðmiðana sem leiða til flokkunar en ekki ríkir samkomulag um að þessar viðmiðanir skuli innihalda sérstakan skammt sem háskammt. Nokkrar viðmiðunarreglur fyrir prófunaraðferðir tiltaka þó háskammt, aðrar viðurkenna háskammtinn með fullyrðingu þess efnis að hærri skammtur geti reynst nauðsynlegur ef áætluð váhrif á menn séu nógu mikil þannig að fullnægjandi váhrifamörk nást ekki. Sökum munarins á eiturefnaferlum milli tegunda á það auk þess ekki alltaf við að ákvarða sérstakan háskammt í tilvikum þegar menn eru næmari en dýralíkanið.

3.7.2.5.8. Að jafnaði leiða skaðleg áhrif á æxlun, sem aðeins koma fram við mjög stóra skammta í dýrarannsóknum (t.d. skammta sem valda örmögnun, verulegu lystarleysi og háu dánarhlutfalli), yfirleitt ekki til flokkunar nema aðrar upplýsingar liggi fyrir, t.d. upplýsingar um eiturefnaferli sem sýna að menn gætu verið móttækilegri en dýr, sem gefa til kynna að flokkun sé við hæfi. Sjá einnig liðinn um eiturhrif á móður (lið 3.7.2.4) fyrir frekari leiðbeiningar á þessu sviði.

3.7.2.5.9. Raunverulegur „háskammtur“ fer þó eftir þeirri prófunaraðferð sem notuð var til að afla prófunarniðurstaðnanna, t.d. hefur, í viðmiðunarreglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta með inngjöf um munn, verið mælt með 1000 mg/kg sem háskammti nema væntanleg svörun hjá mönnum gefi til kynna að nota þurfi stærri skammt.

3.7.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.7.3.1. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um öll eða aðeins sum innihaldsefnin í blöndunni*

3.7.3.1.1. Blandan skal flokkuð sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A, undirflokki 1B eða 2. undirflokki og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem gefin eru upp í töflu 3.7.2 fyrir undirflokk 1A, undirflokk 1B og 2. undirflokk.

3.7.3.1.2. Blandan skal flokkuð með tilliti til áhrifa á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað með tilliti til áhrifa á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem gefin eru upp í töflu 3.7.2 fyrir þennan viðbótarundirflokk.

Tafla 3.7.2

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun eða með tilliti til áhrifa á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk, sem ráða flokkun blöndunnar

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:			
	efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A	efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1B	efni sem hefur eiturhrif á æxlun, 2. undirflokkur	efni sem hefur áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk, viðbótarundirflokkur
efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A	≥ 0,3% (1. aths.)			
efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1B		≥ 0,3% (1. aths.)		
efni sem hefur eiturhrif á æxlun, 2. undirflokkur			≥ 3,0% (1. aths.)	
efni sem hefur áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk, viðbótarundirflokkur				≥ 0,3% (1. aths.)

Athugasemd

Styrkleikamörkin í töflunni hér að framan gilda um föst efni og vökva (gefin upp sem massahlutfall) og einnig um lofttegundir (gefin upp sem rúmmálshlutfall).

1. athugasemd

Innihaldi blandan efni sem hefur eiturhrif á æxlun í 1. eða 2. undirflokki eða efni í flokknum áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk í styrkleika sem er hærri en 0,1% skal öryggisblað um blönduna látið í té að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.7.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.7.3.2.1. Flokkun blandna byggist á fyrirliggjandi prófunargögnum um einstök innihaldsefni blöndunnar og eru notuð styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndunnar. Í einstaka tilviki er heimilt að nota prófunargögn um blöndur til flokkunar ef þau sýna fram á áhrif sem hafa ekki verið staðfest við mat sem grundvallast á einstökum efnisþáttum blöndunnar. Þegar svo háttar til verður að sýna fram á að prófunarniðurstöðurnar fyrir blönduna í heild séu afdráttarlausar, að teknu tilliti til skammta og annarra þátta á borð við tímalengd, athuganir, næmni og tölfræðigreiningu á prófunarkerfunum fyrir eiturhrif á æxlun. Varðveita skal fullnægjandi skjöl til stuðnings flokkuninni og hafa þau aðgengileg til rýni að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.7.3.3. *Flokkun blandna þegar ekki liggja fyrir gögn um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.7.3.3.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð í því skyni að ákvarða hættuna af eiturhrifum hennar á æxlun en nægileg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skulu þessi gögn notuð í samræmi við viðeigandi brúunarreglur í lið 1.1.3, sbr. þó lið 3.7.3.2.1.

3.7.4. ***Hættuboð***

3.7.4.1. Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 3.7.3.

Tafla 3.7.3

Merkingaratriði fyrir eiturhrif á æxlun

Flokkun	Undirflokkur 1A eða 1B	2. undirflokkur	Viðbótarundirflokkur fyrir áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk
HSK-hættumerki			Ekkert hættumerki
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð	Ekkert viðvörunarorð
Hættusetning	H360: Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði (*tilgreinið sérstök áhrif ef þau eru kunn*) (*tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér*)	H361: Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði (*tilgreinið sérstök áhrif ef þau eru kunn*) (*tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér*)	H362: Getur skaðað börn á brjósti
Varnaðarsetning — forvarnir	V201 V202 V281	V201 V202 V281	V201 V260 V263 V264 V270
Varnaðarsetning — viðbrögð	V308 + V313	V308 + V313	V308 + V313
Varnaðarsetning — geymsla	V405	V405	
Varnaðarsetning — förgun	V501	V501	

3.8. **Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti**

3.8.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.8.1.1. „Sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti)“: sértæk en ekki banvæn eiturhrif á marklíffæri sem stafa af váhrifum í eitt skipti frá efni eða blöndu. Þetta tekur til allra verulegra áhrifa á heilsu sem geta skert starfsemi, bæði afturhverf og varanleg, tafarlaus og/eða tafin og sem ekki er fjallað sérstaklega um í liðum 3.1 til 3.7 sem og lið 3.10 (sjá einnig lið 3.8.1.6).

3.8.1.2. Með þessari flokkun er efnið eða blandan tilgreind sem efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri og sem slíkt getur það hugsanlega haft skaðleg áhrif á heilbrigði fólks sem kemst í snertingu við efnið eða blönduna.

3.8.1.3. Þessi skaðlegu áhrif á heilbrigði af völdum váhrifa í eitt skipti taka til samkvæmra og greinanlegra eiturhrifa á menn, eða eiturefnafræðilega verulegra breytinga hjá tilraunadýrum, sem hafa haft áhrif á starfsemi eða gerð vefjar/líffæris eða valdið alvarlegum breytingum á lífefnafræði eða blóðfræði lífverunnar og þessar breytingar skipta máli fyrir heilbrigði manna.

3.8.1.4. Við mat skal tillit ekki aðeins tekið til verulegra breytinga í einu líffæri eða líffærakerfi heldur einnig til almennra léttvægari breytinga í nokkrum líffærum.

3.8.1.5. Sértæk eiturhrif á marklíffæri geta komið fram með öllum íkomuleiðum sem skipta máli fyrir menn, þ.e. einkum um munn, um húð eða við innöndun.

3.8.1.6. Sértæk eiturhrif á marklíffæri eftir endurtekin váhrif eru flokkuð eins og lýst er í lið 3.9 (Sértæk eiturhrif á marklíffæri — endurtekin váhrif) og falla því ekki undir lið 3.8. Önnur sértæk eiturhrif, sem tilgreind eru hér að aftan, eru metin hver fyrir sig og falla því ekki undir þennan lið:

a) bráð eiturhrif (liður 3.1),

b) húðæting/húðerting (liður 3.2),

c) alvarlegur augnskaði/augnerting (liður 3.3),

d) næming öndunarfæra eða húðnæming (liður 3.4),

e) stökkbreytandi áhrif á kímfrumur (liður 3.5),

f) krabbameinsvaldandi áhrif (liður 3.6),

g) eiturhrif á æxlun (liður 3.7) og

h) eiturhrif við ásvelgingu (liður 3.10).

3.8.1.7. Hættuflokknum „Sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti“ er skipt niður eftir tegundum áhrifa:

— sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti, 1. eða 2. undirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti, 3. undirflokkur.

Sjá töflu 3.8.1.

Tafla 3.8.1

Undirflokkar fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti

Undirflokkar	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Efni sem hafa valdið verulegum eiturhrifum í mönnum eða sem ætla má, á grundvelli vísbendinga úr rannsóknum á tilraunadýrum, að geti valdið verulegum eiturhrifum í mönnum eftir váhrif í eitt skipti Efni eru flokkuð í 1. undirflokk fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti) á grundvelli: a) áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga frá tilvikum hjá mönnum eða úr faraldsfræðirannsóknum eða b) athugana úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum þar sem veruleg og/eða alvarleg eiturhrif, sem skipta máli fyrir heilbrigði manna, komu fram við váhrifastyrk sem var yfirleitt lítill. Leiðbeinandi skammta-/styrkgildi eru tilgreind hér að aftan (sjá lið 3.8.2.1.9) til að auðvelda mat á vægi rökstuddra vísbendinga.
2. undirflokkur	Efni, sem ætla má, á grundvelli vísbendinga úr rannsóknum á tilraunadýrum, að geti skaðað heilbrigði manna eftir váhrif í eitt skipti Efni eru flokkuð í 2. undirflokk fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti) á grundvelli athugana úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum þar sem veruleg eiturhrif, sem skipta máli fyrir heilbrigði manna, komu fram við váhrifastyrk sem var yfirleitt í meðallagi. Leiðbeinandi skammta-/styrkgildi eru tilgreind hér að aftan (sjá lið 3.8.2.1.9) til að auðvelda flokkun. Í undantekningartilvikum má einnig nota vísbendingar um áhrif á menn til að setja efni í 2. undirflokk (sjá lið 3.8.2.1.6).
3. undirflokkur	Skammvinn áhrif á marklíffæri Þessi undirflokkur tekur aðeins til sljóvgandi áhrifa og ertingar öndunarfæra. Þessi áhrif á marklíffæri stafa frá efnum sem uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir 1. eða 2. undirflokk sem tilgreindar eru hér að framan. Hér er átt við áhrif sem hafa í för með sér skaðlega breytingu á líkamsstarfsemi manna til skamms tíma eftir að þeir hafa orðið fyrir váhrifum og innan hæfilegs tíma ættu menn að geta náð sér án þess að áhrifin skilji eftir sig verulegar breytingar á byggingu eða starfsemi. Efni eru flokkuð sérstaklega með tilliti til þessara áhrifa eins og mælt er fyrir um í lið 3.8.2.2.

Athugasemd: Reynt skal að ákvarða helsta marklíffærið sem verður fyrir eiturhrifum og flokka síðan samkvæmt því, t.d. efni sem hafa eiturhrif á lifur og efni sem valda taugaeiturhrifum. Gögnin skulu metin vandlega og, ef unnt er, skulu annars stigs áhrif ekki tilgreind (t.d. getur efni sem hefur eiturhrif á lifur haft annars stigs áhrif á taugakerfið eða meltingarfærin).

3.8.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.8.2.1. *Efni í 1. undirflokki og 2. undirflokki*

3.8.2.1.1. Efni eru flokkuð sérstaklega eftir tafarlausum eða töfðum áhrifum á grundvelli sérfræðiálits (sjá lið 1.1.1) sem byggist á vægi allra fyrirliggjandi rökstuddra vísbendinga, þ.m.t. notkun leiðbeinandi gilda sem mælt er með (sjá lið 3.8.2.1.9). Efnin eru síðan sett í 1. eða 2. undirflokk eftir eðli og alvarleika áhrifanna sem fram koma (tafla 3.8.1).

3.8.2.1.2. Tilgreina skal váhrifaleiðina eða váhrifaleiðirnar þar sem flokkaða efnið veldur skaða (sjá lið 3.8.1.5).

3.8.2.1.3. Flokkun ræðst af sérfræðiáliti (sjá lið 1.1.1) sem byggist á vægi allra fyrirliggjandi rökstuddra vísbendinga, þ.m.t. leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru hér að aftan.

3.8.2.1.4. Nota skal vægi allra fyrirliggjandi rökstuddra vísbendinga í gögnunum (sjá lið 1.1.1), þ.m.t. tilvik hjá mönnum, faraldsfræði og rannsóknir á tilraunadýrum, sem grundvöll fyrir flokkun með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri.

3.8.2.1.5. Þær upplýsingar, sem þarf til að meta sértæk eiturhrif á marklíffæri, koma annaðhvort þegar menn verða fyrir váhrifum í eitt skipti, t.d: váhrif heima fyrir, á vinnustað eða í umhverfinu, eða úr rannsóknum á tilraunadýrum. Þær hefðbundnu dýrarannsóknir með rottur eða mýs, sem þessar upplýsingar eru fengnar úr, eru rannsóknir á bráðum eiturhrifum sem geta tekið til klínískra athugana og ítarlegra stórsærra og smásærra rannsókna sem gera kleift að greina eiturhrif á markvefi/-líffæri. Niðurstöður úr rannsóknum á bráðum eiturhrifum í öðrum tegundum geta einnig veitt viðeigandi upplýsingar.

3.8.2.1.6. Í undantekningartilvikum og á grundvelli sérfræðiálits er við hæfi að setja tiltekin efni, þar sem vísbendingar eru um eiturhrif á marklíffæri hjá mönnum, í 2. undirflokk:

a) ef vægi rökstuddra vísbendinga um áhrif á menn er ekki nægjanlega traust til að heimila flokkun í 1. undirflokk og/eða

b) á grundvelli eðlis og alvarleika áhrifanna.

Við flokkun skal ekki taka tillit til skammta-/styrkgilda hjá mönnum og allar fyrirliggjandi vísbendingar úr dýrarannsóknum skulu vera í samræmi við flokkun í 2. undirflokk. Með öðrum orðum, ef gögn um áhrif á dýr liggja einnig fyrir um efnið sem heimila flokkun í 1. undirflokki skal efnið flokkað í 1. undirflokk.

3.8.2.1.7. Áhrif sem teljast styðja við flokkun í 1. og 2. undirflokk

3.8.2.1.7.1. Réttmæti flokkunar er staðfest með vísbendingum sem tengja váhrif í eitt skipti frá efninu við samkvæm og auðgreinanleg eiturhrif.

3.8.2.1.7.2. Almennt takmarkast vísbendingar, sem byggjast á reynslu manna/tilvikum hjá mönnum, við skýrslur um skaðleg áhrif á heilbrigði, oft með óvissu að því er varðar váhrifaaðstæður, og e.t.v. veita þær ekki þær nákvæmu vísindalegu upplýsingar sem fást úr vönduðum rannsóknum á tilraunadýrum.

3.8.2.1.7.3. Vísbendingar úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum geta gefið mun nákvæmari upplýsingar í formi klíniskra athugana og stórsærra og smásærra meinafræðarannsókna og þetta getur oft leitt í ljós hættur sem eru kannski ekki lífshættulegar en gætu valdið skertri starfsemi. Þar af leiðandi skal við flokkun taka tillit til allra fyrirliggjandi vísbendinga og þess hvort þær skipta máli fyrir heilbrigði manna, þ.m.t. eftirfarandi áhrif á menn og/eða dýr:

a) sjúkdómsástand í kjölfar váhrifa í eitt skipti,

b) verulegar breytingar, sem eru ekki skammvinnar, á starfsemi öndunarfæra, mið- eða úttaugakerfis, annarra líffæra eða annarra líffærakerfa, þ.m.t. einkenni um veikingu miðtaugakerfis og áhrif á sérstök skynfæri (t.d. sjón, heyrn og lyktarskyn),

c) allar samkvæmar og verulega skaðlegar breytingar á mælistærðum úr klínískri lífefnafræði, blóðfræði eða þvagrannsókn,

d) veruleg líffæraskemmd sem greinist við krufningu og/eða sést síðar eða er staðfest við smásjárrannsókn,

e) marghreiðra eða dreift drep, bandvefsaukning eða bólguhnúðamyndun í mikilvægum líffærum með endurnýjunarhæfni,

f) formfræðilegar breytingar sem ganga hugsanlega til baka en eru greinileg merki um röskun á starfsemi líffæris,

g) vísbendingar um verulegan frumudauða (þ.m.t. frumuhrörnun og fækkun í frumufjölda) í mikilvægum líffærum án endurnýjunarhæfni.

3.8.2.1.8. Áhrif sem teljast ekki styðja við flokkun í 1. og 2. undirflokk

Það er viðurkennt að áhrif geta komið í ljós sem réttlæta ekki flokkun. Slík áhrif á menn og/eða dýr geta m.a. verið:

a) klínískar athuganir eða smávægilegar breytingar á líkamsþyngd, fæðu- eða vatnsinntöku sem geta haft einhverja eiturefnafræðilega þýðingu en gefa ekki einar og sér til kynna „veruleg“ eiturhrif,

b) smávægilegar breytingar á mælistærðum úr klínískri lífefnafræði, blóðfræði eða þvagrannsókn og/eða skammvinn áhrif þegar slíkar breytingar eða áhrif hafa óljósa eða hverfandi eiturefnafræðilega þýðingu,

c) breytingar á líffæraþyngd án neinna vísbendinga um röskun á líffærastarfsemi,

d) aðlögunarviðbrögð sem teljast ekki hafa eiturefnafræðilega þýðingu,

e) tegundarbundin gangvirki eiturhrifa sem viðkomandi efni kallar fram, þ.e.a.s sem sýnt er fram á með nokkurri vissu að skipta ekki máli fyrir heilbrigði manna, geta ekki réttlætt flokkun.

3.8.2.1.9. Leiðbeinandi gildi til notkunar við flokkun í 1. og 2. undirflokk á grundvelli niðurstaðna úr rannsóknum á tilraunadýrum

3.8.2.1.9.1. Til að auðvelda ákvörðun um hvort efni skuli flokkað eða ekki og í hvaða undirflokk það skuli flokkað (1. eða 2. undirflokk) eru gefin „leiðbeinandi gildi“ fyrir skammt/styrk til að meta þann skammt/styrk sem sýnt hefur verið fram á að hafi veruleg áhrif á heilbrigði. Aðalrökin fyrir því að leggja til slík leiðbeinandi gildi eru þau að öll efni geta mögulega verið eitruð og það hlýtur að vera til hæfilegur skammtur/styrkur sem er þannig að viðurkennt sé að það valdi einhverjum eiturhrifum sé farið yfir hann.

3.8.2.1.9.2. Ef veruleg eiturhrif, sem gefa ábendingu um flokkun, koma í ljós í dýrarannsóknum veitir sá skammtur/styrkur, sem olli því að þessi áhrif komu í ljós, miðað við þau leiðbeinandi gildi, sem lögð voru til, gagnlegar upplýsingar til að meta hvort þörf sé á flokkun (þar eð eiturhrifin eru afleiðing af hættulegum eiginleika eða eiginleikum en einnig afleiðing af skammtinum/styrknum).

3.8.2.1.9.3. Leiðbeinandi gildisbil (C) fyrir váhrif frá einum skammti, sem hefur kallað fram veruleg en ekki banvæn eiturhrif, eru þau sem gilda fyrir prófanir á bráðum eiturhrifum og eru tilgreind í töflu 3.8.2.

Tafla 3.8.2

Leiðbeinandi gildisbil fyrir váhrif frá einum skammti[a]

			Leiðbeinandi gildisbil:	
Váhrifaleið	Mælieiningar	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
Um munn (rotta)	mg/kg líkamsþyngd	$C \leq 300$	$2000 \geq C > 300$	Leiðbeinandi gildi eiga ekki við[b]
Um húð (rotta eða kanína)	mg/kg líkamsþyngd	$C \leq 1000$	$2000 \geq C > 1000$	
Innöndun (rotta), loft	ppmV/4 klst.	$C \leq 2500$	$20000 \geq C > 2500$	
Innöndun (rotta), gufa	mg/l/4 klst.	$C \leq 10$	$20 \geq C > 10$	
Innöndun (rotta), ryk/úði/reykur	mg/l/4 klst.	$C \leq 1,0$	$5,0 \geq C > 1,0$	

Athugasemd

a) Þau leiðbeinandi gildi og gildisbilin, sem eru tilgreind í töflu 3.8.2, eru aðeins ætluð til leiðbeiningar, þ.e.a.s. þau skulu notuð innan ramma aðferðarinnar með vægi rökstuddra vísbendinga og til að auðvelda ákvörðun varðandi flokkun. Þau eru ekki ætluð sem ströng afmörkunargildi.

b) Leiðbeinandi gildi eru ekki gefin upp fyrir efni í 3. undirflokki þar sem þessi flokkun byggist aðallega á gögnum um áhrif á menn. Ef gögn um áhrif á dýr liggja fyrir skulu þau koma fram í matinu á vægi rökstuddra vísbendinga.

3.8.2.1.10. Önnur atriði sem taka þarf tillit til

3.8.2.1.10.1. Þegar eiginleikum efnis er einungis lýst með því að nota gögn um áhrif á dýr (dæmigert fyrir ný efni en á einnig við um mörg skráð efni) er í flokkunarferlinu vísað til leiðbeinandi skammta-/styrkgilda sem eins af þáttunum í aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga..

3.8.2.1.10.2. Þegar vel rökstudd gögn um áhrif á menn liggja fyrir sem sýna sértæk eiturhrif á marklíffæri sem rekja má með áreiðanlegum hætti til váhrifa í eitt skipti frá tilteknu efni skal efnið að öllu jöfnu flokkað. Jákvæð gögn um áhrif á menn, óháð líklegum skammti, vega meira en gögn um áhrif á dýr. Hafi efni ekki verið flokkað, sökum þess að þau sértæku eiturhrif á marklíffæri sem komu fram voru ekki talin eiga við eða skipta máli fyrir menn, skal efnið flokkað ef síðar koma fram gögn um tilvik hjá mönnum sem sýna sértæk eiturhrif á marklíffæri.

3.8.2.1.10.3. Þótt efni hafi ekki verið prófað með tilliti til sértækra eiturhrifa þess á marklíffæri má, eftir því sem við á, flokka það á grundvelli gagna um fullgilt vensl efnabyggingar og virkni og framreiknings, byggðan á sérfræðiáliti, út frá efni sem er hliðstætt að byggingu og hefur áður verið flokkað, ef því fylgir traustur rökstuðningur sem byggist á athugun á öðrum mikilvægum þáttum á borð við myndun sömu mikilvægu umbrotsefnanna.

3.8.2.1.10.4. Taka skal tillit til gufumettunarstyrks, eftir því sem við á, sem viðbótarþáttar til að tryggja sérstaka heilsu- og öryggisvernd.

3.8.2.2. *Efni í 3. undirflokki: Skammvinn áhrif á marklíffæri*

3.8.2.2.1. Viðmiðanir fyrir ertingu öndunarfæra

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar til að flokka efni í 3. undirflokk með tilliti til ertingar öndunarfæra:

a) Ertandi áhrif á öndunarfæri (einkennast af staðbundnum roða, bjúg, kláða og/eða sársauka) sem skerða starfsemi með einkennum eins og hósta, sársauka, köfnun og öndunarerfiðleikum. Þetta mat grundvallast einkum á gögnum um áhrif á menn.

b) Huglægar athuganir á mönnum má rökstyðja með hlutlægum mælingum á greinilegri ertingu í öndunarfærum (t.d. raflífeðlisfræðileg viðbrögð og lífmerki um bólgu í skolunarvökvum fyrir nefhol og berkjur og lungnablöðrur).

c) Einkenni, sem greinast hjá mönnum, skulu einnig vera dæmigerð fyrir þau einkenni, sem myndu koma fram hjá hópi fólks sem yrði fyrir váhrifum, frekar en að vera einangruð ofurnæmissvörun sem kemur aðeins fram hjá einstaklingum með ofurnæm öndunarfæri. Óljósar skýrslur um „ertingu“ eina og sér skulu ekki notaðar því algengt er að þetta hugtak sé notað til að lýsa margvíslegri skynjun, s.s. lykt, óþægilegu bragði, ertandi tilfinningu og þurrki, sem fellur ekki undir gildissvið fyrir flokkun með tilliti til ertingar öndunarfæra.

d) Eins og sakir standa eru ekki til neinar fullgiltar prófanir á dýrum sem taka sérstaklega á ertingu öndunarfæra en þó er hægt að fá gagnlegar upplýsingar úr prófunum á eiturhrifum eftir innöndun í eitt skipti eða endurtekna innöndun. Dýrarannsóknir geta t.d. veitt gagnlegar upplýsingar að því er varðar klínísk einkenni um eiturhrif (andþrengsli, nefslímubólga o.s.frv.) og vefjameinafræði (t.d. blóðsöfnun, bjúgur, minni háttar bólga og þykknað slímlag) sem eru ekki varanleg og geta verið lýsandi fyrir þau sérkennandi klínísku einkenni sem er lýst er hér að framan. Slíkar dýrarannsóknir má nota við mat á vægi rökstuddra vísbendinga.

e) Þessi sérstaka flokkun á sér aðeins stað þegar ekki koma fram alvarlegri áhrif á líffæri, þ.m.t. í öndunarfærunum.

3.8.2.2.*2* Viðmiðanir fyrir sljóvgandi áhrif

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar til að flokka efni í 3. undirflokk með tilliti til sljóvgandi áhrifa:

a) Skert starfsemi miðtaugakerfisins, þ.m.t. sljóvgandi áhrif á menn, eins og syfja, sljóleiki, skert árvekni, viðbragðaleysi, skortur á samhæfingu og svimi. Þessi áhrif geta einnig komið fram sem mikill höfuðverkur eða ógleði og geta leitt til skertrar dómgreindar, svima, pirrings, þreytu, skerts minnis, skerðingar á skynjun, samhæfingu og viðbragðstíma eða til syfju,

b) sljóvgandi áhrif sem greinast í dýrarannsóknum geta verið sinnuleysi, skortur á samhæfingu, skortur á réttiviðbragði og slingur. Ef þessi áhrif eru ekki skammvinn þá skulu þau teljast styðja við flokkun í 1. eða 2. undirflokk fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri við váhrif í eitt skipti.

3.8.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.8.3.1. Blöndur skulu flokkaðar samkvæmt sömu viðmiðunum og efni eða að öðrum kosti eins og lýst er hér að aftan. Blöndur flokkast, eins og efni, með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri eftir váhrif í eitt skipti.

3.8.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.8.3.2.1. Þegar fyrir liggja áreiðanlegar og vandaðar vísbendingar um reynsluna af áhrifum blöndunnar á menn eða úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum, eins og lýst er í viðmiðunum fyrir efni, skal blandan flokkuð eftir að þessi gögn hafa verið metin út frá vægi rökstuddra vísbendinga (sjá lið 1.1.1.4). Þegar gögn um blöndur eru metin skal þess gætt að skammturinn, lengd váhrifa, athugunin eða greiningin geri niðurstöðurnar ekki ófullnægjandi.

3.8.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.8.3.3.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð í því skyni að ákvarða hættuna af sértækum eiturhrifum hennar á marklíffæri en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.8.3.4. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar*

3.8.3.4.1. Þegar áreiðanlegar vísbendingar eða prófunargögn liggja ekki fyrir um blönduna sjálfa og ekki er hægt að nota brúunarreglurnar til að flokka skal flokkun blöndunnar byggð á flokkun innihaldsefnanna. Í því tilviki skal blandan flokkuð sem efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri (tilgreina skal marklíffærið), eftir váhrif í eitt skipti, ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem eiturefni með sértæk áhrif á marklíffæri í 1. eða 2. undirflokki og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem gefin eru upp í töflu 3.8.3 fyrir 1. og 2. undirflokk.

3.8.3.4.2. Þessi almennu styrkleikamörk og meðfylgjandi flokkun skulu notuð með viðeigandi hætti fyrir efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri eftir einn skammt.

3.8.3.4.3. Blöndur skulu flokkaðar eftir váhrifum frá einum skammti eða váhrifum frá endurteknum skömmtum eða hvoru tveggja.

Tafla 3.8.3

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri, sem ráða flokkun blöndunnar í 1. eða 2. undirflokk

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:	
	1. undirflokkur	2. undirflokkur
1. undirflokkur, efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri	Styrkur ≥ 10%	1,0% ≤ styrkur < 10%
2. undirflokkur, efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri		Styrkur ≥ 10% [(1. aths.)]

1. athugasemd

Innihaldi blandan efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri í 2. undirflokki í styrkleika sem er ≥ 1,0% skal öryggisblað um blönduna látið í té að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.8.3.4.4. Þegar efni, sem hafa eiturhrif á fleiri en eitt líffærakerfi, eru sameinuð skal þess gætt að tekið sé tillit til virknisaukningar eða samverkandi áhrifa sökum þess að tiltekin efni geta valdið eiturhrifum á marklíffæri í styrk sem er < 1% ef önnur innihaldsefni í blöndunni geta aukið eiturhrif þeirra.

3.8.3.4.5. Gæta skal varúðar við framreikning á eiturhrifum blöndu, sem inniheldur eitt eða fleiri innihaldsefni í 3. undirflokki. Viðeigandi er að almenn styrkleikamörk séu 20% en hins vegar skal það viðurkennt að þessi styrkleikamörk geta verið hærri eða lægri, háð innihaldsefninu eða -efnunum í 3. undirflokki, og að sum áhrif, eins og erting öndunarfæra, koma ef til vill ekki fram undir tilteknum styrkleikamörkum meðan önnur áhrif, eins og sljóvgandi áhrif, geta komið fram undir þessum 20%-mörkum. Styðjast skal við sérfræðiálit.

3.8.4. ***Hættuboð***

3.8.4.1 Nota skal merkingaratriði í samræmi við töflu 3.8.4 fyrir efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk.

Tafla 3.8.4

Merkingaratriði fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri eftir váhrif í eitt skipti

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur
HSK-hættumerki			
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð	Varúð
Hættusetning	H370: Skaðar líffæri (eða tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H371: Getur skaðað líffæri (eða tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H335: Getur valdið ertingu í öndunarfærum eða H336: Getur valdið sljóleika eða svima
Varnaðarsetning — forvarnir	V260 V264 V270	V260 V264 V270	V261 V271
Varnaðarsetning — viðbrögð	V307 + V311 V321	V309 + V311	V304 + V340 V312
Varnaðarsetning — geymsla	V405	V405	V403 + V233 V405
Varnaðarsetning — förgun	V501	V501	V501

3.9. **Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif**

3.9.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.9.1.1. „Eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif)“: sértæk eiturhrif á marklíffæri sem stafa af endurteknum váhrifum frá efni eða blöndu. Undir þetta falla öll veruleg áhrif á heilbrigði sem geta skert starfsemi, bæði afturhverf, varanleg, tafarlaus og/eða tafin. Þetta tekur þó ekki til annarra sértækra eiturhrifa sem fjallað er sérstaklega um í liðum 3.1 til 3.8 og lið 3.10.

3.9.1.2. Með flokkun með tilliti til eiturhrifa á marklíffæri (endurtekin váhrif) er efnið tilgreint sem efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri og sem slíkt getur það hugsanlega haft skaðleg áhrif á heilbrigði fólks sem kemst í snertingu við það.

3.9.1.3. Þessi skaðlegu áhrif á heilbrigði taka til samkvæmra og greinanlegra eiturhrifa á menn, eða eiturefnafræðilega verulegra breytinga hjá tilraunadýrum, sem hafa haft áhrif á starfsemi eða gerð vefjar/líffæris eða valdið alvarlegum breytingum á lífefnafræði eða blóðfræði lífverunnar og þessar breytingar skipta máli fyrir heilbrigði manna.

3.9.1.4. Við mat skal tillit ekki aðeins tekið til verulegra breytinga í einu líffæri eða líffærakerfi heldur einnig til almennra, léttvægari breytinga í nokkrum líffærum.

3.9.1.5. Sértæk eiturhrif á marklíffæri geta komið fram með öllum íkomuleiðum sem skipta máli fyrir menn, þ.e. einkum um munn, um húð eða við innöndun.

3.9.1.6. Eiturhrif, sem eru ekki banvæn, sem greinast eftir váhrif í eitt skipti flokkast eins og lýst er í liðnum sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti (liður 3.8) og falla þar af leiðandi ekki undir lið 3.9.

3.9.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

3.9.2.1. Efni eru flokkuð sem efni, sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri í kjölfar endurtekinna váhrifa, á grundvelli sérfræðiálits (sjá lið 1.1.1) sem byggist á vægi allra fyrirliggjandi rökstuddra vísbendinga, þ.m.t. notkun leiðbeinandi gilda sem mælt er með og sem miðast við lengd váhrifa og þann skammt/styrk sem áhrifin komu fram við (sjá lið 3.9.2.9) og er efnunum skipað í annan af tveimur undirflokkum, háð eðli og alvarleika áhrifanna sem komu fram (tafla 3.9.1).

Tafla 3.9.1

Undirflokkar fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri — endurtekin váhrif

Undirflokkar	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Efni sem hafa valdið verulegum eiturhrifum í mönnum eða sem ætla má, á grundvelli vísbendinga úr rannsóknum á tilraunadýrum, að geti valdið verulegum eiturhrifum í mönnum eftir endurtekin váhrif. Efni eru flokkuð í 1. undirflokk fyrir eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif) á grundvelli: — áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga frá tilvikum hjá mönnum eða úr faraldsfræðirannsóknum eða — athugana úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum þar sem veruleg og/eða alvarleg eiturhrif, sem skipta máli fyrir heilbrigði manna, komu fram við váhrifastyrk sem var yfirleitt lítill Leiðbeinandi skammta-/styrkgildi eru tilgreind hér að aftan (sjá lið 3.9.2.9) til að auðvelda mat á vægi rökstuddra vísbendinga.
2. undirflokkur	Efni sem ætla má, á grundvelli vísbendinga úr rannsóknum á tilraunadýrum, að geti skaðað heilbrigði manna eftir endurtekin váhrif. Efni eru flokkuð í 2. undirflokk fyrir eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif) á grundvelli athugana úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum þar sem veruleg eiturhrif, sem skipta máli fyrir heilbrigði manna, komu fram við váhrifastyrk sem var yfirleitt í meðallagi. Leiðbeinandi skammta-/styrkgildi eru tilgreind hér að aftan (sjá lið 3.9.2.9) til að auðvelda flokkun. Í undantekningartilvikum má einnig nota vísbendingar um áhrif á menn til að setja efni í 2. undirflokk (sjá lið 3.9.2.6).

Athugasemd

Reynt skal að ákvarða helsta marklíffærið sem verður fyrir eiturhrifum og flokka síðan samkvæmt því, t.d. efni sem hafa eiturhrif á lifur og efni sem valda taugaeiturhrifum. Gögnin skulu metin vandlega og, ef unnt er, skulu annars stigs áhrif ekki tilgreind (efni sem hefur eiturhrif á lifur getur haft annars stigs áhrif á taugakerfið eða meltingarfærin).

3.9.2.2. Tilgreina skal váhrifaleiðina eða váhrifaleiðirnar þar sem flokkaða efnið veldur skaða.

3.9.2.3. Flokkun ræðst af sérfræðiáliti (sjá lið 1.1.1) sem byggist á vægi allra fyrirliggjandi, rökstuddra vísbendinga, þ.m.t. leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru hér að aftan.

3.9.2.4. Nota skal vægi allra fyrirliggjandi, rökstuddra vísbendinga (sjá lið 1.1.1), þ.m.t. tilvik hjá mönnum, faraldsfræði og rannsóknir á tilraunadýrum, sem grundvöll fyrir flokkun með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri. Með þessum hætti er hægt að nýta hið umfangsmikla magn eiturefnafræðilegra gagna úr iðnaði sem safnast hefur í gegnum árin. Mat skal byggjast á öllum fyrirliggjandi gögnum, þ.m.t. ritrýndar, birtar rannsóknir og fleiri viðurkennd gögn.

3.9.2.5. Þær upplýsingar, sem þarf til að meta sértæk eiturhrif á marklíffæri, koma annaðhvort þegar menn verða fyrir endurteknum váhrifum, t.d. váhrif heima fyrir, á vinnustað eða í umhverfinu, eða úr rannsóknum á tilraunadýrum. Þær hefðbundnu dýrarannsóknir með rottur eða mýs, sem þessar upplýsingar eru fengnar úr, eru 28 daga, 90 daga eða ævilangar rannsóknir (allt að 2 ár) sem taka til blóðfræðilegra rannsókna, klíniskra lífefnarannsókna og ítarlegra stórsærra og smásærra rannsókna sem gera kleift að greina eiturhrif á markvefi/-líffæri. Einnig skal nota gögn úr rannsóknum á endurtekinni skömmtun með aðrar dýrategundir ef þau liggja fyrir. Aðrar rannsóknir á váhrifum í langan tíma, t.d. á krabbameinsvaldandi áhrifum, taugaeiturhrifum eða eiturhrifum á æxlun, gætu einnig gefið vísbendingar um sértæk eiturhrif á marklíffæri sem nota mætti við mat á flokkun.

3.9.2.6. Í undantekningartilvikum og á grundvelli sérfræðiálits er við hæfi að setja tiltekin efni, þar sem vísbendingar eru um sértæk eiturhrif á marklíffæri hjá mönnum, í 2. undirflokk:

a) ef vægi rökstuddra vísbendinga um áhrif á menn er ekki nægjanlega traust til að heimila flokkun í 1. undirflokk og/eða

b) á grundvelli eðlis og alvarleika áhrifanna.

Við flokkun skal ekki taka tillit til skammta-/styrkgilda hjá mönnum og allar fyrirliggjandi vísbendingar úr dýrarannsóknum skulu vera í samræmi við flokkun í 2. undirflokk. Með öðrum orðum, ef gögn um áhrif á dýr liggja einnig fyrir um efnið sem heimila flokkun í 1. undirflokk skal efnið flokkað í 1. undirflokk.

3.9.2.7. *Áhrif sem teljast styðja við flokkun með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri í kjölfar endurtekinna váhrifa*

3.9.2.7.1. Áreiðanlegar vísbendingar, sem tengja endurtekin váhrif frá efninu við samkvæm og greinanleg eiturhrif, styðja við flokkunina.

3.9.2.7.2. Almennt takmarkast vísbendingar, sem byggja á reynslu manna/tilvikum hjá mönnum, við skýrslur um skaðleg áhrif á heilbrigði, oft með óvissu að því er varðar váhrifaaðstæður, og e.t.v. innihalda þær ekki þær nákvæmu vísindalegu upplýsingar sem fást úr vönduðum rannsóknum á tilraunadýrum.

3.9.2.7.3. Vísbendingar úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum geta gefið mun nákvæmari upplýsingar í formi klínískra athugana, blóðfræði, klínískrar efnafræði og stórsærra og smásærra meinafræðarannsókna og þetta getur oft leitt í ljós hættur sem eru kannski ekki lífshættulegar en geta valdið skertri starfsemi. Þar af leiðandi skal við flokkun taka tillit til allra fyrirliggjandi vísbendinga og þess hvort þær skipta máli fyrir heilbrigði manna, þ.m.t. eftirfarandi eiturhrif á menn og/eða dýr:

a) sjúkdómsástand eða dauði sem stafar af endurteknum váhrifum eða langtímaváhrifum. Sjúkdómsástand eða dauði getur stafað af endurteknum váhrifum, jafnvel frá tiltölulega litlum skömmtum eða lágum styrk, vegna uppsöfnunar efnisins eða umbrotsefna þess í líkamanum og/eða vegna þess að afeitrunarferlið nær ekki að vinna bug á endurteknum váhrifum frá efninu eða umbrotsefnum þess,

b) verulegar breytingar á starfsemi mið- eða úttaugakerfis eða annarra líffærakerfa, þ.m.t. einkenni um veikingu miðtaugakerfis og áhrif á sérstök skynfæri (t.d. sjón, heyrn og lyktarskyn),

c) allar samkvæmar og verulega skaðlegar breytingar á mælistærðum úr klínískri lífefnafræði, blóðfræði eða þvagrannsókn,

d) veruleg líffæraskemmd sem greinist við krufningu og/eða sést síðar eða er staðfest við smásjárrannsókn,

e) marghreiðra eða dreift drep, bandvefsaukning eða bólguhnúðamyndun í mikilvægum líffærum með endurnýjunarhæfni,

f) formfræðilegar breytingar sem ganga hugsanlega til baka en eru greinileg merki um röskun á starfsemi líffæris (t.d. alvarlegar fitubreytingar í lifur),

g) vísbendingar um verulegan frumudauða (þ.m.t. frumuhrörnun og fækkun í frumufjölda) í mikilvægum líffærum án endurnýjunarhæfni.

3.9.2.8. *Áhrif sem teljast ekki styðja við flokkun með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri í kjölfar endurtekinna váhrifa*

3.9.2.8.1. Það er viðurkennt að áhrif geta komið í ljós hjá mönnum og/eða dýrum sem réttlæta ekki flokkun. Slík áhrif geta m.a. verið:

a) klínískar athuganir eða smávægilegar breytingar á líkamsþyngd, fæðu- eða vatnsinntöku sem hafa tiltekna eiturefnafræðilega þýðingu en gefa ekki einar og sér til kynna „veruleg“ eiturhrif,

b) smávægilegar breytingar á mælistærðum úr klínískri lífefnafræði, blóðfræði eða þvagrannsókn og/eða skammvinn áhrif þegar slíkar breytingar eða áhrif hafa óljósa eða hverfandi, eiturefnafræðilega þýðingu,

c) breytingar á líffæraþyngd án neinna vísbendinga um röskun á líffærastarfsemi,

d) aðlögunarviðbrögð sem teljast ekki hafa eiturefnafræðilega þýðingu,

e) tegundarbundin gangvirki eiturhrifa sem viðkomandi efni kallar fram, þ.e.a.s. sem sýnt er fram á með nokkurri vissu að skipta ekki máli fyrir heilbrigði manna, geta ekki réttlætt flokkun.

3.9.2.9. *Leiðbeinandi gildi til notkunar við flokkun á grundvelli niðurstaðna úr rannsóknum á tilraunadýrum*

3.9.2.9.1. Ef rannsóknir á tilraunadýrum byggjast aðeins á athugunum á áhrifum, án tilvísunar í lengd váhrifanna í tilrauninni og skammt/styrk, útilokar það grundvallarhugmynd eiturefnafræðinnar, þ.e.a.s. að öll efni geta verið eitruð og að það sem ákvarðar eiturhrifin er fall af skammti/styrk og lengd váhrifanna. Í flestum rannsóknum á tilraunadýrum eru tilgreind efri mörk háskammts í viðmiðunarreglunum um prófunina.

3.9.2.9.2. Til að auðvelda ákvörðun um hvort efni skuli flokkað eða ekki og í hvaða undirflokk það skuli flokkað (1. eða 2. undirflokk) eru gefin „leiðbeinandi gildi“ fyrir skammt/styrk til að meta þann skammt/styrk sem sýnt hefur verið fram á að hafi veruleg áhrif á heilbrigði Aðalrökin fyrir því að leggja til slík leiðbeinandi gildi eru þau að öll efni geta hugsanlega verið eitruð og það hlýtur að vera til hæfilegur skammtur/styrkur sem er þannig að viðurkennt sé að það valdi einhverjum eiturhrifum sé farið yfir hann Rannsóknir með endurteknum skömmtum á tilraunadýrum eru hannaðar í því skyni að kalla fram eiturhrif við hæsta skammtinn, sem er notaður, til að besta markmið prófunarinnar og því sýna flestar rannsóknir einhver eiturhrif, a.m.k. við þennan hæsta skammt. Því þarf ekki aðeins að ákveða hvaða áhrif hafa verið kölluð fram heldur líka við hvaða skammt/styrk þau komu fram og hversu miklu máli það skiptir fyrir menn.

3.9.2.9.3. Ef veruleg eiturhrif, sem gefa ábendingu um flokkun, koma í ljós í dýrarannsóknum getur lengd váhrifanna í tilrauninni og sá skammtur/styrkur, sem olli því að þessi áhrif komu í ljós, miðað við þau leiðbeinandi gildi sem lögð voru til, veitt gagnlegar upplýsingar til að meta hvort þörf sé á flokkun (þar eð eiturhrifin eru afleiðing af hættulegum eiginleika eða eiginleikum en einnig afleiðing af lengd váhrifanna og skammtinum/styrknum).

3.9.2.9.4. Leiðbeinandi gildi fyrir skammt/styrk, sem eru þannig að veruleg eiturhrif koma í ljós við þau gildi eða undir þeim, geta haft áhrif á ákvörðunina um hvort flokka eigi efni yfirhöfuð.

3.9.2.9.5. Leiðbeinandi gildin eiga við um áhrif sem greinast við venjulega 90 daga rannsókn á eiturhrifum sem framkvæmd er á rottum. Þau má nota sem grundvöll fyrir framreikning á jafngildum, leiðbeinandi gildum fyrir lengri eða styttri rannsóknir á eiturhrifum með því að nota framreikning á skammti/váhrifatíma sem líkist innöndunarreglu Haber sem segir í grundvallaratriðum að verkunarskammturinn er í beinu hlutfalli við váhrifastyrkinn og lengd váhrifanna. Matið skal fara fram í hverju tilviki fyrir sig og fyrir 28 daga rannsókn eru leiðbeinandi gildin hér að aftan margfölduð með þremur.

3.9.2.9.6. Flokkun í 1. undirflokk á því við þegar veruleg eiturhrif greinast við eða undir leiðbeinandi gildum (C), sem tilgreind eru í töflu 3.9.2, í 90 daga rannsókn á tilraunadýrum með endurteknum skömmtum:

Tafla 3.9.2

Leiðbeinandi gildi til notkunar við flokkun í 1. undirflokk

Váhrifaleið	Mælieiningar	Leiðbeinandi gildi (skammtur/styrkur)
Um munn (rotta)	mg/kg líkamsþyngd/dag	$C \leq 10$
Um húð (rotta eða kanína)	mg/kg líkamsþyngd/dag	$C \leq 20$
Við innöndun (rotta) loft	ppmV/6 klst./dag	$C \leq 50$
Við innöndun (rotta) gufa	mg/l/6 klst./dag	$C \leq 0{,}2$
Við innöndun (rotta) ryk/úði/reykur	mg/l/6 klst./dag	$C \leq 0{,}02$

3.9.2.9.7. Flokkun í 2. undirflokk á við þegar veruleg eiturhrif greinast, innan leiðbeinandi gildisbila sem tilgreind eru í töflu 3.9.3, í 90 daga rannsókn á tilraunadýrum með endurteknum skömmtum:

Tafla 3.9.3

Leiðbeinandi gildi til notkunar við flokkun í 2. undirflokk

Váhrifaleið	Mælieiningar	Leiðbeinandi gildisbil: (skammtur/styrkur)
Um munn (rotta)	mg/kg líkamsþyngd/dag	$10 < C \leq 100$
Um húð (rotta eða kanína)	mg/kg líkamsþyngd/dag	$20 < C \leq 200$
Við innöndun (rotta) loft	ppmV/6 klst./dag	$50 < C \leq 250$
Við innöndun (rotta) gufa	mg/l/6 klst./dag	$0,2 < C \leq 1,0$
Við innöndun (rotta) ryk/úði/reykur	mg/l/6 klst./dag	$0,02 < C \leq 0,2$

3.9.2.9.8. Þau leiðbeinandi gildi og gildisbil, sem eru tilgreind í liðum 3.9.2.9.6 og 3.9.2.9.7, eru aðeins ætluð til leiðbeiningar, þ.e.a.s. þau skulu notuð innan ramma aðferðarinnar með vægi rökstuddra vísbendinga og til að auðvelda ákvörðun varðandi flokkun. Þau eru ekki ætluð sem ströng afmörkunargildi.

3.9.2.9.9. Það er því mögulegt að sértækir eiturhrifaeiginleikar komi fram í dýrarannsóknum með endurteknum skömmtum við skammt/styrk sem er undir leiðbeinandi gildi, t.d. < 100 mg/kg líkamsþyngdar á dag með inngjöf um munn, en að eðli áhrifanna s.s. eiturhrif á nýrun sem greinast aðeins í karlkynsrottum af tilteknum stofni sem vitað er að eru næmar fyrir þessum áhrifum, verði til þess að ákveðið verður að flokka ekki. Aftur á móti geta sértækir eiturhrifaeiginleikar komið fram í dýrarannsóknum við eða yfir leiðbeinandi gildi, t.d. ≥ 100 mg/kg líkamsþyngdar á dag með inngjöf um munn, og viðbótarupplýsingar úr öðrum heimildum, á borð við aðrar rannsóknir með langtímagjöf eða reynslu af tilvikum hjá mönnum, stutt við þá niðurstöðu að hyggilegt sé, með hliðsjón af vægi rökstuddra vísbendinga, að flokka efnið.

3.9.2.10. *Önnur atriði sem taka þarf tillit til*

3.9.2.10.1. Þegar eiginleikum efnis er einungis lýst með því að nota gögn um áhrif á dýr (dæmigert fyrir ný efni en á einnig við um mörg skráð efni) er í flokkunarferlinu vísað til leiðbeinandi skammta-/styrkgilda sem eins af þáttunum í aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga.

3.9.2.10.2. Þegar vel rökstudd gögn um áhrif á menn liggja fyrir sem sýna sértæk eiturhrif á marklíffæri sem rekja má með áreiðanlegum hætti til endurtekinna eða langvarandi váhrifa frá tilteknu efni skal efnið að öllu jöfnu flokkað. Jákvæð gögn um áhrif á menn, óháð líklegum skammti, vega meira en gögn um áhrif á dýr. Hafi efni ekki verið flokkað sökum þess að engin sértæk eiturhrif á marklíffæri komu í ljós við eða undir leiðbeinandi skammta-/styrkgildi fyrir prófanir á dýrum skal efnið flokkað ef síðar koma fram gögn um tilvik hjá mönnum sem sýna sértæk eiturhrif á marklíffæri.

3.9.2.10.3. Þótt efni hafi ekki verið prófað með tilliti til sértækra eiturhrifa þess á marklíffæri má, eftir því sem við á, flokka það á grundvelli gagna um fullgilt vensl efnabyggingar og virkni og framreiknings, byggðan á sérfræðiáliti, út frá efni sem er hliðstætt að byggingu og hefur áður verið flokkað, ef því fylgir traustur rökstuðningur sem byggist á athugun á öðrum mikilvægum þáttum á borð við myndun sömu mikilvægu umbrotsefnanna.

3.9.2.10.4. Taka skal tillit til gufumettunarstyrks, eftir því sem við á, sem viðbótarþáttar til að tryggja sérstaka heilsu- og öryggisvernd.

3.9.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.9.3.1. Blöndur skulu flokkaðar samkvæmt sömu viðmiðunum og efni eða að öðrum kosti eins og lýst er hér að aftan. Blöndur flokkast, eins og efni, með tilliti til sértækra eiturhrifa á marklíffæri eftir endurtekin váhrif.

3.9.3.2. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

3.9.3.2.1. Þegar fyrir liggja áreiðanlegar og vandaðar vísbendingar um reynsluna af áhrifum blöndunnar á menn eða úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum, eins og lýst er í viðmiðunum fyrir efni, skal blandan flokkuð eftir að þessi gögn hafa verið metin út frá vægi rökstuddra vísbendinga (sjá lið 1.1.1.4). Þegar gögn um blöndur eru metin skal þess gætt að skammturinn, lengd váhrifa, athugunin eða greiningin geri niðurstöðurnar ekki ófullnægjandi.

3.9.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.9.3.3.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð í því skyni að ákvarða hættuna af sértækum eiturhrifum hennar á marklíffæri en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3.

3.9.3.4. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar*

3.9.3.4.1. Þegar áreiðanlegar vísbendingar eða prófunargögn liggja ekki fyrir um blönduna sjálfa og ekki er hægt að nota brúunarreglurnar til að flokka skal flokkun blöndunnar byggð flokkun innihaldsefnanna. Í því tilviki skal blandan flokkuð sem efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri (tilgreina skal marklíffærið), eftir váhrif í eitt skipti, endurtekin váhrif eða bæði, ef a.m.k. eitt innihaldsefnanna hefur verið flokkað sem eiturefni með sértæk áhrif á marklíffæri í 1. eða 2. undirflokki og styrkur þess er við eða yfir viðeigandi almennum styrkleikamörkum sem sett eru fram í töflu 3.9.4 fyrir 1. og 2. undirflokk.

Tafla 3.9.4

Almenn styrkleikamörk fyrir innihaldsefni blöndu, sem eru flokkuð sem efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri, sem ráða flokkun blöndunnar.

Innihaldsefni, flokkað sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða því að blandan er flokkuð svo:	
	1. undirflokkur	2. undirflokkur
1. undirflokkur Efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri	Styrkur ≥ 10%	1,0% ≤ styrkur < 10%
2. undirflokkur Efni sem hafa sértæk eiturhrif á marklíffæri		Styrkur ≥ 10% [(1. aths.)]

1. athugasemd

Innihaldi blandan efni sem hefur sértæk eiturhrif á marklíffæri í 2. undirflokki í styrkleika sem er ≥ 1,0% skal öryggisblað um blönduna látið í té að fenginni beiðni þar að lútandi.

3.9.3.4.2. Þessi almennu styrkleikamörk og meðfylgjandi flokkun eiga við um efni sem hafa eiturhrif á marklíffæri eftir endurtekna skammta.

3.9.3.4.3. Blöndur skulu flokkaðar eftir váhrifum frá einum skammti eða váhrifum frá endurteknum skömmtum eða hvoru tveggja.

3.9.3.4.4. Þegar efni, sem hafa eiturhrif á fleiri en eitt líffærakerfi, eru sameinuð skal þess gætt að tekið sé tillit til virknisaukningar eða samverkandi áhrifa sökum þess að tiltekin efni geta valdið eiturhrifum á marklíffæri í styrk sem er < 1% ef önnur innihaldsefni í blöndunni geta aukið eiturhrif þeirra.

3.9.4. ***Hættuboð***

3.9.4.1. *Nota skal merkingaratriði í samræmi við töflu 3.9.5 fyrir efni eða blöndur sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk.*

Tafla 3.9.5

Merkingaratriði fyrir sértæk eiturhrif á marklíffæri eftir endurtekin váhrif

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
HSK-hættumerki		
Viðvörunarorð	Hætta	Varúð

Flokkun	1. undirflokkur	2. undirflokkur
Hættusetning	H372: Skaðar líffæri (tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) við langvinn eða endurtekin váhrif (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)	H373: Getur skaðað líffæri (tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) við langvinn eða endurtekin váhrif (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér)
Varnaðarsetning — forvarnir	V260 V264 V270	V260
Varnaðarsetning — viðbrögð	V314	V314
Varnaðarsetning — geymsla		
Varnaðarsetning — förgun	V501	V501

3.10. **Ásvelgingarhætta**

3.10.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

3.10.1.1. Með þessum viðmiðunum er gert kleift að flokka efni eða blöndur sem geta valdið mönnum hættu á eiturhrifum við ásvelgingu.

3.10.1.2 „Ásvelging“: vökvi, fast efni eða blanda fer í barkann og neðri öndunarfærin með beinum hætti í gegnum munnhol eða nefhol eða með óbeinum hætti af völdum uppkasta.

3.10.1.3. Eiturhrif við ásvelgingu taka til alvarlegra bráðra áhrifa eins og lungnabólgu af völdum efna, mismunandi lungnaáverka eða andláts í kjölfar ásvelgingar.

3.10.1.4. Ásvelging hefst við innöndun og varir þann tíma sem einn andardráttur tekur meðan efnið, sem veldur áhrifunum, er við barkakýli og í koki þar sem öndunarvegur og meltingarvegur koma saman.

3.10.1.5. Ásvelging efnis eða blöndu getur átt sér stað við uppköst eftir inntöku. Þetta hefur áhrif á merkingar, einkum þegar tilmæli um framköllun uppkasta eftir inntöku gætu komið til greina vegna hættu á bráðum eiturhrifum. Ef efnið eða blandan hefur einnig í för með sér hættu á eiturhrifum við ásvelgingu er þó rétt að breyta tilmælunum um framköllun uppkasta.

3.10.1.6. *Sérstök atriði sem taka þarf tillit til*

3.10.1.6.1. Samkvæmt læknisfræðiritum um ásvelgingu efna geta sum vetniskolvetni (jarðolíueimi) og tiltekin klóruð vetniskolefni haft í för með sér ásvelgingarhættu hjá mönnum.

3.10.1.6.2. Viðmiðanirnar fyrir flokkun vísa til eðlisseigju. Eftirfarandi jafna sýnir sambandið milli skriðseigju og eðlisseigju:

$$\frac{\text{Skriðseigja (mPa·s)}}{\text{Eðlismassi (g/cm}^3\text{)}} = \text{Eðlisseigja (mm}^2\text{/s)}$$

3.10.1.6.3. Flokkun úðabrúsa/úðavara

Efni eða blöndur (vörur) til úðunar eru venjulega afhentar í ílátum eins og þrýstiílátum (e. self-pressurised containers) eða úðaílátum með úðagikk og úðadælu (e. trigger and pump sprayers). Lykilatriði við flokkun þessara vara er hvort varan safnist saman í munni en það getur valdið ásvelgingu. Ef úði úr þrýstiíláti er fíngerður er ekki víst að varan safnist saman. Ef þrýstiílát dreifir vörunni hins vegar með bunu getur varan safnast saman og valdið ásvelgingu. Yfirleitt er úðinn, sem kemur frá úðaílátum með úðagikk og úðadælum, grófur og því getur hann safnast saman og valdið ásvelgingu. Ef unnt er að fjarlægja dælubúnaðinn og gleypa innihaldið skal skoða hvort ekki skuli flokka efnið eða blönduna.

3.10.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

Tafla 3.10.1

Hættuundirflokkur fyrir eiturhrif við ásvelgingu

Undirflokkur	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Efni sem vitað er að valda hættu á eiturhrifum við ásvelgingu hjá mönnum eða sem líta ber svo á að valdi hættu á eiturhrifum við ásvelgingu hjá mönnum Efni er flokkað í 1. undirflokk: a) á grundvelli áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga um áhrif á menn eða b) ef um er að ræða vetniskolefni og eðlisseigja þess er 20,5 mm^2/s eða minni við 40 °C.

Athugasemd:

Efni í 1. undirflokki eru m.a. tiltekin vetniskolefni, terpentína og furuolía.

3.10.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

3.10.3.1. *Flokkun þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

Blanda er flokkuð í 1. undirflokk á grundvelli áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga um áhrif á menn.

3.10.3.2. *Flokkun þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

3.10.3.2.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða eiturhrif hennar við ásvelgingu en næg gögn liggja fyrir um einstök innihaldsefni hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunni af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar í lið 1.1.3. Ef brúunarreglunni er beitt fyrir þynningu skal styrkur efnis eða efna, sem valda eiturhrifum við ásvelgingu, vera 10% eða meiri.

3.10.3.3. *Flokkun þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar*

3.10.3.3.1. 1. undirflokkur

3.10.3.3.1.1. Blanda, sem inniheldur samanlagt 10% eða meira af efni eða efnum, sem flokkuð eru í 1. undirflokk, og hefur eðlisseigju sem er 20,5 mm^2/s eða minni við 40 °C, skal flokkuð í 1. undirflokk.

3.10.3.3.1.2. Ef blanda skiptist í tvö eða fleiri aðskilin lög, þar sem eitt laganna inniheldur 10% eða meira af efni eða efnum, sem flokkuð eru í 1. undirflokk, og eðlisseigja þess er 20,5 mm^2/s eða minni við 40 °C skal öll blandan flokkuð í 1. undirflokk.

3.10.4. ***Hættuboð***

3.10.4.1. Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 3.10.2.

Tafla 3.10.2

Merkingaratriði fyrir eiturhrif við ásvelgingu

Flokkun	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	
Viðvörunarorð	Hætta
Hættusetning	H304: Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg

Flokkun	1. undirflokkur
Varnaðarsetning Forvarnir	
Varnaðarsetning Viðbrögð	V301 + V310 V331
Varnaðarsetning Geymsla	V405
Varnaðarsetning Förgun	V501

4. 4. HLUTI: UMHVERFISHÆTTUR

4.1. **Hættulegt fyrir vatnsumhverfi**

4.1.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

4.1.1.1. *Skilgreiningar*

„Bráð eiturhrif á vatnsumhverfi": þeir eðliseiginleikar efnis að geta skaðað lífverur verði þær fyrir váhrifum frá því í skamman tíma.

„Aðgengi efnis": vísar til þess að hvaða marki viðkomandi efni getur verið í uppleysanlegu eða óbundnu formi. Þegar um er að ræða málma vísar aðgengi til þess að hvaða marki málmjónahluti málmsambands getur losnað frá afganginum af efnasambandinu (sameindinni).

„Lífaðgengi (eða líffræðilegt aðgengi)": vísar til þess að hvaða marki lífvera tekur upp efni og það dreifist til tiltekins svæðis innan lífverunnar. Lífaðgengi er háð eðlisefnafræðilegum eiginleikum efnisins, líffærafræði og lífeðlisfræði lífverunnar, lyfjahvarfafræði og váhrifaleið. Aðgengi er ekki forsenda fyrir lífaðgengi.

„Uppsöfnun í lífverum": nettóútkoma úr upptöku, umbreytingu og eyðingu efnis í lífveru þar sem allar váhrifaleiðir eru taldar með (þ.e. loft, vatn, set/jarðvegur og matvæli).

„Lífþéttni": nettóútkoma úr upptöku, umbreytingu og eyðingu efnis í lífveru vegna váhrifa með vatni.

„Langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi": þeir eðliseiginleikar efnis að hafa skaðleg áhrif á vatnalífverur við váhrif sem eru ákvörðuð miðað við vistferil lífverunnar.

„Niðurbrot": sundrun lífrænna sameinda í minni sameindir og að lokum í koltvísýring, vatn og sölt.

4.1.1.2. *Grunnþættir*

4.1.1.2.0. Hættulegt fyrir vatnsumhverfi er skipt eftir tegundum áhrifa:

— bráð hætta fyrir vatnsumhverfi,

— langvinn hætta fyrir vatnsumhverfi.

4.1.1.2.1. Grunnatriði sem notuð eru til að flokka hættur fyrir vatnsumhverfi:

— bráð eiturhrif á vatnsumhverfi,

— geta til uppsöfnunar í lífverum eða raunveruleg uppsöfnun í lífverum,

— niðurbrot (lífrænt eða ólífrænt) lífrænna efna og

— langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi.

4.1.1.2.2. Gögn skulu helst fengin með því að nota stöðluðu prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Einnig skal nota gögn sem eru fengin með öðrum stöðluðum prófunaraðferðum, s.s. landsbundnum aðferðum, þegar þau eru talin jafngild. Ef fyrir liggja fullgilt gögn úr óstöðluðum prófunum eða sem eru fengin með aðferðum án prófana skal taka tillit til þeirra við flokkun ef þau uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 1. hluta í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Almennt teljast gögn um eiturhrif á ferskvatnstegundir og sjávartegundir henta til flokkunar, að því tilskildu að prófunaraðferðirnar, sem eru notaðar, séu jafngildar. Ef slík gögn liggja ekki fyrir skal flokkunin byggjast á bestu fáanlegum gögnum. Sjá einnig 1. hluta.

4.1.1.3. *Önnur atriði sem taka þarf tillit til*

4.1.1.3.1. Við flokkun efna og blandna með tilliti til umhverfishættna er nauðsynlegt að greina hætturnar sem þau hafa í för með sér fyrir vatnsumhverfi. Hugtakið vatnsumhverfi vísar bæði til lagarlífveranna, sem lifa í vatninu, og vatnavistkerfisins sem þær eru hluti af. Hættugreiningin byggist því á eiturhrifum viðkomandi efnis eða blöndu á vatnsumhverfi en þó með breytingum, ef við á, með hliðsjón af frekari upplýsingum um niðurbrot og uppsöfnun í lífverum.

4.1.1.3.2. Þótt flokkunarkerfið gildi um öll efni og blöndur mun Efnastofnunin gefa út leiðbeiningar fyrir sérstök tilvik.

4.1.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

4.1.2.1. Grunnflokkunarkerfið fyrir efni samanstendur af einum undirflokki fyrir bráð eiturhrif og þremur undirflokkum fyrir langvinn eiturhrif. Undirflokkar fyrir bráð eiturhrif annars vegar og langvinn eiturhrif hins vegar eru notaðir óháð hvor öðrum. Viðmiðanirnar fyrir flokkun efnis í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eru einungis skilgreindar út frá gögnum um bráð eiturhrif á vatnsumhverfi (EC_{50} (miðgildi hrifstyrks) eða LC_{50} (miðgildi banastyrks)). Viðmiðanirnar fyrir flokkun efnis í undirflokka fyrir langvinn eiturhrif tengja tvenns konar gögn, þ.e. gögn um bráð eiturhrif á vatnsumhverfi og gögn um afdrif í umhverfinu (gögn um niðurbrot og uppsöfnun í lífverum).

4.1.2.2. Í kerfinu er einnig flokkur sem er eins konar öryggisnet (nefndur 4. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif) til að nota þegar fyrirliggjandi gögn gera ekki kleift að flokka efni samkvæmt formlegu viðmiðununum en samt sem áður eru einhverjar ástæður sem gefa tilefni til áhyggna (sjá dæmi í töflu 4.1.0).

4.1.2.3. Með flokkunarkerfinu er gert ljóst að helsta eðlislæga hættan fyrir vatnalífverur stafar bæði af bráðum og langvinnum eiturhrifum efnis. Aðskildir hættuundirflokkar eru skilgreindir fyrir báða eiginleikana sem sýna stigvaxandi hættu. Lægstu fyrirliggjandi eiturhrifagildin skulu venjulega notuð til að skilgreina viðeigandi hættuundirflokk eða -flokka. Í sumum tilvikum er hins vegar rétt að nota aðferðina með vægi rökstuddra vísbendinga.

4.1.2.4. Helsta hættan frá efni, sem er hættulegt fyrir vatnsumhverfi, er skilgreind á grundvelli langvinnra eiturhrifa en bráð eiturhrif við $L(E)C_{50}$ gildi (miðgildi banvæns (hrif)styrks) ≤ 1 mg/l teljast einnig hættuleg. Ef efnið skortir þann eiginleika að brotna hratt niður og/eða hefur getu til lífþéttni er það, ásamt bráðum eiturhrifum, notað til að skipa því í hættuundirflokk fyrir langvinn eiturhrif.

4.1.2.5. Efni sem hafa í för með sér bráð eiturhrif sem eru nokkuð undir 1 mg/l eiga, sem efnisþáttur í blöndu, hlutdeild í eiturhrifum blöndunnar þótt styrkur þeirra sé lítill og skal almennt gefa þeim aukið vægi þegar samlagningaraðferðin er notuð við flokkun (sjá 1. athugasemd í töflu 4.1.0 og lið 4.1.3.5.5).

4.1.2.6. Viðmiðanirnar fyrir flokkun efna sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi eru teknar saman í töflu 4.1.0.

Tafla 4.1.0

Undirflokkar fyrir efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi

Bráð hætta fyrir vatnsumhverfi		
1. undirflokkur fyrir bráð eiturhrif	(1. aths.)	
96 klst. LC_{50} (fyrir fisk)	≤ 1 mg/l og/eða	
48 klst. EC_{50} (fyrir krabbadýr)	≤ 1 mg/l og/eða	
72 eða 96 klst. ErC_{50} (miðgildi hrifstyrks fyrir vaxtarhraða) (fyrir þörunga eða aðrar vatnaplöntur)	≤ 1 mg/l.	(2. aths.)
Langvinn hætta fyrir vatnsumhverfi		
1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif	(1. aths.)	
96 klst. LC_{50} (fyrir fisk)	≤ 1 mg/l og/eða	
48 klst. EC_{50} (fyrir krabbadýr)	≤ 1 mg/l og/eða	
72 eða 96 klst. ErC_{50} (fyrir þörunga eða aðrar vatnaplöntur)	≤ 1 mg/l	(2. aths.)
og efnið brotnar ekki hratt niður og/eða lífþéttnistuðullinn, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, er ≥ 500 (eða, ef hann er ekki fyrir hendi, log K_{ow} ≥ 4).		
2. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif		
96 klst. LC_{50} (fyrir fisk)	> 1 til ≤ 10 mg/l og/eða	
48 klst. EC_{50} (fyrir krabbadýr)	> 1 til ≤ 10 mg/l og/eða	
72 eða 96 klst. ErC_{50} (fyrir þörunga eða aðrar vatnaplöntur)	> 1 til ≤ 10 mg/l	(2. aths.)
og efnið brotnar ekki hratt niður og/eða lífþéttnistuðullinn, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, er ≥ 500 (eða, ef hann er ekki fyrir hendi, log K_{ow} ≥ 4), nema NOEC-gildin (gildi fyrir styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif) fyrir langvinn eiturhrif séu > 1 mg/l.		

3. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif		
96 klst. LC_{50} (fyrir fisk)	> 10 til ≤ 100 mg/l og/eða	
48 klst. EC_{50} (fyrir krabbadýr)	> 10 til ≤ 100 mg/l og/eða	
72 eða 96 klst. ErC_{50} (fyrir þörunga eða aðrar vatnaplöntur)	> 10 til ≤ 100 mg/l	(2. aths.)
og efnið brotnar ekki hratt niður og/eða lífþéttnistuðullinn, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, er ≥ 500 (eða, ef hann er ekki fyrir hendi, log K_{ow} ≥ 4), nema NOEC-gildin fyrir langvinn eiturhrif séu > 1 mg/l.		
Öryggisnetsflokkur 4. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif Flokkurinn er notaður í þeim tilvikum þar sem gögn gera ekki kleift að flokka samkvæmt fyrrgreindum viðmiðunum en samt sem áður eru einhverjar ástæður sem gefa tilefni til áhyggna. Þetta tekur m.a. til efna, sem leysast treglega upp og sem ekki hefur mælst að valdi bráðum eiturhrifum í styrk allt að vatnsleysni (3. athugasemd), sem brotna ekki hratt niður og hafa lífþéttnistuðul sem hefur verið ákvarðaður með tilraunum sem ≥ 500 (eða, ef hann liggur ekki fyrir, log K_{ow} ≥ 4), sem gefur til kynna getu til uppsöfnunar í lífverum. Þessi efni flokkast í þennan undirflokk nema aðrar rannsóknarniðurstöður liggi fyrir sem sýna að flokkun sé ekki nauðsynleg. Slíkar rannsóknaniðurstöður taka til NOEC-gilda fyrir langvinn eiturhrif > vatnsleysni eða > 1 mg/l, eða rannsóknaniðurstaðna um hratt niðurbrot í umhverfinu.		

1. athugasemd

Þegar efni eru flokkuð í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif og/eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er jafnframt nauðsynlegt að tilgreina viðeigandi M-stuðul (sjá töflu 4.1.3).

2. athugasemd

Flokkunin skal byggjast á ErC_{50} [= EC_{50} (vaxtarhraði)]. Í tilvikum þar sem grundvöllur EC_{50} er ekki tilgreindur eða ekkert ErC_{50} er skráð skal flokkunin byggjast á lægsta EC_{50}-gildinu sem liggur fyrir.

3. athugasemd

„Engin bráð eiturhrif" merkir að $L(E)C_{50}$-gildið eða -gildin eru yfir vatnsleysni. Þetta tekur einnig til efna sem leysast treglega upp (vatnsleysni < 1 mg/l) ef vísbendingar eru um að prófanir á bráðum eiturhrifum gefi ekki rétta mynd af eðlislægri eiturvirkni.

4.1.2.7. *Eiturhrif á vatnsumhverfi*

4.1.2.7.1. Bráð eiturhrif á vatnsumhverfi eru yfirleitt ákvörðuð með því að nota 96 klst. LC_{50} fyrir fisk, 48 klst. EC_{50} fyrir krabbadýr og/eða 72 eða 96 klst. EC_{50} fyrir þörunga. Þessar tegundir ná yfir mismunandi fæðuþrep og lífverur og teljast þær dæmigerðar fyrir allar vatnalífverur. Gögn um aðrar tegundir (t.d. *Lemna* spp.) skulu einnig skoðuð ef prófunaraðferðin er hentug. Yfirleitt er litið á prófanir á vaxtarhömlun hjá vatnaplöntum sem prófanir á langvinnum eiturhrifum en EC_{50}-gildin teljast vera gildi fyrir bráð eiturhrif að því er varðar flokkun (sjá 2. athugasemd).

4.1.2.7.2. Til að ákvarða langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi til notkunar við flokkun skulu gögn, sem aflað er í samræmi við stöðluðu prófunaraðferðirnar, sem um getur í 3. mgr. 8. gr., samþykkt auk niðurstaðna úr öðrum fullgiltum og alþjóðlega samþykktum prófunaraðferðum. Nota skal NOEC-gildi eða önnur jafngild $L(E)C_x$-gildi (t.d. EC_{10}).

4.1.2.8. *Uppsöfnun í lífverum*

4.1.2.8.1. Uppsöfnun efna í vatnalífverum getur valdið eiturhrifum með tímanum jafnvel þó að styrkurinn í vatninu sé í raun lítill. Að því er lífræn efni varðar er geta til uppsöfnunar í lífverum yfirleitt ákvörðuð með því að nota deilistuðul oktanóls/vatns, sem er yfirleitt gefinn upp sem log K_{ow}. Að tengsl séu á milli log K_{ow} lífræns efnis og lífþéttni þess samkvæmt mælingu með lífþéttnistuðli í fiski nýtur töluverðs stuðnings í fræðiritum. Með því að nota þröskuldsgildið K_{ow} ≥ 4 er ætlunin að greina eingöngu þau efni sem hafa raunverulegan lífþéttnimátt. Þó að þetta sýni getu til uppsöfnunar í lífverum er lífþéttnistuðull, sem er ákvarðaður með tilraunum, betri mælikvarði og skal frekar notaður ef hann liggur fyrir. Lífþéttnistuðull í fiskum sem er ≥ 500 gefur til kynna lífþéttnimáttinn til notkunar við flokkun.

4.1.2.9. *Hratt niðurbrot lífrænna efna*

4.1.2.9.1. Efni sem brotna hratt niður er unnt að fjarlægja fljótt úr umhverfinu. Slík efni geta haft áhrif, einkum ef um er að ræða leka eða slys, en áhrifin eru staðbundin og þau vara stutt. Ef niðurbrot í umhverfinu er ekki hratt getur efni í vatni haft í för með sér eiturhrif í langan tíma og á stóru svæði.

4.1.2.9.2. Ein leið til að sýna hratt niðurbrot byggist á skimunarprófun á lífrænu niðurbroti sem er hannað til að ákvarða hvort lífrænt efni sé „auðlífbrjótanlegt". Ef slík gögn eru ekki tiltæk telst hlutfall lífrænnar súrefnisþarfar (BOD) (í 5 daga)/efnafræðilegrar súrefnisþarfar (COD), sem er ≥ 0,5, gefa til kynna hratt niðurbrot. Efni, sem stenst slíka skimunarprófun, telst því líklegt til að brotna hratt niður í vatnsumhverfi og er því ólíklegt að það sé þrávirkt. Ef efni stenst hins vegar ekki skimunarprófunina þýðir það ekki endilega að efnið brotnar ekki hratt niður í umhverfinu. Því má einnig taka tillit til annarra vísbendinga um hratt niðurbrot í umhverfinu og þær eru einkar mikilvægar ef efnin hindra virkni örvera í þeim styrkleika sem notaður er í stöðluðum prófunum. Því hefur verið bætt við einni flokkunarviðmiðun sem gerir kleift að nota gögn til að sýna að efnið brotnaði í raun niður með lífrænum eða ólífrænum hætti í vatnsumhverfinu um > 70% á 28 dögum. Ef sýnt er fram á niðurbrot við raunhæfar umhverfisaðstæður er viðmiðunin fyrir hratt niðurbrot uppfyllt.

4.1.2.9.3. Mikinn hluta gagna um niðurbrot má finna í formi gagna um helmingunartíma niðurbrots og er unnt að nota þau til að skilgreina hratt niðurbrot, að því tilskildu að hámarkslífniðurbrot efnis eigi sér stað, þ.e. fullkomin breyting í ólífrænt form. Frumlífniðurbrot er yfirleitt ekki fullnægjandi til að meta hratt niðurbrot nema unnt sé að sýna fram á að niðurbrotsefnin uppfylli ekki viðmiðanirnar fyrir flokkun efnis sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi.

4.1.2.9.4. Viðmiðanirnar, sem eru notaðar, endurspegla þá staðreynd að niðurbrot í umhverfinu getur verið lífrænt eða ólífrænt. Taka má mið af vatnsrofi ef vatnsrofsefnin uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir flokkun efnis sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi.

4.1.2.9.5. Efni teljast brotna hratt niður í umhverfinu ef ein af eftirtöldum viðmiðunum er uppfyllt:

a) að niðurbrot sé a.m.k. sem hér segir í 28 daga rannsóknum á auðlífbrjótanleika:

   i. í prófunum sem byggjast á uppleystu lífrænu kolefni: 70%

   ii. í prófunum sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings: 60% af fræðilegu hámarki.

   Þetta lífniðurbrot verður að nást innan 10 daga frá því að niðurbrotið hefst sem telst vera þegar 10% efnisins hafa brotnað niður, eða

b) ef eingöngu eru fyrir hendi gögn um lífræna og efnafræðilega súrefnisþörf: að hlutfall milli lífrænnar súrefnisþarfar og efnafræðilegrar súrefnisþarfar sé ≥ 0,5 eða

c) að fyrir liggi aðrar traustar rannsóknaniðurstöður sem sýna að efnið geti brotnað niður í vatnsumhverfi (með lífrænum og/eða ólífrænum hætti) svo nemur > 70% innan 28 daga.

4.1.2.10. *Ólífræn efnasambönd og málmar*

4.1.2.10.1. Að því er varðar ólífræn efnasambönd og málma hefur hugtakið niðurbrjótanleiki í tengslum við ólífræn efnasambönd litla eða enga merkingu. Slík efni geta frekar umbreyst í eðlilegum umhverfisferlum þannig að lífaðgengi eitraðra tegunda minnkar eða eykst. Einnig skal fara varlega í notkun gagna um uppsöfnun í lífverum ([1]).

4.1.2.10.2. Ólífræn efnasambönd og málmar, sem leysast treglega upp, geta haft bráð eða langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi eftir eðlislægri eiturvirkni lífaðgengilega ólífræna efnisþáttarins og þess magns hans sem leysist upp og hversu hratt það gerist.

([1]) Efnastofnunin leggur fram sérstakar leiðbeiningar um hvernig má nota þessi gögn um efni til að uppfylla kröfur samkvæmt flokkunarviðmiðunum.

4.1.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

4.1.3.1. Flokkunarkerfið fyrir blöndur tekur til allra undirflokka sem eru notaðir fyrir efni, þ.e. 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif og 1.–4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif. Í því skyni að nota öll tiltæk gögn til að flokka hætturnar, sem vatnsumhverfi stafar af viðkomandi blöndu, gildir eftirfarandi eftir því sem við á:

„Mikilvægir efnisþættir" blöndu eru efnisþættir, sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif og styrkur þeirra er 0,1% (massahlutfall) eða meiri, og efnisþættir sem eru flokkaðir í 2., 3. eða 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif og styrkur þeirra er 1% (massahlutfall) eða meiri, nema ætlað sé (t.d. ef um er að ræða mjög eitraða efnisþætti (sjá lið 4.1.3.5.5.5)) að efnisþáttur í minni styrk geti samt verið mikilvægur fyrir flokkun blöndunnar að því er varðar hættur fyrir vatnsumhverfi. Þegar um er að ræða efni sem eru flokkuð í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif skal yfirleitt taka mið af styrknum (0,1/M)%. (M-stuðullinn er útskýrður í lið 4.1.3.5.5.5.)

4.1.3.2. Aðferðin við flokkun með tilliti til hættna fyrir vatnsumhverfi er stigskipt og er háð þeim upplýsingum sem eru tiltækar fyrir sjálfa blönduna og efnisþætti hennar. Á mynd 4.1.2 má finna ferlið sem farið er eftir.

Þættir í stigskiptu aðferðinni eru m.a.:

— flokkun á grundvelli prófaðra blandna,

— flokkun á grundvelli brúunarreglna,

— notkun „samlagningar flokkaðra efnisþátta" og/eða „samlegðarformúlu".

Mynd 4.1.2

Stigskipt aðferð við flokkun blandna með tilliti til bráðra og langvinnra hættna fyrir vatnsumhverfi



4.1.3.3. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um blönduna í heild*

4.1.3.3.1. Þegar blanda hefur verið prófuð í heild sinni til að ákvarða eiturhrif hennar á vatnsumhverfi er hún flokkuð í samræmi við viðmiðanirnar sem hafa verið samþykktar fyrir efni en eingöngu að því er varðar bráða hættu. Flokkunin byggist venjulega á gögnum um fiska, krabbadýr og þörunga/plöntur. Þegar um er að ræða undirflokka fyrir langvinn eiturhrif er ekki unnt að flokka blöndur með því að nota gögn um LC_{50} eða EC_{50} fyrir blönduna í heild sinni þar eð bæði gögn um eiturhrif og gögn um afdrif í umhverfinu eru nauðsynleg og engin gögn um niðurbrot og uppsöfnun í lífverum liggja fyrir um blöndur í heild sinni.

Ekki er unnt að nota viðmiðanir fyrir flokkun með tilliti til langvinnra eiturhrifa þar eð ókleift er að túlka gögn úr prófunum á niðurbroti blandna og uppsöfnun þeirra í lífverum; slík gögn hafa eingöngu gildi fyrir einstök efni.

4.1.3.3.2. Ef prófunargögn um bráð eiturhrif (LC_{50} eða EC_{50}) liggja fyrir um blönduna í heild skal nota þessi gögn auk upplýsinga um flokkun efnisþátta með tilliti til langvinnrar hættu til að ljúka flokkun prófaðra blandna á eftirfarandi hátt. Ef gögn um langvinn eiturhrif (NOEC-gildi) liggja einnig fyrir skulu þau líka notuð.

a) $L(E)C_{50}$ (LC_{50} eða EC_{50}) prófaðrar blöndu ≤ 100 mg/l og NOEC-gildi prófaðrar blöndu ≤ 1 mg/l eða óþekkt:

— Blandan er flokkuð í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif (LC_{50} eða EC_{50} prófaðrar blöndu ≤ 1 mg/l) eða ekki er nauðsynlegt að flokka hana með tilliti til bráðra eiturhrifa (LC_{50} og EC_{50} prófaðrar blöndu > 1 mg/l).

— Nota skal samlagningaraðferðina (sjá lið 4.1.3.5.5) við flokkun með tilliti til langvinnra eiturhrifa (í 1., 2., 3. eða 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif eða ekki er nauðsynlegt að flokka blönduna með tilliti til langvinnra eiturhrifa).

b) $L(E)C_{50}$ prófaðrar blöndu ≤ 100 mg/l og NOEC-gildi prófaðrar blöndu > 1 mg/l:

— Ekki er nauðsynlegt að flokka blönduna með tilliti til bráðrar hættu.

— Nota skal samlagningaraðferðina (sjá lið 4.1.3.5.5) við flokkun í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif. Ef blandan er ekki flokkuð í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er ekki nauðsynlegt að flokka hana með tilliti til langvinnra eiturhrifa.

c) $L(E)C_{50}$ prófaðrar blöndu > 100 mg/l, eða yfir vatnsleysni, og NOEC-gildi prófaðrar blöndu ≤ 1 mg/l eða óþekkt:

— Ekki er nauðsynlegt að flokka blönduna með tilliti til bráðrar hættu.

— Nota skal samlagningaraðferðina (sjá lið 4.1.3.5.5) við flokkun með tilliti til langvinnra eiturhrifa (í 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif eða ekki er nauðsynlegt að flokka blönduna með tilliti til langvinnra eiturhrifa).

d) $L(E)C_{50}$ prófaðrar blöndu > 100 mg/l, eða yfir vatnsleysni, og NOEC-gildi prófaðrar blöndu > 1 mg/l:

— Ekki er þörf á flokkun með tilliti til bráðrar eða langvinnrar hættu.

4.1.3.4. *Flokkun blandna þegar gögn liggja ekki fyrir um blönduna í heild: brúunarreglur*

4.1.3.4.1. Hafi blandan sjálf ekki verið prófuð til að ákvarða hættuna sem vatnsumhverfi stafar af henni en næg gögn liggja fyrir um einstaka efnisþætti hennar og um svipaðar prófaðar blöndur til að hægt sé að lýsa hættunum af blöndunni á fullnægjandi hátt skal nota þessi gögn í samræmi við brúunarreglurnar sem settar eru fram í lið 1.1.3. Að því er varðar beitingu brúunarreglunnar fyrir þynningu skal hins vegar nota liði 4.1.3.4.2 og 4.1.3.4.3.

4.1.3.4.2. Þynning: ef blanda verður til við það að blanda eða efni, sem er flokkað með tilliti til þeirrar hættu sem vatnsumhverfi stafar af blöndunni eða efninu, er þynnt með þynningarefni sem er í sama, eða lægri, hættuundirflokki, með tilliti til þeirrar hættu sem vatnsumhverfi stafar af því, og minnst eitraði upprunalegi efnisþátturinn og sem ekki er búist við að hafi áhrif á hættur sem vatnsumhverfi stafar af öðrum efnisþáttum, má flokka blönduna í sama flokk og upprunalegu blönduna eða efnið.

4.1.3.4.3. Ef blanda verður til með því að þynna aðra flokkaða blöndu eða efni með vatni eða öðru algerlega óeitruðu efni er hægt að reikna út eiturhrif blöndunnar út frá upprunalegu blöndunni eða efninu.

4.1.3.5. *Flokkun blandna þegar gögn liggja fyrir um alla eða aðeins suma efnisþætti blöndunnar*

4.1.3.5.1. Flokkun blöndu byggist á samlagningu á styrk flokkaðra efnisþátta hennar. Hundraðshluti þeirra efnisþátta, sem eru flokkaðir í undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, er settur beint inn í samlagningaraðferðina. Nánari lýsingu á samlagningaraðferðinni má finna í lið 4.1.3.5.5.

4.1.3.5.2. Ef blanda samanstendur af efnisþáttum sem hafa ekki (enn) verið flokkaðir (í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif og/eða 1., 2., 3. eða 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif) skal taka tillit til fullnægjandi gagna fyrir þessa efnisþætti liggi þau fyrir. Ef fullnægjandi gögn um eiturhrif liggja fyrir að því er varðar fleiri en einn efnisþátt í blöndunni eru samanlögð eiturhrif þessara efnisþátta reiknuð með hjálp eftirfarandi samlegðarformúlu og eru reiknuðu eiturhrifin notuð til að flokka viðkomandi hluta blöndunnar í undirflokk fyrir bráð eiturhrif sem er síðan notaður við beitingu samlagningaraðferðarinnar.

$$\frac{\sum Ci}{C(E)L_{50m}} = \sum_{\eta} \frac{Ci}{C(E)L_{50i}}$$

þar sem:

C_i = styrkur efnisþáttarins i (þyngdarhlutfall)

$L(E)C_{50\,i}$ = (mg/l) LC_{50} eða EC_{50} fyrir efnisþáttinn i

η = fjöldi efnisþátta

$L(E)C_{50\,m}$ = L(E) C_{50} fyrir þann hluta blöndunnar sem prófunargögn liggja fyrir um

4.1.3.5.3. Þegar samlegðarformúlunni er beitt fyrir hluta blöndunnar er æskilegt að reikna eiturhrif þessa hluta blöndunnar með því að nota eiturhrifagildi fyrir hvert efni sem tengjast sama flokkunarfræðilega hópnum (þ.e. fiski, halaflóm, þörungum eða sambærilegum hópi) og nota síðan mestu eiturhrifin (lægsta gildið) sem koma fram (þ.e. nota viðkvæmasta hópinn af þessum þremur flokkunarfræðilegu hópum). Ef gögn um eiturhrif fyrir hvern efnisþátt liggja hins vegar ekki fyrir að því er varðar sama flokkunarfræðilega hópinn er eiturhrifagildi hvers efnisþáttar valið á sama hátt og eiturhrifagildi eru valin fyrir flokkun efna, þ.e. mestu eiturhrifin (hjá viðkvæmustu prófunarlífverunum) eru notuð. Reiknuðu bráðu eiturhrifin eru síðan notuð til að meta hvort þessi hluti blöndunnar skuli flokkaður í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif með hliðsjón af sömu viðmiðunum og eru notaðar fyrir efni.

4.1.3.5.4. Ef blanda er flokkuð á fleiri en einn hátt skal nota þá aðferð sem gefur varfærnislegustu niðurstöðurnar.

4.1.3.5.5. Samlagningaraðferð

4.1.3.5.5.1. *Grunnforsendur*

4.1.3.5.5.1.1. Ef um er að ræða flokkun efna í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1.–3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er munurinn á viðmiðunum fyrir eiturhrif, sem liggja til grundvallar flokkuninni, eitt tugaþrep frá einum undirflokki til annars. Efni, sem eru flokkuð sem mjög eitruð, eiga því þátt í flokkun blöndu í lægri flokki. Útreikningur á þessum undirflokkum þurfa því að taka mið af samanlögðum þætti allra efna sem flokkuð eru í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1., 2. og 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif.

4.1.3.5.5.1.2. Ef blanda inniheldur efnisþætti, sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, skal veita því athygli að slíkir efnisþættir, þegar bráð eiturhrif þeirra eru undir 1 mg/l, eiga þátt í eiturhrifum viðkomandi blöndu þótt styrkur þeirra sé lítill. Virk innihaldsefni í varnarefnum hafa oft mikil eiturhrif á vatnsumhverfi en einnig önnur efni s.s. lífræn málmsambönd. Við þessar aðstæður leiðir beiting venjulegra almennra styrkleikamarka til „vanflokkunar" blöndunnar. Því skal nota margföldunarstuðla til að taka tillit til mjög eitraðra efnisþátta, líkt og lýst er í lið 4.1.3.5.5.5.

4.1.3.5.5.2. Flokkun

4.1.3.5.5.2.1. Almennt vegur strangari flokkun fyrir blöndur þyngra en flokkun sem er ekki eins ströng, t.d. vegur flokkun í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif þyngra en flokkun í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif. Í þessu dæmi er flokkuninni því lokið ef niðurstaðan er 1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif.Strangari flokkun en 1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif er ekki möguleg. Frekari flokkun er því ekki nauðsynleg.

4.1.3.5.5.3. Flokkun í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif

4.1.3.5.5.3.1. Fyrst skal skoða alla efnisþætti sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif. Ef summa þessara efnisþátta er hærri en 25% er öll blandan flokkuð í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif.

4.1.3.5.5.3.2. Flokkun blandna með tilliti til bráðrar hættu, byggð á samlagningu flokkaðra efnisþátta er tekin saman í töflu 4.1.1.

Tafla 4.1.1

Flokkun blöndu með tilliti til bráðrar hættu, byggð á samlagningu flokkaðra efnisþátta

Summa efnisþátta sem flokkast sem:	Blanda flokkast sem:
1. undirflokkur fyrir bráð eiturhrif × M ([1]) ≥ 25%	1. undirflokkur fyrir bráð eiturhrif

([a]) M-stuðullinn er útskýrður í lið 4.1.3.5.5.5.

4.1.3.5.5.4. Flokkun í 1., 2., 3. og 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif

4.1.3.5.5.4.1. Fyrst skal skoða alla efnisþætti sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif. Ef summa þessara efnisþátta, margfölduð með samsvarandi M-stuðli, er sama sem eða hærri en 25% er blandan flokkuð í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif. Ef niðurstaðan úr þessum útreikningum er flokkun blöndunnar í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er flokkuninni lokið.

4.1.3.5.5.4.2. Ef blandan er ekki flokkuð í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er flokkun blöndunnar í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif skoðuð. Blanda er flokkuð í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif ef 10 sinnum summa allra efnisþátta, sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, margfaldaðir með samsvarandi M-stuðli, að viðbættri summu allra efnisþátta, sem eru flokkaðir í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, er sama sem eða hærri en 25%. Ef niðurstaða úr þessum útreikningum er flokkun blöndunnar í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er flokkuninni lokið.

4.1.3.5.5.4.3. Ef blandan er hvorki flokkuð í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif né 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er flokkun blöndunnar í 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif skoðuð. Blanda er flokkuð í 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif ef 100 sinnum summa allra efnisþátta, sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, margfaldaðir með samsvarandi M-stuðli, að viðbættri 10 sinnum summu allra efnisþátta, sem eru flokkaðir í 2. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, að viðbættri summu allra efnisþátta, sem eru flokkaðir í 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, er ≥ 25 %.

4.1.3.5.5.4.4. Ef blandan er ekki flokkuð í 1., 2. eða 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif skal flokkun í 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif skoðuð. Blanda er flokkuð í 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif ef summa hundraðshluta efnisþátta, sem flokkaðir eru í 1., 2., 3. og 4. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif, er sama sem eða hærri en 25%.

4.1.3.5.5.4.5. Flokkun blandna með tilliti til langvinnra hættna, byggð á samlagningu flokkaðra efnisþátta, er tekin saman í töflu 4.1.2.

Tafla 4.1.2

Flokkun blöndu með tilliti til langvinnrar hættu, byggð á samlagningu flokkaðra efnisþátta

Summa efnisþátta sem flokkast sem:	Blanda flokkast sem:
1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif × M ([2]) ≥ 25%	1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif
(M × 10 × 1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif) + 2. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif ≥ 25%	2. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif
(M × 100 × 1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif) + (10 × 2. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif) + 3. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif ≥ 25%	3. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif
1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif + 2. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif + 3. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif + 4. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif ≥ 25%	4. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif

([a]) M-stuðullinn er útskýrður í lið 4.1.3.5.5.5.

4.1.3.5.5.5. Blöndur með mjög eitruðum efnisþáttum

4.1.3.5.5.5.1. Efnisþættir í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif og 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif með eiturhrif, sem eru undir 1 mg/l, eiga þátt í eiturhrifum viðkomandi blöndu þótt styrkur þeirra sé lítill og skal almennt gefa þeim aukið vægi þegar samlagningaraðferðin er notuð við flokkun. Þegar blanda inniheldur efnisþætti, sem eru flokkaðir í 1. undirflokk fyrir bráð eða langvinn eiturhrif, skal annað af eftirfarandi gilda:

— Stigskipta aðferðin, sem er lýst í liðum 4.1.3.5.5.3 og 4.1.3.5.5.4 þar sem vegin summa er notuð með því að margfalda styrk efnisþátta, sem eru í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif og 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif, með stuðli í stað þess að leggja einungis saman hundraðshlutana. Þetta þýðir að styrkur efnisþáttar í 1. undirflokki fyrir bráð eiturhrif í vinstra dálki í töflu 4.1.1 og styrkur efnisþáttar í 1. undirflokki fyrir langvinn eiturhrif í vinstra dálki í töflu 4.1.2 eru margfaldaðir með viðeigandi margföldunarstuðli. Margföldunarstuðlarnir, sem skal nota á þessa efnisþætti, eru skilgreindir með því að nota eiturhrifagildi samkvæmt samantekt í töflu 4.1.3. Til að unnt sé að flokka blöndu sem inniheldur efnisþætti í 1. undirflokki fyrir bráð/langvinn eiturhrif þarf sá sem flokkar að hafa upplýsingar um gildi M-stuðulsins til að geta beitt samlagningaraðferðinni.

— Samlegðarformúlan (sjá lið 4.1.3.5.2), að því tilskildu að gögn um eiturhrif liggi fyrir um alla mjög eitraða efnisþætti í blöndunni og fyrir hendi séu traustar vísbendingar um að allir aðrir efnisþættir, þ.m.t. þeir sem engin sértæk gögn um bráð eiturhrif eru til fyrir, hafi lítil eða engin eiturhrif í för með sér og eigi ekki verulegan þátt í hættunni sem umhverfinu stafar af blöndunni.

Tafla 4.1.3

Margföldunarstuðlar fyrir mjög eitraða efnisþætti í blöndum

$L(E)C_{50}$-gildi	Margföldunarstuðull (M)
$0{,}1 < L(E)\ C_{50} \leq 1$	1
$0{,}01 < L(E)\ C_{50} \leq 0{,}1$	10
$0{,}001 < L(E)\ C_{50} \leq 0{,}01$	100
$0{,}0001 < L(E)\ C_{50} \leq 0{,}001$	1 000
$0{,}00001 < L(E)\ C_{50} \leq 0{,}0001$	10 000
(haldið áfram með tugaþrepamillibili)	

4.1.3.6. *Flokkun blandna með efnisþáttum sem engar nothæfar upplýsingar eru um*

4.1.3.6.1. Ef engar nothæfar upplýsingar um bráða og/eða langvinna hættu fyrir vatnsumhverfi liggja fyrir að því er varðar einn eða fleiri mikilvæga efnisþætti er ekki unnt að skipa viðkomandi blöndu í einn eða fleiri endanlega hættuundirflokka. Í slíkum tilvikum skal flokka blönduna eingöngu á grundvelli þekktra efnisþátta og skal eftirfarandi viðbótaryfirlýsing koma fram á öryggisblaðinu: „Inniheldur x% af efnisþáttum sem hafa óþekktar hættur í för með sér fyrir vatnsumhverfi.“

4.1.4. ***Hættuboð***

4.1.4.1. Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 4.1.4.

Tafla 4.1.4

Merkingaratriði fyrir efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi

BRÁÐ EITURHRIF	
	1. undirflokkur
HSK-hættumerki	
Viðvörunarorð	Varúð
Hættusetning	H400: Mjög eitrað lífi í vatni

BRÁÐ EITURHRIF	
	1. undirflokkur
Varnaðarsetning — forvarnir	V273
Varnaðarsetning — viðbrögð	V391
Varnaðarsetning — geymsla	
Varnaðarsetning — förgun	V501

LANGVINN EITURHRIF				
	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
HSK-hættumerki			Ekkert hættumerki er notað	Ekkert hættumerki er notað
Viðvörunarorð	Varúð	Engin viðvörunarorð eru notuð	Engin viðvörunarorð eru notuð	Engin viðvörunarorð eru notuð
Hættusetning	H410: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H413: Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni
Varnaðarsetning — forvarnir	V273	V273	V273	V273
Varnaðarsetning — viðbrögð	V391	V391		
Varnaðarsetning — geymsla				
Varnaðarsetning — förgun	V501	V501	V501	V501

5. 5. HLUTI: VIÐBÓTARHÆTTUFLOKKUR ESB

5.1. **Hættulegt ósonlaginu**

5.1.1. ***Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til***

5.1.1.1. „Efni sem er hættulegt ósonlaginu“: efni sem getur, samkvæmt fyrirliggjandi vísbendingum um eiginleika þess og fyrirsjáanleg eða mæld afdrif þess og hegðun í umhverfinu, haft í för með sér hættu fyrir gerð og/eða starfsemi ósonlagsins í heiðhvolfinu. Þetta tekur til efna sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([1]) og síðari breytingar á henni.

5.1.2. ***Viðmiðanir fyrir flokkun efna***

5.1.2.1. Efni skal flokkað sem hættulegt ósonlaginu ef fyrirliggjandi vísbendingar varðandi eiginleika þess og fyrirsjáanleg eða mæld afdrif þess og hegðun í umhverfinu gefa til kynna að það geti haft í för með sér hættu fyrir gerð og/eða starfsemi ósonlagsins í heiðhvolfinu.

5.1.3. ***Viðmiðanir fyrir flokkun blandna***

5.1.3.1. Blöndur skulu flokkaðar sem hættulegar ósonlaginu á grundvelli styrkleika einstaks efnis eða efna í blöndunum sem eru einnig flokkuð sem hættuleg ósonlaginu, í samræmi við töflu 5.1.

Tafla 5.1

Almenn styrkleikamörk fyrir efni (í blöndu), sem eru flokkuð sem hættuleg ósonlaginu, sem ráða því að blandan flokkast sem hættuleg ósonlaginu

Flokkun efnis	Flokkun blöndu
Hættulegt ósonlaginu	C > 0,1%

5.1.4. ***Hættuboð***

5.1.4.1. Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 5.2.

Tafla 5.2

Merkingaratriði fyrir efni sem eru hættuleg ósonlaginu

Tákn/hættumerki	
Viðvörunarorð	Hætta
Hættusetning	ESB-H059: Hættulegt ósonlaginu
Varnaðarsetningar	V273 V501

([1]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1.

II. VIÐAUKI

SÉRSTAKAR REGLUR UM MERKINGU OG UMBÚÐIR TILTEKINNA EFNA OG BLANDNA

Þessi viðauki skiptist í fimm hluta:

— Í 1. hluta eru sérstakar reglur um merkingar tiltekinna, flokkaðra efna og blandna.

— Í 2. hluta eru settar fram reglur um viðbótarhættusetningar sem setja skal á merkimiða tiltekinna blandna.

— Í 3. hluta eru settar fram sérstakar reglur um pökkun.

— Í 4. hluta eru settar fram sérstakar reglur um merkingar plöntuvarnarefna.

— Í 5. hluta er sett fram skrá yfir hættuleg efni og blöndur sem falla undir 3. mgr. 29. gr.

1. 1. HLUTI: VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM HÆTTUR

Setningarnar, sem eru settar fram í liðum 1.1 og 1.2, skulu tilgreindar í samræmi við 1. mgr. 25. gr. fyrir efni og blöndur sem eru flokkuð með tilliti til eðlisrænna hættna, heilbrigðishættna og umhverfishættna.

1.1. **Eðliseiginleikar**

1.1.1. ***ESB-H001 — „Sprengifimt sem þurrefni"***

Fyrir sprengifim efni og blöndur, sem um getur í lið 2.1 í I. viðauka, sem sett eru á markað vætt með vatni eða alkóhóli eða þynnt með öðrum efnum til að halda sprengifimi þeirra niðri.

1.1.2. ***ESB-H006 — „Sprengifimt með og án andrúmslofts"***

Fyrir efni og blöndur sem eru óstöðug við stofuhita, t.d. asetýlen.

1.1.3. ***ESB-H014 — „Hvarfast kröftuglega við vatn"***

Fyrir efni og blöndur sem hvarfast kröftuglega við vatn, t.d. asetýlklóríð, alkalímálmar og títantetraklóríð.

1.1.4. ***ESB-H018 — „Getur myndað eldfimar eða sprengifimar blöndur af efnagufu og andrúmslofti við notkun"***

Fyrir efni og blöndur sem eru ekki sjálf flokkuð sem eldfim en geta myndað eldfimar eða sprengifimar blöndur af efnagufu og andrúmslofti. Fyrir efni getur þetta átt við um halógenuð vetniskolefni og fyrir blöndur getur þetta átt við vegna rokgjarnra, eldfimra efnisþátta eða vegna þess að rokgjarnir, óeldfimir efnisþættir tapast.

1.1.5. ***ESB-H019 — „Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð)"***

Fyrir efni og blöndur sem geta myndað sprengifim peroxíð við geymslu, t.d. díetýleter og 1,4-díoxan.

1.1.6. ***ESB-H044 — „Sprengifimt við hitun í lokuðu rými"***

Fyrir efni og blöndur sem eru ekki sjálf flokkuð sem sprengifim í samræmi við lið 2.1 í I. viðauka en geta eigi að síður orðið sprengifim í reynd við hitun í nógu lokuðu rými. Þetta á einkum við um efni sem sundrast með sprengingu við hitun í stáltromlu en ekki við hitun í ótraustari ílátum.

1.2. **Eiginleikar er varða heilbrigði**

1.2.1. ***ESB-H029 — „Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn"***

Fyrir efni og blöndur sem í snertingu við vatn eða rakt loft mynda lofttegundir í hugsanlega hættulega miklu magni, sem eru flokkaðar á grundvelli bráðra eiturhrifa í 1., 2. eða 3. undirflokk, s.s. álfosfíð og fosfórpentasúlfíð.

1.2.2. ***ESB-H031 — „Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru"***

Fyrir efni og blöndur sem hvarfast við sýru og mynda lofttegundir sem eru flokkaðar á grundvelli bráðra eiturhrifa í 3. undirflokk og gætu verið í hættulega miklu magni, s.s. natríumhýpóklórít og baríumpólýsúlfíð.

1.2.3. ***ESB-H032 — „Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru"***

Fyrir efni og blöndur sem hvarfast við sýrur og mynda lofttegundir sem eru flokkaðar á grundvelli bráðra eiturhrifa í 1. eða 2. undirflokk og gætu verið í hættulega miklu magni, s.s. sölt vetnissýraníðs og natríumasíð.

1.2.4. ***ESB-H066 — „Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð"***

Fyrir efni og blöndur sem geta valdið óæskilegum þurrki, flögnun eða sprungum í húð en sem uppfylla ekki viðmiðanirnar fyrir húðertingu í lið 3.2 í I. viðauka sem grundvallast á:

– raunathugunum eða

– viðeigandi vísbendingum varðandi áætluð áhrif þeirra á húð.

1.2.5. ***ESB-H070 — „Eitrað í snertingu við augu"***

Fyrir efni eða blöndur þar sem augnertingarprófun hefur kallað fram augljós merki um útbreidd eiturhrif eða veldur dauðsföllum hjá tilraunadýrum sem líklegt er að megi rekja til frásogs efnisins eða blöndunar um slímhimnu augans. Setningin skal einnig notuð ef vísbendingar eru um útbreidd eiturhrif í mönnum eftir snertingu efnisins við augu.

Einnig skal nota setninguna ef efni eða blanda inniheldur annað efni sem er merkt með tilliti til þessara áhrifa ef styrkur þess efnis er minnst 0,1%, nema annað sé tilgreint í 3. hluta VI. viðauka.

1.2.6. ***ESB-H071 — „Ætandi fyrir öndunarfærin"***

Til viðbótar, fyrir efni og blöndur, við flokkun með tilliti til eiturhrifa við innöndun, svo fremi gögn liggi fyrir sem sýna að eiturhrifin felast í ætingareiginleikum, í samræmi við lið 3.1.2.3.3 og 1. athugasemd við töflu 3.1.3 í I. viðauka.

Til viðbótar, fyrir efni og blöndur, við flokkun í tengslum við húðætingu svo fremi engin gögn liggi fyrir um prófun á bráðum eiturhrifum við innöndun og að unnt sé að anda að sér viðkomandi efnum og blöndum.

2. 2. HLUTI: SÉRSTAKAR REGLUR UM FREKARI MERKINGARATRIÐI FYRIR TILTEKNAR BLÖNDUR

Setningarnar, sem settar eru fram í liðum 2.1–2.10, skulu tilgreindar fyrir blöndur í samræmi við 6. mgr. 25. gr.

2.1. **Blöndur sem innihalda blý**

Á merkimiða umbúða fyrir málningu og lökk, þar sem blýinnihald er meira en 0,15% (gefið upp sem þyngd málms) af heildarþyngd blöndunnar, ákvarðað í samræmi við ISO-staðal 6503, skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H201 — „Inniheldur blý. Notist ekki á yfirborð hluta sem ætla má að börn tyggi eða sjúgi."

Ef um er að ræða umbúðir sem taka minna en 125 ml má setningin vera sem hér segir:

ESB-H201A — „Varúð! Inniheldur blý"

2.2. **Blöndur sem innihalda sýanóakrýlöt**

Á innri umbúðum líms, sem er sýanóakrýlat að stofni til, skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H202 — „Sýanóakrýlat. Hætta. Límist við húð og augu á nokkrum sekúndum. Geymist þar sem börn ná ekki til"

Viðeigandi varnaðarorð skulu fylgja umbúðunum.

2.3. **Sement og sementsblöndur**

Hafi sement eða sementsblöndur ekki þegar verið flokkaðar og merktar sem næmandi með hættusetningu H317, „Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð" skal eftirfarandi setning vera á merkimiða umbúðanna ef sementið eða sementsblandan inniheldur meira en 0,0002% af leysanlegu, sexgildu krómi miðað við heildarþurrvigt sementsins:

ESB-H203 — „Inniheldur sexgilt króm. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð."

Ef þynningarefni eru notuð skulu vera á umbúðum sements eða blandna, sem innihalda sement, upplýsingar um pökkunardag, geymsluaðstæður og geymslutímabil, sem við á, þannig að virkni þynningarefnisins haldist og til að halda magni leysanlegs, sexgilds króms undir 0,0002%.

2.4. **Blöndur sem innihalda ísósýanöt**

Komi það ekki þegar fram á merkimiða umbúðanna skal eftirfarandi setning vera á blöndum sem innihalda ísósýanöt (eins og einliður, fáliður, forfjölliður o.s.frv., einar sér eða saman):

ESB-H204 — „Inniheldur ísósýanöt. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð."

2.5. **Blöndur sem innihalda epoxýefnisþætti með meðalmólþunga ≤ 700**

Komi það ekki þegar fram á merkimiða umbúðanna skal vera eftirfarandi setning á blöndum sem innihalda epoxýefnisþætti með meðalmólþunga ≤ 700:

ESB-H205 — „Inniheldur epoxýefnisþætti. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð."

2.6. **Blöndur sem eru seldar almenningi og innihalda virkan klór**

Á umbúðum blandna, sem innihalda meira en 1% af virkum klór, skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H206 — „Varúð! Notist ekki með öðrum vörum. Getur gefið frá sér hættulegar lofttegundir (klór)"

2.7. **Blöndur sem innihalda kadmíum (málmblöndur) og eru ætlaðar til málmsuðu eða lóðunar**

Á umbúðum framangreindra blandna skal vera eftirfarandi setning:

ESB-H207 — „Varúð! Inniheldur kadmíum. Hættulegar gufur myndast við notkun. Sjá upplýsingar frá framleiðanda. Farið eftir öryggisleiðbeiningunum"

2.8. **Blöndur sem eru ekki flokkaðar sem næmandi en innihalda a.m.k. eitt næmandi efni**

Eftirfarandi setning skal vera á umbúðum blandna sem innihalda a.m.k. eitt efni sem er flokkað sem næmandi og er til staðar í styrk sem er a.m.k. 0,1% eða í styrk sem er ekki minni en styrkurinn sem er tilgreindur í sérstakri athugasemd um efnið í 3. hluta í VI. viðauka:

ESB-H208 — „Inniheldur (heiti næmandi efnis). Getur framkallað ofnæmisviðbrögð."

2.9. **Fljótandi blöndur sem innihalda halógenuð vetniskolefni**

Þegar um er að ræða fljótandi blöndur, sem eru án blossamarks eða með hærra blossamarki en 60 °C en ekki hærra en 93 °C og sem innihalda halógenuð vetniskolefni og meira en 5% af eldfimum eða mjög eldfimum efnum, skal önnur eftirfarandi setninga standa á merkimiða á umbúðum þeirra, eftir því hvort fyrrgreind efni eru eldfim eða mjög eldfim:

ESB-H209 — „Getur orðið mjög eldfimt við notkun" eða

ESB-H209A — „Getur orðið eldfimt við notkun"

2.10. **Blöndur sem eru ekki ætlaðar almenningi**

Fyrir blöndur sem eru ekki flokkaðar sem hættulegar en innihalda:

— ≥ 0,1% af efni sem flokkað er sem húðnæmir í 1. undirflokki, öndunarfæranæmir í 1. undirflokki eða krabbameinsvaldandi efni í 2. undirflokki eða

— ≥ 0,1% af efni sem er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, í undirflokkum 1A, 1B eða 2. undirflokki, eða sem hefur áhrif á mjólkurmyndun eða með brjóstamjólk eða

— a.m.k. eitt efni í styrkleika ≥ 1% miðað við þyngd, ef um er að ræða blöndur sem ekki eru loftkenndar, og ≥ 0,2% miðað við rúmmál, ef um er að ræða loftkenndar blöndur, sem annaðhvort:

  — er flokkað í tengslum við aðrar heilbrigðis- eða umhverfishættur eða

  — fellur undir viðmiðunarmörk Bandalagsins um váhrif á vinnustöðum

skal eftirfarandi setning vera á merkimiða umbúðanna:

ESB-H210 — „Öryggisblað er fáanlegt sé um það beðið".

2.11. **Úðabrúsar**

Vakin er athygli á því að úðabrúsar falla einnig undir ákvæði um merkingar í samræmi við liði 2.2 og 2.3 í viðaukanum við tilskipun 75/324/EBE.

3. 3. HLUTI: SÉRSTAKAR REGLUR UM UMBÚÐIR

3.1. **Ákvæði um barnheld öryggislok**

3.1.1. ***Umbúðir sem búin skulu barnheldum öryggislokum***

3.1.1.1. Umbúðir af öllum stærðum, sem innihalda efni eða blöndu sem seld er almenningi og er flokkuð með tilliti til bráðra eiturhrifa í 1.–3. undirflokki, sértækra eiturhrifa á marklíffæri (SEM (e. STOT)), í 1. undirflokki fyrir váhrif í eitt skipti, sértækra váhrifa á marklíffæri (SEM), í 1. undirflokki fyrir endurtekin váhrif, eða með tilliti til húðætingar, í 1.undirflokki, skulu búnar barnheldum öryggislokum.

3.1.1.2. Umbúðir af öllum stærðum, sem innihalda efni eða blöndu sem seld er almenningi og ásvelgingarhætta stafar af og sem er flokkuð samkvæmt liðum 3.10.2 og 3.10.3 í I. viðauka og merkt samkvæmt lið 3.10.4.1 í I. viðauka, að undanskildum efnum og blöndum sem eru sett á markað í úðabrúsum eða í ílátum með loftþéttum úðabúnaði, skulu búnar barnheldum öryggislokum.

3.1.1.3 Ef efni eða blanda inniheldur a.m.k. annað efnanna, sem eru tilgreind hér á eftir, í styrk sem er jafn tilgreindum styrkleikamörkum eða meiri, og er seld almenningi skulu umbúðir af öllum stærðum búnar barnheldum öryggislokum.

Nr.	Auðkenning efnisins			Styrkleikamörk
	CAS-nr.	Heiti	EB-nr.	
1	67-56-1	metanól	200-659-6	≥ 3%
2	75-09-2	díklórmetan	200-838-9	≥ 1%

3.1.2. ***Endurlokanlegar umbúðir***

Barnheld öryggislok, sem eru notuð á endurlokanlegar umbúðir, skulu vera í samræmi við EN ISO-staðal 8317 með áorðnum breytingum að því er varðar „Child-resistant packages — Requirements and methods of testing for reclosable packages“ sem Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) samþykktu.

3.1.3. ***Umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar***

Barnheld öryggislok, sem eru notuð á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar, skulu vera í samræmi við CEN-staðal EN 862 með áorðnum breytingum að því er varðar „Child-resistant packaging — Requirements and testing procedures for non-reclosable packages for non-pharmaceutical products“, samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu.

3.1.4. ***Athugasemdir***

3.1.4.1. Eingöngu rannsóknarstofur, sem samræmast staðli ISO/IEC 17025 með áorðnum breytingum, geta vottað samræmi við framangreinda staðla.

3.1.4.2. *Sérstök tilvik*

Ekki þarf að framkvæma prófunina, sem um getur í lið 3.1.2 eða 3.1.3, ef augljóst er að umbúðirnar eru svo öruggar að börn geti ekki komist að innihaldinu án þess að nota til þess áhald.

Í öllum öðrum tilvikum, og þegar gildar ástæður eru til að draga í efa að lokunin sé örugg börnum, geta landsyfirvöld farið þess á leit við þann sem er ábyrgur fyrir að setja vöruna á markað að hann leggi fram vottorð frá rannsóknarstofu, sem annast vottun og sem um getur í lið 3.1.4.1, sem staðfestir annaðhvort:

— að lokunin sé þannig að ekki sé nauðsynlegt að framkvæma prófunina sem um getur í lið 3.1.2 eða 3.1.3

eða

— að lokunin hafi verið prófuð og reynst vera í samræmi við framangreinda staðla.

3.2. **Áþreifanlegar viðvaranir**

3.2.1. ***Umbúðir sem skulu vera með áþreifanlegri viðvörun***

Þegar efni eða blöndur eru seldar almenningi og flokkaðar með tilliti til bráðra eiturhrifa, húðætingar, stökkbreytandi áhrifa á kímfrumur, í 2. undirflokki, krabbameinsvaldandi áhrifa, í 2. undirflokki, eiturhrifa á æxlun, í 2. undirflokki, næmingar í húð, eða sértækra áhrifa á marklíffæri (SEM), í 1. og 2. undirflokki eða ásvelgingarhættu eða sem eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni, í 1. og 2. undirflokki, skal áþreifanleg viðvörun um hættu vera á umbúðum af öllum stærðum.

3.2.2. ***Ákvæði sem varða áþreifanlega viðvörun***

3.2.2.1. Þetta ákvæði gildir ekki um úðabrúsa sem eru aðeins flokkaðir og merktir sem „úðabrúsar með afar eldfimum efnum” eða „úðabrúsar með eldfimum efnum”.

3.2.2.2. Tækniforskriftir um búnað fyrir áþreifanlega viðvörun skulu samræmast EN ISO staðli 11683 með áorðnum breytingum um „Packaging — Tactile warnings of danger - Requirements“.

4. 4. HLUTI: SÉRSTÖK REGLA UM MERKINGU PLÖNTUVARNAREFNA

Með fyrirvara um upplýsingarnar, sem krafist er í samræmi við 16. gr. tilskipunar 91/414/EBE og V. viðauka við þá tilskipun, skal einnig merkja plöntuvarnarefni, sem falla undir tilskipun 91/414/EBE, með eftirfarandi setningu:

ESB-H401 — „Fylgið notkunarleiðbeiningum til að varast hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið“

5. 5. HLUTI: SKRÁ YFIR HÆTTULEG EFNI OG BLÖNDUR SEM FALLA UNDIR 3. MGR. 29. GR.

— Sement og steinsteypa í blautu ástandi og tilbúið til notkunar.

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR HÆTTUSETNINGAR, VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM HÆTTU OG VIÐBÓTARMERKINGARATRIÐI

1. **1. hluti: hættusetningar**

Nota skal hættusetningarnar í samræmi við 2., 3. og 4. hluta I. viðauka.

Tafla 1.1

Hættusetningar er varða eðlisrænar hættur

H200 ([1])	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, óstöðug, sprengifim efni
	BG	Нестабилен експлозив.
	ES	Explosivo inestable.
	CS	Nestabilní výbušnina.
	DA	Ustabilt eksplosiv.
	DE	Instabil, explosiv.
	ET	Ebapüsiv lõhkeaine.
	EL	Ασταθή εκρηκτικά.
	EN	Unstable explosives.
	FR	Explosif instable.
	GA	Pléascáin éagobhsaí.
	IT	Esplosivo instabile.
	LV	Nestabili sprādzienbīstami materiāli.
	LT	Nestabilios sprogios medžiagos.
	HU	Instabil robbanóanyagok.
	MT	Splussivi instabbli.
	NL	Instabiele ontplofbare stof.
	PL	Materiały wybuchowe niestabilne.
	PT	Explosivo instável.
	RO	Exploziv instabil.
	SK	Nestabilné výbušniny.
	SL	Nestabilni eksplozivi.
	FI	Epästabiili räjähde.
	SV	Instabilt explosivt.

([1]) Skráningarkerfið fyrir hættusetningar í hnattsamræmda kerfinu er enn til umfjöllunar hjá sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna og því gæti verið nauðsynlegt að gera breytingar.

H201	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.1
	BG	Експлозив; опасност от масова експлозия.
	ES	Explosivo; peligro de explosión en masa.
	CS	Výbušnina; nebezpečí masivního výbuchu.

H201	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.1
	DA	Eksplosiv, masseeksplosionsfare.
	DE	Explosiv, Gefahr der Massenexplosion.
	ET	Plahvatusohtlik; massiplahvatusoht.
	EL	Εκρηκτικό· κίνδυνος μαζικής έκρηξης.
	EN	Explosive; mass explosion hazard.
	FR	Explosif; danger d'explosion en masse.
	GA	Pléascach; guais mhórphléasctha.
	IT	Esplosivo; pericolo di esplosione di massa.
	LV	Sprādzienbīstams; masveida sprādzienbīstamība.
	LT	Sprogios medžiagos, kelia masinio sprogimo pavojų.
	HU	Robbanóanyag; teljes tömeg felrobbanásának veszélye.
	MT	Splussiv; periklu li jisplodu kollha f'daqqa.
	NL	Ontplofbare stof; gevaar voor massa-explosie.
	PL	Materiał wybuchowy; zagrożenie wybuchem masowym.
	PT	Explosivo; perigo de explosão em massa.
	RO	Exploziv; pericol de explozie în masă.
	SK	Výbušnina, nebezpečenstvo rozsiahleho výbuchu.
	SL	Eksplozivno; nevarnost eksplozije v masi.
	FI	Räjähde; massaräjähdysvaara.
	SV	Explosivt. Fara för massexplosion.

H202	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.2
	BG	Експлозив; сериозна опасност от разпръскване.
	ES	Explosivo; grave peligro de proyección.
	CS	Výbušnina; vážné nebezpečí zasažení částicemi.
	DA	Eksplosiv, alvorlig fare for udslyngning af fragmenter.
	DE	Explosiv; große Gefahr durch Splitter, Spreng- und Wurfstücke.
	ET	Plahvatusohtlik; suur laialipaiskumisoht.
	EL	Εκρηκτικό· σοβαρός κίνδυνος εκτόξευσης.
	EN	Explosive, severe projection hazard.
	FR	Explosif; danger sérieux de projection.
	GA	Pléascach, guais throm teilgin.
	IT	Esplosivo; grave pericolo di proiezione.
	LV	Sprādzienbīstams; augsta izmetes bīstamība.
	LT	Sprogios medžiagos, kelia didelį išsvaidymo pavojų.
	HU	Robbanóanyag; kivetés súlyos veszélye.
	MT	Splussiv, periklu serju ta' projezzjoni.
	NL	Ontplofbare stof, ernstig gevaar voor scherfwerking.

H202	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.2
	PL	Materiał wybuchowy, poważne zagrożenie rozrzutem.
	PT	Explosivo, perigo grave de projecções.
	RO	Exploziv; pericol grav de proiectare.
	SK	Výbušnina, závažné nebezpečenstvo rozletenia úlomkov.
	SL	Eksplozivno, velika nevarnost za nastanek drobcev.
	FI	Räjähde; vakava sirpalevaara.
	SV	Explosivt. Allvarlig fara för splitter och kaststycken.

H203	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.3
	BG	Експлозив; опасност от пожар, взрив или разпръскване.
	ES	Explosivo; peligro de incendio, de onda expansiva o de proyección.
	CS	Výbušnina; nebezpečí požáru, tlakové vlny nebo zasažení částicemi.
	DA	Eksplosiv, fare for brand, eksplosion eller udslyngning af fragmenter.
	DE	Explosiv; Gefahr durch Feuer, Luftdruck oder Splitter, Spreng- und Wurfstücke.
	ET	Plahvatusohtlik; süttimis-, plahvatus- või laialipaiskumisoht.
	EL	Εκρηκτικό· κίνδυνος πυρκαγιάς, ανατίναξης ή εκτόξευσης.
	EN	Explosive; fire, blast or projection hazard.
	FR	Explosif; danger d'incendie, d'effet de souffle ou de projection.
	GA	Pléascach; guais dóiteáin, phléasctha nó teilgin.
	IT	Esplosivo; pericolo di incendio, di spostamento d'aria o di proiezione.
	LV	Sprādzienbīstams; uguns, triecienviļņa vai izmetes bīstamība.
	LT	Sprogios medžiagos, kelia gaisro, sprogimo arba išsvaidymo pavojų.
	HU	Robbanóanyag; tűz, robbanás vagy kivetés veszélye.
	MT	Splussiv; periklu ta' nar, blast jew projezzjoni.
	NL	Ontplofbare stof; gevaar voor brand, luchtdrukwerking of scherfwerking.
	PL	Materiał wybuchowy; zagrożenie pożarem, wybuchem lub rozrzutem.
	PT	Explosivo; perigo de incêndio, sopro ou projecções.
	RO	Exploziv; pericol de incendiu, detonare sau proiectare.
	SK	Výbušnina, nebezpečenstvo požiaru, výbuchu alebo rozletenia úlomkov.
	SL	Eksplozivno; nevarnost za nastanek požara, udarnega vala ali drobcev.
	FI	Räjähde; palo-, räjähdys- tai sirpalevaara.
	SV	Explosivt. Fara för brand, tryckvåg eller splitter och kaststycken.

H204	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.4
	BG	Опасност от пожар или разпръскване.
	ES	Peligro de incendio o de proyección.
	CS	Nebezpečí požáru nebo zasažení částicemi.
	DA	Fare for brand eller udslyngning af fragmenter.

H204	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.4
	DE	Gefahr durch Feuer oder Splitter, Spreng- und Wurfstücke.
	ET	Süttimis- või laialipaiskumisoht.
	EL	Κίνδυνος πυρκαγιάς ή εκτόξευσης.
	EN	Fire or projection hazard.
	FR	Danger d'incendie ou de projection.
	GA	Guais dóiteáin nó teilgin.
	IT	Pericolo di incendio o di proiezione.
	LV	Uguns vai izmetes bīstamība.
	LT	Gaisro arba išsvaidymo pavojus.
	HU	Tűz vagy kivetés veszélye.
	MT	Periklu ta' nar jew ta' projezzjoni.
	NL	Gevaar voor brand of scherfwerking.
	PL	Zagrożenie pożarem lub rozrzutem.
	PT	Perigo de incêndio ou projecções.
	RO	Pericol de incendiu sau de proiectare.
	SK	Nebezpečenstvo požiaru alebo rozletenia úlomkov.
	SL	Nevarnost za nastanek požara ali drobcev.
	FI	Palo- tai sirpalevaara.
	SV	Fara för brand eller splitter och kaststycken.

H205	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.5
	BG	Може да предизвика масова експлозия при пожар.
	ES	Peligro de explosión en masa en caso de incendio.
	CS	Při požáru může způsobit masivní výbuch.
	DA	Fare for masseeksplosion ved brand.
	DE	Gefahr der Massenexplosion bei Feuer.
	ET	Süttimise korral massiplahvatusoht.
	EL	Κίνδυνος μαζικής έκρηξης σε περίπτωση πυρκαγιάς.
	EN	May mass explode in fire.
	FR	Danger d'explosion en masse en cas d'incendie.
	GA	D'fhéadfadh sé go mbeadh mórphléascadh i dtine.
	IT	Pericolo di esplosione di massa in caso d'incendio.
	LV	Ugunī var masveidā eksplodēt.
	LT	Per gaisrą gali sukelti masinį sprogimą.
	HU	Tűz hatására a teljes tömeg felrobbanhat.
	MT	Jista' jisplodi f'daqqa fin-nar.
	NL	Gevaar voor massa-explosie bij brand.
	PL	Może wybuchać masowo w przypadku pożaru.

H205	Tungumál	2.1 — Sprengifim efni, deiliflokkur 1.5
	PT	Perigo de explosão em massa em caso de incêndio.
	RO	Pericol de explozie în masă în caz de incendiu.
	SK	Nebezpečenstvo rozsiahleho výbuchu pri požiari.
	SL	Pri požaru lahko eksplodira v masi.
	FI	Koko massa voi räjähtää tulessa.
	SV	Fara för massexplosion vid brand.

H220	Tungumál	2.2 — Eldfimar lofttegundir, 1. hættuundirflokkur
	BG	Изключително запалим газ.
	ES	Gas extremadamente inflamable.
	CS	Extrémně hořlavý plyn.
	DA	Yderst brandfarlig gas.
	DE	Extrem entzündbares Gas.
	ET	Eriti tuleohtlik gaas.
	EL	Εξαιρετικά εύφλεκτο αέριο.
